**BENEDIKT AXELSSON**

*Lýsir upp umhverfið*

Nám Bílar Ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**JÓLIN ÁRIÐ UM KRING**

*Jólahúsið á Akureyri í fullum skrúða*

Sérblað um Norðurland

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. nóvember 2006 — 313. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Ekta jólaleikrit



Árni Beinteinn Árnason leikur í söngleiknum Rétta leiðin sem verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu í kvöld.

**MENNING 30**

### Íslenska klíkuhefðin

„Flestum kemur því á óvart að heyra að Ísland er eitt örfárra landa í Evrópu sem aldrei notar þjóðaratkvæðagreiðslu til að leiða til lykta mikilsverð álitamál,“ segir Jón Ormur Halldórsson

**Í DAG 22**



### Skrifaði bók á meðgöngunni

Yesmine Olsson gefur út matreiðslubók með hollum og framandi réttum.

**FÓLK 46**

### Barca í vanda



Eiður Smári og félagar í Barcelona verða að sigra í Meistaradeildinni í kvöld ætli þeir sér áfram í keppninni.

**ÍÞRÓTTIR 42**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐAN TIL** Í dag verður stíf austanátt sunnan til annars hægari. Skúrir eða slydduél á annesjum sunnan og vestan, stöku él fyrir austan en bjart nyrðra. Hiti 0-4 stig syðra en vægt frost norðan til og austan.

**VEÐUR 4**



**HAMINGJA Á UPTON PARK** Eggert Magnússon, formaður KSÍ og tilvonandi stjórnarformaður West Ham, sést hér stoltur með Alan Pardew, stjóra West Ham, á heimavelli liðsins, Upton Park. Eggert ætlar að halda Pardew í starfi knattspyrnustjóra og mun þar að auki láta hann fé til kaupa á leikmönnum í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Íslendingar kaupa West Ham:

## Ætla með liðið í fremstu röð

**FÓTBOLTI** Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, og Eggert Magnússon, formaður KSÍ, keyptu í gær hið fornfræga enska knattspyrnufélag West Ham og greiddu rúma 14 milljarða íslenskra króna fyrir félagið. Eggert verður stjórnarformaður félagsins og Björgólfur heiðursforseti. Eggert mun láta af formennsku hjá KSÍ í kjölfarið en þar hefur hann setið síðan 1989.

„Það verður ekkert Abramovich-snið á þessum rekstri. Við ætlum að ná okkar markmiðum hægt og rólega. Við viljum koma klúbbnum í fremstu röð á Englandi og fljótlega ætlum við að koma liðinu í þá stöðu að það berjist um sæti í Meistaradeildinni,“ sagði Eggert.

**- hbg /** **Nánar á síðu 38**

# Framkvæmdum við Sundabraut frestað

**Ríkið leggur 100 milljónir króna í Sundabraut á næsta ári en ekki 1.500. Fjármálaráðherra segir að ekki sé verið að hætta við neitt heldur sé um tilfærslu að ræða. Samfylkingin segir ákvörðunina koma á óvart og vill skýringar.**

**STJÓRNMÁL** Mælt er fyrir tilfærslu verkefna fyrir samtals 3,4 milljarða króna í frumvarpi fjármálaráðherra um ráðstöfun hluta söluandvirðis Landssímans. Lagt er til að verkum fyrir 2,4 milljarða verði frestað frá næsta ári til ársins 2008 en um leið að verkum fyrir milljarð króna verði flýtt til þessa árs.

Þannig verður hundrað milljónum varið til Sundabrautar á næsta ári í stað 1.500 milljóna áður en á móti nema framlögin árið 2009 3.900 milljónum í stað 2.500 áður.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir þessar tilfærslur einfaldlega vera vegna þess að fjárveitingar til framkvæmda hefðu verið minnkaðar í fjárlögum. „Það er ekki hætt við neitt heldur fært á milli ára í samræmi við fjárlögin og raunveruleikann.“

> Við höfum einsett okkur að taka ákvörðun um legu Sundabrautar á þessu ári.
>
> **GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**
> BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sagði tilfærslur á fjármunum til byggingu Sundabrautar koma sér töluvert á óvart. Hann lagði fram tillögu um ályktun á borgarstjórnarfundi í gærkvöld en því var hafnað af meirihlutanum. „Það vekur áhyggjur að það sé verið að fresta fjármögnuninni án þess að neinar viðhlítandi skýringar séu gefnar á því. Það vekur upp spurningar um það hvort að það sé komin einhver hægagangur í þetta eða hvort að menn séu að undirbúa einhverja vendingu í málinu. En við munum fylgja þessu vel eftir og kalla eftir svörum í borgarráði á morgun.“

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar borgarinnar, segir að ekki sé um frestun á framkvæmdum við Sundabraut að ræða heldur einungis tilfærslu á peningum til verksins. „Við höfum einsett okkur að taka ákvörðun um legu Sundabrautar á þessu ári og sú ákvörðun stendur. Á næsta ári fer fram hönnunarvinna. Fjármagnið sem sett hafði verið á 2007 er miklu meira en það sem þarf í þá vinnu. Það er því verið að endurraða þeim fjármunum sem fara í málið samkvæmt þeim áætlunum sem borgin hefur sett sér.“

**- bþs / þsj**

Meirihluti borgarstjórnar:

## Samþykkir sölu Landsvirkjunar

**STJÓRNMÁL** Sala á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun var samþykkt á borgarstjórnarfundi í gærkvöld með meirihlutaatkvæðum sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Borgarfulltrúar minnihlutans greiddu hins vegar allir atkvæði gegn sölunni. Minnihlutinn mótmælti sölunni harðlega og sakaði borgarstjóra um ófagleg vinnubrögð þar sem hann hefði ekki kynnt sér samningsmarkmið borgarinnar áður en skrifað var undir. Þá lægi ekki fyrir hvort lífeyrissjóðirnir myndu fá það fjármagn sem þeim var lofað enda væru þau skuldabréf sem borgin fær af sölunni á breytilegum vöxtum.

Í byrjun mánaðarins samþykktu Reykjavíkurborg og Akureyri að selja hluti sína í Landsvirkjun fyrir 30 milljarða króna. Borgin, sem átti 45 prósent, fær 27 milljarða fyrir hlut sinn en Akureyri þrjá milljarða fyrir sinn fimm prósenta hlut.

**- þsj**

Sérfræðingar bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar ABC velja sjö ný undur veraldar:

# Ísland meðal undra veraldar

**UMHVERFISMÁL** Íslenskir jöklar hafa verið útnefndir meðal sjö nýrra undra veraldar af sérfræðingadómstól þáttarins Good Morning America á bandarísku sjónvarpsstöðinni ABC.

Íslensku jöklarnir urðu fyrir valinu vegna samspils síns við eldfjöllin sem leynast undir íshellunni. Bent er á að jöklunum sé ógnað vegna hlýnunar andrúmslofts jarðar.

Þau sex fyrirbæri sem komust í flokk með íslensku jöklunum og eldfjöllunum undir þeim voru sjálft Internetið, Potala-höllin í Tíbet, elsti hluti Jerúsalem, verndað kóralrif við Hawaii, Maasai Mara þjóðgarðurinn í Kenía og pýramídar Majanna í Mexíkó.

Á vefsíðu ABC eru myndir frá Íslandi og upplýsingar um samgöngur til landsins.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra var í Kenía þegar hún heyrði um útnefninguna í beinni útsendingu í síðustu viku. Á fundi hjá Samtökum iðnaðarins í gær sagði Jónína þetta varla hafa komið henni á óvart.

„Þessi tíðindi voru einkar ánægjuleg nú þegar undirbúningur Vatnajökulsþjóðgarðs – þjóðgarðs elds og íss – er langt kominn. Það eru að mínu mati engar ýkjur þegar ég segi að þar séu á ferðinni metnaðarfyllstu áform í náttúruvernd sem fram hafa komið,“ sagði umhverfisráðherra.

Meðal sérfræðinga ABC voru haffræðingur, verðlaunablaðamaður, fornleifafræðingur og ferðafrömuður.

**- gar**

**SJÖ NÝ UNDUR VERALDAR**

- Internetið
- Elsti hluti Jerúsalem
- Kóralrif við Hawaii
- Maasai Mara þjóðgarðurinn í Kenía
- Potala-höllin í Tíbet
- Maja-píramídarnir í Mexíkó
- Íslensku jöklarnir og eldfjöllin

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







**SPURNING DAGSINS**



*Kristinn, ertu ekki bara allt of framsækinn fyrir þetta lið?*

Tja, það gæti nú verið. Það er betra að róa jafnt á bæði borð, en einungis með hægri árinni og kasta þeirri vinstri.

Kristinn H. Gunnarsson hafnaði í þriðja sæti prófkjörs Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi um helgina og nær því vart inn á þing. Hann hefur ekki útilokað sérframboð.

Tjón vegna vatnsskemmda í þrettán húsum varnarsvæðisins rætt á Alþingi:

# Ráðherra baðst afsökunar

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra baðst í gær afsökunar á því tjóni sem varð vegna vatnsskemmda á eigum ríkisins á Keflavíkurflugvelli um helgina.

Jón Gunnarsson Samfylkingunni tók málið upp í þinginu í gær og sagði tjónið hlaupa á hundruðum milljóna króna. Hann sagði ekki hægt að flokka atburðinn sem slys þar sem frost í nóvemberlok mætti sjá fyrir. Aukinheldur hafi frostinu verið spáð. Spurði Jón utanríkisráðherra hver bæri ábyrgð.

Valgerður Sverrisdóttir sagði nákvæmt mat á tjóninu ekki liggja fyrir en það hlypi ekki á hundruðum milljóna króna heldur tugum. Upplýsti ráðherra að ríkið myndi bera kostnað vegna tjónsins þar sem húsin væru ekki tryggð, enda almenn stefna ríkisins að tryggja ekki eigur sínar.

Fjölmargir þingmenn blönduðu sér í umræðurnar, meðal annars Össur Skarphéðinsson Samfylkingunni sem sagði ríkið klúðra öllu sem snerti varnarliðið og varnarsvæðið og Guðjón A. Kristjánsson Frjálslynda flokknum sem sagði að menn ættu að fylgjast með veðurspánni. Magnús Þór Hafsteinsson í Frjálslynda flokknum krafðist lögreglurannsóknar á málinu en Hjálmar Árnason Framsóknarflokki sagði frostskemmdir ekki kalla á slíka rannsókn. - bþs



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** utanríkisráðherra.

Tveir í gæsluvarðhaldi:

## E-töflur sendar með hraðpósti

**LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn, rúmlega tvítugir, sitja nú í gæsluvarðhaldi eftir að lögreglan í Reykjavík handtók þá vegna tilraunar til stórfellds smygls á e-töflum fyrir síðustu helgi.**

**Það var á föstudag sem mennirnir voru handteknir í tengslum við tilraun til að smygla til landsins nokkur hundruð e-töflum. Töflurnar voru í hraðsendingu sem kom hingað til lands frá Hollandi.**

**Mennirnir eru erlendir ríkisborgarar búsettir hérlendis. Þeir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þrjár vikur af Héraðsdómi Reykjavíkur.** - jss

Verðsamráð olíufélaganna:

## Samráðið tekið fyrir í dómi

**DÓMSMÁL Mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum verður tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Krafa borgarinnar nemur tæpum 160 milljónum króna en hún byggir á samráði olíufélaganna Olís, Skeljungs og Olíufélagsins hf., nú Kers, þegar félögin buðu í olíuviðskipti borgarinnar, og fyrirtækja í hennar eigu, árið 1996.**

**Forsvarsmenn félaganna hafa viðurkennt verðsamráðið en hafa haldið því fram að ávinningur af samráðinu hafi lítill sem enginn verið og því sé ekki hægt að fallast á þá kröfu sem gerð er í málinu.**

**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður flytur málið fyrir hönd Reykjavíkurborgar.**

Jón Magnússon lögmaður:

## Með bréf frá formanninum

**STJÓRNMÁL** Jón Magnússon lögmaður segist vera með bréf frá Guðjóni A. Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins, þar sem hann er boðinn velkominn í flokkinn.



**JÓN MAGNÚSSON**

Þetta stangast á við ummæli Sverris Hermannssonar, stofnanda Frjálslynda flokksins, sem sagði í Fréttablaðinu laugardaginn 18. nóvember að Jón væri „ekki einu sinni löglegur félagi í Frjálslynda flokknum“. Aðspurður um þessi ummæli Sverris verður Jóni svarafátt. „Nú kann ég ekkert að segja meira. Ég er með bréf upp á þetta, eins og var í tíð Jóns Hreggviðssonar.“

Ekki náðist í Guðjón A. Kristjánsson í gær. - kóþ

# Prófkjör megi mest kosta 7,5 milljónir

**Framlög fólks og lögaðila til stjórnmálaflokka mega hæst nema 300 þúsund krónum á ári, samkvæmt tillögum nefndar um lagaumhverfi stjórnmálaflokka. Ríkisframlög til stjórnmála verða aukin. Þak verður sett á kostnað við prófkjör.**

**STJÓRNMÁL** Nefnd forsætisráðherra um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi lauk störfum í gær. Lagt er til að styrkir fólks og fyrirtækja til stjórnmálaflokka og þátttakenda í prófkjörum verði að hámarki 300 þúsund krónur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þau sjónarmið uppi í nefndinni að leggja bæri blátt bann við framlögum einkaaðila til stjórnmálaflokka en fallist var á 300 þúsund króna hámark. Á móti er lagt til að ríkisframlög til stjórnmálaflokka verði hækkuð.

Framlög ríkisins nema nú 300 milljónum á ári og skiptast peningarnir milli flokka eftir þingstyrk þeirra. Áfram er gert ráð fyrir að ríkisframlögum verði skipt eftir þingstyrk – nýir flokkar eða framboð njóti ekki ríkisframlaga í aðdraganda kosninga.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins þarf að stórauka ríkisframlögin svo tekjur flokkanna skerðist ekki.

Skorður verða settar við hve miklum peningum fólk má verja til þátttöku í prófkjörum. Er fjárhæðin háð fjölda kosningabærra manna í kjördæmum og geta þátttakendur í sameiginlegu prófkjöri á höfuðborgarsvæðinu varið um sjö og hálfri milljón króna til prófkjörsbaráttu.

Stjórnmálaflokkum og þátttakendum í prófkjöri verður gert að birta upplýsingar úr bókhaldi og þurfa flokkarnir að nafngreina fyrirtæki sem veita þeim styrki. Ekki þarf að nafngreina einstaklinga sem styrkja stjórnmálaflokka eða fólk í prófkjörum.



**FRÁ ALÞINGI** Miklar breytingar verða á fjármálum stjórnmálaflokkanna nái tillögur nefndar forsætisráðherra fram að ganga. Styrkja má flokka og frambjóðendur í prófkjörum um mest 300 þúsund krónur á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisendurskoðun er ætlað að hafa eftirlit með bókhaldi flokkanna og uppgjöri þátttakenda í prófkjörum. Að líkindum þarf að efla embættið vegna þessara auknu verkefna.

Nefnd forsætisráðherra mælist til þess við forsætisnefnd Alþingis að skoðað verði hvort tilefni sé til að taka upp samræmdar reglur um birtingu eignatengsla þingmanna við fyrirtæki.

Þá gerir hún ráð fyrir að stærri sveitarfélög veiti styrki til stjórnmálastarfs á sveitarstjórnarstigi.

Nefndin, sem var skipuð í júlí 2005, hélt fjölda funda en hylla tók undir samkomulag nú síðsumars. Formenn stjórnmálaflokkanna hafa fylgst með störfum nefndarinnar. Stefnt er að því formenn þingflokka leggi málið í sameiningu fram í þinginu og er miðað við að lög um fjármál stjórnmálaflokkanna verði samþykkt fyrir jólahlé þingsins. bjorn@frettabladid.is

Staða Íbúðalánasjóðs:

## Deilt um mat á áhættustýringu

**VIÐSKIPTI** Sérfræðinganefnd Ríkisendurskoðunar deildi um mat á áhættustýringu Íbúðalánasjóðs í skýrslu sem unnin var fyrir félags- og fjármálaráðuneyti.

Samkvæmt heimildum Markaðarins neitaði hluti nefndarmanna að skrifa undir álitið, þar sem áhættustýringin er sögð viðunandi, nema að settur yrði inn fyrirvari um á hvaða forsendu matið byggði. Efast hefur verið um að sú forsenda haldi vatni, en hún snýr að endurfjárfestingaráhættu sjóðsins. „Ef langtímaraunvextir lækka talsvert frá núverandi gildi gætu forsendur breyst töluvert,“ segir greiningardeild Kaupþings. sjá Markaðinn / - óká

Rafiðnaðarsambandið:

## Konur hafa hærri daglaun

**LAUNAMUNUR Rafiðnaðarkonur eru með hærri laun en rafiðnaðarkarlar ef marka má niðurstöðu í könnun Gallups fyrir Rafiðnaðarsambandið. Könnuð voru laun félagsmanna í september og kom fram að konur með sveinspróf eða meira væru með átján prósentum hærri daglaun en karlarnir. Um sex og hálfs prósents munur er á daglaunum hjá raffólki sem ekki hefur lokið iðnnámi, körlunum í hag.**

**Á vef Rafiðnaðarsambandsins kemur fram að engar konur eru í ákvæðisvinnu og að dagvinnutaxtar í ákvæðisvinnu séu yfirleitt frekar í lægri kantinum, sem leiði til þess að bónusinn verði hærri og daglaunamunur leiðréttist við heildaruppgjör. Ef heildarvinnutími er skoðaður staðfestist það sem áður hefur komið fram í könnunum innan RSÍ, að karlar í rafiðnaði vinna að jafnaði lengri vinnudag en konur.**






Tímasetning á auglýsingu Heimsferða um sól og sumaryl næsta sumar tilviljun:

# Segjast ekki ráða yfir veðrinu

**FERÐAMÁL** Bjarni Hrafn Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða, segir það tilviljun en ekki fyrirfram ákveðna markaðstækni að birta heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu til kynningar á hluta af sumaráfangastöðum Heimsferða á sama tíma og mikil snjóþyngsli hrjá landann. „Það er alveg eðlilegt að byrja að kynna þessar ferðir svona snemma. Samstarfsfyrirtæki okkar erlendis kynna til dæmis vanalega sumarferðir sínar í október. Þetta er bara þróunin í þessu. Við höfum líka verið að kynna ferðir til Kanada næsta sumar í rúman mánuð nú þegar. En við erum að kynna nýjan áfangastað, Rhodos, og því erum við að þessu núna.“

Bjarni viðurkennir þó að veðurharkan skemmi líklegast ekki fyrir sölunni. Hann segir samt sem áður erfitt að tengja auglýsinguna við veðrið því herferðir sem þessar séu sjaldan ákveðnar með litlum fyrirvara og ekki ráði hann yfir veðrinu. „En þetta hefur gengið mjög vel. Það hafa verið gríðarlega góð viðbrögð á bókunum á nýja áfangastaðinn Rhodos sem og til Mallorca, sem er svona meira hefðbundinn sumarleyfisstaður fyrir okkur Íslendinga.“ - þsj





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MALLORCA OG TJÖRNIN Í REYKJAVÍK** Fjölmargir Íslendingar bóka sér ferðir í sólina meðan mestu vetrarhörkurnar standa yfir hér heima. Það styttir skammdegið hjá mörgum að hugsa til sólarstrandanna en börnin stytta daginn við snjókarlagerð.




| NISSAN MICRA | NISSAN PRIMASTAR | NISSAN X-RAIL | NISSAN PATHFINDER | NISSAN PATROL |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| Verð frá 1.590.000 | Verð frá 2.190.000 | Verð frá 2.890.000<br>Aukahlutapakki frá Arctic Trucks með 50% afslætti | Verð frá 4.170.000<br>33" breytingapakki frá Arctic Trucks innifalinn | Verð frá 4.590.000<br>33" breytingapakki frá Arctic Trucks innifalinn |

Ingvar Helgason heldur upp á jólin í ár með fjölbreyttu úrvali af glæsilegum bílum. Komdu í sýningarsal okkar að Sævarhöfða 2, ræddu við sölumenn okkar og veldu bílinn sem hentar þínum þörfum best.

SUBARU NISSAN SAAB ISUZU

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

## GENGIÐ 21.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,36 | 70,7 |
| Sterlingspund | 133,58 | 134,22 |
| Evra | 90,17 | 90,67 |
| Dönsk króna | 12,09 | 12,16 |
| Norsk króna | 10,915 | 10,979 |
| Sænsk króna | 9,924 | 9,982 |
| Japanskt jen | 0,5957 | 0,5991 |
| SDR | 104,42 | 105,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,3339

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sýrlensk stjórnvöld neita aðild að morðinu á Pierre Gemayel og óttast að það auki á óstöðugleika:

# Iðnaðarráðherra Líbanons myrtur í bifreið sinni

**BEIRÚT, AP** Pierre Gemayel, iðnaðarráðherra í Líbanon og áhrifamikill leiðtogi kristinna manna þar í landi, var myrtur í gær á götu úti í einu af úthverfum Beirút.

Gemayel var akandi á bifreið sinni í hverfinu Jdeidah, þar sem kristnir kjósendur hans eru í meirihluta, þegar annarri bifreið var ekið á bíl hans, út úr henni stigu vopnaðir menn og skutu Gemayel í gegnum rúðuna af stuttu færi.

Gemayel var andsnúinn því að Sýrlendingar fengju aukin áhrif í stjórn Líbanons. Alls hafa nú fimm andstæðingar Sýrlendinga verið myrtir í Líbanon á tveimur árum.

Óttast er að morðið á Gemayel auki enn á óstöðugleikann í stjórnmálum landsins, þar sem Hizbollahsamtökin og aðrir flokkar sem aðhyllast náin tengsl við Sýrland krefjast þess að fá aukin völd í ríkisstjórn Líbanons. Stjórnvöld í Sýrlandi fordæmdu hins vegar morðið í gær og segjast leggja mikla áherslu á að stöðugleiki og öryggi ríki í Líbanon. Andstæðingar Sýrlendinga í Líbanon hafa hins vegar ásakað sýrlensk stjórnvöld fyrir að eiga hlut að máli í fyrri morðtilræðum, meðal annars morðinu á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, sem var myrtur í febrúar í fyrra. **- gb**



**BIFREIÐ GEMAYELS** Iðnaðarráðherra Líbanons var skotinn á stuttu færi í gegnum bílrúðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GEORGE W. BUSH** Leggur til að fimm ríki fái samstarfsaðild að NATO. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogafundur NATO:

## Bush vill fimm ríki í samstarf

**WASHINGTON, AP** Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn verður í Riga í Lettlandi í næstu viku, ætlar George W. Bush Bandaríkjaforseti að gera það að tillögu sinni að fimm ríkjum verði boðin sérstök samstarfsaðild að bandalaginu.

**Ríkin fimm eru Svíþjóð, Finnland, Japan, Ástralía og Suður-Kórea. Þessi lönd hafa ekki sóst eftir aðild að NATO, en „við viljum samstarf við þau til þess að við getum haft öflugri æfingar,“ segir Richard Burns, einn af aðstoðarutanríkisráðherrum Bandaríkjanna.** - gb

### ÍRAK

**Saddam-réttarhöldin gölluð**

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch hafa lýst því yfir að Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseti, hefði ekki fengið sanngjörn réttarhöld. Í nýrri skýrslu rekja samtökin hvernig hegðun lögmanna og dómara hefðu grafið undan lögmæti réttarhaldsins. Saddam var dæmdur til dauða 5. nóvember síðastliðinn.

# Sættast á að opna orkusamninginn

**Seyðisfjarðarkaupstaður hefur þegar afhent Hjörleifi Guttormssyni samning við Íslenska orkuvirkjun ehf. vegna virkjunar í Fjarðará. Samningurinn sagður sá hagstæðasti sem landeigandi hefur gert vegna vatnsaflsvirkjunar hér á landi.**

**UPPLÝSINGAMÁL** Seyðisfjarðarkaupstaður ætlar ekki að kæra niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál, vegna deilumáls Hjörleifs Guttormssonar, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Íslenskrar orkuvirkjunar ehf., þrátt fyrir að lögfræðingar sveitarfélagsins hafi undrast niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Hjörleifur ætti að fá aðgang að samningi Seyðisfjarðarkaupstaðar við Íslenska orkuvirkjun ehf. vegna orkuöflunar í Fjarðará, á grundvelli almannahagsmuna.



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON**

Ólafur Sigurðsson segir samninginn skipta miklu máli fyrir Seyðisfjarðarkaupstað en sveitarfélagið fær tæpar 900 milljónir að núvirði á samningstímanum sem nær til 50 ára. „Samningurinn snýst um landnot og not af ánni. Meðalarðgreiðsla til sveitarfélagsins er 7,75 prósent af brúttóorkusölu frá virkjuninni í Fjarðará. Þetta er hagstæðasti samningur sem gerður hefur verið við landeiganda um nýtingu á vatnsauðlind hér á landi. Við ætlum ekki að kæra niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar en lögfræðingar sem voru okkur innan handar undruðust mjög niðurstöðuna og töldu hana ganga lengra en aðra sambærilega úrskurði. Við höfum þegar afhent Hjörleifi samninginn og ætlum ekki að aðhafast meira vegna þessa máls.“



**FRÁ SEYÐISFIRÐI** Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, segir samninginn sem gerður hefur verið við Íslenska orkuvirkjun ehf. skipta miklu mál fyrir sveitarfélagið til framtíðar litið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjörleifur sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær líta svo á að ekki væri óeðlilegt, á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar, að látið yrði á það reyna hvort leyndin yfir sambærilegum samningum sem álframleiðslufyrirtæki hafa gert við fyrirtæki í opinberri eigu gæti talist lögleg.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir fyrirtækið ekki þurfa að veita aðgang að samningum sem gerðir hafa verið við erlenda álframleiðendur. „Það er eðlismunur á því í lögunum hvort um er að ræða stjórnvald, til dæmis sveitarfélag, eða fyrirtæki í eigu hins opinbera í tilteknum málum. Í raun má segja að Landsvirkjun sé einkaaðili í skilningi þeirra laga sem um ræðir í okkar tilfelli og á þeim forsendum er okkur ekki skylt til þess að veita aðgang að samningum sem leynd hvílir yfir vegna mikilvægra samkeppnisupplýsinga sem eru í samningum fyrirtækisins.“

Nefndin byggði niðurstöðu sína á því að viðskiptahagsmunir nægðu ekki til þess að halda leynd yfir samningum „sem eru tengdir því að almenningur eigi kost á að fá upplýsingar um ráðstöfun opinberra eigna“. **magnush@frettabladid.is**



**SORG Í HILLAH** Ættingjar bera kistu eins fórnarlamba árásar sunnudagsins.

Átökin í Írak:

## Mannfall nær nýjum hæðum

**ÍRAK, AP** Ekkert lát hefur verið á mannfalli í Írak undanfarna daga. Fram að þessu hafa alls um 1.400 Írakar látið lífið í árásum það sem af er nóvember, en mannfallið er þar með orðið það mesta í einum mánuði frá því AP-fréttastofan hóf að halda mannfallstölum í Írak skipulega til haga í apríl 2005.

Yfir 20 manns týndu lífi í árásum uppreisnarmanna víðs vegar um Írak í gær, þriðjudag. Ennfremur fundust á götu í Bagdad lík níu manna sem rænt hafði verið. Á sunnudag lokkaði Íraki í Hillah verkamenn að bíl sínum með loforðum um störf og sprengdi svo bílinn upp og sjálfan sig með. 22 menn fórust og 44 særðust. **- aa/sgj**

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

## Framlengt á kókaínsmyglara

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir konu sem átti stóran þátt í að reyna að smygla tæpum tveimur kílóum af kókaíni til landsins.**

**Fíkniefnin voru tekin í Leifsstöð þegar burðardýr reyndi að koma þeim inn í landið frá Spáni. Konan sem situr inni vegna málsins er talin hafa haft milligöngu um flutning fíkniefnanna hingað til lands. Þá situr inni karlmaður sem fór með konunni til Spánar til að sækja kókaínið. Konan, sem hefur játað sök, hefur verið dæmd til að sitja í gæsluvarðhaldi til 18. janúar.** - jss






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FROSTLAUST MEÐ STRÖNDUM**

Það eru veikburða hlýindi að nuddast við suður- og vesturströndina og á ég vona á frostlausu veðri þar. Á hinn bóginn verður úrkoma með ströndum á landinu sunnan- og vestanverðu og hún fellur ýmist sem slydda eða rigning. Stöku él kunna að falla allra austast.

Það eru lægðir suður af landinu, tilbúnar með hlýindin en þau ná illa inn á landið. Þau ná að sleikja strendurnar.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austanstrekkingur. Hætt við stöku skúrum eða slydduéljum. Hiti 0-3 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hvassviðri allra syðst annars heldur hægari.

» föstudagur



3-13 m/s, hvassast suðaustan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C hálfskýjað | London | 11°C léttskýjað | Alicante | 22°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 5°C hálfskýjað | París | 11°C hálfskýjað | Mallorca | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 5°C skúrir | Frankfurt | 8°C alskýjað | Algarve | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 18°C skúrir | Krít | 20°C skúrir |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 2°C skúrir | Las Palmas | 24°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Allt 2 lítra gos á 195 kr.

Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur The Holiday

Brauðstangir 295 kr.
Kjúklingacombo 495 kr.
Hot Wings 495 kr.
Buffalo Wings 495 kr.
Kartöflubátar 295 kr.







58•12345

Domino's Pizza®

*ef þú sækir

www.dominos.is

KJÖRKASSINN



*Hefurðu séð Mýrina?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,7% |
| Nei | 58,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Styður þú West Ham í enskuknattspyrnunni?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Aðalmeðferð í máli héraðsdómara vegna lagasetningar í ársbyrjun:

# Deila um grundvallaratriði

**HÉRAÐSDÓMUR** Aðalmeðferð var í gær í máli Guðjóns St. Marteinssonar héraðsdómara gegn íslenska ríkinu. Guðjón höfðaði mál fyrr á þessu ári þegar Alþingi hafði með lagasetningu að frumkvæði ríkisstjórnarinnar fellt úr gildi ákvörðun Kjaradóms um launahækkun til handa æðstu embættismönnum og kjörnum fulltrúum þjóðarinnar.

Gestur Jónsson hrl. segir að málið sé merkilegt fyrir þær sakir að starfandi héraðsdómari hafi viljað láta á það reyna hvort það stæðist sem gerðist fyrr á árinu þegar Alþingi tók ákvörðun Kjaradóms úr sambandi. Niðurstaðan getur varðað hag allra dómara í landinu og viku þeir því sæti allir sem einn. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði Þórð S. Gunnarsson, forseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík, sem dómara í málinu og valdi hann með sér tvo meðdómendur, Ragnhildi Helgadóttur, kennara við lagadeild HR, og Róbert Spanó, kennara við lagadeild Háskóla Íslands.

„Þetta mál varðar grundvallaratriði í stjórnskipuninni,“ segir Gestur. „Það varðar meðal annars valdmörkin milli löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds og reynir á sjónarmið um sjálfstæði dómara gagnvart löggjafarvaldinu, jafnræði dómara gagnvart öðrum sem taka laun og sjónarmið um vernd eignarréttinda. Þetta eru allt atriði sem tengjast mannréttindum eða stjórnarskrá.“ - ghs



**TENGIST STJÓRNARSKRÁ** „Þetta eru allt atriði sem tengjast mannréttindum eða stjórnarskrá,“ segir Gestur Jónsson hrl.

Samkomulag um jarðhitaleit:

# Bora í Fljótshlíð

**ORKUMÁL** Samkomulag hefur náðst um jarðhitaleit í Fljótshlíð milli Orkuveitu Reykjavíkur og Rangárþings eystra. Forsendur leitarinnar eru þó þær að samkomulag náist við landeigendur á svæðinu.

Samkvæmt tillögunum er stefnt að því að bora grunnar rannsóknarholur víðs vegar um svæðið í leit að heitum vatnsæðum. Finnist heitt vatn í einhverjum mæli á það að nýtast til að efla rekstraröryggi hitaveitunnar á Hvolsvelli og að mæta ört vaxandi eftirspurn í Fljótshlíðinni, en veruleg uppbygging á sumarbústaðarbyggðum og ferðaþjónustu hefur átt sér þar stað á undanförnum árum. - þsj

Rannsókn á Palme-morðinu:

# Vopnið fundið

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska lögreglan tilkynnti í gær að hún hefði fundið skammbyssu sem tengdist hinu óupplýsta morði á Olof Palme, þáverandi forsætisráðherra, árið 1986. Of snemmt væri þó að segja með vissu hvort um sjálft morðvopnið væri að ræða.

Kafarar fundu Smith & Wesson-byssu af hlaupvíddinni 0.357 í stöðuvatni í Mið-Svíþjóð, en ákveðið var að kafa þar eftir að dagblaði barst nafnlaus ábending um að þar væri byssuna að finna.

Að sögn lögreglunnar er vopnið ein stærsta uppgötvunin sem gerð hefur verið í tveggja áratuga langri raunasögu rannsóknarinnar á morðinu. Á þessum langa tíma hefur lögreglan rannsakað hundruð skammbyssna af þessari gerð, sem notuð var við morðið þann 28. febrúar 986. - aa

Víglundur Þorsteinsson:

# Allir fái arð

**AUÐLINDIR** **Víglundur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri BM-Vallár, hefur sett fram þá hugmynd að umráð yfir sameiginlegum orkuauðlindum landsmanna verði fengin sérstökum auðlindasjóði sem ávallt yrði í jafnri eigu íslenskra ríkisborgara á hverjum tíma sem síðan fengju greiddan arð í samræmi við hagnað félagsins. Þetta kom fram í máli Víglundar á fundi Samtaka iðnaðarins í gær um mögulegar sættir náttúruverndarsinna og þeirra sem vilja virkjun orkulinda. Víglundur sagði grundvöll allra sátta að einkaeignarréttur þeirra sem til dæmis eigi orkulindir verði að fullu virtur.** - gar



VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

# Auðlindaskýrsla ekki grundvöllur sáttar

**Formaður Náttúruverndarsamtaka Ísland segir nýja skýrslu auðlindanefndar varla grundvöll fyrir sáttum verndunarsinna og virkjunarsinna. Umhverfisráðherra vill skipta landinu upp í mannvirkjabelti og náttúruverndarsvæði.**

**AUÐLINDIR** „Ég held að það verði að gera kröfu um fimm eða tíu ára stöðvun allra virkjunarframkvæmda. Ég held að það eigi ekkert að bíða til 2010 heldur byrja strax og stoppa,“ sagði Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, á fundi hjá Samtökum iðnaðarins í gær.

Umræðuefni fundarins var sú spurning hvort mögulegt væri á grundvelli nýrrar skýrslu auðlindanefndar að ná sátt milli náttúruverndarsinna og þeirra sem hafa að leiðarljósi hefðbundna nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls.

„Spurningin er sú hversu mikil inngrip við getum sætt okkur við og hvað af íslenskri náttúru er okkur heilagt þegar kemur að framkvæmdum sem breyta svipmóti þess landsvæðis sem okkur er kært,“ sagði Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra og benti á að í samanburði við hatrömm átök um vatnsaflsvirkjanir hefðu aðrar framkvæmdir, eins og vega- og hafnargerð, sem einnig breyttu ásýnd landsins, verið lítið umdeildar.

Jónína sagðist telja að skipta ætti landinu upp í belti. „Mannvirkjabelti annars vegar og hins vegar heildir náttúruverndarsvæða er sú aðferðafræði sem við eigum að vinna eftir,“ sagði ráðherrann og ítrekaði nauðsyn þess að sættir næðust með þjóðinni í þessum efnum:



**JÓNÍNA BJARTMARZ Á FUNDI SAMTAKA IÐNAÐARINS** Umhverfisráðherra segir það hlutverk stjórnmálamanna að byggja brýr á milli ólíkra sjónarmiða. Fréttablaðið/GVA

„Á orkusviðinu, rétt eins og þegar kemur að stórbrotinni náttúru landsins, eigum við mikla möguleika og við eigum að vera í fararbroddi. En til þess að svo megi verða verðum við öll að vera samstíga og það er verkefni okkar stjórnmálamanna að byggja brýr á milli ólíkra hagsmuna og á milli ólíkra skoðana. Aðeins með því verklagi er hægt að segja að sátt sé í sjónmáli.“

Árni Finnsson benti á að niðurstöður auðlindanefndarinnar hefðu verið þær að Alþingi samþykki ekki seinna en árið 2010 lög eða þingsályktun um verndun og nýtingu orkuauðlinda. Enn væri gert ráð fyrir að virkjað yrði fram til ársins 2010 því sem næmi næstum tveimur Kárahnjúkavirkjunum. Þá fyrst er ætlunin að hefjast handa við að búa til langtíma verndunar- og nýtingaráætlun. Það væri óásættanlegt:

„Þetta er náttúrulega eins og frekar lélegur bílasali. Það er verið að selja frekar ryðgaða kerru.“ gar@frettabladid.is











Niðurstöður rannsókna vegna byggingu álvers á Bakka við Húsavík kynntar:

# Umhverfismat gæti hafist í vor

**STÓRIÐJA** „Við höfum byrjað að undirbúa matsáætlun. Matsáætlun er fyrsta skrefið í ferli mats á umhverfisáhrifum. Við munum hafa hana tilbúna í drögum í mars á næsta ári og verður þá hægt að hefja umhverfismatsferlið, ef tekin verður ákvörðun um að fara í það,“ sagði Gunnar Guðni Tómasson hjá HRV á fundi Alcoa á Akureyri í gær.

Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið vegna fyrsta áfanga í undirbúningi byggingu álvers á Bakka við Húsavík voru kynntar á fjölsóttum fundum á Akureyri og Húsavík í gær. Kom þar fram að ákveðið hefur verið að fara í annan áfanga undirbúningsvinnunnar.

Gunnar Guðni sagði búið að leggja gróft mat á nokkra þætti umhverfisáhrifa af álveri á Bakka og að fyrstu vísbendingar bentu ekki til þess að áhrif á dýralíf yrðu mikil. „Bein áhrif verði á fuglalíf innan byggingarsvæðisins sjálfs en utan þess verði áhrif lítil,“ sagði hann.



**FJÖLDI FÓLKS MÆTTI Á FUND ALCOA Á AKUREYRI Í GÆR** Forsvarsmenn Alcoa vinna nú að gerð matsáætlunar sem á að vera tilbúin í mars á næsta ári. Þá verður hægt að hefja mat á umhverfisáhrifum. Fréttablaðið/Örlygur

„Við ætlum okkur að halda áfram í annan áfanga og kanna nánar ýmis atriði, til dæmis hafnarmál, orkumál og arðsemi verkefnisins,“ segir Kristján Þ. Halldórsson, verkefnisstjóri Alcoa á Norðurlandi. Hann segir jákvæðni heimamanna skipta miklu máli fyrir verkefnið, en hins vegar sé nauðsynlegt að umræða um verkefni af þessari stærð sé mikil og málefnaleg.

Alcoa opnaði upplýsingamiðstöð á Húsavík í gær og er henni ætlað að þjónusta heimamenn og aðra þá sem þurfa að leita upplýsinga vegna hugsanlegs álvers. - öhö



Katla

# PIPARKÖKU HÚSALEIKUR

## Í SMÁRALIND

Kötlu piparkökuhúsaleikurinn er hafin, skiladagur húsanna er **8. desember í Smáralind** á milli **kl. 19.00 og 21.00**

**Taktu þátt og þitt hús gæti unnið**
**Glæsilegir vinningar**
**Sérverðlaun í barnaflokki**

Smáralind

Verðlaunaafhending verður þann 17. des. kl. 15.00 í Smáralind. Piparkökuhúsin verða til sýnis í Smáralind 1. hæð til 22. desember.

### 1. sæti - verðmæti vinninga kr. 206.000

**Smáralind** - Gjafakort kr. 50.000
**Hans Petersen** - Samsung 150 myndavél ásamt þjónustupakka
**Byggt og Búið** - Kitchen Aid hrærivél með grænmetiskvörn og matreiðslubók
**Debenhams** - Denby matarstell fyrir 6 að eigin vali
**Bræðurnir Ormsson** - Hágæða Zwilling hnífaparasett fyrir 6 og AEG matvinnsluvél
Meistarinn, glænýtt spil sem allir í fjölskyldunni geta spilað og unnið! Byggt á samnefndum þáttum á Stöð 2

### 2. sæti - verðmæti vinninga kr. 50.000

**Hans Petersen** - Samsung V700 myndavél ásamt þjónustupakka
**Byggt og Búið** - Aroma ferkantað diskasett 20 hlutir
Meistarinn, glænýtt spil sem allir í fjölskyldunni geta spilað og unnið! Byggt á samnefndum þáttum á Stöð 2

### 3. sæti - verðmæti vinninga kr. 37.800

**Hans Petersen** - Samsung U-CA 5 myndavél ásamt þjónustupakka
**Byggt og Búið** - Sirius ljósasería Nellie
Meistarinn, glænýtt spil sem allir í fjölskyldunni geta spilað og unnið! Byggt á samnefndum þáttum á Stöð 2.

### Börn 5 vinningar - verðmæti vinninga kr. 40.000

**Hans Petersen** - Samsung A400 myndavél frá ásamt þjónustupakka
**Intersport** - Glæsilegir skautar
**Hagkaup** - Gjafakort í leikfangadeild kr. 5.000
**Byggt og Búið** - Sirius ljósasería

**Kötlu bökunarvörurnar eru ómissandi í baksturinn og þú færð öll bökunaráhöld í Byggt og Búið**

**Kötlu piparköku mix**
**BÖRNIN BAKA**






Kíktu á heimasíðuna **www.piparkokuhus.is** og sjáðu myndir frá fyrri keppnum og uppskriftir

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða Íslendingur er kominn í úrslit í keppninni um sterkasta mann heims?*

2 *Hverjir heilsa tvö þúsund sinnum á dag?*

3 *Hvar var skíðasvæðið opnað um helgina?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Mikið flóð vegna krapastíflu í Jökulsá á Fjöllum hefur leitt til þess að árfarvegurinn er kílómetri að breidd:

# Varnargarðurinn í Öxarfirði brast

**FLÓÐ** „Það þarf greinilega að styrkja til muna hinn tíu ára gamla varnargarð í Öxarfirði, til að koma í veg fyrir að vatnið flæmist ekki yfir gróið land og árfarvegur Jökulsár á Fjöllum breytist varanlega," sagði Sigurður Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn á Húsavík í gær. „Það hefur komið fyrir oft áður að það stíflast þarna og flæðir annaðhvort til austurs eða vesturs. Það þarf því að fara í framkvæmdir til að styrkja varnargarðinn."

Gífurlega mikill krapi hefur myndast í Jökulsá á Fjöllum og hefur áin stíflast skammt frá ósnum og brotið sér leið í gegnum varnargarðinn í Öxarfirði og rennur í gegn um hann til suðvesturs og vestur í Skjálftavatn. Einnig hefur hún rofið Vestursandsveg, en þar eru engir bæir í byggð lengur og því lítil hætta á ferðum. Þó gæti verið varhugavert ef áin breytti um farveg til lengri tíma og færi þá að flæða víðar.

Lögreglan á Húsavík metur breidd flóðsins rúman kílómetra og lengd krapastíflunnar skiptir nokkrum kílómetrum frá norðri til suðurs. Erfitt er að meta dýpt vatnsflaumsins en krapinn er nokkurra metra hár þar sem hann er hæstur. Kunnugir í Kelduhverfi segja þetta með stærri krapastíflum sem þeir hafa séð. - **kóþ**



**FLÓÐ Í JÖKULSÁ Á FJÖLLUM** Nokkurra kílómetra krapastífla hefur myndast við ósinn og áin er orðin um kílómetra breið. Varnargarður í Öxarfirði er brostinn og Vestursandsvegur í sundur. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBERGUR ÆGISSON



**SHINZO ABE** Japanski forsætisráðherrann á blaðamannafundi í Hanoi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Japans:

## Enga kjarnorkuvopnavæðingu

**JAPAN, AP Japanski forsætisráðherrann Shinzo Abe sór á mánudag að Japan yrði áfram kjarnorkuvopnalaust land og sagði að hinar margströnduðu sexveldaviðræður um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreumanna yrði að skila áþreifanlegum árangri sem fyrst.**

**Ummæli Abes féllu undir lok leiðtogafundar efnahagssamvinnuráðs Asíu- og Kyrrahafsríkja, APEC, í Hanoi í Víetnam. Hann hvatti þar leiðtoga kjarnorkuvelda heims til að leggja sig meira fram við kjarnorkuvopnaafvopnun. Abe sagði það „ekki til umræðu" í japanska stjórnarflokknum LDP að kjarnorkuvopnavæðing N-Kóreu kallaði á að Japan kjarnorkuvopnavæddist líka.** - **aa**

**KONGÓ**

### Átök blossa upp

Eldur kviknaði í byggingu hæstaréttar Kongó í Kinshasa í gær, er byrja átti að rétta í kærumálum vegna forsetakosninganna nýafstöðnu. Skothríð utan við dómhúsið truflaði réttarhaldið. Stuðningsmenn Jean-Pierres Bemba, sem laut í lægra haldi fyrir Joseph Kabila samkvæmt opinberum úrslitum, sætta sig mjög illa við þá niðurstöðu.

# Ætla að stórefla öll samskipti ríkjanna

**Leiðtogar Kína og Indlands hittust í Nýju-Delhi í gær og hétu því að tvöfalda viðskipti landanna á næstu þremur árum. Engin lausn fékkst þó á landamæradeilum þeirra og lögregla gætti þess vel að mótmælendur frá Tíbet sæust ekki.**

**NÝJA-DELHI, AP** Leiðtogar Kína og Indlands hafa ákveðið að efla mjög samskipti ríkjanna og stefna að því að viðskipti milli þeirra muni tvöfaldast á næstu þremur árum.

Hu Jintao, forseti Kína, kom í gær í opinbera heimsókn til Indlands, en það er í fyrsta sinn í áratug sem forseti Kína kemur þangað. Hu átti fund með Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, í Nýju-Delhi, og sendu þeir frá sér sameiginlega yfirlýsingu að fundinum loknum.

Fyrir tveimur áratugum voru viðskipti milli Indlands og Kína nánast engin.

Samskipti Kína og Indlands hafa almennt verið afar stirð allar götur frá því þjóðirnar háðu stríð sín á milli árið 1962 út af landamæradeilum, sem enn hafa ekki verið leystar þótt samningaviðræður hafi staðið yfir með hléum í aldarfjórðung.

Tortryggni hefur einnig ríkt milli ríkjanna vegna þess að bæði hafa þau áhuga á að vera ráðandi afl í Asíu. Markmið fundarins í gær var að draga úr þessari tortryggni.

„Það er nóg pláss fyrir bæði ríkin til að þróast saman með gagnkvæmum stuðningi og sýna jafnframt skilning á hagsmunum og markmiðum hvors annars," sagði Singh að fundinum loknum.

Þrátt fyrir bjartsýnan tón tókst samt sem áður ekki að finna lausn á neinum af þeim stóru málum sem enn eru umdeild milli Kína og Indlands. Þar á meðal er deilur um legu landamæra, búsetu Dalai Lama og 120 þúsund annarra útlaga frá Tíbet á Indlandi, og umfangsmikil vopnasala frá Kína til Pakistans, sem hefur verið höfuðandstæðingur Indlands allt frá því bæði ríkin hlutu sjálfstæði frá Bretum fyrir meira en hálfri öld.

Engu að síður ætla Indland og Pakistan að stórefla samskiptin, bæði í alþjóðamálum og nærtækari málefnum ríkjanna tveggja.

Shiv Shanker Menon, utanríkisráðherra Indlands, sagði að það hefði orðið gríðarlega mikilvægt ef lausn hefði fundist á landamæradeilunni, „en það kemur ekki í veg fyrir samskipti okkar."

Ekkert var minnst á Tíbet á leiðtogafundinum í gær og indverska lögreglan hafði mikinn viðbúnað til þess að vernda Hu frá því að þurfa að horfa upp á mótmælaaðgerðir Tíbeta og stuðningsmanna þeirra.

Meira en þúsund Tíbetar efndu engu að síður til mótmælagöngu í Nýju-Delhi fáeinum klukkustundum áður en Hu kom til borgarinnar. **gudsteinn@frettabladid.is**



**MÓTMÆLANDI FRÁ TÍBET STÖÐVAÐUR** Fjölmennur hópur Tíbeta efndi til mótmæla í gær þegar Hu Jintao, forseti Kína, fundaði með indverskum ráðamönnum í Nýju-Delhi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Valdimar L. Friðriksson:

## Segir sig úr þingnefndum

**STJÓRNMÁL** Valdimar L. Friðriksson, þingmaður utan flokka, sagði sig í fyrradag úr þeim þingnefndum sem hann sat í fyrir hönd Samfylkingarinnar.



**VALDIMAR L. FRIÐRIKSSON**

Valdimar sat í félagsmálanefnd og landbúnaðarnefnd en ætlar að falast eftir setu sem áheyrnarfulltrúi í félagsmálanefnd og samgöngunefnd. Hann sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær leggja fram formlegar óskir þar að lútandi síðar í vikunni.

Valdimar hefur skrifstofu í húsakynnum þingsins við Austurstræti – þar sem skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar eru – en vissi ekki í gær hvort hann þyrfti að flytja sig um set. - **bþs**

Líkamsárás á Akranesi:

## Traðkaði illa á ungum manni

**DÓMSTÓLAR** Sýslumaðurinn á Akranesi hefur gefið út ákæru á hendur karlmanni á þrítugsaldri fyrir líkamsárás. Karlmaðurinn gekk í skrokk á tæplega tvítugum manni fyrir utan skemmtistaðinn Breiðina í Bárugötu á Akranesi aðfaranótt sunnudagsins 27. ágúst síðastliðins.

Árásarmaðurinn felldi fórnarlambið til jarðar og traðkaði á vinstri fæti hans auk þess að taka hann hálstaki. Fórnarlambið tognaði, marðist og hlaut fleiðursár á vinstri ökkla við ársina, auk þess að merjast á hægri augabrún. - **ifv**






Stangaveiðifélag Reykjavíkur kynnir nýja söluskrá:

# Veiðileyfi hækka í verði

**ÚTIVIST** Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur kynnt nýja söluskrá. Hefur tveimur ám verið bætt við, Hvítá Vestra og Varmá í Árborg. Athygli vekur að gjaldskráin hefur hækkað síðan í fyrra.

„Við erum búnir að vera með óbreytti krónuverð í tvö ár," segir Páll Þór Ármann, formaður SVFR. „Í sumum tilfellum er því um að ræða vísitöluhækkun. Í öðrum tilfellum erum við búnir að framlengja samningnum til að tryggja ársvæðið, sem hækkar verðið um 15-20%."

Söluskráin verður send félagsmönnum og mun einnig liggja frammi í veiðivöruverslunum.

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur samþykkti ályktun á fundi sínum í mánuðinum þar sem skorað var á fjárveitingarvaldið og þingmenn á Alþingi Íslendinga að beita sér fyrir því að fjárveitingar til Veiðimálastofnunar verði auknar verulega á komandi árum. Stjórn SVFR tekur undir með forstjóra stofnunarinnar að það væri stórslys ef loka þyrfti starfsstöðvum á landsbyggðinni. - **vg**



**VERÐSKRÁIN KYNNT** Páll Þór Ármann sagði verð hafa staðið í stað í tvö ár.




# 15.000 þakkir

fyrir komuna um opnunarhelgina









# OPNUNARTILBOÐIN HALDA ÁFRAM

**Ný tilboð á hverjum degi!**
Afþreying á áður óþekktu verði: símar, tölvur, raftæki, heimilistæki og fleira og fleira á …

**DÚNDUR MAX TILBOÐUM**

Við þökkum þeim rúmlega fimmtán þúsund viðskiptavinum sem komu í heimsókn fyrstu helgina í stærstu og glæsilegustu raftækjaverslun landsins.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



**KYNDILBERAR ASÍULEIKA** Kyndilberi Asíuleikanna, sem fara munu fram í Katar, Sjeik Joa'an Bin Hamad Al-Thani, og Sjeik Talal Fahad Al-Ahmad Al-Jaber Al-Sabah, formaður Ólympíunefndar Kúveit, halda saman á kyndli leikanna í Kúveitborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ýmis lögreglubúnaður boðinn til sölu á íslenskum spjallvef bílaáhugamanna:

# Handjárn og lögguljós til sölu

**LÖGREGLUMÁL** Á umræðuvef live2cruz-klúbbsins er nú boðinn til sölu ýmiss konar lögreglubúnaður. Meðal þess sem hægt er að kaupa eru handjárn, forgangsljósabúnaður og sírenur. Sá sem selur búnaðinn segir meðal annars um handjárnin sem hann býður að þau séu „sama gerð og löggan notar hér heima, lykillinn virkar af þeim líka ef þið lendið einhverntímann í vandræðum. Eitt sett af handjárnum og tveir lyklar. Verð, 15.000.“

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn staðfesti að þetta væri sami búnaður og lögreglan notast við. Hann segir ekki ólöglegt að selja slíkan búnað, en að það geti verið ólöglegt að kaupa hann. „Það getur ekki hver sem er keypt þetta. Það mega einungis ákveðnir aðilar kaupa þennan búnað. Það má enginn nota blikkandi blá ljós nema lögreglan, björgunarsveitir og aðrir þeir sem eru í forgangsakstri. Handjárn má hins vegar enginn nota nema lögregla. Þannig að þetta gæti aldrei nýst neinum öðrum.“

Geir Jón segir að hörð viðurlög séu við því að nota búnaðinn og að það komi alltaf upp annað veifið að lögregla geri svona búnað upptækan. „Menn hafa þá oft verið að kaupa þetta erlendis og við höfum gert þetta upptækt við komuna til landsins. Það eru þá handjárn og annað slíkt. En þetta er afar fátítt. Ef menn eru svo að nota þessi bláu ljós eða annað á ökutæki þá er það tekið af þeim eins og skot.“ - þsj



**FORAGANGSLJÓSBÚNAÐUR** Ekki lögbrot að selja svona ljós en það er ólöglegt að nota þau að sögn yfirlögregluþjóns í Reykjavík.

Menntasvið Reykjavíkur:

## Málþing um íslenskukennslu

**REYKJAVÍK** Menntaráð hefur stofnað starfshóp um málefni barna af erlendum uppruna í grunnskólum Reykjavíkur. Starfshópurinn á að skoða rannsóknir á stöðu innflytjenda og gengi þeirra í skólum og gera tillögur um úrbætur í þjónustu.

Menntaráð hefur ákveðið að efna til málþings um íslenskukennslu og hefur sviðsstjóra menntasviðs verið falið það verkefni. Ætlunin er að ræða núverandi stöðu og framtíðarskipulag íslenskukennslu fyrir útlendinga og kostnaðar- og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs. - ghs

Forsetaframbjóðendur 2008:

## Brandari hindrar ekki Kerry

**BANDARÍKIN, AP** John Kerry segir misheppnaðan brandara sinn um hermenn í Írak fyrr í mánuðnum ekki vera hindrun sækist hann eftir því að verða forsetaframbjóðandi demókrata á nýjan leik. Hillary Clinton, fyrrverandi forsetafrú, og Barack Obama, öldungadeildarþingmaður frá Illinois, eru einnig talin líklegir frambjóðendur.

Repúblikaninn John McCain segir flokksbróður sinn Rudy Giuliani vera „ameríska hetju“ vegna viðbragða hans við árásunum 11. september í borgarstjóratíð hans í New York. Hinn sjötugi McCain segist hins vegar vera betra forsetaefni. „Ég er eldri en mold og með fleiri ör en Frankenstein, en hef lært ýmislegt gegnum tíðina,“ segir McCain. - sgj




# Forvarnir verða auknar á nýrri göngudeild SÁÁ

**Ný göngudeild SÁÁ, sem opnuð verður á allra næstu dögum í Efstaleiti, mun gefa möguleika á stóraukinni þjónustu. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að langþráðu markmiði sé náð. Á nýju deildinni verður öll aðstaða betri en á eldri deildinni sem var til húsa í Síðumúla. Starfsfólki verður fjölgað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Stórauknar forvarnir, aukin þjónusta við foreldra unglinga í vímuefnavanda svo og unglinga sem ekki þurfa að fara inn á Vog til að ná bata er meðal þeirra sóknarfæra sem ný göngudeild SÁÁ að Efstaleiti 7 gefur kost á, að sögn Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis á Vogi.

Nýja göngudeildin verður opnuð með pompi og prakt næstkomandi laugardag og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

„Þetta er langþráð markmið sem við erum að ná,“ segir Þórarinn. „Með tilkomu þessa nýja húsnæðis komum við skrifstofuhaldi og göngudeildarstarfi undir eitt þak, en þetta hefur lengst af verið rekið í tveimur húsum. Við þrengdum að vísu að meðan verið var að byggja nýju göngudeildina, þegar við færðum skrifstofuna úr Ármúla í Síðumúla þar sem við höfum verið með göngudeildarþjónustu.“

Þórarinn segir göngudeildarþáttinn í starfsemi SÁÁ oft gleymast. Gríðarlega mikil þjónusta hafi verið veitt í Síðumúla, sem sé búin að sprengja húsnæðið utan af sér og verði nú flutt í Efstaleitið. Þar megi nefna margvíslega þjónustu við aðstandendur bæði hvað varðar ráðgjöf, upplýsingagjöf og meðferð. Um sé að ræða þjónustu fyrir maka, foreldra og börn alkahólista, sem hafi verið veitt síðan 1977.



**NÝ GÖNGUDEILD** Ný göngudeild SÁÁ sem opnuð verður í Efstaleiti 7 mun gefa kost á mörgum nýjum sóknarfærum, að sögn Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis á Vogi. Hér er hann ásamt Hendrik Berndsen, sem er annar tveggja frumkvöðla SÁÁ og mikill stuðningsmaður samtakanna. Þeir tveir hafa unnið náið saman alla tíð.

„Þá hefur verið veitt viðamikil þjónusta fyrir þá sem ekki hafa þurft að fara inn á Vog, bæði með viðtölum og greiningu,“ útskýrir Þórarinn. „Með því hefur verið hægt að hjálpa þeim á göngudeild. Þetta á einkum við um yngsta aldurshópinn, 14-18 ára, og foreldra viðkomandi. Þá býður göngudeildin upp á afar mikinn skipulagðan stuðning við fólk eftir meðferð, en hann varir í ár. Loks sækja þeir göngudeild sem verið hafa frá vímuefnum í ákveðinn tíma, en er boðið upp á upprifjunarnámskeið.“

Fjöldamargir hafa nýtt sér þessa þjónustu, því samtals hafa verið um 15.000 heimsóknir á göngudeild SÁÁ á ári hverju.

„Með tilkomu nýja húsnæðisins getum við aukið við starfsemina,“ heldur Þórarinn áfram. „Þetta nýja húsnæði gefur okkur algjörlega ný sóknarfæri. Við getum fjölgað starfsfólki ef við fáum styrk til þess. Þar verður miklu betri aðstaða til þess að vera með stuðning og félagslega uppbyggingu í kringum og eftir meðferðina á Vogi. Við erum afar ánægðir.“

jss@frettabladid.is






ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR



ÞORVALDUR INGVARSSON



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Níu taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi:

# Sjö vilja núverandi þingsæti

**STJÓRNMÁL** Þrír sækjast eftir fyrsta sætinu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi. Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri og Þorvaldur Ingvarsson, læknir á Akureyri, vilja öll leiða listann í kosningunum í vor. Ólöf Norðdal, framkvæmdastjóri á Egilsstöðum, gefur kost á sér í annað sætið, Kristinn Pétursson, framkvæmdastjóri á Bakkafirði og Sigríður Ingvarsdóttir varaþingmaður stefna á 2.-3. sæti og Sigurjón Benediktsson, tannlæknir á Húsavík, gefur kost á sér til þingsætis, eins og hann orðar það.

Steinþór Þorsteinsson háskólanemi sækist eftir þriðja sæti og Björn Jónasson innheimtustjóri eftir fjórða sætinu.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk tvo menn kjörna í kjördæminu í síðustu kosningum. Halldór Blöndal, sem fór fyrir listanum, lætur af þingmennsku í vor og Tómas Ingi Olrich, sem var í öðru sæti, varð sendiherra í París þegar skammt var liðið á kjörtímabilið. Arnbjörg tók sæti hans á þingi.

Prófkjörið fer fram á laugardag og verður kosið á tuttugu stöðum. Í tíu fjölmennustu byggðarlögunum stendur kjörfundur frá 9-18 en skemur annars staðar. Utankjörfundur verður í Grímsey í dag. Rétt til þátttöku hafa flokksbundnir Sjálfstæðismenn og þeir sem hafa undirritað inntökubeiðni í flokkinn fyrir lok kjörfundar. -bþs


SÉR-
TILBOÐ!
30-50%
AFSLÁTTUR!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Einnig fáanlegar
með ekta
GRANÍT eða
MARMARA borðplötum
Black Galaxy
Imperial Brown
Blue Pearl
Black Absolute
East White
Mocca Crema
HVÍTUR FULNINGUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm
HVÍTTUÐ EIK stærðir frá 60 -120 sm
HLYNUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm
HNOTA á MDF stærðir frá 60 -120 sm
KIRSUBER fulningur stærðir frá 60 -120 sm
Margir möguleikar á
stærðum og útfærslum
Til afgreiðslu af lager
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31
HLYNUR á MDF stærð 100 sm
HVÍTTAÐUR ASKUR stærð 100 sm
Um 50 innréttingar uppstilltar
í sýningarsal okkar
INNRÉTTINGAR
& TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**FLÓÐ Í A-AFRÍKU** Kona veður vatnselg í þorpinu Mukay Dhere, 65 km austur af Mogadishu í Sómalíu. Flóð í Austur-Afríku hafa hrakið 1,8 milljónir manna frá heimilum sínum í Sómalíu, Keníu og Eþíópíu, að sögn flóttamannahjálpar SÞ. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Írönsk stjórnvöld vilja leiðtogafund með Írökum og Sýrlendingum:

# Írak og Sýrland taka upp stjórnmálatengsl

**ÍRAK, AP** Írak og Sýrland tóku í gær upp stjórnmálasamskipti á ný, en þau hafa legið niðri í 24 ár. Írönsk stjórnvöld hafa einnig boðist til þess að efna til þriggja ríkja leiðtogafundar milli Írans, Íraks og Sýrlands með það markmið að stilla til friðar í Írak.

Wallid Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands, skrapp til Íraks á sunnudaginn og undirritaði í gær samkomulag um endurnýjun stjórnmálatengsla ríkjanna ásamt Hoshyar Zebari, utanríkisráðherra Íraks. Einhverjar vonir eru bundnar við að samkomulag ríkjanna tveggja geti orðið til þess að dragi úr átökum innan Íraks. Bandaríkjamenn ætlast meðal annars til þess að Sýrlendingar komi í veg fyrir að „útlendir bardagamenn fari yfir landamærin til Íraks“, að því er Tom Casey, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, segir.

Það var Sýrland sem sleit öll stjórnmálatengsl við Írak árið 1982. Á þessum tíma sökuðu Sýrlendingar Íraka um að hvetja félaga í Bræðralagi múslima, bönnuðum samtökum af egypskum uppruna, til uppþota í Sýrlandi. Þetta var meðan stríð stóð yfir milli Íraks og Írans, en Sýrlendingar tóku afstöðu með Íran í því stríði - gb



**UTANRÍKISRÁÐHERRAR SÝRLANDS OG ÍRAKS** Wallid Moallem og Hoshyar Zebari undirrituðu samkomulag um endurnýjun stjórnmálasambands í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leyniþjónustur Ítalíu:

## Skipt um alla æðstu menn

**ÍTALÍA, AP** Ítalíustjórn skipti á mánudag um yfirmenn allra leyniþjónustustofnana ríkisins. Sá sem settur var af sem yfirmaður leyniþjónustu hersins er meðal háttsettra ítalskra leyniþjónustufulltrúa sem grunur leikur á að hafi átt þátt í að hjálpa útsendurum bandarísku leyniþjónustunnar CIA að nema egypskan múslimaklerk á brott í Mílanó árið 2003, en unnið er að sakarannsókn á því máli.



NICOLO POLLARI

Nicolo Pollari, yfirmanni herleyniþjónustunnar SISMI, var meðal annars skipt út eftir aukafund ríkisstjórnarinnar. - aa

Netsvikamál í Svíþjóð:

## Fengu fyrirframgreiðslu

**SVÍÞJÓÐ** Fjórir menn hafa verið handteknir í Svíþjóð, grunaðir um að hafa svikið út jafnvirði sjö milljóna króna á netinu. Talið er að um þrjú hundruð viðskiptavinir hafi orðið fyrir tapi. Þetta er stærsta mál sinnar tegundar í Svíþjóð.

Mennirnir auglýstu ýmsar vörur á vefnum www.blocket.se, til dæmis snjósleða og barnavagna. Mennirnir birtu myndir frá framleiðandanum en kröfðust fyrirframgreiðslu. Vörurnar bárust aldrei. - ghs

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Þrjár á Kjalarnesi

Þrjár bílveltur urðu á Kjalarnesi síðdegis í fyrradag að sögn lögreglunnar í Reykjavík. Fljúgandi hálka var á veginum. Engan sakaði í veltunum.



**LÍKAMSRÆKTARSTÖÐ** Reynslan erlendis sýnir að iðkendum líkamsræktarstöðva fjölgar þar sem gerð eru lyfjapróf.

# Óvissa með lagalega heimild lyfjaprófa

**Verkefnisstjóri lyfjamála hjá Íþróttasambandi Íslands segir einstaka forsvarsmenn líkamsræktarstöðva áhugasama um að taka upp lyfjapróf. Lögfræðingur hjá Persónuvernd segir að kanna þurfi lagalegar heimildir fyrir slíkum prófum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Örvar Ólafsson verkefnisstjóri lyfjamála hjá ÍSÍ sat nýverið norrænan samráðsfund en Norðurlandaþjóðir hafa verið framarlega í lyfjaeftirlitsmálum meðal íþróttamanna.

Örvar segir Norðmenn hafa verið byrjaða að gera lyfjapróf á líkamsræktarstöðvum en persónuvernd þar í landi stöðvaði eftirlitið og því var það lagt niður.

„Í Finnlandi eru reglurnar þannig að sá sem er prófaður verður að vera aðili að íþróttasamtökum til þess að hægt sé að lyfjaprófa hann. Ef prófunin er gerð á líkamsræktarstöð er hún háð samþykki viðkomandi og stöðvarinnar. Örvar segir að reglurnar í Finnlandi séu þannig að þegar viðkomandi skrái sig á líkamsræktarstöð viti hann að lyfjapróf geti verið gerð á notendum stöðvarinnar.“

Örvar segir að á Norðurlöndunum geri líkamsræktarstöðvar og lyfjaeftirlitið samning um fræðslu og lyfjapróf sem líkamsræktarstöðvarnar greiði fyrir. „Hér á landi er ekki vitað hver myndi bera kostnaðinn af lyfjaprófunum á líkamsræktarstöðvum. Þeir sem stunda líkamsræktarstöðvar eru ekkert endilega meðlimir íþróttasamtaka og þyrftu því að greiða fyrir lyfjaprófin sjálfir nema til kæmi óháð lyfjaeftirlit sem sinnti þessum málum í samfélaginu í heild sinni.“

Örvar segir að ÍSÍ hafi verið að auka lyfjaeftirlit og fræðslu sem snúi aðallega að því að upplýsa keppendur, sem eru á leið á mót erlendis, um efni á bannlista.

Örvar segist vita til þess að einstaka forsvarsmenn líkamsræktarstöðva hérlendis séu áhugasamir um að taka upp lyfjapróf á stöðvunum en umræðan strandi á því hver eigi að greiða fyrir þau. „Reynslan erlendis frá sýnir að á þeim líkamsræktarstöðvum sem lyfjapróf eru gerð hefur iðkendum stöðvanna fjölgað og svo virðist sem almenningi finnist mikilvægt að tekið sé á þeim sem nota ólögleg efni.“

Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segir ólíkar reglugerðir liggja að baki því að lyfjaprófa keppendur á mótum annars vegar og einstaklinga á líkamsræktarstöðvum hins vegar. Hann segir að lyfjaprófanir á líkamsræktarstöðvum hafi ekki verið ræddar innan Persónuverndar en ef af því yrði þyrfti að athuga hvort aðgerðirnar standist lög. hugrun@frettabladid.is







Alcan og bæjarstjóri samhuga:

# Vilja skattalækkanir á álverið

**UMHVERFISMÁL** „Aðalsamningurinn sem var gerður fyrir fjörutíu árum felur í sér ákvæði um að álverið geti farið inn í almennt skattaumhverfi. Við óskuðum eftir að fá að nýta þetta ákvæði árið 2003, en síðan hefur málið verið í biðstöðu. Það er líklegt að það þurfi að fara í gegnum Alþingi, þar sem samningurinn var upprunalega settur með lagasetningu,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan.

Eftir skattbreytingu munu heildarskattgreiðslur fyrirtækisins minnka en greiðslur til Hafnarfjarðar aukast á kostnað ríkisins. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir: „Það er samhugur í þessu á milli okkar og Alcan. Ef þeir greiddu venjulegan skatt væri Hafnarfjarðarbær að fá tvöfalt meira.“

Ögmundur Jónasson, alþingismaður VG, segir hins vegar: „Álfyrirtæki hafa notið sérréttinda í skattamálum og búa við hagstæðara raforkuverð en heimili og önnur fyrirtæki. Það er sjálfsagt að skoða skattamálin en setja verður þau í víðara samhengi. Þetta er mál þjóðarinnar allrar og nóg komið af því að etja sveitarfélögunum á móti hvoru öðru.“ - vg



**HRANNAR PÉTURSSON** Upplýsingafulltrúi Alcan segir stjórnendur álversins vilja nýta ákvæði í 40 ára gömlum samningi um að álverið fari inn í almennt skattaumhverfi.

Forstjóri Hrafnistu um rekstur hjúkrunarheimilis í Mörkinni:

# Sóltún getur líka boðið



**FORSTJÓRI HRAFNISTU** Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistu, segir að Sóltún geti boðið í reksturinn í Mörkinni eins og aðrir.

**HJÚKRUNARHEIMILI** Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistu, segir að það sé ekki heilbrigðisráðherra að kenna að bygging hjúkrunarheimila hafi dregist í borginni. Hann minnir á að borgin hafi úthlutað lóð undir hjúkrunarheimili við Sogamýri og lóðarhafinn síðan ekki reynst hafa fjárhagslegt bolmagn til framkvæmdanna.

„Ríkið hefur lagt tugi milljóna króna í hönnun og undirbúning á hjúkrunarheimili í Mörkinni,“ segir Sveinn og telur að það sé „ávísun á enn eina töfina“ ef farið verður að hræra í því máli.

„Sóltún getur bara boðið í reksturinn eins og aðrir, það er ekki verið að loka þá af frá einu eða neinu,“ segir hann. - ghs



**GETUR Á SIG BLÓMUM BÆTT** Jan Peter Balkenende forsætisráðherra skoðar blóm í ræktunarstöð í Ter Aar í Hollandi í gærmorgun. Hann vonast til að fá í dag endurnýjað umboð kjósenda til að stjórna landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hollendingar ganga að kjörborðinu í dag:

# Mjótt á munum milli fylkinga

**HOLLAND, AP** Hollendingar ganga að kjörborðinu í dag til að kjósa nýtt þing, en skoðanakannanir benda til að mjög mjótt verði á mununum milli flokkafylkinga vinstra og hægra megin við miðju. Því er því spáð að stjórnarmyndun geti tekið langan tíma.

Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum sem gerðar voru fyrir kjördag hefur Verkamannaflokkurinn, undir forystu Wouters Bos, unnið upp að mestu fylgisforskot kristilegra demókrata, sem lúta forystu Jans Peter Balkenende forsætisráðherra. Þetta veldur því að stjórnmálaskýrendum þykir sennilegt að eftir kosningar verði erfitt að mynda starfhæfa meirihlutastjórn nema með samstarfi þessara tveggja, en nýlegt fordæmi fyrir slíku stjórnarmynstri er „stóra samsteypa“ jafnaðarmanna og kristilegra demókrata í Þýskalandi.

„Það er almennt álitið að stjórnarmyndun verði erfið og dragist á langinn; hún gæti auðveldlega tekið tvo til þrjá mánuði,“ hefur AP eftir Jos de Beus, stjórnmálafræðingi við Amsterdam-háskóla.

Þótt innflytjendamál hafi ekki verið áberandi í yfirborði kosningabaráttunnar er afstaðan til þeirra enn eitt heitasta málið í hollenskum stjórnmálum. Meðal þess sem helst skilur þá Bos og Balkenenden að er hvernig á að taka á þeim málum framvegis og hvernig staðið skuli að aðlögun einnar milljónar múslima sem í landinu búa. - aa

Samgönguráðherra veitir Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu:

# Hópbílar hlutu verðlaunin í ár



**VERÐLAUNIN AFHENT** Fulltrúar Hópbíla hf., þeir Gísli Jens Friðjónsson, Pálmar Sigurðsson og Jón Arnar Ingvarsson, taka við umhverfisverðlaununum frá Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra.

**FERÐAMÁL** Hópbílar hf. í Hafnarfirði hlutu umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir árið 2006. Alls bárust átján tilnefningar til umhverfisverðlaunanna í ár.

Í rökstuðningi með ákvörðuninni segir að Hópbílar hafi frá árinu 2001 einsett sér að vera í fararbroddi í umhverfismálum og árið 2004 fékk fyrirtækið umhverfisstefnu sína vottaða samkvæmt alþjóðlega umhverfisstaðlinum ISO 14001.

Umhverfisstefnan hefur síðan verið yfirfarin og uppfærð árlega. - sdg





e-kortið er gott fyrir veskið

Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands



Þú sækir um á www.ekort.is

Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort



**BARBIE Í VARSJÁ** Póslkur æskulýður skoðar Barbie-dúkkur á sýningu í Varsjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umboðsmaður Alþingis hvetur til fræðslu fyrir forstöðumenn ríkisstofnana:

# Forstöðumenn fái fræðslu

**ATVINNUMÁL** Umboðsmaður Alþingis hefur ritað fjármálaráðherra bréf þar sem hann hvetur til þess að fræðsla verði aukin fyrir forstöðumenn ríkisstofnana um reglur starfsmannalaga og stjórnsýsluréttar um starfslok ríkisstarfsmanna.

Bréfið er ritað í kjölfar uppsagna þriggja starfsmanna hjá Fasteignamati ríkisins árið 2004. Ástæða uppsagnanna var hagræðing í rekstri. Þegar uppsögn starfmanns ber að með þeim hætti er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi.

Þegar ákveðið er að grípa til uppsagnar vegna hagræðingar í rekstri ríkisstofnunar þurfa ennfremur að liggja fyrir aðstæður sem gefa tilefni til svo íþyngjandi aðgerðar.

Í tilfellunum þremur telur umboðsmaður Alþingis að ekki hafi verið kannað til hlítar hvort hægt hafi verið að færa starfsmenn til í starfi í stað þess að segja þeim upp.

Umboðsmaður telur það vera verkefni dómstóla að leysa úr því hvort starfsmenn Fasteignamats ríkisins eigi rétt á skaðabótum eða öðrum úrræðum vegna málsmeðferðarinnar. **- hs**



**TRYGGVI GUNNARSON** Umboðsmaður telur það vera verkefni dómsstóla að kanna hvort þeir starfsmenn sem sagt var upp eigi rétt á skaðabótum.

Innritunarborðum fjölgað:

# 17 ný borð tekin í notkun

**LEIFSSTÖÐ** Innritunarborðum í Leifsstöð verður fjölgað úr 25 í 42 og er ráðgert að nýju borðin verði tekin í notkun um miðjan apríl á næsta ári.

Hrönn Ingólfsdóttir, forstöðumaður í Leifsstöð, segir framkvæmdir þegar hafnar og að fyrirhuguð fjölgun borða verði við nýjan norðuhluta flugstöðvarinnar. „Þá erum við einnig að fjölga sjálfsafgreiðsluborðum í stöðinni úr átta í sextán en fólk er farið að nota þessa kassa í auknum mæli.“ Hrönn segir fjölgun innritunarborða gerða til að að bregðast við auknum fjölda farþega í Leifsstöð **- hs**




GULL BYLGJAN 909



**FRÁ STRÍÐSÁRUNUM Í FINNLANDI** Finnskur hermaður ber látið barn úr timburkofa í finnska skóginum. Þetta er ein af um þrjú hundruð myndum úr vetrar- og framhaldsstríðinu. Sumar myndirnar þykja mikil hneisa fyrir Finna. FRÉTTABLAÐIÐ/STRÍÐSSKJALASAFNIÐ

Gamlar myndir úr stríðinu hafa verið gerðar opinberar í Finnlandi:

# Aftökur í stríðinu við Rússa

**FINNLAND** Um þrjú hundruð myndir sem sýna villimennskuna í vetrar- og framhaldsstríðinu í Finnlandi, aftöku á njósnurum og finnskum fórnarlömbum rússnesku hermannanna hafa verið gerðar opinberar í Stríðsskjalasafninu í Finnlandi.

Ekki verður nein skipulögð sýning á myndunum en fjölmiðlar hafa fengið að birta nokkrar þeirra. Þannig hafa bæði finnska dagblaðið Helsingin Sanomat og Hufvudstadsbladet birt nokkrar þessara mynda sem þykja sýna grimmd og miskunnarleysi á stríðsárunum.

Á myndunum má meðal annars sjá líkamsleifar eftir mannát, þar sem hermenn hafa lagt félaga sinn sér til munns, rifbein og önnur bein úr manni við hlið mataríláta, á einni þeirra má sjá finnskan hermann bera látið barn úr húsi og á annarri rússneskan njósnara glotta framan í finnskan böðul sinn.

Myndirnar hafa ekki verið gerðar opinberar fyrr af ýmsum ástæðum, meðal annars að ósk aðstandenda. Myndirnar sem finnsku dagblöðin hafa birt þykja ekki þær svæsnustu í safninu en sumar þeirra þykja mikil hneisa fyrir Finnland eftir stríðið, til dæmis þar sem rússneskir hermenn eru neyddir til að ganga yfir jarðsprengjusvæði. **- ghs**



# „ÞRUNGIÐ TILFINNINGUM ÁTÖKUM Í MANNLEGRI TILVERU PERSÓNURNAR ERU EFTIRMINNILEGAR ÓLAFUR JÓHANN ER VAXANDI RITHÖFUNDUR ÞESSI BÓK ER MEÐ HANS BETRI VERKUM“

SKAFTI Þ. HALLDÓRSSON, MBL.



Ólafur Jóhann Ólafsson

Áhrifamiklar sögur um ástina eftir eitt vinsælasta sagnaskáld þjóðarinnar.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

„Ólafur Jóhann er **gjörhugull höfundur með óvenjulegar stílgáfur** ... í þessu safni megnar hann margoft að koma lesanda sínum í opna skjöldu með snjöllum lausnum.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FBL.

„Sögurnar eru **geysilega vel byggðar** og nostrið við söguflléttuna eitt og sér nánast **tryggir ánægjulegan lestur** ... Ólafur Jóhann er bæði hugvitsamur og næmur á atvik sem afhjúpa og breyta sögupersónum hans.“

ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, VETTVANGUR.NET

„**Snjallar og vandaðar** smásögur.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON, KASTLJÓS

Edda
edda.is



**INDVERSKIR GYÐINGAR** Fólk af Bnei Menashe-ættbálknum frá Indlandi, sem segist vera af týndri grein gyðingaþjóðarinnar, sést hér eftir komuna til Ben Gurion-flugvallar í Ísrael. Um sex þúsund manns af Bnei Menashe-ættflokknum býr í Mizoram-fylki á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdastjóri FÍB segir óeðlilegt að skilja milli iðgjalda og fjármálastarfsemi:

# Gagnrýna hækkun iðgjalda

**TRYGGINGAR** Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir að það sé óeðlilegt að skilja á milli iðgjalda og fjármálastarfsemi vátryggingafélaganna þar sem fjármálastarfsemin sé órjúfanlegur þáttur af vátryggingastarfseminni.

„Við borgum iðgjöldin fyrirfram og þau fara strax í einhverja ávöxtun. Iðgjöldin eru hluti af arði fyrirtækjanna og því er óeðlilegt að þau hækki iðgjöld þegar þau skila góðri afkomu,“ segir Runólfur.

Vátryggingafélag Íslands og Tryggingamiðstöðin ætla að hækka iðgjöld vátrygginga frá næstu áramótum. Ástæðan er sögð sú að vátryggingastarfsemi félaganna hafi verið rekin með halla en Runólfur segir að greiðslur vegna bifreiðatjóna hafi hækkað mikið á þessu ári.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON** Framkvæmdastjóri FÍB segir óeðlilegt að tryggingafélög hækki iðgjöld þegar þau skili góðri afkomu.

Hann segir að ökutækjatryggingar á markaðnum í heild sinni hafi hækkað töluvert umfram þróun vísitölu á þessu ári. Á sama tíma hafi félögin kynnt uppgjör sem gefi jákvæða niðurstöðu í heildarrekstrinum. Afkoman hafi verið svo gríðarlega góð að félögin hafi slegið eigin met.

„Iðgjöldin eru grunnur þessara fjármagnstekna og þar eru bílatryggingarnar stærsti þátturinn,“ segir Runólfur og minnir á að félögin eigi rúmlega 26 milljarða í sjóði af ökutækjatryggingum einum saman. - ghs

Húsafriðun á Hólmavík:

## Beita skyndifriðun á skóla

**SVEITARSTJÓRNIR** Húsafriðunarnefnd ríkisins mun vera reiðubúin að beita tveggja vikna skyndifriðun til að fresta því að gamli barnaskólinn á Hólmavík verði rifinn. Þetta kom fram á vefnum strandir.is. Þar sagði ennfremur að líklegt væri að sveitarstjórn Strandabyggðar myndi einmitt ákveða á fundi sínum í gærkvöld að fresta niðurrifi skólans þar til húsafriðunarnefndin kemur saman til fundar 30. nóvember. Undirskriftasöfnun hefur verið í gangi meðal Hólmvíkinga sem vilja að skólahúsinu verði þyrmt. Gamli barnaskólinn er meðal þeirra húsa á Hólmavík sem helst þykja hafa sögulegt varðveislugildi. - gar




REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



**TAFIR VIÐ TVÖFÖLDUN** Framkvæmdir standa yfir við tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Garðabæ í Kópavog, og er umferðin erfið um þetta svæði yfir daginn, sérstaklega þó á annatímum á morgnana og síðdegis.

# Umferðarteppa verður fram til jóla

**Umferðaröngþveiti verður á Reykjanesbraut frá Kaplakrika að Fífuhvammsvegi fram í miðjan desember og jafnvel langt fram á næsta ár. Veður og hljóðmön við Hnoðraholt tefja framkvæmdir. Verktakinn er ekki búinn að gefast upp.**

**UMFERÐARMÁL** Umferðarteppa verður á Reykjanesbraut frá IKEA að umferðarljósunum við Vífilsstaði og jafnvel alla leið að Smáralind fram í miðjan desember. Hugsanlegt er að ekki rætist almennilega úr fyrr en næsta vor þegar framkvæmdum verður að mestu lokið.

Jónas Snæbjörnsson, sviðsstjóri hjá Vegagerðinni, segir að Reykjanesbrautin frá Hafnarfirði í Kópavog verði fjórar akreinar þann 1. júlí á næsta ári. Verkið sé nú hálfnað. Eftir sé að tvöfalda veginn frá IKEA að Smáralind gegnum Vífilsstaðaveg og Álftanesveginn og verði þau gatnamót áfram ljósagatnamót. Framkvæmdirnar kosti rúmlega einn milljarð króna.

Jónas segir að í dag sé Reykjanesbrautin frá Kaplakrika í Kópavoginn umferðarmesti tveggja akreina vegur á landinu. Hann segir að um þennan veg fari 23-25 þúsund bílar á dag. Umferðarteppa sé á Reykjanesbrautinni meira eða minna allan daginn en verstu tímarnir séu á morgnana og síðdegis. „Þetta lagast ekki fyrr en þessi framkvæmd verður tekin í notkun sem er í síðasta lagi næsta sumar. Vonir stóðu til að það yrði fyrir jólin en dvínandi líkur eru á því, það er erfitt að malbika þegar frystir,“ segir hann og hvetur fólk til þolinmæði.

Sigþór Ari Sigþórsson, framkvæmdastjóri Klæðningar, segir að hugmyndin hafi upprunalega verið að opna alla brautina um miðjan desember og eiga þá frágang eftir. Flýtigreiðslur hafi miðast við þetta. „Við erum í kapphlaupi við tímann og veðrið. Það verður að koma í ljós hvort við opnum alla brautina eða skiljum eftir eins og hálfs kílómetra kafla. Við verðum að klára steinhlaðna hljóðmön vegna beiðna frá íbúum við Hnoðraholt áður en við opnum fyrir umferðina og það setur líka strik í reikninginn,“ segir hann.



**MESTA UMFERÐIN** Reykjanesbrautin er í dag umferðarmesti tveggja akreina vegur á landinu, að sögn Jónasar Snæbjörnssonar hjá Vegagerðinni.

Ef ekki næst að opna veginn framhjá Hnoðraholti í desember verður umferðinni beint um hjáleiðir í samráði við Vegagerð og lögreglu. Sigþór bendir á að hvað varðar umferðartækni sé ákjósanlegt að gera það við umferðarljósin við Vífilsstaði.

„Eitthvað af umferðinni skilar sér inn í aðliggjandi hverfi en við erum samt ekki búnir að gefast upp. Við stefnum ótrauðir á að opna 15. desember.“

Eftir áramót verður útboð á tvennum mislægum gatnamótum á Reykjanesbraut, við Vífilsstaðaveg og Arnarnesveg. ghs@frettabladid.is

Líkamsárás á Akranesi:

# Réðist á mann og fótbraut

**DÓMSMÁL** Tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að hafa ráðist á tæplega fimmtugan mann á heimili hans í júní. Sýslumaðurinn á Akranesi gaf út ákæruna. Árásarmaðurinn sparkaði og sló ítrekað í höfuð, bak og fætur mannsins, felldi hann til jarðar og hélt áfram að sparka í hann liggjandi. Fórnarlambið brotnaði á vinstri lærlegg, hlaut glóðarauga á báðum augum og mar og yfirborðsáverka í andliti, útlimum og á baki.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar auk þess sem fórnarlambið fer fram á skaðabætur. - ifv



**SIGURÖRN** Lífi hafarnarins Sigurarnar var þyrmt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fuglaflensa í Laugardalnum:

# Sextíu fuglum var lógað

**HEILBRIGÐISMÁL Sextíu fuglum var lógað í Húsdýragarðinum í Laugardal í fyrradag. Ástæðan fyrir því er sú að afbrigði af fuglaflensu fannst í fjórum hænum af tíu sem tekin voru sýni úr í garðinum nú í haust.**

**Að sögn Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis var gripið til þessa ráðs til að útiloka frekari smithættu.**

**Fuglarnir sem var lógað eru umræddar tíu hænur, fasanar, dúfur, endur, gæsir og ein álft. Erni og tveimur fálkum var þyrmt því ekki er talið líklegt að þeir hafi smitast.**

**Halldór segir að fólk sem hefur heimsótt garðinn að undanförnu þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af smiti.** - ifv

Strokufangi reyndi smygl:

# Faldi fíkniefni í endaþarmi

**LÖGREGLUMÁL** Strokufanginn sem gaf sig fram á Litla-Hrauni á fimmtudaginn var með fjörutíu grömm af amfetamíni og steratöflur í endaþarminum. Fíkniefnin fundust við röntgenmyndatöku eftir að manninum hafði verið stungið aftur inn í fangelsið.

Um eftirmiðdaginn á föstudaginn fundust fíkniefni á tveimur konum sem voru gestir á Litla-Hrauni, en fíkniefnahundur hafði runnið á lyktina. Við röntgenmyndatöku fannst amfetamín auk læknataflna innvortis í annarri þeirra að sögn lögreglunnar á Selfossi. - ifv

Finnski forsætisráðherrann:

# Hvetur Tyrki til að gefa eftir

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, sem nú gegnir formennskunni í Evrópusambandinu, varaði Tyrki við því á mánudag að þeir yrðu að taka sig verulega á í deilunni um Kýpur, vilji þeir afstýra því að aðildarviðræður þeirra stöðvist alveg.**

**Vanhanen minnti Tyrklandsstjórn á að ESB hefði gefið henni frest til 6. desember til að samþykkja málamiðlun.**

**Abdullah Gül, utanríkisráðherra Tyrklands, sagði fráleitt að setja slíka fresti þegar um jafn snúið deilumál er að ræða og Kýpurdeiluna og því muni Tyrkir sinna þeim í engu.** - aa


UMFERÐARÞING 2006

Hótel Loftleiðum 23. og 24. nóvember

**Fimmtudagur 23. nóvember**

9.00 **Skráning og afhending þinggagna**

9.30 **Þingsetning**
*Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu.*
**Ávarp**
*Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.*
**„Umferðarljósið"**, verðlaunagripur Umferðarráðs veittur í sjöunda sinn þeim aðila, einstaklingi, samtökum eða stofnun, sem unnið hefur sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála.
**Tónlist – Lögreglukórinn**
*Stjórnandi Guðlaugur Viktorsson*
*Einsöngur Eiríkur Hreinn Helgason*
**Stutt hlé**

10.30 **Umferðaröryggisáætlun til 2016**
*Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu og formaður Umferðaröryggisráðs.*

10.45 **Nýskipan lögreglumála – þáttur lögreglu í auknu umferðaröryggi**
*Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.*

11.00 **Rannum – Rannsóknarráð umferðaröryggismála**
*Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, formaður.*
**Fyrirspurnir og umræður**

11.40 **Léttur málsverður**

**Öruggari vegir, götur og umhverfi vega**

12.45 **Umferðaröryggi vegakerfa**
*Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar*
*Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar.*

13.00 **Hringtorg – mismunandi útfærslur á Íslandi**
*Erna Hreinsdóttir verkefnastjóri, Vegagerðinni og Bryndís Friðriksdóttir verkfræðingur, Línuhönnun.*

13.15 **„EuroRAP" (European Road Assessment Program) á Íslandi**
*Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB.*

13.30 **Nýjungar í vegriðsmálum og öryggisbúnaði vega í Evrópu**
*Bernd Wolfgang Wink, stjórnarmaður í European Uninon Road Federation.*
**Fyrirspurnir og umræður**

**Forvarnir, löggæsla**

14.30 **Sjálfvirkt hraðaeftirlit á Íslandi**
*Hjálmar Björgvinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Ríkislögreglustjóraembættinu.*

14.45 **Hraðastjórnun á vegum (Speed Management)**
*Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. framkvæmdastjóri, Vegagerðinni.*

15.00 **Umferðarfræðsla í skólum**
*Ásta Egilsdóttir, kennari í Grundaskóla á Akranesi og Kristín Björg Þorsteinsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.*
**Fyrirspurnir og umræður – kaffihlé**

**Öruggari ökutæki – öruggari ökumenn – ungir ökumenn**

15.45 **Árekstrar í alvarlegum bílslysum og árekstravarnir**
*Sævar Helgi Lárusson, sérfræðingur í tæknimálum ökutækja, Umferðarstofu.*

16.00 **Hraðakstur – ungir ökumenn – viðhorf, lífsstíll, ábyrgð. Nauðsyn fræðslu um orsakir og afleiðingar alvarlegra umferðarslysa**
*Ásdís J. Rafnar hrl., formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa.*

16.15 **Ökuréttindi – aldur, þroski, reynsla og hæfni**
*Holger Torp, sérfræðingur ökunáms, Umferðarstofu.*
**Fyrirspurnir og umræður**
**Þingfundi frestað**

**Föstudagur 24. nóvember**

**Áfengi, lyf, þreyta, slysarannsóknir**

9.00 **Umferðaróhöpp og meiðsli eldri ökumanna**
*Guðmundur Freyr Úlfarsson, aðstoðarprófessor í byggingarverkfræði við Washington-háskóla í St. Louis. (Verkefni styrkt af Rannum 2005).*

9.15 **Fíkniefnaskimun – áhrifarík greiningaraðferð gegn fíkniefnaakstri**
*Jón Sigfússon, forstöðumaður Rannsókna og greiningar, Háskólanum í Reykjavík.*

9.30 **Syfja og akstur**
*Gunnar Guðmundsson Dr. Med., lungnalæknir.*
**Fyrirspurnir og umræður**
**Kaffihlé**

**Umferðaröryggi í alþjóðlegu samhengi**

10.15 **Ísland og umheimurinn; þróun alþjóðlegs samstarfs í umferðaröryggismálum**
*Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu og varaformaður Umferðarráðs.*

10.30 **Umferðaröryggi í Evrópu – staðan í dag og leiðir til úrbóta**
**Dr. Günter Breyer, aðstoðarvegamálastjóri Austurríkis Fyrirspurnir og umræður**

11.30 **Pallborðsumræður**
*Fulltrúar skiptast í umræðuhópa samkvæmt dagskrárliðum þingsins.*

12.15 **Hádegisverður**

13.00 **Umræðuhópar hefja störf**

14.45 **Fulltrúar umræðuhópa gera í stuttu máli grein fyrir starfi þeirra**
**Almennar fyrirspurnir og umræður – ályktanir þingsins**

15.45 **Þingslit – formaður Umferðarráðs**
**Móttaka í boði samgönguráðherra**

*Umferðarþing er öllum opið. Þátttökugjald með veitingum er 12.500 kr. Skráning er á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is, til 22. nóvember. Þar er að finna nánari upplýsingar um þingið. Einnig í síma 580 2000.*

UMFERÐARSTOFA

á þínum vegum! UMFERÐAR RÁÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## „ORÐRÉTT“

### *Hæsta jólatréð*

**„Við toppum þetta á næsta ári.“**

ÞÓR ÞORFINNSSON, SKÓGARVÖRÐUR Í HALLORMSSTAÐASKÓGI, SEM ALDREI ÞESSU VANT ÚTVEGAÐI EKKI STÆRSTA JÓLATRÉ ÁRSINS. ÞAÐ KOM FRÁ KIRKJUBÆJARKLAUSTRI OG STENDUR NÚ Í GRAFARHOLTI.

**Bændablaðið 21. nóvember.**

### *Kosið um álver*

**„Ég tel nauðsynlegt að kosið sé um annað en hundahald og áfengismál.“**

LÚÐVÍK GEIRSSON, BÆJARSTJÓRI Í HAFNARFIRÐI, UM ATKVÆÐAGREIÐSLU SEM FER FRAM UM FYRIRHUGAÐA STÆKKUN ÁLVERS ALCAN.

**Fréttablaðið 21. nóvember.**

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** RÓBERT SCHMIDT SÖLUSTJÓRI

# Rjúpan fær frið í skítaveðri



„Það er helst að frétta að ég var að veiða rjúpu með félaga mínum í Arnarfirði um síðustu helgi,“ segir Róbert Schmidt, sölustjóri í stanga- og skotveiðideild Ellingsen. „Þetta var kjarrveiðiskapur og við notuðumst við snjóþrúgur enda þungt færi. Þegar hefur snjóað mikið eins og núna leitar rjúpan í skjól og er helst að fá í kjarri. Hún var ljónstygg þarna fyrir vestan en við náðum að fella 16 fugla á tveimur dögum, sem er alveg temmilegt. Það er erfitt að fullyrða eitthvað um veiðina almennt en tíðarfarið hefur verið óhagstætt og það er ekkert rosalega mikið af fugli. Á þessum helgum sem má veiða hefur yfirleitt verið skítaveður svo rjúpan hefur fengið frið. Síðasta helgi veiðitímabilsins er framundan og ef það spáir vel fara eflaust margir af stað. Þetta er síðasti séns til að ná sér í jólasteikina.“

Róbert segir nóg að gera í sölumennskunni. „Það hefur verið rífandi gangur í þessu. Margir að fara út, til dæmis til Póllands til að veiða villisvín og krónhirti. Svo fer jólaösin að byrja.“

Róbert teiknar líka skopmyndir og þar er líka brjálað að gera. „Ég hef nú eiginlega ekki nógan tíma í það. Síðan mín (*skopmyndir.is*) hefur gengið mjög vel og fólk er að panta myndir í tækifærisgjafir. Þetta er svona gjöf fyrir þá sem eiga allt.“

## 2008:

### ÁR KARTÖFLUNNAR

■ Nú hafa Sameinuðu þjóðirnar ákveðið að árið 2008 verði ár kartöflunnar. Það er gert til að leggja áherslu á að kartaflan er mikilvæg undirstöðufæða mannkynsins og getur haft mikið að segja í að minnka hungur í heiminum. Tímasetningin kemur sér mjög vel fyrir íslenska kartöfluáhugamenn því árið 2008 verða einmitt 250 ár liðin síðan kartöflur voru fyrst settar niður hérlendis. Það gerði þýskættaði sænski baróninn Friederich Astfers á Bessastöðum árið 1758.



## SJÓNARHÓLL

### STERANOTKUN

„Almennt er steranotkun mjög lítil innan íslenskrar íþróttahreyfingar og menn ættu að beina sjónum sínum annað til að uppræta þetta hvimleiða vandamál,“ segir Þráinn Hafsteinsson frjálsíþróttaþjálfari. „Frjálsíþróttahreyfingin hér á landi undirgengst reglur ÍSÍ um lyfjaeftirlit og frjálsíþróttaiðkendur geta átt von á lyfjaeftirliti ÍSÍ á öllum mótum. Lyfjaeftirlit með afreksfólki er mun strangara og það fólk getur átt von á að þurfa að fara í lyfjapróf hvenær sem er.“

Þráinn segir að steranotkun í heiminum hafi byrjað á milli 1950-1960 og hafi borist hingað til lands um tíu árum síðar. „Á Ólympíuleikunum í München árið 1972 var síðan fyrst farið að lyfjaprófa en þá voru efnin orðin ólögleg. Frá þessum tíma hefur frjálsíþróttahreyfingin verið fremst í flokki við að berjast gegn þessum vágesti og við leggjum áherslu á að ala okkar unga fólk upp við holla lífshætti sem samræmast ekki steranotkun.“



**ÞRÁINN HAFSTEINSSON**
Frjálsíþróttaþjálfari

PI PAR • SÍA • 60651



EITT TÆKI

ALLAR UPPLÝSINGAR!

ÖRUGGARA • ÓDÝRARA • SVEIGJANLEGRA

*„Ég þarf ekki lengur að taka ferðatölvuna með mér, hef allt í símanum; tölvupóstinn, dagbókina, tengiliði og fleira.“*
**Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi**

*„Lausnin er einföld, eitt tæki fyrir allar þarfir.“*
**Hafsteinn Ingibjörnsson, Danól**

TÖLVUPÓSTUR
DAGBÓK OG FLEIRA
Í FARSÍMANN ÞINN

Með **OpenHand** hefur þú fullan aðgang að tölvupósti og getur auk þess skoðað og uppfært önnur skjöl með farsímanum þínum. **Ekki þarf sérframleitt tæki**, heldur virkar OpenHand á snjallsímum helstu framleiðenda.

Fáðu nánari upplýsingar um OpenHand á **www.openhand.is**.

OpenHand™

Íslenskt hugvit – alþjóðleg lausn

www.openhand.is

# Fáar mýs á ferli



**ÍSLENSKA HAGAMÚSIN** Getur sagt til um hvort veturinn verði kaldur en er nú horfin.

**„Ég hef hvorki séð mús né slóð eftir mús í haust. Mér datt aldrei í hug að ég myndi lifa það en svo er nú komið,“ segir Haraldur Þórarinsson, bifvélavirkjameistari og fyrrverandi fréttaritari, frá Kvistási í Kelduhverfi.**

Í kvikmyndinni Groundhog Day var múrmeldýrið Punxsutawney Phil notað til að segja til um hvort vetri væri lokið eða ekki. Var hún byggð á raunverulegri hefð frá Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, þar sem sagt er að ef dýrið sjái eigin skugga og hverfi aftur ofan í holu verði vetur í sex vikur í viðbót, annars er von á að vorið komi brátt. Samkvæmt gamalli hefð frá Norðurlandi er íslenska hagamúsin ekki minna sannspá, og getur sagt til um hvort komandi vetur verði harður.



**HARALDUR ÞÓRARINSSON** Hefur ferðast um landið í tvær vikur í leit að músum

„Þegar þær grafa sig inn í þúfur snúa þær holunni úr vindátt. Snúi holan í suður kemur vindurinn að norðan, en komi hann að norðvestan er það beint frá Grænlandsjökli og er þá von á kulda,“ segir Haraldur.

Hann er búinn að ferðast um landið undanfarnar tvær vikur í músaleit, en segir nánast ekkert af músum neins staðar.

„Mér fannst skrýtið að sveitungar mínir voru búnir að fara í göngur og enginn hafði séð músaslóð. Ég talaði við bílstjóra á Reyðarfirði sem sagðist ekki hafa séð eina einustu mús á leiðinni frá Höfn. Á Ísafirði var maður sem notaði þrjár vatnsfötur sem gildru og losaði þær einu sinni á dag, en segist lítið hafa þurft að losa í ár.“

Haraldur hefur einnig haft samband við fræðimenn.

„Ólafur Karl Nielsen fuglafræðingur hefur hafnað þeirri kenningu minni að fýllinn hafi étið þær. En Páll Hersteinsson líffræðingur kemur heim frá Svíþjóð í mánaðarlok og ég hlakka til að heyra hvað hans álit verður.“

Of snemmt er þó að álykta að mýsnar hafi yfirgefið sökkvandi skip. Þorvaldur Björnsson hjá Náttúrufræðistofnun segir:

„Það ber minna á þeim í kulda, þær grafa sig ofan í jörðina með fóður en drepast ef þær eru minna undirbúnar. Þær geta farið á ferð ef þiðnar.“ Hann segir engar nákvæmar talningar vera gerðar um músafjölda hérlendis.

En hvernig kemur áhugi Haraldar á músum til? „Út í svona fara ekki nema stórtruflaðir menn,“ segir hann sposkur, en bætir við: „Margur maðurinn mætti vera sæll ef hann hefði hundsvit. Ég hef séð fé og hunda finna það á sér áður en jarðskjálfti verður. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við manneskjurnar höfum eyðilagt þennan hæfileika með tíð og tíma, aparnir hafa ef til vill verið vitrari.“ Og er þar kannski komin skýringin á hinu óræða sjötta skilningarviti?

**valurg@frettabladid.is**

Smalahundakeppni á Snæfellsnesi:

# Sigurvegarinn fékk klapp og knús

Smalahundadeild Snæfellsness og Hnappadalssýslu hélt sína árlegu smalahundakeppni á dögunum. Að þessu sinni var keppnin haldin í Mýrdal í Kolbeinsstaðahreppi og tókst vel. Ellefu hundar tóku þátt í keppninni og dómari var María Dóra Þórarinsdóttir frá Morastöðum í Kjós. Í fyrsta sæti í A-flokki var hundurinn Vaskur, en eigandi hans er Svanur Guðmundsson frá Dalsmynni í Borgarfirði.

„Í A-flokki eru hundar sem eru komnir lengra, hafa hlotið 50 stig eða meira,“ segir Svanur. „Brautin er lengri og þrautirnar erfiðari. Vaskur hefur áður staðið sig vel, varð til dæmis í öðru sæti á landsmótinu sem var haldið í haust. Nú fór hann brautina á 76 stigum af 100 mögulegum. Vaskur er sex ára og mjög góður smalahundur. Það má senda hann hvert sem er og hann leysir öll verkefni. Hann er border-collie eins og langflestir hundarnir sem taka þátt í svona keppnum.“

Svanur segir mikið af góðum smalahundum á landinu en margir taka aldrei taka þátt í smalahundakeppnum. „Nei, eigendurnir kveinka sér við að taka þátt í svona, enda eru þrautirnar fjölbreyttari en þær sem hundarnir eru vanalega að fást við.“



**SVANUR GUÐMUNDSSON FRÁ DALSMYNNI Í BORGARFIRÐI**
Með Vaski og fleiri góðum smalahundum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SFI.VEFURINN.IS

En hvað fékk svo Vaskur fyrir sigurinn? „Við fengum bikar en hann fékk svo klapp og knús,“ segir Svanur.


Nú er 25% afsláttur af vistvænum brúnum eggjum og samlokuosti!
EKKERT BRUÐL
OS SAMLOKUOSTUR KÍLÓVERÐ NÚ:
876 KR.
Merkt verð 1168KR.
25% afsláttur við kassann
10 VISTVÆN EGG 680g
359 KR.
Merkt verð 479KR.
4 FUSION POWER rakblöð
4 rakblöð Gillette
1498 KR.
FUSION
20% lægra verð!
Bónus býður betur!
FUSION POWER RAFSKAFA
RAFSKAFA Gillette
1498 KR
FUSION
Lífrænt músli 375g
25% afsláttur við kassann
ORGANIC FRUIT MUESLI
ORGANIC BASIC MUESLI
LÍFRÆNT MÚSLÍ VERÐ NÚ:
195 KR.
Merkt verð 259KR.
Jóladagatal súkkulaði
24 dagar
95 KR.
DAGATAL
Sex pítubrauð
6 ES pítubrauð PAKKAVERÐ NÚ:
59 KR.
Merkt verð 98KR.
25% afsláttur við kassann
Sótthreinsigel 85%
SÓTTHREINSIGEL
398 KR.
500 ml
disinfector 85% gel
Hreinlæti er ein vírusvörnin
500 ml brúsi - fínn við eldhúsvaskinn
Chiquita
Lífrænt ræktaðir bananar KÍLÓVERÐ NÚ:
195 KR.
Merkt verð 259KR.
Ekologiska bananer
Luomubanaani
Lífrænt ræktaðir Chiquita bananar
6 pítubuff og pítusósa
ÍSLANDS NAUT
6 PÍTUBUFF OG SÓSA
539 KR.
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Kosningaþátttaka í alþingiskosningum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FLOKKAKERFI HOLLANDS

# *Níu flokkar með fulltrúa á þingi*

Þingkosningar fara fram í Hollandi í dag. Kristilegum demókrötum, flokki Jans Peters Balkenende forsætisráðherra, er spáð mestu fylgi, en fast á hæla honum fylgir Verkamannaflokkurinn undir forystu Wouters Bos. Þetta eru tveir stærstu flokkarnir á Hollandsþingi en þar eiga einnig fulltrúa sjö aðrir flokkar af ýmsum pólitískum lit.



**Stærstu flokkarnir?**
Kristilegir demókratar, CDA, er miðju-hægriflokkur. Í pólitísku litrófi Hollands lítur flokkurinn svo á að hann standi á milli róttærar einstaklingshyggju VVD og „ríkislausnastefnu" Verkamannaflokksins.

Verkamannaflokkurinn, Partij van de Arbeid (PvdA), er jafnaðarmannaflokkur Hollands. Þrátt fyrir nafnið eru engin bein tengsl milli flokksins og verkalýðshreyfingarinnar, en óbein tengsl eru náin.

**Minni flokkarnir?**
VVD, eða „Þjóðarflokkur fyrir frelsi og lýðræði", er frjálslyndur hægriflokkur. Hann leggur meira en aðrir upp úr einstaklingsfrelsi og markaðslausnum. Hann er almennt álitinn lengst til hægri af „meginstraums"-flokkunum, ef frá er talinn „Listi Pims Fortuyn".

Listi Pims Fortuyn (LPF) er hægrisinnaður popúlistaflokkur. Nafngjafi hans stofnaði flokkinn til að finna póliitískri baráttu sinni gegn aðlögunaróviljugum innflytjendum farveg, en hann var myrtur af hollenskum vinstriöfgamanni níu dögum fyrir kosningar 2002.

D66, Demókratar 66, er frjálslyndur flokkur vinstra megin við miðju sem upplifað hefur miklar fylgissveiflur sl. 40 ár. D66 var í annarri samsteypustjórn Balkenendes þar til í júní í sumar.

**Jaðarinn?**
Vinstra megin við Verkamannaflokkinn eru flokkarnir Græn-Vinstri (GroenLinks) og Sósíalistaflokkurinn (SP). Sá fyrrnefndi er vinstrisinnaður umhverfisverndarflokkur en Sósíalistaflokkurinn er sá flokkur sem á sér langa hefð fyrir því að vera lengst til vinstri í stjórnmálum landsins.

Á hægri jaðrinum eru ennfremur tveir íhaldssamir kristilegir flokkar, ChristianUnie og Staatkundig Gereformeerde Partij (SGP).

## SPURT & SVARAÐ

KRAFTLYFTINGAR

### *Nóg að gera*

Auðunn Jónsson er heimsmeistari í kraftlyftingum og nýkominn heim frá Stavangri í Noregi. Hann fylgist nú spenntur með keppninni um sterkasta mann í heimi



**AUÐUNN JÓNSSON**
Kraftlyftingamaður

**Hvað þarf maður að gera til að verða kraftakarl?**
„Það er þrennt sem skiptir máli, æfingar, mataræði og hvíld. Ég æfi 4-5 sinnum í viku, 3-4 tíma í einu. Ég er búinn að taka mér fjögurra daga hvíld síðan móti lauk en er nú að byrja aftur. Maður verður að skipuleggja sig vel og koma sér upp rútínu, og fara snemma að sofa á kvöldin."

**Er ekki mikið um að vera í kraftabransanum þessa dagana?**
„Það er nóg í gangi hjá kraftakörlum. Ég fór að fylgjast með strákunum keppa í álverinu. Litháinn Zydrunas Savickas er ægilegt stykki, ég keppti með honum fyrir nokkrum árum."

**Er gott að vera sterkur?**
„Það kemur sér vel. En stundum er maður fenginn í verkefni eins og að lyfta sófum meðan maður vildi frekar vera að æfa."

# Kennurum, námsráðgjöfum og þroskaþjálfum fjölgar í skólum

**Grunnskólanemendur voru rúmlega fjörutíu og fjögur þúsund talsins í fyrra og hafði þeim fækkað um tæplega fimm hundruð frá árinu 2003 eða um rúmlega eitt prósent. Grunnskólanemendunum hafði fækkað alls staðar nema á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Hagstofan spáir því að grunnskólanemendum muni fækka um rúmlega fjögur prósent á árinu 2020 miðað við árið 2005.**



**800 ÞÚSUND Á NEMANDA** Kostnaður við rekstur grunnskólans hefur hækkað gríðarlega frá því sveitarfélögin tóku við honum. Kostnaðurinn nam rúmlega átta hundruð þúsundum á hvern nemanda í fyrra.

Árið 2005 voru hundrað sjötíu og sjö grunnskólar starfræktir á landinu og yfirgnæfandi meirihluti þeirra á vegum sveitarfélaganna. Skólunum hafði fækkað um tíu frá því fyrir tveimur árum og hafði minnstu og stærstu skólunum fækkað mest. Þetta kemur fram í Grunnskólaskýrslu 2006, sem Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út.

Hvað starfsmannahald við grunnskólana varðar þá sinna rúmlega tvö þúsund starfsmenn kennslu og hefur þeim þó fækkað um þrjú prósent síðustu tvö árin. Á landsvísu fækkar skólaliðum mest svo og starfsfólki í mötuneytum og stuðningsfulltrúum. Mesta fjölgunin hefur orðið meðal námsráðgjafa og þroskaþjálfa.

Grunnskólanemendum fækkaði í heildina um tæplega fimm hundruð á síðustu tveimur árum en starfsfólki fjölgaði um tæplega tvö hundruð.

„Það er athyglisvert að á þessu tímabili 2003-2005 er kennurum að fjölga en ekki öðru starfsfólki grunnskóla en við verðum líka að hafa í huga að ein möguleg skýring á því að öðru starfsfólki hefur fækkað er aukin verktaka í skólunum. Þessar tölur eru frá Hagstofunni og í þeim kemur ekki fram vinna sem er unnin í verktöku, til dæmis í mötuneytum úti í bæ," segir Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þegar fjármálin eru skoðuð kemur í ljós að grunnskólinn kostaði sveitarfélögin 36,7 milljarða króna í fyrra. Stærsti kostnaðarliðurinn var laun og launatengd gjöld en þau námu tveimur þriðju af heildarkostnaði. Kostnaðurinn við grunnskólann jókst um rúmlega þrjá milljarða á árunum 2003-2005, eða um tæplega tólf prósent og má rekja ástæðuna til nýs kjarasamnings árið 2005.

Sveitarfélögin verja mismiklu af skatttekjum sínum í rekstrarkostnað grunnskólans, eða allt frá 22,5 prósentum í tæplega áttatíu og eitt prósent. Meðaltal allra sveitarfélaganna er fjörutíu og sjö prósent en vegið meðaltal á landsvísu er rúmlega þrjátíu og níu prósent. Flest sveitarfélög verja upp undir helmingi af skatttekjum sínum til grunnskólans. Fámennari sveitarfélög verja hærra hlutfalli af skatttekjum sínum til þessa málaflokks en fjölmennari sveitarfélög.

Kostnaður hefur hækkað á hvern nemanda ef miðað er við árið 2003. Kostnaðurinn nam 826 þúsundum króna í fyrra og hafði þá hækkað um ellefu prósent frá árinu 2003. Í fyrra var kostnaður á hvern nemanda hæstur á Austurlandi og var hann þrjátíu og átta prósentum hærri en á Suðurnesjum þar sem hann er lægstur.

Valgerður bendir á að kostnaðurinn við grunnskólann hafi aukist gríðarlega eftir að sveitarfélögin tóku við rekstri hans, sem eðlilegt sé því nú sé miklu meiri þjónusta í boði: skólaárið hafi lengst, kennslustundum fjölgað, skólarnir séu einsetnir og meira fé varið til sérúrræða og þjónustan almennt betri. „Hins vegar má spyrja sig þess hvort lenging skólaárs, einsetning grunnskólans hafi enn skýringargildi á þessu tímabili 2003-2005," segir hún.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

### GRUNNSKÓLANEMAR

Hlutfall af íbúafjölda eftir landshlutum 2005




Grunnskólanemar eru stærsta hlutfallið af íbúum á Suðurnesjum og Vesturlandi eins og sjá má en hlutfall þeirra er minnst í Reykjavík og á Austurlandi. HEIMILD: GRUNNSKÓLASKÝRSLA 2006

### ÞREYTTU SAMRÆMD PRÓF

Hlutfall samræmdra prófa sem hver nemandi í 10. bekk þreytti vorið 2005




Tíundu bekkingar taka flestir fimm próf. HEIMILD: GRUNNSKÓLASKÝRSLA 2006

### KYNIN Í SAMRÆMDUM PRÓFUM

Hlutfall nemenda sem þreyttu samræmd próf í 10. bekk vorið 2005 eftir kyni




Hlutfallslega fleiri stúlkur en piltar þreyta samræmd próf eins og sjá má nema í náttúrufræði. Hana taka piltarnir greinilega frekar.

HEIMILD: GRUNNSKÓLASKÝRSLA 2006

**Þegar gæðin skipta máli**
Lotus Professional borðpappírsvörur

**Til hátíðabrigða**

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum" með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.



Á tilboði í nóvember 2006
Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar" og dúkar

**Eggert Bjarnason**
sölumaður hjá RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6219B

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hafnfirðingum gefst kostur á að hafa bein áhrif:

## Íbúar ganga til atkvæða

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Íbúalýðræði er eitt af þeim hugtökum sem gjarnan er gripið til á tyllidögum. Með réttu má halda fram að þróun hafi átt sér stað í átt til íbúalýðræðis. Grenndarkynning og réttur íbúa til athugasemda við auglýst deiliskipulag eru dæmi um það. Hins vegar er afar sjaldgæft að almenningur taki með beinum hætti þátt í ákvarðanatöku stjórnvalds með því að greiða atkvæði um tiltekið mál.

Þjóðaratkvæðagreiðsla þekkist varla á Íslandi og hefur ekki átt sér stað síðan stjórnarskrárbreytingin sem leiddi til stofnunar lýðveldisins var samþykkt fyrir meira en 60 árum. Síðan hefur þjóðin í heild ekki komið að ákvarðanatöku stjórnvalda með beinum hætti.

Íbúar einstakra sveitarfélaga hafa í beinni kosningu að samþykkt eða fellt sameiningar sveitarfélaga. Sömuleiðis hafa íbúar sveitarfélaga greitt atkvæði um hundahald og ákvörðun um að koma á fót áfengisútsölu. Reykvíkingar gengu til atkvæða árið 2001 um það hvort flugvöllurinn skyldi vera áfram í Vatnsmýri eftir árið 2016 þegar núverandi aðalskipulag fellur úr gildi. Innan við 40 prósent borgarbúa tóku þátt og voru úrslit atkvæðagreiðslunnar ekki bindandi.

Í Hafnarfirði hefur verið ákveðið að ef Alcan leggur fram tillögu um stækkun álvers þá munu íbúar bæjarins greiða atkvæði um málið. Í þessu tilviki koma íbúarnir með beinum hætti að ákvarðanatöku sem skiptir miklu máli fyrir búsetu í sveitarfélaginu. Bygging eða stækkun verksmiðju, uppbygging á nýju iðnaðarsvæði og gerð umfangsmikilla umferðarmannvirkja eru dæmi um framkvæmdir sem virðist liggja beint við að leggja í dóm íbúa. Velta má fyrir sér spurningum eins og hvort ekki hefði átt að spyrja Reyðfirðinga um byggingu álvers og Reykvíkinga uppbyggingu á sjúkrahússtarfsemi við Vatnsmýrina. Hið síðarnefnda er reyndar ekki of seint.

Miklu skiptir hvernig atkvæðagreiðslur sem þessar eru lagðar upp. Til þess að íbúalýðræði sé virkt í raun þarf tilgangur og umboð atkvæðagreiðslunnar að vera ljós. Sömuleiðis þarf að liggja fyrir hver lágmarksþátttaka á að vera til þess að skylt sé að virða þá ákvörðun sem tekin er í atkvæðagreiðslunni. Hér þarf einnig að huga að rétti þeirra sem velja að sitja heima við atkvæðagreiðslu. Fólki getur nefnilega verið sama um ákveðna hluti og hefur til þess fullan rétt. Þannig er óraunhæft og raunar ósanngjarnt að búast við sambærilegri þátttöku og í almennum kosningum í beinni atkvæðagreiðslu íbúa til dæmis um tiltekna framkvæmd. Hér verður að viðurkenna vilja þeirra sem vildu taka afstöðu í málinu, jafnvel þótt það sé ekki 2/3 hluti íbúa, hvað þá 3/4 eins og upphaflega var lagt upp með í atkvæðagreiðslu Reykvíkinga um flugvöllinn.

Ljóst er að vilji Íslendinga stendur til þess að fá að taka með beinum hætti þátt í vissum stjórnvaldsákvörðunum. Annars vegar er hér um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um meiriháttar mál sem varða þjóðina alla og hins vegar grenndarmál eða framkvæmdir sem íbúar í tilteknu sveitarfélagi taka ákvörðum um með beinni atkvæðagreiðslu. Ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar er í takti við þennan vilja og boðar vonandi aukið íbúalýðræði á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eins hljóðlega og áður

Þegar Anna Kristín Gunnarsdóttir féll úr öðru sætinu á lista Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi í það þriðja í nýliðnu prófkjöri, vildu sumir meina að hennar fall hafi verið því að kenna hve lítið hafi farið fyrir þingferli hennar hingað til. Þó fallið hafi bara verið um eitt sæti, er það líklega munurinn á þingmanni og varaþingmanni, því Samfylking er með tvö sæti nú, og erfitt verður fyrir hvern flokk að bæta við sig þingmanni í kjördæminu, þar sem þingmönnum fækkar um einn. Jafn lítið fór fyrir fréttinni á Skessuhorni í gær um að Anna Kristín hyggist þiggja þriðja sæti listans, enda segist hún líta á það sem baráttusæti.



### Engin Pollýanna

Það var ekki sama upplitið á prófkjörsframbjóðendunum Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Róberti Marshall í Kastljósi mánudagsins. Róbert, sem náði þriðja sæti Samfylkingar á Suðurlandi (en stefndi á 1.-2.) og næsta öruggu þingsæti, var kátur með flest það sem að prófkjörum sneri. Á sama tíma var Ragnheiður, sem endaði í sjötta sæti Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi (en stefndi á það þriðja), mjög ósátt við það form sem prófkjör eru. Hún sagðist ekki ætla að vera í neinum Pollýönnuleik og viðurkenndi fúslega að hún væri ósátt við niðurstöðuna.



### Reiknað til sigurs

Ragnheiður kynnti hins vegar nýja möguleika á reiknireglum prófkjara, en samkvæmt honum hefði hún víst endað í fjórða sæti, en ekki því sjötta. Reiknireglan gengur út frá því að fyrir hvert atkvæði í 1. sæti fengist heilt atkvæði, hálft atkvæði fyrir atkvæði í annað sæti, þriðjungs atkvæði fyrir atkvæði í þriðja sæti og svo framvegis. Með slíkri reiknireglu er líklegra að frambjóðendur nái sæti nær sínu takmarki, en eigi það ekki á hættu að hrynja niður listann ef hann nær ekki settu marki. Kristinn H. Gunnarsson hefði til dæmis lent í öðru sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins, alls 439,4 atkvæðagildum fyrir neðan Magnús Stefánsson.

svanborg@frettabladid.is

# Íslenska klíkuhefðin



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Í DAG | Stjórnmál

Ég var spurður að því síðast núna um helgina hvort Ísland væri ekki staður þar sem allir þekktu alla. Flestir íslendingar þekkja þessa spurningu enda fámennið oftar en ekki það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar á Ísland er minnst. Sá sem spurði hefði raunar líklega þekkst á götu á Íslandi fyrr á árum því hann hafði atvinnu af því að leika grunsamlega menn í þáttunum um lögreglumanninn Derrick. Spurningar hans minntu mig á nokkuð sem ég hef tekið eftir í áranna rás. Hugmyndinni um þjóðfélag sem er svo lítið að menn fara tæpast úr húsi án þess að rekast á kunningja sína fylgja oft ályktanir um kosti fámennis. Þeir sem hafa áhuga á stjórnmálum spyrja til dæmis oft um það hvort pólitísk úrlausnarefni séu ekki útkljáð á Íslandi með beinni og virkri þátttöku almennings og hvort fámenninu fylgi ekki mikið gagnsæi, nálægð, jafnræði, jafnrétti, jöfnuður og fleiri nytsamlegir hlutir. Flestum kemur því á óvart að heyra að Ísland er eitt örfárra landa í Evrópu sem aldrei notar þjóðaratkvæðagreiðslur til að leiða til lykta mikilsverð álitamál. Ég hef aldrei sagt útlendingi þetta án þess að hann lýsi mikilli furðu á þessu og líklega yrði undrunin meiri ef sagt væri frá dæmum um feimni manna við að láta þjóðina ráða. Og ekki kemur síður á óvart að Ísland er eitt fárra landa í okkar heimshluta þar sem fjárreiður stjórnmálaflokka eru leyndarmál. Þá undrast flestir að heyra að Ísland sé það ríki Vesturlanda þar sem ójöfnuður í tekjum hefur vaxið hraðast á síðustu árum og svo hratt að tæpast er að finna hliðstæður í nýlegri vestrænni sögu. Undrunin verður enn meiri þegar því er bætt við að þetta er ekki aðeins afleiðing hnattvæðingar og útrásar fyrirtækja, heldur ekki síður vegna meðvitaðrar stefnu almannavalds í skatta og velferðarmálum.

Það er hins vegar annað sem kæmi líklega enn meira á óvart ef hirt væri um að nefna það en það gerir maður sjaldnast. Einhverra hluta vegna hafa íslensk stjórnmál alltaf snúist meira um klíkur en málefni. Okkur virðist svo tamt að mynda klíkur og hugsa í klíkum að þær verða að teljast ráðandi skipulagseiningar í íslensku samfélagi. Einn kækur sem þessu fylgir er að búa til andstæðinga úr fólki sem kann að hafa aðra skoðun eða aðra hagsmuni og helst skapa tortryggni í þess garð. Þetta sést í smáu og stóru. Stjórnmálamenn virðast stundum í sameiningu mynda eina samtryggða yfirklíku úr öllum litlu klíkunum sínum. Innan stjórnmálaflokka mynda alls kyns klíkur, sumar langlífar, aðrar stundlegri, hið eiginlega skipulag. Þetta sést í viðskiptaheiminum þar sem klíkumyndun hefur ekki horfið þótt nú séu farnar gömlu klíkurnar sem í skjóli tveggja stjórnmálaflokka fengu að hagnast á fákeppni og einokun áratugum saman. Þetta sést líka í margvíslegum heimum íslenskrar menningar.

*Ég hef aldrei sagt útlendingi þetta án þess að hann lýsi mikilli furðu á þessu og líklega yrði undrunin meiri ef sagt væri frá dæmum um feimni manna við að láta þjóðina ráða.*

Ekki veit ég af hverju þetta er en með ákveðnum hætti tengist þetta þó þeirri ótrúlegu fimi sem Íslendingum er í blóð borin við að víkja sér framhjá kjarna hvers máls. Við ættum góðan sjens í gullið á Evrópumóti ef í þessu væri keppt. Eitt dæmið um þetta eru nýafstaðin prófkjör. Hugmyndin um prófkjör er afskaplega góð og við trúðum því mörg fyrir löngu síðan að þau gætu brotið upp klíkuveldið í íslenskum stjórnmálum og gefið lýðræðinu þrótt. Auðvitað virka þau stundum, ágætt fólk er oft valið vegna hæfileika sinna og dugnaðar. En almennt eru þetta átök um eitthvað allt annað en efnisatriði málsins. Úti á landi virðist mestu skipta í hvaða þorpi eða sveit frambjóðandi er búsettur. Í þéttbýlinu getur aðild að samstillum áhugamannahópum um eitthvað allt annað en stjórnmál skipt meira máli en pólitískar skoðanir, gáfur eða atgervi.

Eitt það sérstakasta við íslensku þjóðina er hvað allir eru líkir. Í Englandi heyrist annar talandi jafnskjótt og farið er yfir á, í Frakklandi á hver dalur sinn ost og sitt vín og mörg önnur samfélög álfunnar eru eins og samsetningar úr ólíkustu hópum manna. Þar þykir hins vegar margar af þeim víglínum sem myndast í íslenskum prófkjörum lítið meira viðkomandi kjarna málsins en skónúmer frambjóðendans.

# Börn textuð

UMRÆÐAN

Kvikmyndir



SIGURLÍN MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Um síðustu helgi átti ég því láni að fagna að fá tækifæri til að fara og horfa á íslenska kvikmynd textaða með íslenskum texta. Sennilega áttu fleiri þess kost líka og nýttu sér það. Það er lofsvert þegar framleiðendur íslenskrar kvikmyndagerðar taka sig til og bjóða upp á að afurð þeirra sé sýnd textuð með íslenskum texta svo sem flestir getið notið hennar.

Kvikmyndin sem um ræðir var Börn. Framleiðendur hennar, Vesturport, settu hér með rós í hnappagat sitt með þessum möguleika fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa kvikmyndaunnendur.

Það er kannski rétt að geta þess hérna að mörg ár eru liðin síðan þetta gerðist síðast. Sjálfa rekur mig ekki alveg minni til hve mörg ár, en rámar í að það hafi gerst 1997, þó ég fullyrði það ekki alveg. Það var þegar kvikmyndin Djöflaeyjan var sýnd textuð en það gerðist mörgum mánuðum eða allt að tveimur árum eftir að hún var frumsýnd. Það má því segja að það hafi nánast verið veisla fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa að sjá myndina Börn. Slíku framtaki verður að viðhalda, alltof margar íslenskar kvikmyndir hafa horfið af breiðtjaldinu án þess að öllum hafi verið gefinn kostur á að sjá þær.

Nú hefur kvikmyndin Mýrin sópað til sín áhorfendum, það eru fleiri sem langar til að sjá hana. Hér í lokin eru því vinsamleg tilmæli til framleiðenda kvikmyndarinnar að sýna hana textaða líka, helst núna fljótlega þar sem flestir eru að sjá hana og það blundar sennilega löngun hjá mörgum heyrnarskertum og heyrnarlausum og jafnvel nýbúum sem náð hafa einhverjum tökum á málinu að sjá hana og vera þar með líka þátttakendur í umræðu um hana, enda er hún nú þegar málefni líðandi stundar í allri þeirri flóru málefna sem nú eru í loftinu.

Ég myndi vilja að kvikmyndin Mýrin yrði jólamynd mín í ár og vona að sú ósk verði að veruleika og er ég ekki ein um þá frómu ósk.

*Höfundur er varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi*

# Vaxtalaus jólatilboð

## Öll húsgögn fást á vaxtalausum kjörum

Eingöngu fáanlegt í Smáralind og í heimilisvörudeild Hagkaupa Akureyri

COLCHON DUPEN





| DINAMICA RÚM | | | |
|---|---|---|---|
| Rúmstærð | verð áður | verð nú | ÞÚ SPARAR |
| 90 x 200 | ~~31.080.-~~ | 25.900.- | 5.180.- |
| 120 x 200 | ~~43.080.-~~ | 35.900.- | 7.180.- |
| 150 x 200 | ~~55.080.-~~ | 45.900.- | 9.180.- |

| IMPERIAL RÚM | | | |
|---|---|---|---|
| Rúmstærð | verð áður | verð nú | ÞÚ SPARAR |
| 90 x 200 | ~~67.080.-~~ | 55.900.- | 11.180.- |
| 120 x 200 | ~~82.680.-~~ | 68.900.- | 13.780.- |
| 150 x 200 | ~~98.280.-~~ | 81.900.- | 16.380.- |
| 180 x 200 | ~~119.880.-~~ | 99.900.- | 19.980.- |

| ESTELLA RÚM | | | |
|---|---|---|---|
| Rúmstærð | verð áður | verð nú | ÞÚ SPARAR |
| 120 x 200 | ~~110.760.-~~ | 92.300.- | 18.460.- |
| 150 x 200 | ~~132.600.-~~ | 110.500.- | 22.100.- |
| 180 x 200 | ~~159.120.-~~ | 132.600.- | 26.520.- |




**Leðursófi** 3ja sæta 8065




**Leðursófi** 3ja sæta 8052




**Leðursófi** 3ja sæta 7251




**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris




**Leðurhornsófi** 2+h+2 Roma



verð 236.900kr

**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75




**Bycast sófasett** 3+1+1 Roma




**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice




**Leðursófasett** 3+1+1 3217

* Allt að 26.970.- sparnaður af stökum relax stólum

Gildir til 29. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hrafntinna hér og þar

**UMRÆÐAN**
Náttúruvernd


ÓMAR SMÁRI KRISTINSSON

Ég starfa sem búðarmaður í Landmannalaugum á sumrin. Staðurinn er fjölsóttur. Óhjákvæmilega raskast viðkvæm náttúran vegna þess fjölda sem um hana fer. Ég, landvörður og fleiri sem vita hvers virði það er að halda svæðinu sem ósnortnustu, reynum að leiðbeina fólki til að koma í veg fyrir óþörf náttúruspjöll. Stundum tölum við við ökumenn torfærutækja, svo þeir fari ekki að spilla yfirborði jarðar með utanvegaakstri. Stundum tölum við við jarðfræðinema með hamra, svo þeir fari ekki að spilla yfirborði jarðar með sýnatökum. Ferðamenn mega ekki einu sinni taka með sér steina, því með því móti eru þeir að raska yfirborði svæðisins.

Það er yfirborðið sem augað sér, sem myndavélarnar nema og sem birtist á póstkortum og í auglýsingum um Ísland. Þessar myndir eru mjög oft af Landmannalaugasvæðinu, sem í seinni tíð er orðið frekar vítt hugtak og teygir sig m.a. til Hrafntinnuskers.

Hvað eigum við, sem svæðið viljum vernda, nú að segja við jarðfræðinemana og hina túristana? Kannski ættu þeir bara að fara til Reykjavíkur. Þeir gætu sótt sýnishornið sitt eða minjamolann sinn þangað. Þeir finna það utan á Þjóðleikhúsinu. Þar er annað yfirborð sem þjóðinni er kært og ekki má skemma. En Þjóðleikhúsið er ekki notað eins mikið í landkynningu eins og svæðið sem sá því fyrir klæðningu sinni, svo skaðinn er varla eins mikill, eða hvað. Auðvitað er þetta bull. Þó að Þjóðleikhúsið sé mörg hundruð tonn að þyngd, þá væri það skemmdarverk að kroppa af því klæðninguna, þó hún sé falleg.

Þetta ætti sá mikli fræðimaður og fjallagarpur, Ari Trausti Guðmundsson, að vita. Hann hefur ekki svo óvíða gengið um yfirborð þessa lands. Hann talar um að til séu svo og svo mörg tonn af hrafntinnu, svo að það skipti þá engu þó tekin séu svo og svo fá tonn af henni, til að skapa með henni annað yfirborð. Hlutfallið sem hann nefndi var lágt, en ég dreg samt í efa að hann væri reiðubúinn að fórna því sama hlutfalli af sínu eigin yfirborði.

Ari Trausti er jarðfræðingur. Hann veit um dýpt jarðarinnar og að þar fyrirfinnst mikið grjót. Ég er listamaður og ég veit að í listinni fyrirfinnst mikil dýpt. Viðhafnarmiklar umbúðir utan um listina eru ekki til þess fallnar að leiða fólk á vit dýpisins. Hrafntinnuklæðning kemur leiklist ekkert við. Yfirborð jarðar kemur hinsvegar jarðfræðingum við og öllum öðrum sem vilja njóta landsins.

*Höfundur er verslunarmaður og myndlistarmaður*

# Breyttur vesturbær í Kópavogi

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál


GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Í farvatninu eru miklar breytingar í vesturbæ Kópavogs og mun þeirra sjá stað á komandi misserum. Nú þegar hefur verið samþykkt íbúabyggð á Kópavogstúni og í nýju bryggjuhverfi á norðanverðu nesinu. Auk þess eru í bígerð verulegar breytingar á vestanverðu Kársnesi þar sem núverandi skipulag mun víkja fyrir þéttari byggð. Síðast en ekki síst eru uppi áform um tæplega 5 ha. landfyllingu vestur af Kársnesi með fyrirhuguðu athafnasvæði og stærri kaupskipahöfn.

Þegar svo veigamiklar breytingar liggja fyrir á svæði þar sem fyrir er gróin byggð er mikilvægt að móta rammaskipulag fyrir allt svæðið og þannig sjá fyrir það skipulag sem er í mótun í samhengi við það sem fyrir er. Það þarf að huga að þáttum eins og skólamálum, dagvistarmálum og nærþjónustu við íbúa svæðisins þegar það liggur fyrir að íbúafjöldi á tiltölulega afmörkuðu svæði muni hátt í tvöfaldast á komandi árum.

Þessar fyrirhuguðu breytingar á Kársnesinu munu hafa veruleg áhrif á samgöngur og þjónustu alla í vesturbæ Kópavogs þar sem lýðfræðileg uppbygging hverfisins mun taka miklum breytingum. Slíkar breytingar ætti að móta í góðri sátt og samvinnu við íbúa vesturbæjar Kópavogs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs hafa ítrekað bent á að áður en einstaka reitir eru skipulagðir á Kársnesinu er mikilvægt að kynna fyrir bæjarbúum nýtt rammaskipulag vesturbæjarins þar sem allar fyrirhugaðar breytingar koma fram. Einungis þannig geta bæjarbúar metið áhrifin til lengri tíma.

Í ágúst sl. lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar til að þá þegar færi fram ítarleg kynning á framtíðarskipulagi Kársness. Þar til þeirri kynningu væri lokið yrði deiliskipulagi einstakra reita frestað.

En þrátt fyrir að sú tillaga hafi verið samþykkt hefur nú, þremur mánuðum seinna, ekkert bólað á þeirri kynningu.

Samfylkingin hefur skýra stefnu í skipulagsmálum í vesturbæ Kópavogs. Við viljum þétta byggð í góðri sátt við íbúa, við viljum endurbyggja hafnarsvæðið þannig að þar verði skemmtileg blanda af íbúabyggð, atvinnusvæði og smábátahöfn. Við viljum leggja innflutningshöfnina niður enda fer hún ekki saman við þá vaxandi byggð sem fyrirhugað er að rísi á nesinu.

Það er mikilvægt að hlúa að blómlegri byggð í bæ sem er í stöðugum vexti. Ábyrgð bæjaryfirvalda er mikil því það er okkar að tryggja að svo verði í sátt og samvinnu við íbúa bæjarins. Við ætlum ekki að láta okkar eftir liggja og því mun Samfylkingin í Kópavogi halda fund miðvikudaginn 22. nóvember kl. 20.00 í sal Samfylkingarinnar að Hamraborg 11 og kynna þær skipulagsbreytingar sem framundan eru á Kársnesinu. Þangað eru allir velkomnir.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs*

# Skapandi starfsemi

**UMRÆÐAN**
Atvinnumál


SIGRÍÐUR INGVARSDÓTTIR

Það þarf ekki að horfa langt um öxl til þess að sjá hversu miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum okkar Íslendinga á undanförnum 15 árum. Frumframleiðslan skipar nú ekki nærri því eins stóran sess í hagkerfi landsins og áður fyrr. Samkvæmt tölum frá dr. Ágústi Einarssyni þá var hlutdeild landbúnaðar til landsframleiðslu 5% fyrir 25 árum en er nú 1,4% – að sama skapi var hlutdeild sjávarfangs 16% árið 1980 en er nú 6,8%.

Það eru ekki lengur bara þrjár stoðir undir atvinnulífi okkar Íslendinga, þ.e. frumframleiðsla, iðnaður og þjónusta, því fjórða stoðin er farin að skipta verulegu máli en hún felst í skapandi atvinnugreinum. Ég hef lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu þess efnis að skipaður verði starfshópur til að taka saman upplýsingar um eðli og umfang skapandi starfsgreina hér á landi og gera tillögu að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Skapandi atvinna einkennist af því að meginviðfangsefnið er að skapa nýja þekkingu eða efni sem hægt er að vernda með höfundarrétti eða einkaleyfi. Áhrif og árangur slíkra starfsgreina felst ekki hvað síst í samvinnu og samstarfi fólks með ólíkan bakgrunn og menntun. Til skapandi starfsgreina teljast svo dæmi séu tekin menningartengd starfsemi hvers konar, afþreyingariðnaður, s.s. tölvuleikir, kvikmyndir og hverskonar uppákomur, hátækniiðnaður, hönnun, handverk, þekkingarstarfsemi, útgáfa á rituðu og rafrænu formi og menningartengd ferðaþjónusta.

Það er nokkuð teygjanlegt hvað telst til skapandi atvinnugreina en eftir þeirri atvinnugreinaflokkun sem að ofan er getið, teljast 25% alls vinnuafls hér á landi vinna við skapandi atvinnugreinar. Í Bandaríkjunum er þetta sama hlutfall 30% alls vinnuafls.

Mörg ríki hafa markað opinbera stefnu í þessum málaflokki og fylgt henni eftir því mönnum hefur orðið ljóst mikilvægi þessarar starfsemi sem atvinnu framtíðarinnar. Það eru aðallega þrjú skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi sem jarðvegur fyrir skapandi starfsemi en það eru tækniþekking, hæfni og þekking mannauðs og umburðarlyndi gagnvart fjölbreyttni mannlífsins. Dæmi um slíka starfsemi hér á landi er framleiðsla sjónvarpsþátta um Latabæ í hátæknimyndveri sem komið var upp í Garðabæ, uppsetningar Vesturports á sýningum og landvinningar erlendis, og tölvuleikur CCP – Eve online, en yfir 150 þúsund áskrifendur eru nú að leiknum,víða um heiminn. Ýmsar uppákomur hafa náð fótfestu hérna og vakið verðskuldaða athygli erlendis. Þar er skemmst að minnast Food and Fun matvælasýningarinnar og Airwaves tónlistarhátíðarinnar. Slíkir viðburðir ásamt mörgum öðrum hafa skapa meiri atvinnu en fljótt á litið virðist.

Í Kaupmannahöfn voru teknar saman tölur um efnahagslegt gildi skapandi greina fyrir borgina. Þar voru 19 stórir atburðir teknir fyrir, s.s. U2 tónleikar, fótboltaleikir og allskonar uppákomur. Í ljós kom að 1.425 ársstörf sköpuðust vegna atburðanna og tekjurnar voru tæplega 173 milljónir evra.

Auk þessa má geta til dæmis að um 100 heilsársstörf í Kaupmannahöfn eru eingöngu vegna fótboltaleikja svo dæmi sé tekið og Hróarskelduhátíðin er gott dæmi um hvernig lítill bær getur verið miðstöð ákveðins atburðar og þannig haft veruleg áhrif á efnahags- og atvinnuástandið þar.

En það eru einnig minni staðir og minni atburðir sem geta lagt lóð á vogarskálarnar og nýtt sér þessa nýju starfsgrein. Hér á landi höfum við dæmi um skapandi atvinnugreinar sem hafa haft verulega mikil áhrif á bæi eins og t.d. hvalaskoðunarferðir frá Húsavík, Síldarminjasafnið og síldarhátíðina á Siglufirði og stríðsminjasafnið í Fjarðabyggð. Tækniþekking á Íslandi er afar góð og auðvelt að nýta hana hvar sem er ásamt því að virkja hugmyndaauðgina og kraftinn sem víða býr í byggðum landsins en með því getum við óhikað tekið skrefið inn í atvinnuhætti framtíðarinnar.

*Höfundur er varaþingmaður í Norðausturkjördæmi og sækist eftir 2-3 sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri 25. nóvember*




**Udo á Íslandi!**
**28. nóvember**

*Udo Erasmus heldur fyrirlestur á Grand hótel Reykjavík 28. nóvember kl. 10:00 - 12:00 fyrir fagfólk og kl.19:30 - 22:00 fyrir áhugafólk.*

*Aðgangur er ókeypis!*

Udo Erasmus er alþjóðlegt nafn í umræðunni um Omega-3 fitusýrur, kólesteról, meltingu og almennt heilbrigði. Hann er í hópi helstu næringarfræðinga heims og keppast vísindamenn um að vitna í rannsóknir hans. Einna þekktastur er hann fyrir framlag sitt og þróun á Omega fitusýrum. Hann hefur ritað fjölda greina og bóka um þessi viðfangsefni. Þekktust er bókin: „Fats that Heal Fats that Kills“

*Hjartasjúkdómar og of há blóðfita - Ein helsta meinsemd samtímans?*




**Þetta er fyrirlestur fyrir alla þá sem glíma við of háa blóðfitu, þá sem er umhugað um meltingarstarfsemi sína og alls áhuga- og fagfólks um þessi málefni.**

*Nánari upplýsingar hjá Heilsu í síma 533 3232 eða heilsa@heilsa.is*

heilsa –hafðu það gott

Udo's Choice vörurnar fást í Heilsuhúsinu, Lyfju og flestum heilsubúðum


# Saman sækjum við fram!

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál


GESTUR SVAVARSSON

Stjórnmálaþátttaka á að snúast um þrjá hluti. Áhrif eða völd, að efla stuðning við stefnu eða skoðanir, stærð eða fylgi. Til þess að stjórnmálaafl nái árangri þurfa þessir þrír hlutir að vera í jafnvægi og vaxa í takt. Það er vont ef áhrif verða umfram fylgi eða viðteknar skoðanir, það er vont ef stefna eða skoðanir eru viðteknar en hreyfingin hefur hvorki fylgi né völd.

Okkar hreyfing er á tímamótum. Hún á möguleika á að öðlast völd í takt við skoðanir, öðlast fylgi og stærð í takt við áherslur. Sífellt fleiri eru okkur sammála um að samfélaginu þurfi að breyta, spyrna þurfi við óásættanlegum normum eins og að náttúran skuli seld hæstbjóðanda, að það sé samfélaginu eðlilegt að fólk hafi tíu til tuttuguföld mánaðarlaun á við undirmenn sína, að það sé samfélaginu eðlilegt að erlent verkafólk hafi lakari kjör en annað fólk.

Okkar skoðunum hefur vaxið fiskur um hrygg. Okkar skoðunum hefur aukist fylgi. Fylgismönnum okkar hefur fjölgað. Við þurfum að axla þá ábyrgð sem fyrir okkur verður lögð þegar til kastanna kemur. Við erum mótandi afl í íslensk stjórnmál, á íslenskt þjóðfélag og íslenska framtíð.

Við þurfum að leggjast öll á eitt til þess að takast ætlunarverk okkar, að breyta þjóðfélaginu. Við þurfum að breyta því svo að framtíð afkomenda okkar og afkomenda þeirra verði björt og farsæl. Við þurfum að skila áfram, ekki bara náttúru sem afkomendur okkar fá að njóta, heldur líka samfélagi, sem við erum stolt af.

Til þess að okkur takist ætlunarverk okkar verðum við samt að standa saman og stefna til framtíðar. Framtíðar með vinstri græn áhrif, í takt við viðteknar vinstri grænar skoðanir, í takt við aukið vinstri grænt fylgi.

*Höfundur gefur kost á sér í 2. sæti í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu*



**ÖÐRUVÍSI JÓLAHLAÐBORÐ**
Efnt verður til veglegrar veislu í sveitahlöðu í Skorradal eftir viðburðaríkan og ævintýralegan dag. Ferðir 7

**MUNURINN Á ÞÍNUM BÍL OG RALLÍBÍL**
Munurinn á venjulegum bíl og rallíbíl liggur fyrst og fremst í fjöðrunarkerfi og bremsum.
BÍLAR 2





## ALLT HITT

**[ NÁM BÍLAR FERÐIR ]**

**Vetrarþjónusta** Reykjavíkurborgar er hafin. Um er að ræða snjóhreinsun og hálkueyðingu til að stuðla að öryggi vegfarenda. Stofnbrautir, strætóleiðir og fjölfarnar safngötur njóta forgangs ásamt gönguleiðum. Stefnt er að ljúka hreinsun kl. 08.00 að morgni. Ábendingar og nánari upplýsingar: Símaver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111. www.reykjavik.is



**Nýjar** hljóðbækur í trúarbragðafræði voru að koma út hjá Námsgagnastofnun. Þetta eru bækurnar Búddhatrú – leiðin til Nirvana, Hindúatrú – Guð í mörgum myndum, Brauð lífsins og Regnboginn um kristna trú. Bækurnar eru ætlaðar til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla. Nánari upplýsingar: www.nams.is

**Vetrarveður** á Íslandi getur breyst mjög snögglega. Þessvegna er mikilvægt að kynna sér vel veðurhorfur áður en lagt er í hann. Á heimasíðu Veðurstofu Íslands má finna nýjustu veðurspár og sérstakar veðurupplýsingar fyrir fólk á ferð. Þar eru einnig upplýsingar frá sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum víða um land sem uppfærðar eru reglulega allan sólarhringinn. Nánari upplýsingar: www.vedur.is-veðursími: 902 0600

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 22. nóvember, 326. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.18 | 13.14 | 16.09 |
| Akureyri | 10.21 | 12.58 | 15.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Benedikt hefur hannað lýsingu fyrir fjölda leikhúsa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lýsir upp umhverfið

***Benedikt Axelsson hefur starfað sem leikhústæknimaður síðan 1991. Samhliða vinnunni lærir hann nú lýsingarfræði í Iðnskólanum í Reykjavík.***

Lýsingarfræði er nýtt þrjátíu eininga fjarnám í Iðnskólanum sem gefur nemendum um allt land færi á að stunda námið samhliða vinnu og Benedikt segir að flestir þeir sem eru með honum í lýsingarfræði taki hana annaðhvort með vinnu eða öðru námi. „Allflestir sem eru í náminu eru styrktir til þess af fyrirtækjunum sem þeir vinna hjá en þetta á að skila sér aftur inn í þau," segir hann.

Benedikt segir að lýsingarfræði sé gríðarlega umfangsmikið nám. „Lýsingarfræði spannar innanhússlýsingu, arkitektúrlýsingu, ráðgjöf á lýsingarbúnaði, sviðslýsingu og lýsingu á listasöfnum og öðru slíku. Lýsingarfræðin í Iðnskólanum tekur tvær annir eða einn vetur og markmiðið er síðan að bjóða upp á framhaldsnám í lýsingarhönnun."

Lýsingarfræðinámið í Iðnskólanum er mjög gott nám að sögn Benedikts. „Ég er svolítið búinn að vera á höttunum eftir svona námi en það hefur hvergi verið í boði nema erlendis og skemmtilegt framtak hjá Iðnskólanum að bjóða upp á þetta. Ég hef verið að sækja eitt og eitt námskeið hjá Dramatisk Institutet í Stokkhólmi en það var lengi vel eini leikhústækniskólinn á háskólastigi hér á Norðurlöndunum."

Benedikt hefur starfað sem leikhústæknimaður í fjölda ára og hefur því töluverða reynslu á þessu sviði. „Síðustu árin hef ég verið tæknistjóri hjá Íslenska dansflokknum en ég er búinn að vera víðast hvar, í Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni. Ég hef verið að sjá um lýsingu, hanna ljós og yfirleitt sjá um allt sem viðkemur tækni í leikhúsinu." Þó að hann hafi gaman af starfi sínu er hann samt að hugsa um að fara aðeins að breyta til. „Ég er að hugsa um að fara að færa mig aðeins út úr leikhúsunum og inn í arkitektúrlýsingu og utanhússlýsingu og slíkt, því það heillar mig líka."

*emilia@frettabladid.is*

## Fortamningar og frumtamningar

HESTAMÖNNUM ER BOÐIÐ Á TAMNINGANÁMSKEIÐ Á INGÓLFSHVOLI Í ÖLFUSI NÆSTA LAUGARDAG.

Meðhöndlun og tamning unghrossa verður aðalefni námskeiðs á Ingólfshvoli sem hefst klukkan níu á laugardag og lýkur klukkan 18. Farið verður gegnum staðlaða hugmynd um hvað eigi að liggja að baki 2-3 mánaða tamningu og verða nokkur hross á þeim aldri kynnt í því sambandi. Þekktir þjálfarar og tamningamenn sjá um fræðsluna og má þar nefna Hólakennarana Herdísi Reynisdóttur og Anton Níelsson, og Þorvald Árna Þorvaldsson og Sigurð Sigurðarson. Það eru Félag hrossabænda og Félag tamningamanna sem standa að námskeiðinu og opna þannig á samstarf sem hefur verið í undirbúningi um skeið. Ekkert þátttökugjald verður innheimt en þeir sem áhuga hafa eru beðnir að skrá sig á ft@tamningamenn.is



Sigurður Sigurðarson í Þjóðólfshaga verður einn af kennurum. Hér situr hann Silfurtopp frá Lækjamóti.






MAZDA CX-7
Fjórhjóladrifinn bíll sem sameinar kosti alvöru jeppa og rúmgóðs fjölskyldubíls.
Kraftmikil 2.3 L. Turbo intercooled, 16 ventla, 4 cyl. vél sem skilar 244 hestöflum, 6 þrepa sjálfskipting o.fl. Staðalbúnaður m.a. spólvörn og stöðugleikakerfi.
Framúrstefnuleg hönnun og afburða akstursieginleikar
X4
Opið virka daga kl. 10-18:30
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is
MAZDA TRIBUTE
Traustur fjölskyldubíll
MAZDA MPV
Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll
MAZDA SPEED
Kraftmikill fjölskyldubíll
www.x4.is

**Brimborg** býður sýningarbíla af gerðinni Volvo S40 2.0 SE og Volvo XC70 2.5 Turbo á tilboði. Sjá nánar á www.brimborg.is.



SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

ALLT Á EINUM STAÐ
- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066



BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



Réttu vélarnar í verkið!
Landini
tækin sem þú treystir!
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is



Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
Úrval af stærðum upp í 33"
31" heilsársdekk
verð frá kr. 12.900
Við míkróskerum og neglum!
TRIANGLE
GT RADIAL
Opið á laugardögum 9-13
ALORKA
www.alorka.is
Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
MIXA • fít • 60497

allt atvinna
Alla sunnudaga



Fjöðrunarkerfi, bremsur og dekk eru öll sérhönnuð fyrir rallí á þessum bíl. Ekki veitir af því álagið og átökin eru gríðarleg.

# Munurinn á þínum venjulega bíl og rallí bíl

***Hver er munurinn á rallíbíl og venjulegum fjölskyldubíl? Liggur munurinn bara í hestöflum og límmiðum eða býr eitthvað meira að baki?***



Borgar Ólafsson og Jón Bjarni Hrólfsson, eigendur bílsins.

Rallíbíll þeirra Borgars Ólafssonar og Jóns Bjarna Hrólfssonar er um þessar mundir til sýnis hjá Brimborg. Bíllinn er af tegundinni Ford Focus en það er eins bíll og blaðamaður keyrir til vinnu. Sá bíll myndi hins vegar seint duga til annars sætis í Íslandsmótinu í rallíi, öfugt við frænda sinn rallíbíllinn, enda fátt sameiginlegt með þeim nema nafnið.

„Munurinn á rallíbíl og venjulegum bíl liggur fyrst og fremst í fjöðrunarkerfi og bremsum. Eins öfugsnúið og það hljómar þá eru góðar bremsur eitt mikilvægasta tækið til að komast hratt á milli staða," útskýrir Borgar. Þetta er vegna þess að gott er að halda hraða eins lengi og mögulegt er áður en komið er að beygju og þá þurfa bremsurnar að virka vel og stoppa bílinn á stuttum tíma. Þetta gefur líka góða línu gegnum beygjurnar þannig að hröðunin verður með besta móti eftir beygjuna.

Bíllinn þarf líka að vera í stöðugu sambandi við veginn og þú mátt aldrei missa stjórnina. Á 130 kílómetra hraða á malarvegi er það nokkurn veginn það síðasta sem þú vilt að gerist og þar kemur fjöðrunin inn í myndina. Er hún frábrugðin að því leyti að hún er mun stífari og stöðugri. Notast er við gasdempara því olían í venjulegum olíudempurum sýður við hitann sem myndast við álagið samfara rallíökulagi.

Rallíbílar eru líka mun sterkbyggðari en venjulegir fólksbílar sem bogna og beyglast við minnsta högg. Öll yfirbyggingin er soðin upp þannig að samskeyti eru tryggilega föst og bíllinn mun stöðugri fyrir vikið. „Í bílnum er líka veltigrind en hún er mjög mikilvægt öryggisatriði," segir Borgar og bendir einnig á körfustólana og sex punkta öryggisbeltin sem frekari öryggistæki.

Rallíbílar eru mun hrárri en götubílar og munaði eins og rafdrifnum rúðum er fórnað fyrir áreiðanleika og til að létta bílinn. „Það er reynt að létta bílinn eins og unnt er og eru öll kerfi höfð eins létt og hægt er og öllu sem ekki þarf að vera í bílnum er sleppt," segir Borgar. „Enda er þetta enginn lúxusbíll heldur rallíbíll."

*tryggvi@frettabladid.is*



Vélin er 2,0 lítra vél með flækjum og opnu púströri. Vélin skilar 180 hestöflum en leyfilegt hámark í rallí hérlendis er 300 hestöfl.



Á síðasta ári fóru 14 dekk á 1.000 kílómetrum hjá Borgari og Jóni.

## Rallíbíll til sölu

EINUNGIS ÞARF BÍLPRÓF OG LÖGLEGAN BÍL TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í RALLÍMÓTI.

Ford Focus rallíbíll Borgars og Jóns er til sölu en þeir ætla að fá sér kraftmeiri fjórhjóladrifinn bíl fyrir næsta sumar. Focusinn er ekki dýr, kostar aðeins 1,3 milljónir staðgreitt tilbúinn á götuna. „Hann er reyndar ekki þægilegur á malbikinu, frekar hastur," útskýrir Borgar. „Gírkassinn er líka sérstakur þannig að fólk sem prófar bílinn heldur að það sé að skemma hann, svo mikil eru lætin í skiptingunni. En um leið og þú ert kominn á mölina rennur hann ljúflega áfram."
Áður en þið, lesendur góðir, hlaupið til og kaupið þennan ódýran rallíbíl er rétt að nefna að rekstur slíks bíls yfir eitt sumar í keppni kostar um eina milljón króna. Sem sagt annan svona bíl. „Við förum alltaf yfir bílinn milli keppna og ef við finnum eitthvað slit þá skiptum við um hlutinn og hlutinn á móti honum áður en þeir bila. Svo förum við líka með 14 dekk síðasta sumar," segir Borgar og glottir. „Við höfum haft góða bakhjarla og munar þar mestu um Brimborg en fyrirtækið hefur stutt ótrúlega við bakið á okkur."

-tg

# Með græjurnar á fullu

***Hægt er að fara ótrúlegustu leiðir í vali á hljómtækjum í bílinn, enda úrvalið sífellt betra. Fréttablaðið spurði starfsmenn þriggja verslana hvaða græjur væru vinsælastar á Íslandi í dag.***

**Kostir mp3 spilara margir**

„Ásóknin í mp3 spilara verður sífellt meiri,“ segir Axel Thorarensen Hraundal, hjá Bílanausti á Bíldshöfða 9.

„Þeir hafa ýmislegt fram yfir hefðbundna diskaspilara, meðal annars þann mikla lagafjölda sem þeir geta tekið,“ heldur Axel áfram.

Mp3 spilarinn sýnir jafnframt lista yfir lög, diska og flytjendur, sem tiltölulega auðvelt er að fletta í gegnum. Fullkomnari mp3 spilarar geta einnig leikið dvd-diska og geta birt allan lagalistann á skjánum.

Að sögn Axels er leiðréttingarbúnaður mp3 spilara enn fremur orðinn svo þróaður að þeir hiksta ekki þótt ekið sé yfir hraðahindranir eða erfiðan veg.

„Síðast en ekki síst er kosturinn við mp3 spilara sá að þeir leika einnig diska á svokölluðu wma-formati, það er efni sem hefur verið afritað á heimatölvunni í gegnum Windows Media Player forritið,“ bætir Axel við. „Formatið er raunverulegt svar Microsoft-fyrirtækisins við mp3.“

**iPod ready eftirsóttur**

„Geislaspilarar tilbúnir fyrir iPod eru vinsælastir um þessar mundir,“ segir Guðmundur Ragnarsson, hjá Nesradíó í Síðumúla 19.

„Tengin eru mismunandi fyrir ólíkar lausnir. Til eru tengi sem ganga beint í Alpine-útvarpstæki, en þá verður iPodinn einskonar harður diskur sem stýrt er frá takkaborði útvarpstækisins.“

Guðmundur segir að í mörgum tilvikum sé lítið mál að breyta eldri gerðum útvarpstækja í bílum svo að iPodinn virki. Hljóðinngangur inn á tækið þarf að vera fyrir hendi, en þá er iPodinum stjórnað á gamla mátann og hljóðið leitt inn á hljóðkerfi bílsins.

„iTrip búnaður, sem er einfaldlega útvarpssendir hefur eitthvað verið í notkun,“ heldur Guðmundur áfram. „En hann þykir ekki hafa gefið eins góða raun og beintenging, vegna hljóðtruflana.“

**Hljómgræjur frá DLS bestar**

Ásgeir Örn Rúnarsson hjá AMG Aukaraf í Dalbrekku 16 í Kópavogi segir mikla eftirspurn vera eftir hljómtækjum frá sænska framleiðslufyrirtækinu DLS.

„Þegar menn uppfæra hljóðkerfið í bílnum, er vinsælast að taka DLS sett sem samanstendur af hátölurum fyrir afmarkaða staði,“ útskýrir hann. „Fyrst ber að nefna hátónahátalara sem eru settir ofarlega í bílinn, á mælaborðinu eða við gluggapósta, síðan miðjubassahátalara í hurðir eða á eða undir mælaborðið,“ segir hann.

„Settinu fylgir sértakur filter sem síar háu tónana í hátónahátalarana og þá lágu í hina. Samsetning af þessu tagi skilar góðum hljómgæðum,“ heldur hann áfram. „Til að keyra þetta velja menn sér gjarnan magnara með innbyggðri síu sem filterar enn lægri tóna í bassahátalarana.“

Ásgeir segir vörur DLS njóta vinsælda vegna þess náttúrulega hljóms sem þær þykja skila, hátónarnir séu þannig ekki of skarpir og mýktar gæti í heildarhljóðsviðinu.



Hér sést Guðmundur Ragnarsson hjá Nesradíó, en hann segir tilvalið að fá sér iPod-tengi í bílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

„Gæði DLS-vörumerkisins eru margsönnuð enda lætur fyrirtækið dæma vörur sínar á hljómkeppnum, þar sem það hefur náð gríðarlega góðum árangri bæði á Evrópu- og Bandaríkjamarkaði. Af þessum sökum hikar DLS ekki við að stilla sér upp með stóru vörumerkjunum sem hafa verið til um áratuga skeið,“ útskýrir Ásgeir. *roald@frettabladid.is*




Ásókn í mpeg-3 spilara verður sífellt meiri að sögn Axels Thorarensens Hraundal hjá Bílanausti Bíldshöfða 9. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN




Starfsmaður AMG Aukaraf Dalbrekku 16 sýnir hér DLS-græjur, sem hafa mælst mjög vel fyrir bæði á Evrópu- og Bandaríkjamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Geislaspilarar tilbúnir fyrir iPod eru vinsælastir um þessar mundir hjá Nesradíói Síðumúla 19. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



Einn kostur mpeg-3 spilara er sá lagafjöldi sem þeir taka. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN




Ekki fylgdi sögunni hvort þátttakendur í rannsókninni hefðu kyngert bíla eftir tegundum. Hér sést vörubíll úr teiknimyndinni Cars sem er augljóslega karlgerður.

# Nýir bílar kvenlegir, gamlir karlalegir

***Fólki finnst nýjar bifreiðar kvenlegar en þær eldri karlmannlegar.***

Eins undarlega og það hljómar skipta bílar um kyn eftir því sem þeir eldast, samkvæmt niðurstöðum nýlegrar breskrar rannsóknar.

Könnun framkvæmd af Bosch-fyrirtækinu leiddi í ljós að meirihluti þátttakenda hafði tilhneigingu til að kvengera frekar bifreiðar á meðan þær voru nýjar, en tóku að karlgera þær eftir því sem þær eltust.

Höfundi rannsóknarinnar, Jan Walsh, finnst niðurstöðurnar alveg rökréttar miðað við þá olíku samfélagslegu afstöðu sem kynin mæta.

Nýr og flottur bíll vekur sterk hugrenningatengsl við konu sem eyðir töluverðum tíma að halda sér vel til, svo hún veki sem mesta eftirtekt á götum úti. Menn tengja eldri bifreiðar aftur á móti frekar við karlmenn, þar sem eldri bílar þykja sýna merki um áreiðanleika, styrk og afkastagetu, sem eru almennt álitnir kostir feðra eða afa.

Rannsóknin sýndi einnig að karlkyns ökumenn eru líklegri til að karlgera bifreiðar. Kvenkyns bílstjórar kvengera aftur á móti frekar bifreiðar heldur en hitt. *-rve*



Karlalegur eða kvenlegur?

BRIDGESTONE

Af hverju að velja
nagladekk
þegar loftbóludekk
veita þér sama öryggi?



...og eru
- mun hljóðlátari
- mýkri og auka þannig á akstursánægju
- umhverfisvænni og slíta malbikinu mun minna
- með styttri hemlunarvegalengd

BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKK!

Loftbóludekkin eru fáanleg í öllum stærðum, fyrir allar gerðir bíla og fást á dekkjaverkstæðum um land allt.

Multicell gúmmíefnið var vísindalega þróað af Bridgestone, einum virtasta hjólbarðaframleiðanda heims. Multicell myndar undirþrýsting við veginn, dekkið sýgur sig að vegyfirborðinu og framkallar þannig framúrskarandi gott grip.

BETRA GRIP
Lágmúli 9, 108 Reykjavík

Þeir sem einu sinni hafa reynt loftbóludekkin vilja ekkert annað.

Sími: 5 333 999


Sýnum LMC og FENDT hjólhýsin árgerð 2007.
Opið virka daga frá 9-18
VÍKUR VERK
Víkurverk Tangarhöfða 1
Sími 557 7720 www.vikurverk.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is




Jeppadekkin frá


Fáanleg í flestum stærðum fyrir 15,16,17 og 18" felgur
Fjallasport 4x4 specialist
Viðarhöfða 6 - Sími 577 4444




Edda Þórey Guðnadóttir í góðum „racer"-galla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlífðargallar eru öryggisbelti vélhjólamanna

*Fyrir Alþingi liggja tillögur að lögleiðingu hlífðarfatnaðar fyrir vélhjólamenn. Sniglarnir leggja mikla áherslu á að reglurnar verði að veruleika.*

Einu reglurnar um búnað vélhjólamanna eru þær að þeir verða að vera með hjálm. Þeim reglum er mjög ábótavant og er vinnuhjálmur til að mynda löglegur vélhjólahjálmur. Engar reglur eru í gildi um annan klæðnað en tölfræðin sýnir að réttur útbúnaður getur bjargað miklu komi til slyss. „Við erum ekki að eltast við neina staðla, við viljum bara fá sem flesta til að nota það sem við köllum lágmarks alfatnað sem merktur er til bifhjólanotkunar," segir Edda Þórey Guðnadóttir, gjaldkeri Sniglanna. „Alfatnaður er þá auk hjálms jakki, buxur, skór og hanskar."

Edda segir að ekki sé hlaupið að lögleiðingu klæðnaðar því hann sé ekki bara öryggisatriði heldur einnig ákveðin tíska. Þarna á hún við muninn á því sem hún kallar hippa, „racera" og þá sem eru á skellinöðrunum. „Markaðurinn hefur einblínt á tvo fyrri hópana og þeir sem eru á skellinöðrum hafa gleymst," segir Edda. „Þeir sem eru á skellinöðrunum slasast ekki síður en aðrir og þar sem hlífðarfatnaður er okkar öryggisbelti er mikilvægt að allir klæðist slitsterkum hlífðarfatnaði sem sérstaklega er ætlaður til nota á mótorhjólum."



Séra Gunnar Sigurjónsson er einn af „hippunum" í Sniglunum.

Baráttumálin eru mörg og fyrir utan hlífðarfatnaðinn nefnir Edda reglur um tjónahjól. „Ef bíll grindarskekkist fær hann ekki að fara aftur á götuna nema hann sé réttur. Þetta gildir ekki um hjólin," segir Edda. Hjól eru aldrei merkt sem tjónahjól þegar þau eru boðin upp og segir Edda að þetta sé eitthvað sem verður að skoða því grindarskakkt hjól sé ekki öruggt farartæki. „Það er á svo mörgu að taka en nú er það hlífðarfatnaðurinn sem við ætlum að klára áður en við höldum áfram."

*tryggvi@frettabladid.is*



Mótorhjólaeign eykst stöðugt og nú eru um 5.400 hjól skráð hérlendis.


Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557


## Hyundai til Tékklands

HUYNDAI HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ OPNA NÝJA VERKSMIÐJU Í TÉKKLANDI.

Ekki eru liðin nema þrjú ár síðan opnaðar voru nýjar höfuðstöðvar Hyundai í Rüsselsheim en þær eru nú þegar orðnar of litlar. Þær verða fluttar til Offenbach en aðstaðan í Rüsselsheim mun taka við hlutverki rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar. Áætlað er að nýja verksmiðjan taki til starfa árið 2008 og mun hún eingöngu þjóna Evrópumarkaði. *- tg*



Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Hyundai.

# Nissan semur við Microsoft

***Fyrirtækjasamsteypurnar Nissan og Microsoft hafa gert samstarfs- og auglýsingasamning.***

Samningurinn felur í sér aðgang Nissan að bæði miðlum Microsoft, eins og Xbox Live, MSN, og Windows Mobile, sem og tækniþekkingu og mannauði fyrirtækisins. Ekki er loku skotið fyrir að Microsoft muni hanna tölvukerfi í Nissan bíla.

Með þessu segjast forsvarsmenn Nissan vera að laga sig að breyttum aðstæðum á fjölmiðlamarkaði. Fólk er farið að velja í auknum mæli hvað það skoðar og hvenær og notar til þess tölvumiðla. Fyrirtækið þvertekur fyrir að vera að yfirgefa hefðbundna miðla og segir að þetta sé einungis eðlileg þróun og bendir á að áður hafi fyrirtækið samið við bæði Google og Yahoo á svipuðum nótum.



Nissan sækir nú inn á nýjar víddir í auglýsingagerð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er gefið upp hvers virði samningurinn er en ljóst er að þarna eru engir smáaurar á ferð. Á síðasta ári eyddi Nissan um 140 milljörðum í auglýsingar en það er á við tæplega hálf fjárlög íslenska ríkisins. *-tg*

# Umdeilt umferðarátak

***Danir eru farnir að fækka fötum til að draga úr ofsahraða.***

Fregnir berast nú úr Danaríki af hópi ungra kvenna sem tína af sér spjarirnar til að stemma stigu við ofsaakstri.

Hópnum, sem kallar sig því langa heiti „hraðastjórnunar bíkíni stigamennirnir“, er svo umhugað að draga úr ofsahraða að hann stendur fáklæddur í vegaköntum þjóðvega með hraðaskilti á lofti.

Uppátækið svínvirkar þar sem ökumenn hafa dregið töluvert úr hraðanum. Bílstjórarnir hafa reyndar minnkað hraðann svo mikið til að horfa á þokkagyðjurnar, að umferðateppur hafa myndast á mörgum stöðum.

Að vonum eru því ekki allir sannfærðir um ágæti átaksins og


Daisy úr Dukes of Hazzard er fyrirmynd fáklæddu kvennanna í Danmörku.

ef að líkum lætur verður því bráðum hætt. *-rve*

# Dísel hybrid-bíll 2010

***Fyrsta afkvæmi samstarfs Toyota og Isuzu verður dísil hybrid-bíll.***

Isuzu þykir afar framarlega í þróun kraftmikilla díselvéla. Þetta ætlar Toyota að nýta sér en fyrir skemmstu var tilkynnt um fyrirhugað samstarf fyrirtækjanna tveggja.

Dísel hybrid-vélin mun koma á markað árið 2010 og er ætlað að draga fram það besta beggja tækniheima. Ef vel tekst til mun vélin vera einhver sú alsparneytnasta á markaðnum.

Tilkynningin kom nokkuð á


Toyota hefur náð miklum árangri með Prius hybrid-bílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

óvart en Isuzu hefur um skeið séð GM fyrir díselvélum í GMT-800 jeppana sem þykja langtum fremri öðrum GM díselvélum. *-tg*


Sokkarnir gefa aukið grip þegar á þarf.

# Dekkjasokkar jafnvel sterkari en keðjur

***Dekkjasokkarnir hjá FÍB renna út enda færðin ekki góð. Sokkarnir eiga að gefa jafn gott grip og keðjur.***

Sokkarnir er norsk uppfinning og kallast AutoSock á frummálinu. Að baki þeim liggur margra ára þróun sem, eins undarlega og það hljómar, er nátengd tækniframförum norska skíðalandsliðsins. Þar var tæknin fyrir hendi um hvernig átti að minnka viðnám skíða niður í nánast ekki neitt. Þessu var algjörlega snúið við og búið var til kevlar-efni með miklu gripi og ótrúlega endingu. Efnið er mjög svipað því kevlar-efni sem notað er í mótorhjólagalla.

Sokkarnir eru einfaldir í notkun. Þeim er komið fyrir á drifdekkjum með lítilli fyrirhöfn áður en keyrt er af stað. Drifið verður nánast eins og ef keðjur væru undir bílnum og samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust hjá söluaðila eru sokkarnir jafnvel slitsterkari en keðjurnar. Sokkarnir hitna ennfremur lítið við núning.

Sokkarnir hafa selst gríðarlega vel og nú er svo komið að milljón slíkra eru í umferð. Toyota hefur valið að láta þá fylgja öllum nýjum


Ófærðin er mikil þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bílum á Alpasvæðinu í Evrópu og þær stofnanir og fjölmiðlar sem hafa prófað þá gefa þeim hæstu einkunn.

Sokkarnir fást hjá FÍB og kostar parið 8.800 krónur. Félagsmenn FÍB fá 10 prósent afslátt og kosta sokkarnir þá 7.920 krónur.

*tryggvi@frettabladid.is*



Slökktu á vetrinum með fjarstýringu.
Hitaðu bílinn áður en þú setur hann í gang!
Webasto bílahitarar


Bíldshöfða 16 | Sími 567 2330
Bílasmiðurinn hf

**Kvef** getur verið hvimleitt þegar ferðast er í flugvél. Þrýstingurinn getur valdið því að fólk fær hellu fyrir eyrun. Hægt er að fá eyrnadropa í flugvélunum sem settir eru í eyrun fyrir flugtak og jafna þrýstinginn.






4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí
1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi
Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð
4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is




Góð byrjun
www.visir.is
Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni
Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður og gjafakörfur frá Nóa Siríus.
Iceland Express
digital ísland
PlayStation
NOKIA
66° NORÐUR
vísir
Fyrstur með fréttirnar!


Jeppaferð á Langjökli. Farið var í snjósleðaferð og útsýnisflug með þyrlu. MYND ÁGÚST DANÍELSSON

# Öðruvísi jólahlaðborð

***Eskimos býður upp á skemmtilegar ferðir allan ársins hring. Í desembermánuði eru jólahlaðborðin vinsælust sem koma í kjölfarið á ævintýralegum degi.***

„Eskimos er viðburðafyrirtæki og starfsemi okkar er mjög fjölbreytt," segir Kristinn Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Eskimos. „Við sjáum um alls konar viðburði, allt frá óvissuferðum, jólahlaðborði, hópefli, árshátíðum með meiru. Í raun gerum við hvað sem er og reynum að verða við óskum hvers og eins. Oftast erum við að skipuleggja ferðir fyrir starfsmenn fyrirtækja og erlenda gesti sem ýmist eru hér í hvata- eða ævintýraferðum. En við sjáum einnig um að skipuleggja ferðir fyrir vinahópa og fjölskyldur sem vilja eiga skemmtilegan dag saman."

Kristinn segir jólahlaðborð Eskimos vera vinsælust meðal Íslendinga yfir vetrartímann þar sem efnt er til veglegrar veislu í sveitahlöðu í Skorradal í Borgarfirði eða villibráðarhlaðborð sem haldið er á Stokkseyri. „Þetta er mjög vinsælt," segir Kristinn. „Með hlaðborðinu er fólk þá að taka ýmsa viðburði með eins og ættbálka-, bænda- og hálandaleiki, eða fjórhjólaferðir. Fólk ræður svo hvort það tekur heilan dag eða tvo daga í jólastemninguna samhliða jólahlaðborðinu, gistingu og morgunmat. En hlaðborðin má halda hvar sem er. Við erum í samstarfi við veisluþjónustur og leigjum sali í bænum eða úti á landi eftir óskum fólks." Kristinn segir eftirspurnina eftir jólahlaðborðunum hafa verið mikla þetta árið enda hafi fólk gaman af því að brjóta út af vananum og gera eitthvað nýtt og öðruvísi.

Eskimos er einnig með öfluga starfsemi allan ársins hring þar sem hægt er að óska eftir ævintýralegum ferðum sem lifa lengi í minningunni. Boðið er upp á hellaskoðanir, flúðasiglingar, kajak- og hestaferðir, siglingar, fjórhjólaferðir, snjósleðaferðir, go-kart, ýmsa keppnisleiki, fjölskylduferðir og ýmislegt annað sem ögrar adrenalínframleiðslu líkamans.

Nánari upplýsingar má finna á www.eskimos.is.


Hellaskoðun er bæði ævintýraleg og skemmtileg upplifun.


Jólahlaðborð fyrir vinahópa, fjölskyldur eða samstarfsmenn eru vinsæl um þessar mundir. Veislusalurinn, eða réttara sagt veisluhlaðan, í Skorradal er hin glæsilegasta þar sem skemmtileg hópstemning myndast eftir viðburðaríkan dag.


Snjósafarí. Fjórhjólaferðir eru ekki síður skemmtilegar á veturna.



Básar eru fallegir í vetrarbúningi og laða auðveldlega fram hátíðarstemningu hjá gestum sínum.

# Hátíðarferðir í Bása

***Ferðafélag Útivistar hefur mikið dálæti á Básum í Þórsmörk og verður með þrjár ferðir þangað í desembermánuði.***

Dagana 1. til 3. desember ætlar Útivist að fara í sína árlegu aðventuferð í Bása í Þórsmörk. Búast má að snjór liggi yfir Mörkinni á þessum tíma og því auðvelt að komast í rétta aðventu- og jólaskapið. Farið verður í gönguferðir, föndrað, haldin verður kvöldvaka og staðið fyrir veglegu jólahlaðborði.

Seinni aðventuferð Útivistar er jeppaferð sem farin verður inn í Bása 9.-10. desember. Þetta er árviss ferð þar sem jeppamenn fá útrás fyrir bílaáhugann í bland við léttar gönguferðir og skemmtilega jólastemningu á kvöldvöku.

Þeir sem vilja svo eiga öðruvísi áramót geta slegist í för með Útivist inn í Bása 30. desember til 1. janúar þar sem ferðalangar njóta flugelda og áramótabrennunnar í faðmi Þórsmerkur.

*- jóa*



New York hefur lengi heillað heimsbúa og nú gefst Íslendingum kostur á að heimsækja borgina með reyndum fararstjóra.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## New York, New York

NEW YORK ER UPPLAGÐUR STAÐUR FYRIR HELGARFRÍIÐ.

Dagana 22. til 26. mars flýgur Icelandair til New York. Þá helgina verður Hallfríður Þórarinsdóttir fararstjóri í ferðinni en hún er vel kunnug New York. Sagt er að þeir sem koma til New York í fyrsta skipti falli hreint í stafi og að upplifunin sé einstök. Hér er því gott tækifæri fyrir þá sem vilja kynnast borginni undir leiðsögn fararstjóra og fá þannig sem mest út úr ferðinni. Hallfríður mun fara með farþega á áhugaverðustu staði borgarinnar eins og SoHo, China Town, Little Italy, Times Square, Central Park, Empire State, South Street Seaport, City Hall, Wall Street, World Trade Center, Fifth Avenue og marga fleiri.

Þetta er einstakt tækifæri til að kynnast stórkostlegu menningarlífi New York og auðvitað að tjútta aðeins um leið.

Verð á mann í tvíbýli er 89.900 krónur en nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is undir borgarferðir.

**- jóa**

# SAS hefur áætlunarflug frá Íslandi til Svíþjóðar

***Scandinavian Airlines hefur stækkað leiðakerfi sitt og hefur flug frá Íslandi til Svíþjóðar í lok apríl.***

Flugfélagið Scandinavian Airlines, eða SAS, hefur síðustu misseri unnið að því að stækka leiðakerfi sitt innan Evrópu ásamt því að auka framboð lággjaldafarrýma. Íslendingar koma til með að hagnast á stærra leiðarkerfi þar sem ákveðið hefur verið að hefja beint flug milli Íslands og Svíþjóðar 27. apríl næstkomandi.

Fyrirhugað er að fljúga þrisvar í viku, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Flogið verður klukkan 9.25 að morgni til. Sala farmiða hófst núna fyrir helgi. Verð er hagstætt og þykir mikill kostur að í boði er að kaupa farmiða aðra leið, til eða frá Íslandi.

Íslendingar geta því nýtt sér aukna ferðamöguleika og verið tíðir gestir á Norðurlöndunum enda mun SAS halda áfram áætlunarferðum sínum frá Íslandi til Noregs í vetur.

*- jóa*



SAS býður flug þrisvar í viku til Svíþjóðar frá Íslandi. Flugfarþegum er boðið upp á að kaupa miða einungis aðra leiðina.





KORTER

**ekki missa af okkar landsfræga og margrómaða jólahlaðborði.**
**Pantið tímanlega til að tryggja ykkur borð. Síðast komust færri að en vildu.**

Á **föstudags- og laugardagskvöldum** er innifalið í verði;
Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dansi, rútuferðir fram og til baka.
**Sunnudagskvöldin** eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning handa börnunum, frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.
**Fimmtudagskvöldin** koma á óvart hjá okkur. **Fimmtudagskv. 30. nóv., 7. des., og 14 des.,** skemmta **óperu-ídívurnar Davíð og Stefán**. Þeir hafa slegið í gegn með glæsilegum söng og líflegri framkomu. Þeir syngja ítalska gleðitónlist, íslenska slagara, Elvis, Abba og allt þar á milli. Stórgóð skemmtun fyrir alla aldurshópa.
Tilvalið fyrir starfsmannahópa, vinahópa, klúbba, félagasamtök og alla hópa sem vilja hafa gaman og láta dekra við sig í mat og drykk .



Veislur
Árshátíðir
Jólahlaðborð
Brúðkaup
Fermingar
Vinnustaðafundir
Hópefli
Ráðstefnur o.fl.

VEISLUSTAÐUR ALLT ÁRIÐ

**4 glæsilegir salir - allt að 350 manns**

**Aðeins nokkur kvöld laus**



Uppl. og bókanir í síma
**567 2020**

**Skíðaskálinn í Hveradölum**
www.skidaskali.is - skidaskali@skidaskali.is



# Vika í USA

**San Fransisco**
**21.200**
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.

**Florida**
**17.800**
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.

**Boston**
**23.300**
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta

www.hertz.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HER 35383 11/06

Hertz
Sími: 50 50 600 • www.hertz.is








allt
matur
Alla föstudaga



**Orðabækur** eru rándýrar eins og námsmenn þekkja. Sniðugt er að biðja um eina stóra og vandaða orðabók í jólagjöf enda er það gjöf sem endist um aldur og ævi.

# Þreifa sig áfram í listinni

***Heyrn og snertiskyn eru öflug verkfæri sem nýttust vel á glerbræðslunámskeiði sem haldið var fyrir sjóndapra á Vesturgötu 7.***

„Þið verðið að ákveða hvora hliðina á glerinu þið viljið láta snúa upp, þá möttu eða glans. Þið heyrið það á ískrinu. Ef slétta hliðina á að vísa upp þá á ískurhliðin að snúa niður.“ Það er kennarinn Áslaug Benediktsdóttir sem hefur orðið. Hún er vön í glerinu, hefur haldið námskeið áður fyrir blinda og sjónskerta og segir þá geta býsna mikið. „Maður lærir líka mikið á að kenna þeim,“ bætir hún við.

Þrjár konur eru hjá henni þennan daginn, allar með einhverja sjón. Ein þeirra er Guðrún Gísladóttir, hún hefur verið áður. „Það er skemmtilegra að koma í annað sinn því þá veit maður aðeins hvað um er að vera,“ segir hún. „Það verður að pússa glerið vel og láta það snúa rétt en það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvernig hlutirnir verða. Það sést ekki fyrr en þeir koma úr ofninum.“ útskýrir hún. Guðrún er með svokallaðan RB-augnsjúkdóm. Hún kveðst sjá allvel það sem er beint fyrir framan hana en sjónsviðið sé alltaf að þrengjast.

Guðrún Þórarinsdóttir situr gegnt henni við borðið. Hún segist sjá allt ágætlega nema það sem hún sé að horfa á. „Ég sé ekki framan í fólk sem er beint fyrir framan mig þó ég sjái útlínur þess og það fyrsta sem ég hætti að geta lesið voru stóru fyrirsagnirnar í blöðunum.“ Hún frétti af námskeiðinu hjá Blindrafélaginu og fagnar því að fá að vinna með höndunum. „Það er svo gaman að fá að skapa eitthvað,“ segir Guðrún sem hefur fengist við námsefnisgerð eftir að hún hætti sérkennslu á Selfossi.

Ásdís Lilja Guðmundsdóttir er 27 ára og missti sjónina fyrir ári af völdum sykursýki en hefur endurheimt svolítinn hluta hennar aftur með hjálp læknisaðgerða. „Ég bjarga mér alveg,“ segir hún hress. „En það er eins og ég horfi alltaf gegnum sápukúlur, það er svona olíubrák á öllu.“ Spurð hvort hún sé handavinnukona svarar hún hlæjandi. „Nei, ég verð nú að vera alveg hreinskilin með það en ég ákvað að taka þátt í einhverju sem var boðið upp á hjá Blindrafélaginu. Þetta er í fyrsta skipti sem ég geri það.“

Allar eru þær að pússa og leggja glerið eftir þeim reglum sem Áslaug setur. Svo er brennslan eftir. „Vonandi verður einhver afrakstur með góðri hjálp kennarans,“ segja þær og Áslaug er fljót að henda það á lofti. „Það þurfa allir hjálp til að byrja með hvort sem þeir sjá vel eða ekki.“

*gun@frettabladid.is*



Áslaug aðstoðar Guðrúnu Þórarinsdóttur við að pússa. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Hvernig átti þetta að vera?



Guðrún Þórarins er búin að gera mynd handa bróður sínum. Hún heitir Mánaskin.



Ásdís Lilja og Guðrún Gísladóttir ánægðar í gleriðjunni.




# Vilt þú stunda nám í persónulegum skóla?

***Góð aðstaða til náms, persónuleg þjónusta, öflugt félagslíf og kraftmikið íþróttastarf***

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í sveit. Þar er kennt á fjórum námsbrautum. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu. Að vera í heimavistarskóla er lífsreynsla sem maður býr að alla ævi.

***Innritun í Framhaldsskólann á Laugum fyrir haustönn 2007 lýkur 12. júní nk.***









**NÁMSBRAUTIR:**
Félagsfræðibraut
Náttúrufræðibraut
Íþróttabraut
Almenn námsbraut

Heimavist og mötuneyti
Góð íþróttaaðstaða



Framhaldsskólinn á Laugum er staðsettur í Reykjadal í Þingeyjarsveit. Þaðan er stutt til Akureyrar og Húsavíkur.

**FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM**
**www.laugar.is | 464 6306 | 464 3112**


# Hollir eftirréttir



Heilnæmt hráefni gerir kökur hollar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

***Heilsukostur – kökur og eftirréttir er heiti námskeiðs sem haldið er annað kvöld í Manni lifandi Borgartúni 24.***

Einn af meistarakokkum fyrirtækisins Maður lifandi er köku- og eftirréttadrottningin Auður Ingibjörg Konráðsdóttir. Hún er hafsjór af fróðleik um hollar kökur og eftirrétti og mun miðla af þeirri visku sinni á námskeiði sem fram fer annað kvöld, 23. nóvember milli klukkan 18 og 20.

Farið verður yfir hvernig hægt er að galdra fram góða, flotta og holla eftirrétti með lítilli fyrirhöfn og engu samviskubiti. Kynntar verða uppskriftir og ráðleggingar veittar um heilnæmt hráefni og aðferðir.


# Þau hafa lengt sinn sólarhring!

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**TILBOÐ!!** KB Námsmenn og Mastercard korthafar
**NÝTT!!** 3 vikna hraðnámskeið **1. des.**
**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# bílaland B&L

bíla land B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Verð frá 500.000 til 1.500.000.-



Opel Zafira, nýskr. 11/2002, 1800cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 50.000 þ. Verð 1.430.000.



Hyundai Getz Nýskr. 01/2005, 1600cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósblár, ekinn 28.000 þ. Verð 1.290.000.



Hyundai Matrix nýskr. 07/2002, 1600cc, 4 dyra, fimmgíra, ljósbrúnn, ekinn 76.000 þ. Verð 940.000.



Hyundai Starex, nýskr. 06/2000, 2400cc, 5 dyra, fimmgíra, rauður / grár, ekinn 85.000 þ. Verð 890.000.



Renault Clio nýskr. 05/2001, 1400cc, 3 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 101.000 þ. Verð 580.000.



Renault Laguna Nevada nýskr. 10/2000, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 77.000 þ. Verð 990.000.

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-



Hyundai Tucson nýskr. 09/2005, 2000cc, 5 dyra, fimmgíra, grár / svartur, ekinn 17.000 þ. Verð 2.370.000.



Renault M II nýskr. 04/2005, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 33.000 þ. Verð 1.930.000.



Renault Scenic II nýskr. 10/2003, 1600cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 56.000 þ. Verð 1.660.000.



Toyota Rav 4 nýskr. 06/2003, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 87.000 þ. Verð 2.050.000.



Volkswagen Golf Comfortline nýskr. 06/2005, 2000cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 27.000 þ. Verð 1.680.000.



Volvo S40 nýskr. 03/2005, 2400cc, 4 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 16.000 þ. Verð 2.970.000.

## Verð frá 3.000.000.-



BMW 118I nýskr. 11/2005, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósblár, ekinn 10.000 þ. Verð 3.290.000.



BMW 320D nýskr. 08/2006, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 4.000 þ. Verð 4.350.000.



BMW X3 nýskr. 06/2005, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 32.000 þ. Verð 5.250.000.



BMW X3 nýskr. 05/2006, 2500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 9.000 þ. Verð 6.090.000.



BMW X5 nýskr. 06/2004, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 51.000 þ. Verð 5.590.000.



Toyota Avensis nýskr. 11/2005, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 14.000 þ. Verð 3.050.000.

## Atvinnubílar



Citroen Berlingo nýskr. 06/2003, 1400cc, 6 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 49.000 þ. Verð 970.000.



Nissan Vanette nýskr. 08/2001, 2300cc, 5 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 119.000 þ. Verð 930.000.



Opel Combo nýskr. 08/2005, 1700cc, 6 dyra, fimmgíra, grár, ekinn 17.000 þ. Verð 1.490.000.



Renault Kangoo nýskr. 02/2003, 1400cc, 6 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 90.000 þ. Verð 850.000.



Renault at Master nýskr. 10/2003, 2500cc, 6 dyra, fimmgíra, blár, ekinn 130.000 þ. Verð 2.050.000.



Renault at Trafic nýskr. 11/2004, 1900cc, 6 dyra, beinskiptur, gulur, ekinn 107.000 þ. Verð 1.850.000.

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 22. nóvember 2006 – 45. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



**Dagsbrún og Avion**
Ris og fall tveggja viðskiptamódela 8

**Samfélagsleg stefna fyrirtækja**
Ábyrgð eða auglýsing? 10-11



**SÍA**
Effie-verðlaunin í annað sinn 14




## Baugur skoðar spítalafasteignir

Baugur hefur til skoðunar þátttöku í kaupum á spítalabyggingum í Bretlandi. Byggingarnar hýsa spítalakeðju sem er í eigu fjárfestingarsjóðsins Apax og fleiri fjárfesta.

Baugur fjárfesti á sínum tíma í fasteignasjóði undir forystu Nick Leslau sem sá meðal annars um kaup á fasteignum Big Food Group. Ekki er um að ræða kaup á Spítalakeðjunni sjálfri heldur fasteignum hennar. Aðrir fjárfestar í hugsanlegum fasteignakaupum eru Tom Hunter og HBOS bankinn.

Baugur hefur leitt verkefni með þessum fjárfestum í smásöluverslun og tekið þátt í öðrum verkefnum sem leidd hafa verið af þessum fjárfestum, meðal annars í fasteignakaupum. - hh

## 365 lækkar áfram

Markaðsvirði 365 hf. hélt áfram að lækka hratt á öðrum viðskiptadegi í sögu félagsins eftir að Dagsbrún var skipt upp í 365 og Teymi.

Rétt fyrir lokun markaða í gær nam heildarlækkun á virði félagsins um 2,5 milljörðum króna frá því á föstudaginn. Þetta var um sautján prósenta lækkun á gengi félagsins á sama tíma.

Stóð hluturinn í 3,81 krónu rétt fyrir lokun markaða.

Upplýsingatækni- og fjarskiptafélagið Teymi hafði hins vegar lækkað töluvert minna frá uppstokkun Dagsbrúnar, eða um 400 milljónir króna, á sama tíma. Markaðsvirði Teymis og 365 hafa því verið að nálgast hvort annað en 365 var metið á 55 prósent af heildinni við skiptingu Dagsbrúnar. Nú munar um 400 milljónum króna á félögunum, samanborið við 2,5 milljarða mun við skiptinguna á föstudaginn.

365 er útgáfufélag Markaðarins. - eþa / sjá bls. 8

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Skilaði fjórum** | Hagnaður Icelandair Group nam rúmum þremur milljörðum króna fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi og tæpum fjórum milljörðum króna fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins.

**Batnandi rekstur** | Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, lauk við sölu á nýju hlutafé fyrir hálfan milljarð króna. Rekstur félagsins það sem af er ári er nú betri en í fyrra þegar það tapaði 187 milljónum króna.

**Selja Daybreak** | Stjórn Dagsbrúnar hyggst selja meirihluta hlutafjár í Daybreak Acquisitions Ltd. Stjórnin gerir ráð fyrir 1,5 milljarða varúðarfærslu vegna eignarhlutar félagsins í Daybreak.



**Dagsbrún öll** | Dagsbrún hefur verið skipt upp í tvö skráð rekstrarfélög, 365 á sviði fjölmiðla og afþreyingar og Teymi á sviði upplýsingatækni og fjarskipta. Jón Ásgeir Jóhannesson er nýr stjórnarformaður 365.

**Eigendur sameinast** | Eigendur Olíufélagsins hf. og Bílanausts hf. hafa ákveðið að sameina rekstur félaganna snemma á næsta ári. Bæði félögin eru í fullri eigu BNT hf. Um sjö hundruð manns vinna hjá fyrirtækjunum.

**Vilja Marel** | Hollenska fyrirtækjasamstæðan Stork hefur lýst yfir eindregnum áhuga á að eignast Marel. Félögin hafa hingað til einungis átt í óformlegum viðræðum og vill hvor um sig eignast hinn.

**Ticket styrkist** | Sænska ferðaskrifstofukeðjan Ticket, sem er að fjórðungshluta í eigu Fons, hefur samið um kaup á 75 prósentum hlutafjár í MZ Travel, sænskri ferðaskrifstofukeðju sem sérhæfir sig í viðskiptaferðum.

# Neituðu að undirrita

### Sérfræðingar Ríkisendurskoðunar neituðu að skrifa undir skýrslu um Íbúðalánasjóð nema að settur yrði fyrirvari.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Uppi eru efasemdir um að forsendur þær sem Ríkisendurskoðun gaf sér varðandi áhættustýringu Íbúðalánasjóðs fái staðist. Í byrjun mánaðarins sagði Ríkisendurskoðun áhættustýringuna vera viðunandi og ólíklegt að reyni á ríkisábyrgðir vegna sjóðsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins urðu nokkrar deilur í sérfræðinganefndinni sem Ríkisendurskoðun fékk til að fjalla um áhættustýringu sjóðsins og gengu þær svo langt að hluti nefndarmanna neitaði að skrifa undir skýrslu þá sem skila átti til félags- og fjármálaráðuneytis nema að í hana yrði settur fyrirvari um að matið byggði á þeirri forsendu að sjóðurinn gæti ávallt brugðist við uppgreiðslum lána með því að endurlána eða fjárfesta á betri kjörum. „Hér er um mjög afgerandi forsendu að ræða og erfitt að meta líkurnar á að hún standist," segir í álitinu sem skilað var til ráðherra. „Hafi sjóðurinn ekki færi á að endurfjárfesta innborguðu fé vegna uppgreiðslna útlána eða endurfjárfestir það með marktækt minni vaxtavíðbót en verið hefur þá eykst verulega hættan á að endar nái ekki saman á einhverjum tímapunkti."

Greiningardeild Kaupþings banka veltir sérstaklega fyrir sér þeim fyrirvörum sem koma fram hjá Ríkisendurskoðun varðandi endurfjárfestingaráhættu sjóðsins. „Ef langtímaraunvextir lækka talsvert frá núverandi gildi gætu forsendur breyst töluvert varðandi endurfjármögnun sjóðsins," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar bankans. „Þegar sjóðurinn skipti úr húsbréfum í íbúðabréf gaf hann út óafturkallanlega skuldabréfaflokka sem eru bundnir við 4,75 prósenta vexti. Af þeim sökum gæti almenn lækkun raunvaxta hér leitt til þess að uppgreiðslur myndu aukast á nýjan leik og afskaplega erfitt verður að finna greiðsluflæði á móti útistandandi bréfum í lægra vaxtaumhverfi."

Ásgeir segir hins vegar ólíklegt að vaxtamunur við útlönd verði áfram jafnmikill og verið hefur, fyrirséð sé lækkun stýrivaxta hér og svo sé náttúrlega aldrei að vita hvað hér gerist síðar meir í gjaldeyrismálum, svo sem hvað varði upptöku evrunnar. Þá kunni breytingar á borð við niðurfellingu á stimpilgjaldi að gera húsnæðislán mun hreyfanlegri og ýta undir uppgreiðslur hjá öllum fjármálastofnum, þar með talið Íbúðalánasjóði.

Jóhann G. Jóhannsson, sviðsstjóri fjármálasviðs Íbúðalánasjóðs, segir forsendur Ríkisendurskoðunar standast, enda vegi uppgreiðsluþóknun á stærstum hluta bréfa sjóðsins á móti mun á eigin útlánum sjóðsins og ríkistryggðum vöxtum hverju sinni. Hann bendir á að í álitinu hafi einnig verið aðrar varfærnar forsendur svo sem um að Íbúðalánasjóður myndi ekki stækka. „En í dag er hann að stækka," segir hann og bendir á að eins og staðan sé í dag hagnist sjóðurinn á uppgreiðslum.

Jónann segir lítið eftir af óafturkræfum skuldabréfaflokkum á 4,75 prósenta vöxtum. „Þar erum við búin að fá svo mikla uppgreiðslu, en þetta liggur í húsbréfunum. Líftími þeirra er mjög stuttur þannig að þetta hefur ekki mikil áhrif," segir hann og skýtur á að af heildarútlánum sjóðsins upp á 400 milljarða, séu um 100 milljarðar sem falli í þann flokk.

# Óbreytt mat á ríkisskuldabréf

Lánshæfismatsfyrirtækin Moody´s Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor´s gáfu í gær nýrri skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs Íslands til fimm ára upp á einn milljarð evra einkunn í samræmi við fyrra hæfismat fyrirtækjanna á erlendum skuldbindingum ríkissjóðs. Moody´s gefur einkunnina Aaa, en Fitch og Standard & Poor´s einkunnina AA-. Skuldabréfaútgáfan er einvörðungu til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og með gjalddaga í desember 2011.

Í greinargerð Moodys eru horfur fyrir hæfismatið sagðar stöðugar. Þegar Fitch mat lánshæfi ríkissjóðs fyrr í mánuðinum voru horfur fyrir matið sagðar neikvæðar og stendur sú skoðun enn. Sömuleiðis segir Standard & Poor´s horfur neikvæðar.

Í mati Vincents J. Truglia og Joan Feldbaum-Vidra, sérfræðinga Moody´s, er bent á að skuldir ríkisins séu mjög litlar. „Ríkisstjórnin telur mikilvægt að styrkja lausafjárstöðu landsins til að það sé betur í stakk búið til að takast á við áföll, sér í lagi vegna viðskiptahalla þjóðarinnar sem hafi verið ört vaxandi og þá sérstaklega með tilliti til skulda bankanna," segir Feldbaum-Vidra, en bendir á að bankarnir hafi þegar að fullu fjármagnað skuldbindingar sem til falla á næsta ári vegna fjármögnunar þeirra. Fitch segir enn að virðist nokkuð í land í að jafnvægi náist í hagkerfinu og það þrátt fyrir að bankarnir hafi nýverið tekið fjármögnun sína fastari tökum, en þar sem skuldir þeirra nemi 90 prósentum af heildarskuldum þjóðarinnar hafi það skipt verulegu máli. Bent er á að hátt vaxtastig hafi enn ekki náð að hægja að marki á einkaneyslu og fjárfestingu. Þótt landið standi á margan hátt vel, skuldsetning hafi að miklu leyti farið í arðbæra erlenda fjárfestingu og tekjur á mann séu háar, þá segir í mati Fitch að tíminn verði að leiða í ljós hvernig spilast úr ójafnvægi í hagkerfinu. - óká


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,4%*

GBP 6,0%*

USD 6,2%*

EUR 3,8%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 2. október - 1. nóvember 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| 365 | -8% | -30% |
| Actavis | 2% | 35% |
| Alfesca | 2% | 23% |
| Atlantic Petroleum | -1% | 35% |
| Atorka Group | 2% | 0% |
| Avion Group | 1% | -29% |
| Bakkavör | 1% | 18% |
| FL Group | 2% | 20% |
| Glitnir | 0% | 30% |
| KB banki | 0% | 11% |
| Landsbankinn | 5% | 5% |
| Marel | 1% | 22% |
| Mosaic Fashions | -1% | -10% |
| Straumur | 2% | 11% |
| Össur | 1% | 1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Actavis kaupir rússneskt fyrirtæki

Actavis hefur keypt 51 prósents hlut í rússneska lyfjafyrirtækinu ZiO Zdorovje sem hefur höfuðstöðvar í borginni Podolsk, um 20 kílómetrum frá Moskvu. Kaupverðið er 47 milljónir evra eða um 42 milljarðar króna. Helmingur þess kemur til greiðslu strax en seinni helmingurinn er skilyrt greiðsla og háð afkomu ZiO Zdorovje. Náist afkomumarkmiðin verður þeirri greiðslu varið til frekari uppbyggingar á verksmiðju félagsins.

Að sögn Róberts Wessman, forstjóra Actavis, koma kaupin Actavis í sterka stöðu á Rússlandsmarkaði. „Í ríkisútboðum í Rússlandi eru þeir sem eru með framleiðslu á staðnum í mun sterkari stöðu en önnur fyrirtæki. Með þessu gefst okkur tækifæri til að komast inn á svæði sem við höfum ekki verið á hingað til.“



**RÓBERT WESSMAN** Forstjóri Actavis.

Róbert segir eigendur ZiO Zdorovje hafa sett skilyrði um að halda stórum hluta áfram. Þó sé líklegt að Actavis muni frekar auka við fjárfestingu sína í fyrirtækinu í framtíðinni. Hann segir Actavis jafnframt hafa fleiri kaup í skoðun. Sé meðal annars litið til kaupa á þróunarfyrirtæki sem býr yfir tækni sem Actavis gerir ekki. Vonast hann til þess að náist að loka einum kaupum enn fyrir jólin. **- hhs**

# Áherslan er á erlendar eignir

Fjárfesting lífeyrissjóða í hlutabréfasjóðum nálægt því fjórfaldaðist milli áranna 2000 og 2005, fór úr tæpum 53 milljörðum í tæplega 203 milljarða króna. Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands er aukningin langmest í útlöndum.

Árið 2000 nam fjárfesting innanlands 16,18 prósentum af heildarhlutabréfakaupum, en árið 2005 nam hún 5,17 prósentum. Þannig jukust fjárfestingar innanlands um 22 prósent á tímabilinu, úr 8,5 milljörðum í 10,5 milljarða króna, en um 435 prósent utan landsteinanna, úr 44,2 milljörðum í 192,4 milljarða króna. **- óká**

# Tvö félög undir upplausnarvirði

## Eigið fé Flögu og SS hærra en markaðsvirði. 1,1 milljarði munaði á eigið fé og heildarvirði SS.

Tvö félög í Kauphöll Íslands, Sláturfélag Suðurlands og Flaga, eru undir upplausnarvirði sem þýðir að bókfært eigið fé félaganna er meira en markaðsvirði þeirra.

Í fjármálafræðum notast menn við V/I-gildi (Q-gildi) þegar reiknað er markaðsvirði fyrirtækja sem hlutfall af bókfærðu eigin fé. Sé hlutfallið undir einum er markaðsvirði lægra en eigið fé og félagið því undir upplausnarvirði.

Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur hjá Kaupþingi, segir að þegar félög eru undir upplausnarvirði geti fjárfestar hugsanlega haft áhuga á að taka þau yfir og leysa upp eignir.

„Það er hins vegar alltaf varasamt að nota eina kennitölu til að alhæfa eitthvað um verðlagningu félaga.“ Hann bendir á að meðal eigna geti verið bókfærð viðskiptavild sem hugsanlega standi ekki undir sér. „Í raun er nauðsynlegt að endurmeta allar skuldir og eignir félagsins ef fá á góðan mælikvarða á raunverulegt upplausnarvirði.“

Eigið fé SS um mitt ár var um 1.100 milljónum króna hærra en síðasta markaðsvirði félagsins. Eigið fé Flögu í lok september er meira en 800 milljón krónum hærra en markaðsvirði félagsins. Fyrrnefnda félagið er þó samvinnuhlutafélag þar sem eignarhald og atkvæðisréttur fara ekki saman.

Haraldur Yngvi bendir á að til séu rannsóknir sem hafi sýnt að bestu langtímafjárfestingarnar séu í félögum með lágt V/I-gildi. Þetta er þó ekki algild regla. Þannig hafi til dæmis Bakkavör, sem er með eitt hæsta V/I-gildið í Kauphöllinni, sýnt hærri arðsemi eigin fjár en flest önnur rekstrarfélög. **- eþa**

**V/I GILDI FÉLAGA Í KAUPHÖLL**

| Fyrirtæki | Áætlað V/I-gildi * |
|---|---|
| SS | 0,26 |
| Flaga Group | 0,68 |
| Alfesca | 1,27 |
| Eimskipafélagið | 1,27 |
| Atorka Group | 1,32 |
| Icelandic Group | 1,33 |
| Exista | 1,38 |
| FL GROUP | 1,39 |
| Straumur-Burðarás | 1,47 |
| 365 | 1,56 |
| Teymi | 1,56 |
| TM | 2,05 |
| Kaupþing | 2,18 |
| Atlantic Petroleum | 2,21 |
| Marel | 2,29 |
| Landsbankinn | 2,29 |
| Glitnir | 2,51 |
| Actavis Group | 2,68 |
| Mosaic Fashions | 2,81 |
| Nýherji | 2,81 |
| Vinnslustöðin | 3,69 |
| Össur | 3,84 |
| Bakkavör | 4,73 |

** Miðað við markaðsverðmæti Kauphallarfélaga þann 17. nóvember og bókfært eigið fé félaganna við 6 eða 9 mánaða uppgjör.*

# Óskabarn þjóðarinnar aftur í Kauphöllina

## Stjórnarformanni Eimskipafélagsins finnst líklegt að KingStreet breyti sex milljarða skuld í hlutafé. Ekki ákveðið hvort fleiri eignir, til dæmis Air Atlanta, verði seldar.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Yfirgnæfandi meirihluti fundargesta á hluthafafundi í Avion Group samþykkti að breyta nafni félagsins í Hf. Eimskipafélags Íslands. Hið sögufræga félag er þar með komið aftur í Kauphöll Íslands eftir nærri þriggja ára fjarveru en um 80 prósent af veltu félagins kemur frá starfsemi Eimskips.

„Það er ekki af einhverri tilfinningasemi sem stjórnin gerir þetta að tillögu sinni. En ég skal alveg viðurkenna það að mér finnst einkar ánægjulegt að hefja þetta nafn til frekari vegs og virðingar í íslenskri sögu á nýjan leik,“ sagði Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Hf. Eimskipafélags Íslands, á síðasta hluthafafundi Avions.

Jafnframt samþykkti fundurinn að veita stjórn heimild til að taka lán að upphæð 100 milljónir Kanadadala, sem samsvarar 6,1 milljarði króna, á fimmtán prósenta föstum vöxtum vegna 38 milljarða króna yfirtöku Eimskips á Atlas Cold Storage. Skuldareigandinn, KingStreet í Toronto í Kanada, hefur heimild til að breyta þessu láni hvenær sem er í hlutafé til lok ársins 2011.

Magnús segir það vera eðlilegan hlut að skuldabréf geti verið með breytirétti ef sá sem lánar féð hefur áhuga að taka frekari þátt í rekstrinum eins og var raunin í þessu tilfelli. Hann segir að fimmtán prósenta vextir hljóti að mælast sem háir vextir en býst aftur á móti fastlega við því að KingStreet, sem vann náið með Avion við nokkuð harðvítuga yfirtöku á Atlas, nýti sér heimildina og breyti skuldinni í hlutafé.

Eimskip hefur tekið miklum umskiptum frá árinu 2004. Baldur Guðnason, forstjóri Hf. Eimskipafélagsins, bendir á að markmið sem þá voru sett um vöxt félagsins til ársins 2010 hafi nú nánast náðst fyrir árslok 2006. Velta félagsins er áætluð 100 milljarðar króna á núverandi rekstrarári sem er fimmföldun frá árinu 2004.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON RÆÐIR VIÐ MAGNÚS ÞORSTEINSSON Á SÍÐASTA HLUTHAFAFUNDI Í AVION** Hluthafar samþykktu að breyta nafni Avion Group í Hf. Eimskipafélags Íslands. Yfir 80 prósent af veltu félagsins liggja í starfsemi Eimskips. MARKAÐURINN/GVA

Fyrir utan flutningareksturinn í Eimskip á Hf. Eimskipafélagsins eignarhluti í Air Atlanta Icelandic og helmingshlut í Avion Aircraft Trading. Magnús segir ekkert vera ákveðið í því hvort félagið selji alla starfsemi frá sér nema Eimskip. „En eins og með alla hluti þá er allt til sölu í sjálfu sér. Þessi félög [Eimskip og Air Atlanta] vinna mjög vel saman. Eimskip er ekki bara í skipaflutningum, það er einnig alþjóðlegur og alhliða flutningaaðili og þar eru flugflutningar einn hluti.“

**Engum líkar við gluggapóstinn, ekki einu sinni þeim sem senda hann**

www.spf.is

Viðskiptavinir SPRON Factoring hf. fela okkur umsjón og eftirlit með lánsviðskiptum til þess að geta veitt viðskiptavinum sínum betri þjónustu, aukið söluna og losnað við áhyggjur. Við hjálpum þeim að finna trausta viðskiptavini, fjármögnum vöxtinn, bókum viðskiptamannabókhaldið og þjónustum skuldunauta þeirra.

**SPRON Factoring hf.**
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

S: (+354) 553 6300
F: (+354) 553 6336
mottaka@spf.is

spron FACTORING




OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER

WWW.ROLEX.COM

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

## Nýir hluthafar í SPRON Factoring

Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóðabanki Íslands hafa eignast hluti í SPRON Factoring sem sérhæfir sig í kröfuþjónustu fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Sparisjóðabankinn seldi kröfukaupadeild sína í skiptum fyrir hlutafé.

SPRON er eftir sem áður meirihlutaeigandi í SPRON Factoring en einnig eiga lykilstarfsmenn hluti í félaginu. Meirihluti viðskiptavina SPRON Factoring er í viðskiptum við keppinauta sparisjóðanna og því er félagið sjálfstætt. - eþa

# FME hnykkir á armslengdarsjónarmiðum

### Gæta verður að hagsmunatengslum stjórnarmanna. Ytri endurskoðendur fari yfir einstök mál.

Fjármálafyrirtæki skulu skilgreina í starfsreglum hverjir teljist venslaðir fyrirtækinu. Vakni spurning um hagsmunatengsl vegna fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækis til einhvers, telst sá venslaður því. Þetta kemur fram í nýrri útgáfu leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins (FME) til fjármálafyrirtækja.

„Ein leið til þess að tryggja góða stjórnarhætti er að eigendur fjármálafyrirtækja gæti þess að viðskiptatengsl byggi á armslengdarsjónarmiðum og þeir hugi vel að hæfiskröfum sjálfra sín við töku einstakra ákvarðana,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME.

Gerð er krafa um að að fjármálafyrirtæki leggi fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra. Þá á endurskoðandinn að gefa rökstutt álit um kjör, endursamninga og stöðu venslaðra og því skal skila til FME. Stærri fjármálafyrirtæki eiga að senda inn skýrslu árlega, en önnur annað hvert ár.

Í tilmælum FME segir einnig að starfsreglur stjórna fjármálafyrirtækja skuli kveða skýrt á um það að í tilvikum þegar stjórnarmenn taki ekki þátt í meðferð máls vegna hagsmunatengsla skuli þeir víkja af fundi og ekki fá aðgang að gögnum sem varða viðkomandi mál. - óká

## Metvöxtur hjá olíusjóðnum

Eignir norska lífeyrissjóðsins, sem gjarnan er nefndur norski olíusjóðurinn jukust um 207 milljarða norskra króna á þriðja ársfjórðungi. Þetta jafngildir tæpum 2.300 milljörðum íslenskra króna en sjóðurinn hefur aldrei vaxið jafn mikið á einum ársfjórðungi.

Eignir sjóðsins voru í lok tímabilsins metnar á rúmlega 1.700 milljarða norskra króna, jafnvirði 18.800 milljarða íslenskra króna.

Ástæðan fyrir aukningunni eru auknar tekjur af olíusölu ríkisins á fjórðungnum. - jab

# Stærsta sambankalán Glitnis á árinu

Glitnir hefur tekið sambankalán til þriggja ára að upphæð 550 milljónir evra eða um 49 milljarðar íslenskra króna. Þetta er stærsta sambankalán Glitnis og jafnframt stærsta einstaka útgáfa bankans á árinu.

Alls tóku 29 alþjóðlegir bankar og fjármálastofnanir í tólf löndum þátt í láninu. Lánskjör eru 30 punktar yfir millibankavöxtum (EURIBOR) en verða 38 punktar ef þóknunum til lánveitenda er bætt við.

Í tilkynningu frá Glitni segir að opnað hafi verið fyrir þátttöku fjárfesta í sambankaláni um miðjan október fyrir um 300 milljónir evra, en vegna mikils áhuga var það hækkað í 550 milljónir evra. - jab

# Fiskur aldrei dýrari

Meðalverð var með hæsta móti á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku. Meðalverðið var 185,81 króna á kíló sem er 5,2 prósenta hækkun á milli vikna, og var fyrri vikan þó dýr. Á móti voru einungis 1.036 tonn af fiski í boði á mörkuðum landsins í síðustu viku en það er með minnsta móti.

Til samanburðar stóð meðalverðið í 176,57 krónum á kíló fyrir hálfum mánuði. Hafði verðið hækkað um 13 prósent á milli vikna og ekki verið hærra í annan tíma.

Ýsa var sem fyrr söluhæsta tegundin á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku en 442 tonn voru seld og fékkst 171,71 króna fyrir kílóið af slægðri ýsu, sem er 13,37 krónum meira en fékkst fyrir ýsuna vikuna á undan.

Tiltölulega lítið var í boði af þorski á mörkuðum í síðustu viku samanborið við vikuna á undan. Einungis 266 tonn fóru af þorski samanborið við 482 tonn vikuna á undan og var meðalverðið 265,02 krónur á kíló fyrir slægðan þorsk sem er 12,39 krónum meira en fékkst fyrir kílóið í vikunni á undan. - jab

# Skoða þagnartímabil fyrir vaxtaákvörðun

### Seðlabanki Íslands finnur fyrir aukinni ásókn erlendra fjármálafyrirtækja í fundahöld þegar nær dregur vaxtaákvörðun bankans. Bankinn veltir fyrir sér reglum vegna þessa.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Seðlabanki Íslands veltir fyrir sér að setja reglur um hversu mikið starfsmenn bankans mega tjá sig við fjölmiðla og fjármálafyrirtæki áður en kemur að stýrivaxtaákvörðunum eða útgáfu hagspár.

Seðlabankinn finnur fyrir aukinni aðsókn fulltrúa fjármálafyrirtækja þegar líður að stýrivaxtaákvörðun, en sums staðar hafa erlendir seðlabankar sett sér reglur um upplýsingagjöf sem jafnvel kveða á um þagnartímabil áður en kemur að stýrivaxtaákvörðun. Er þetta þá bæði gert til þess að hlífa starfsmönnum bankanna við óþarfa áreiti og um leið koma í veg fyrir tilraunir markaðsaðila til að geta sér til um ákvarðanir í vaxtamálum.



**Í FUNDARSAL SEÐLABANKANS** Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur, Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson, bankastjórar Seðlabankans á vaxtaákvörðunardegi bankans í byrjun nóvember. MARKAÐURINN/GVA

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, segir að í raun megi segja að Seðlabankinn sé nú þegar með ákveðið þagnartímabil því bankinn kynni ekki til sögunnar nýjar upplýsingar á fundum með greiningardeildum skömmu fyrir vaxtaákvarðanir eða útgáfu hagspáa. ¿Þetta myndi því ekki breyta miklu að mínu mati,¿ segir hún, en telur um leið líklegt að það gæti ef til vill hjálpað starfsfólki Seðlabankans að geta sagst vera komna í þagnarbindindi. ¿Virði upplýsinga á fjármálamarkaði er hins vegar mjög mikið,¿ segir hún og telur því ekki að undra að fjármálafyrirtæki reyni til hins ítrasta að geta í eyðurnar.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka, segir ágætishugmynd hjá Seðlabankanum að taka upp þagnartímabil fyrir stýrivaxtaákvarðanir. „Að mörgu leyti er eðlilegt að bankinn sé ekki að tjá sig opinberlega rétt áður en kynnt er ákvörðun um stýrivexti,“ segir hann og bendir á að ákvörðunin liggi á endanum hjá bankastjórn Seðlabankans og því kunni að vera varhugavert gefa skilaboð sem túlka megi á mismunandi vegu áður en ákvörðun er tekin. Hann segir hins vegar að ákvarðanataka bankastjórnarinnar mætti gjarnan vera gagnsærri, líkt og hjá Englandsbanka þar sem fundargerðir bankans og umræður um vaxtaákvörðunina eru birtar opinberlega eftir að hún hefur verið tekin. „Verðbólgumarkmiðið gengur enda allt út á gagnsæi.“

Málið er til skoðunar og umræðu hjá bankastjórn Seðlabankans og samkvæmt heimildum Markaðarins er ákvörðunar að vænta um málið á næstunni.

# BNT sameinar rekstur

Eignarhaldsfélagið BNT, eigendur Olíufélagsins Esso, Bílanausts, Ísdekkja og fleiri dótturfélaga, hefur ákveðið að sameina rekstur félaganna. Stefnt er að sameiningunni ljúki í janúar á næsta ári og munu þau þá starfa undir einu merki.

Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri BNT, segir einfaldari og árangursríkari rekstur fást með sameiningunni. „Ísdekk er með hjólbarðana, Bílanaust með varahlutina og Olíufélagið með eldsneytið. Þegar við horfðum ofan í garðinn okkar sáum við að markhópurinn er svipaður hjá öllum. Niðurstaðan var sú að við munum væntanlega ná betri árangri með sameinuðum kröftum en sitt í hvoru lagi,“ segir hann og bætir við að félögin eigi mikil innbyrðis viðskipti. Þá er horft til þess að einfalda flækjustigið með sameiningu auk þess sem helstu deildum, svo sem fjármáladeild, fækkar úr þremur í eina.

Hermann segir sameininguna fyrst og síðast skipulagsbreytingu þar sem reksturinn verði svipaður að flestu leyti en undir einu félagi í stað þriggja eins og nú.

Sameinað félag, sem verður með um 700 starfsmenn, verður tíunda stærsta fyrirtæki landsins með um áætlaða veltu upp á 33,5 milljarða króna í veltu á næsta ári, að mati Hermanns. - jab



**HERMANN GUÐMUNDSSON** Framkvæmdastjóri BNT segir stefnt að því að ljúka sameiningu Olíufélagsins Esso, Bílanausts og fleiri dótturfélaga BNT undir einu merki í janúar. MARKAÐURINN/GVA


**SJÓÐUR 10**
ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA

**39,9%**

Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði m.v. 30.09.2006*

BESTA ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA SJÓÐA SÍÐUSTU 24 MÁNUÐI**

Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.

**KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:**

- **Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun**
- **Eignastýring í höndum sérfræðinga**
- **Ávallt innleysanlegir**

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á **www.glitnir.is** og kláraðu málið.

Sjóður 10 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á **www.glitnir.is/sjodir.**

* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

** Sjá ávöxtun innlendra hlutabréfasjóða á www.sjodir.is




LENNON & SINFÓNÍAN
hljómleikar til heiðurs John Lennon
háskólabíói 1. desember : : UPPSELT
2. desember : : UPPSELT
3. desember : : FÁ SÆTI
: : söngvarar
björn jörundur
hildur vala
kk
eivör pálsdóttir
jón ólafsson
páll rósinkranz
sigurjón brink
magnús þór sigmundsson
haukur heiðar hauksson (dikta)
jens ólafsson (brain police)
: : rokkhljómsveit
jón ólafsson
guðmundur pétursson
stefán már magnússon
pétur örn guðmundsson
friðrik sturluson
jóhann hjörleifsson
tónlistarstjóri : : jón ólafsson
útsetningar : : haraldur vignir sveinbjörnsson
konsertmeistari : : sigrún eðvaldsdóttir
hljómsveitarstjóri : : árni harðarson
kynnir : : sigurður skúlason
: : flutt verða lög eftir John Lennon sem
hafa verið útsett fyrir sinfóníuhljómsveitina
og rokkhljómsveit af þessu tilefni
give
peace
a
chance
AUKA HLJÓMLEIKAR
vegna mikillar eftirspurnar laugardag 2. desember kl. 16
miðasala á midi.is og í skífunni
Coca-Cola
RÁS
EXTON
HÁSKÓLABÍÓ
OFUR HETJUR

# Delta berst gegn samruna flugfélaga

Gerald Grinstein, forstjóri bandaríska flugfélagsins Delta og aðrir stjórnendur þess, unnu að því hörðum höndum í lok síðustu viku að sannfæra hluthafa í flugfélaginu um að hafna óvinveittu yfirtökutilboði landa þeirra og samkeppnisaðila hjá flugfélaginu US Airways, sem lagt var fram á miðvikudag.




**EIN AF VÉLUM DELTA** Bandaríska flugfélagið Delta hefur barist gegn yfirtökutilboði US Airways í félagið. MARKAÐURINN/AFP

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir stjórnina reyna að vinna stuðning lánardrottna, því þörf sé á stífri hagræðingu í rekstri flugfélagsins til að forða því frá gjaldþroti.

US Airways er sjöunda stærsta flugfélag Bandaríkjanna en hjá því starfa 35.000 manns. Delta er hins vegar þriðja stærsta flugfélag landsins með 47.000 starfsmenn. - jab

# Porsche eykur við í Volkswagen

Stjórn þýska bílaframleiðandans Porsche hefur aukið við hlut sinn í bílasmiðjum Volkswagen.

Porsche keypti 21,2 prósenta hlut í Volkswagen á síðasta ári en Wendelin Wiedeking, forstjóri Porsche, sagði skömmu síðar að fyrirtækið ætlaði ekki að verða sem þögull farþegi í aftursætinu og jók hlutinn fyrir skömmu í 27,4 prósent.

Þá hefur forstjórinn gefið í skyn að fyrirtækið muni auka hlutinn enn frekar á næstunni og fara í 29,9 prósent. Fari hluturinn í 30 prósent verður Porsche að gera yfirtökutilboð í Volkswagen, samkvæmt þýskum reglum.

Porsche getur hins vegar seint eignast allan hlut í Volkswagen því 50 ára þýsk lög, sem nefnd hafa verið VW-lögin, kveða á um að héraðsstjórnin í Neðra-Saxlandi hafi 20 prósent atkvæðaréttar í Volkswagen, til að tryggja framleiðslu á bílum og störf í héraðinu.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett sig upp á móti lögunum enda telur hún lögin hamla heilbrigðri samkeppni og mun í næsta mánuði ákveða hvort lögin verða afnumin þrátt fyrir mikinn stuðning við þau í Neðra-Saxlandi. Verði sú raunin fær Porsche tækifæri til að auka enn frekar við stjórnina hjá Volkswagen. - jab



**FORSTJÓRI PORSCHE** Wendelin Wiedeking, forstjóri Porsche, hefur sagt að bílaframleiðandinn ætli ekki að verða þögull farþegi í hluthafahópi Volkswagen. MARKAÐURINN/AFP

# Bretar berjast um sjónvarpsstöð

Breska gervihnattasjónvarpsstöðin BSkyB keypti í síðustu viku 17,9 prósenta hlut í ITV, einu stærsta einkarekna sjónvarpsfélagi Bretlands. Kaupverð nemur 940 milljónum punda eða 124,3 milljörðum íslenskra króna.

Eigandi BSkyB, sem eftir kaupin á 19,9 prósenta hlut í ITV, er fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch en sonur hans, James Murdoch, er forstjóri BSkyB. Skoska dagblaðið The Scotsman segir kaupin mikilvæg fyrir Murdoch en bætir við að BSkyB hafi ekki í hyggju að gera yfirtökutilboð í félagið og líti á kaupin sem langtímafjárfestingu.

Kaup BSkyB hafa hins vegar reitt breska afþreyingar- og fjarskiptakónginn Richard Branson til reiði en kapalstöðin NTL sem Branson á rúman tíunda hlut í, í gegnum félag sitt Virgin Group, hefur átt í samrunaviðræðum við ITV.

Við bætist að BSkyB er stór hluthafi í NTL en Branson hefur farið fram á að fjarskiptaeftirlit Bretlands skeri úr um hvort kaupin séu lögmæt.




**REIÐUR YFIR KAUPUM BSKYB** Richard Branson, stofnandi Virgin Group og stór hluthafi í kapalstöðinni NTL, hefur farið fram á að breska fjarskiptaeftirlitið kanni lögmæti kaupa BSkyB á hlut í ITV. MARKAÐURINN/AFP

Þrátt fyrir þetta eru kaup BSkyB sögð vörn Breta gegn yfirtöku þýsku sjónvarpsstöðvarinnar RTL, sem sögð er íhuga að gera fimm milljarða punda, eða ríflega 660 milljarða króna, yfirtökutilboð í ITV, sem rekið hefur verið án forstjóra síðan í ágúst. - jab

# LSE hryggbraut Nasdaq í annað sinn

## Stjórn Nasdaq gerði yfirtökutilboð í LSE í annað sinn á mánudag. Því var hafnað.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq gerði yfirtökutilboð í kauphöll Lundúna í Bretlandi, LSE, á mánudag. Tilboðið hljóðaði upp á 2,7 milljarða punda eða 357 milljarða íslenskra króna. Þetta var í annað sinn á árinu sem Nasdaq-markaðurinn gerir tilboð í LSE. Síðar sama dag ákvað stjórn LSE að taka tilboðinu ekki.

Nokkrir hlutabréfamarkaðir jafnt vestanhafs sem og á meginlandi Evrópu hafa horft til þess að ganga í eina sæng með LSE síðan í desember í hittifyrra. Þar á meðal eru þýska kauphöllin í Frankfurt, Deutsche Börse, ástralski fjárfestingarbankinn Macquarie og samevrópski hlutabréfamarkaðurinn Euronext.

Tilraunir markaðanna til yfirtöku hafa haft mikil áhrif á gengi bréfa í LSE en það hefur hækkað um 124 prósent síðan yfirtökutilraunir hófust fyrir tæpum tveimur árum.

Nasdaq gerði fyrst yfirtökutilboð í LSE í mars síðastliðnum en það hljóðaði upp á 2,4 milljarða punda eða rúma 313 milljarða íslenskra króna. Stjórn LSE felldi tilboðið og festi Nasdaq sér um þriðjungshlut í markaðnum í kjölfarið. Samfara yfirtökutilboðinu nú hefur Nasdaq sömuleiðis keypt sjö milljónir hluta í LSE til viðbótar og aukið hlut sinn í 28,75 prósent.

Síðdegis á mánudag barst svo tilkynning frá LSE þar sem fram kemur að Clara Furse, forstjóri LSE, telji tilboðið of lágt, það endurspegli ekki mikinn vöxt og framtíðarhorfur LSE.

Haft hefur verið eftir Robert Greifeld, forstjóra Nasdaq, að verði af kaupum á LSE stefni markaðurinn á skráningu bæði vestanhafs og í Evrópu. Nasdaq mun hins vegar ekki hafa í hyggju að endurskoða yfirtökutilboð sitt nema annar markaður bjóði í LSE, að hans sögn.



**KAUPHÖLL LUNDÚNA** Hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq gerði yfirtökutilboð í Kauphöll Lundúna, LSE, í annað sinn á árinu á mánudag. Clara Furse, forstjóri LSE, hafnaði því hins vegar og segir það ekki endurspegla framtíðarhorfur markaðarins. MARKAÐURINN/AFP

# Heimsins besti banki í Danmörku

Danir ættu nú að geta glaðst yfir velgengni sinni í viðskiptalífinu því danski fjárfestingarbankinn Saxo Bank var í síðustu viku valinn besti banki í heimi.

Tæplega 4.200 lesendur breska viðskiptatímaritsins FX Week Magazine völdu bankann í þetta virðingarverða sæti í alþjóðlegri könnun.

Þá lenti bankinn sömuleiðis í fyrsta sæti sem besti gjaldeyrisbanki Norðurlandanna auk þess að vera með besta netbankann. Í umsögn blaðsins segir meðal annars að erlendum fjárfestum hugnist bankinn einkar vel.

Stjórnendur bankans geta vel við unað því fjögur þúsund bankar víða um heim kepptu um sæti á lista FX Week Magazine, sem meðal annars flaggar risabönkum á borð við Citigroup, HSBC, Barclays Capital og JP Morgan í tíu efstu sætunum.

Eric Frydenlund Michelsen, forstjóri bankans, segir verðlaunin einkar ánægjuleg, sérstaklega þar sem bankinn hafi borið sigur úr býtum í samkeppni við stóra og rótgróna banka sem hafi verið lengi við lýði.



**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Danski bankinn Saxo bank hefur verið valinn besti banki í heimi í alþjóðlegri könnun. MARKAÐURINN/PJETUR

Þá sagði Michelsen enn fremur að viðurkenningin sé fyrirtaks auglýsing sem muni laða að fleiri viðskiptavini auk þess sem verðlaunin komi til með að nýtast við frekari útrás bankans. - jab

# Buffett fræðir börn um fjárfestingar

Milljarðamæringurinn Warren Buffett, sem gjarnan hefur verið nefndur „vitringurinn frá Omaha“ vegna hæfileika sinna á fjármálasviðinu, er í þann mund að slá í gegn sem teiknimyndapersóna í þáttunum „Leynilegi milljóneraklúbburinn“ (e. The Secret Millionaire´s Club).

Bandaríska fyrirtækið DIC Entertainment ætlar að gera þrettán þátta teiknimyndaseríu um Buffett og ráð hans, en markmiðið er að kenna börnum á aldrinum fimm til tólf ára að höndla fjármuni.



**WARREN BUFFETT** Milljarðamæringurinn Warren Buffett mun veita börnum ráðleggingar um fjárfestingar og fjármuni í 13 þátta teiknimyndaseríu. MARKAÐURINN/AFP

Andrew Heyward, stjórnarformaður og forstjóri DIC Entertainment, segir fyrirtækið vart geta hafa fengið betri mann í hlutverkið enda hlusti margir eftir hverju því sem Buffett segi.

Í þáttunum er Warren Buffett góðhjartaður ráðgjafi sem nokkur börn, sem búsett eru í Omaha í Nebraska í Bandaríkjunum, leita til einu sinni í viku þegar þau þurfa á ráðum að halda til að bjarga tómstundaheimili sínu úr klóm samviskulauss verktaka, sem hefur keypt það og ætlar að rífa.

Samstarf DIC Entertainment og Buffetts er ekki nýtt af nálinni en fyrirtækið hefur gert stuttar teiknimyndir, sem sýndar hafa verið á hluthafafundum Berkshire Hathaway, fjárfestingarsjóði Warrens Buffetts. - jab



LOEWE.

# Benzinn í sjónvörpunum.

Í nýjustu línunni frá LOEWE ná saman sjónvarpstækni framtíðarinnar og áratuga reynsla LOEWE af gæðum og vandvirkni. Þau eru framleidd í Þýskalandi eftir ströngustu gæðakröfum. Sígild hönnun, nýjasta tækni og þekktur áreiðanleiki LOEWE tækjanna tryggja þér bestu myndgæði og áralanga endingu.



LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands.



## LOEWE Concept

Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.

Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.

HD-Ready tækni með stafrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafrænum sjónvarpsmóttakara.

LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.

Sound+ hljóðkerfi með CRX surround hljómi.

**LOEWE Concept 32"**
**Tilboðsverð: 189.900.-**
Listaverð: 239.900.-

## LOEWE Xelos

Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platínugrátt eða steinsvart. HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.

Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari. Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun. Kraftmikið Sound+ hljóðkerfi gefur frábær hljómgæði.

**LOEWE Xelos 32"**
**Tilboðsverð: 219.900.-**
Listaverð: 299.900.-

LOEWE sjónvörp eru margverðlaunuð fyrir afburða gæði og hönnun.

KVIKA

LOEWE leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun.

product design award 2006

reddot design award winner 2006

EISA AWARD Best Product 2006-2007 HT Design Loewe Individual

EISA Awards – Virtustu fagverðlaun Evrópu.



## LOEWE Individual

Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.

Fallegur háglans árammi og glerhlíf yfir skjá. Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum. Fjölbreyttir upphengimöguleikar, s.s. gólfstandar, loftfesting, súlufesting og veggfesting.

Einnig til í mjög takmörkuðu upplagi með ekta Swarovski-kristölum í hliðum, innbyggðum hörðum disk til upptöku og rafdrifnum snúningsfæti.

**LOEWE Individual 32"**
**Tilboðsverð: 269.900.-**
Listaverð: 309.900.-

LOEWE sjónvörp eru afar glæsileg, hvernig sem á þau er litið.

ORMSSON

| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK | ÍSAFIRÐI |
|---|---|---|---|---|
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 |

# Ris og fall tveggja viðskiptamódela

## Útrás Avion Group og Dagsbrúnar er lærdómsrík lexía um að ekki séu allar ferðir íslensku víkinganna til frama, hvað þá fjár. Félögin byggðu upp einstök viðskiptamódel sem féllu hratt þegar ýmis áföll skullu yfir. Menn spyrja sig hvort stjórnendur félaganna hefðu mátt sýna hugarfóstrum sínum meiri biðlund. Eggert Þór Aðalsteinsson leit yfir farinn veg og ræddi við tvo sérfræðinga.

Útrás íslenskra fyrirtækja hefur ekki verið ein samfelld sigurganga. Tvö félög hafa lagt árar í bát með því að umbylta viðskiptamódeli sínu í þá átt að einfalda rekstrinn, létta á skuldum og einbeita sér að því sem vel gengur. Þetta eru annars vegar Avion Group og hins vegar Dagsbrún sem hefur verið skipt í 365 og Teymi.



**ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR, NÚVERANDI STJÓRNARFORMAÐUR TEYMIS** Viðskiptamódel Dagsbrúnar féll hratt þegar háir vextir og fall krónunnar tóku í háar skuldir félagsins. Til viðbótar stóðust ekki rekstraráætlanir sem lagt var upp með við kaupin á Kögun og Wyndeham. MARKAÐURINN/PJETUR



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR AVION GROUP, OG BALDUR GUÐNASON, FORSTJÓRI EIMSKIPS, VIÐ KAUP AVIONS Á EIMSKIPAFÉLAGINU ÁRIÐ 2005** Avion er nú orðið Eimskip eftir að félagið seldi stóran hluta eigna sinna. Ætla menn nú að fókusera á rekstur flutningafélagins sem hefur vaxið hratt frá 2004. MARKAÐURINN/HARI

### FLÓKIÐ FÉLAG

Avion var stofnað í ársbyrjun 2005 með það að markmiði að vera öflugt fjárfestingarfélag á sviði flutningastarfsemi. Félagið var byggt upp á þremur meginstoðum: Ferðaþjónustu og leiguflugi, leigu á flugvélum til annarra flugfélaga í gegnum Air Atlanta Icelandic og flutningastarfsemi í gegnum Eimskip. Félagið fór í gegnum vel heppnað hlutafjárútboð í desember fyrir ári þar sem söfnuðust tíu milljarðar króna en fjárfestar óskuðu eftir 100 milljörðum króna. Það var skráð í janúar á útboðsgenginu 38,3 og hækkaði á fyrstu dögunum eftir skráningu. Svo fór að halla undan fæti. Fjárfestar misstu fljótt trúna, virtust ekki skilja fyllilega flókinn rekstur með flugvélar og leiguflugstarfsemi og afkoma félagsins var undir væntingum sem árstíðabundinn rekstur gat ekki skýrt einn og sér. Gengið fór niður fyrir 30 þegar Björgólfsfeðgar og meðfjárfestar í Gretti hófu að kaupa bréf í Avion á haustdögum með það í huga að taka þátt í breytingum á félaginu.

Á dögunum kom síðan sú tilkynning að helmingshlutur hefði verið seldur í Avion Aircraft Trading, eins og við var búist. Stóru tíðindin þóttu hins vegar þau að ferðaþjónustuhlutinn XL Leisure Group var seldur í heilu lagi. Söluhagnaður nam tíu milljörðum króna sem verður nýttur til niðurgreiðslu skulda og nýrra verkefna. Stuttri sögu Avions er því lokið.

### EIMSKIP VERÐI BARA EIMSKIP

Endalok Avions í núverandi mynd koma Jónasi Gauta Friðþjófssyni, sérfræðingi hjá Greiningu Glitnis, spánskt fyrir sjónir, enda er hér um að ræða félag sem hefur verið kosið framsæknasta fyrirtæki Evrópu tvö ár í röð. „Það sem kemur mér mest á óvart var að stjórnendur félagsins skorti þolinmæði til að fara lengra með þetta viðskiptamódel. Ófyrirséð atvik geta alltaf komið upp eins og hitabylgja, sveiflur í gengi gjaldmiðla og olíuverði sem og önnur skakkaföll. Það á samt sem áður ekki að þýða að viðskiptamódelið sé þar með úrelt.“

Jónas er heldur ekki sannfærður um að það hafi verið sigur af hálfu félagsins að selja eignir með miklum hagnaði. „Þetta er ekki hefðbundin leið til að innleysa hagnað. Viðskiptalíkan Avion sneri að uppbyggingu rekstrarfélaga á þessum þremur grunnstoðum. Þetta er eins og að Exista færi að selja Lýsingu og bæri fyrir sig óvæntum áföllum. En greinilegt er að stjórnendur misstu þolinmæðina til að halda áfram á fyrri leið eftir að fjárfestar sýndu minnkandi áhuga á félaginu. Að mínu mati er helsta ástæða þess að erfitt var fyrir leikmenn að gera sér grein fyrir stöðu og þróun rekstrarins enda margslunginn.“

Þar á Jónas við að hluthafar í Avion Group breyttu nafni félagsins í Hf. Eimskipafélag Íslands á hluthafafundi í gær. Eftir að félagið seldi stóra eignarhluti eins og áður sagði eru um 80 prósent af veltu félagsins í Eimskipaarminum. Og Eimskip mun vaxa hratt áfram ef marka má miklar fjárfestingar flutningafélagsins á síðustu vikum og mánuðum.

„Mér sýnist að þetta sé rökrétt framhald á því sem hefur verið að gerast, að einbeita sér að uppbyggingu Eimskips. Það er líklegt að fyrr en síðar muni stjórnendur samstæðunnar selja þær eignir sem tengjast flugvélastarfsemi og nýta þá fjármuni til frekari uppbyggingar Eimskips,“ segir Jónas og á þar við Air Atlanta Icelandic og 49 prósenta hlut í Avion Aircraft Trading. Fyrir hluthafa á Íslandi þá eru skiptin á Avion í Eimskip ekki alslæm tíðindi að mati Jónasar. Hér fá menn rekstrarfélag sem þeir kannast við og vita hvað stendur fyrir.

### PYRRHOSARSIGUR DAGSBRÚNAR

Dagsbrún óx hratt á fyrstu mánuðum ársins eftir talsverðan vöxt á innlendum fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði árið 2005. Útrás Dagsbrúnar á þessu ári hófst með kaupum á Securitas og Senu og í mars rann mikið fjárfestingaræði á stjórnendur félagsins þegar Kögun og Wyndeham bættust við hópinn auk þess sem ráðist var í stofnun fríblaðaútgáfu í Danmörku. Þarna var meðal annars farið út fyrir hefðbundið rekstrarform og sótt inn á svið upplýsingatækni og fjarskipta og afþreyingar í auknum mæli.

Fjárfestingar þessar gátu varla verið á verri tíma en þær komu um það leyti er krónan tók að falla. Efnahagsreikningur félagsins bólgnaði hratt út með mikilli skuldsetningu sem reyndist þungbær þegar háir íslenskir vextir og gengisfall krónunnar tóku að bíta í af fullum þunga. Kögunarkaupin virtust í fyrstu vera snjall leikur Dagsbrúnarmanna þegar þeir hrifsuðu Kögun fyrir framan nefið á Símanum og Existu. Síðar kom í ljós að þetta var Pyrrhosarsigur þegar rekstur Kögunar kom ekki til með að standa undir háum verðmiða og skuldsettum kaupum.

Á sama tíma fór Dagsbrún út í tíu milljarða króna yfirtöku á breska prent- og samskiptafyrirtækinu Wyndeham sem greitt var með lánsfé.

### STÖKKPALLUR INN Í BRETLAND

Um kaupin á Wyndeham hafði Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, þetta að segja: „Tilboðið í Wyndeham er jákvætt skref fyrir Dagsbrún af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi er Wyndeham góð fjárfesting í ljósi langrar sögu af arðsemi og vexti. Fyrirtækið hefur leiðandi stöðu á markaði meðal annars vegna góðra viðskiptatengsla við meirihluta tímaritaútgefanda í Bretlandi. Í öðru lagi fellur Wyndeham mjög vel að starfsemi Dagsbrúnar og munu kaupin færa Dagsbrún ýmsan ávinning, meðal annars áhættudreifingu sem felur í sér að hluti af tekjum Dagsbrúnar mun nú koma erlendis frá. Í þriðja lagi, munu kaupin veita okkur sterka fótfestu í Bretlandi, þar sem við munum geta þróað enn frekar starfsemi félagsins.“

Átta mánuðum síðar hafði Dagsbrún fært niður eignarhlut sinn í móðurfélagi Wyndeham um einn og hálfan milljarð og er nú stefnt að því að selja allan eignarhlutinn þar sem rekstraráætlanir sem gerðar voru við kaupin munu tæpast standa. Er mikilli samkeppni og samþjöppun meðal breska prentfyrirtækja kennt um, en ætla má að með þessari aðgerð sé verið að létta á skuldahala 365 hf. Greiningardeild Landsbankans þykir þessi skýring stjórnenda Dagsbrúnar sérkennileg í ljósi þess að það hefur legið fyrir að starfsumhverfi á breska prentmarkaðnum hefur verið mjög erfitt í heilan áratug.

### ÞRAUT ÞOLINMÆÐI

Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, hefur fylgst náið með útrás Dagsbrúnar á árinu. Hann segir að bitbein Dagsbrúnar hafi verið vaxtastefna félagsins og sú mikla skuldsetning sem henni fylgdi. Fjárfest hafi verið í félögum sem mynduðu þrjár rekstrarstoðir og áttu að skila samlegð og auknum slagkrafti samstæðunnar. Það hafi ekki gengið eftir. „Það vekur athygli hversu skörulega er gengið til verks við að skipta upp félaginu og selja frá því nýkeyptar einingar eins og Wyndeham sem hefur verið hluti af samstæðunni í aðeins sex mánuði. Það liggur því uppi að vaxtastefnunni var fylgt eftir af meira kappi en forsjálni. Hins vegar sýna eigendur fyrirtækisins fram á hversu fljótir þeir eru að taka ákvarðanir ef hlutirnir eru ekki að skila sér.“

Grétar telur freistandi að ætla að stjórnendur gömlu Dagsbrúnar hafi kynnt nauðsynlegar gjaldfærslur og afskriftir í afkomuviðvörun sem gefin var út á dögunum. Hann bendir þó á að miklar óefnislegar eignir eru enn eftir í 365 og Teymi og tíminn einn eigi eftir að leiða það í ljós hvort þær standi undir sér.

Hann telur jafnframt að fróðlegt verði að fylgjast með áframhaldinu hjá félögunum en því megi ekki gleyma að Dagsbrún hafi farnast nokkuð vel á meðan það starfaði eingöngu á heimamarkaði. Núverandi áætlanir 365 geri ráð fyrir átta til tíu prósenta innri vexti á innanlandsmarkaði á ári en miðað við markaðinn, sem félagið starfi á, þá megi ætla að þær áætlanir séu í hærra lagi. Næstu skref stjórnenda 365 og Teymis hljóta að vera þau að ná utan um núverandi rekstur áður en hugað verður að ytri vexti á nýjan leik. „Saga Dagsbrúnar á þessu ári er sönnun þess að metnaðarfull vaxtarplön eru ekki ávísun á hækkun hlutabréfaverðs.“

PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 14,1% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 29. september–31. október 2006. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun**

14,1% ávöxtun

Fíton/SÍA

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is**

SPARISJÓÐURINN

# NÝJAR
# ERLENDAR PLÖTUR




Yusuf
An Other Cup

CD




Damien Rice
9

CD




Beatles
Love

CD




Tom Waits
Orphans

CD




Oasis
Stop The Clocks

CD




U2
18 Singles

CD




Rammstein
Völkerball

CD +DVD




Foo Fighters
Skin & Bones

CD




George Michael
Twenty Five

CD

góða skemmtun! ►

sena

# Ábyrgð eða auglýsing?

**Æ fleiri fyrirtæki setja sér skýr markmið um að stuðla að jákvæðri uppbyggingu samfélagsins. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skoðaði hugmyndina um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sem, af hvaða hvötum sem hún sprettur, skiptir sköpum fyrir margs konar starfsemi í landinu.**



Í tengslum við aukin útgjöld íslenskra fyrirtækja til málefna á borð við íþrótta-, velferðar-, lista- og menningarmál heyrist æ oftar talað um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Eftir vel sótta ráðstefnu sem Háskólinn í Reykjavík stóð fyrir í samstarfi við KOM almannatengsl í síðustu viku hefur umræðan enn glæðst. Af máli allra þeirra sem fram komu þar mátti skilja að nú gæti breyttra viðhorfa um hlutverk fyrirtækja í samfélaginu. Þau álíti það í æ ríkari mæli skyldu sína að vera góðir þjóðfélagsþegnar og leggja góðum málefnum lið og bæta þannig það samfélag sem þau starfa í. Undanfarnar vikur hafa margir tekið þátt í þessari umræðu. Þeirra á meðal er Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu fyrr í þessum mánuði kallaði hann ábyrgð fyrirtækja gagnvart samfélaginu sjálfsábyrgð. Á sama hátt og samfélaginu nýtist vel að atvinnulíf eflist og styrkist sé það atvinnulífi til framdráttar að þjóðlíf blómstri í traustu og öruggu samfélagi. Þetta viðhorf virðist vera að ná meiri fótfestu hér á landi.

**Hugtakið „samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“ hefur verið skilgreint á ýmsa vegu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur skilgreint hana sem „þær skuldbindingar sem fyrirtæki kýs að taka á sig gagnvart starfsfólki, umhverfi eða viðskiptavinum umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum, lögum eða reglugerðum.“**

### MARGVÍSLEGAR SKILGREININGAR

Hugtakið „samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“ hefur verið skilgreint á ýmsa vegu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur skilgreint hana sem „þær skuldbindingar sem fyrirtæki kýs að taka á sig gagnvart starfsfólki, umhverfi eða viðskiptavinum umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum, lögum eða reglugerðum.“ Í könnun sem unnin var á vegum kennslu- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík á dögunum, sem nánar er sagt frá hér á opnunni, voru stjórnendur fyrirtækja meðal annars fengnir til að greina frá því hvaða skilning þeir leggja í hugtakið. Skilgreiningarnar sem komu frá þeim voru margvíslegar. Flestir nefndu ábyrgð fyrirtækja gagnvart samfélaginu í heild sinni, sem talist getur til nánasta umhverfisins. Á eftir samfélaginu var starfsmannastefnan oftast nefnd, sem talið er benda til þess að það sé að festast í sessi að stjórnendur álíti það samfélagslega jákvætt að vera með skilgreinda starfsmannastefnu. Styrkir til félagasamtaka voru oftast nefndir þar á eftir, þá umhverfismál og síðast viðskiptavinir fyrirtækja.

### GÖMUL SANNINDI OG NÝ

Eins og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, benti á í ávarpi sínu á ráðstefnunni eru það ekki ný sannindi að styrkir einstaklinga og fyrirtækja við samfélagsleg málefni geti haft

## Fyrirtæki geta ekki borið ábyrgð

Oddgeir Einarsson, lögmaður og fyrrum stjórnarmaður í Frjálshyggjufélaginu, er einn þeirra sem telja hlutverk fyrirtækja vera að vinna eingöngu að markmiðum eigenda þeirra, hvort sem þau snúast um hagnað eða annað. „Ef bakari stofnar um sig bakarí og fer að selja brauðið sitt á markaði tekur hann ákveðna fjárhagslega áhættu. Ef áhættan gengur upp skapar bakarinn störf, býður samborgurum sínum upp á viðbótarvalkost í vöruúrvali, stuðlar að virkari samkeppni, auk þess sem hann þarf að kaupa vélar og korn sem eflir aðra atvinnustarfsemi. Ríkið hagnast á þessu öllu í gegnum skattgreiðslur. Ég get ekki skilið hvaða ábyrgð þessi bakari ber umfram aðra sem ekki taka þessa áhættu, enda hefur hann nú þegar lagt mun meira til samfélagsins en margur annar.“



**ODDGEIR EINARSSON, LÖGMAÐUR OG FRJÁLSHYGGJUMAÐUR** Oddgeir telur hvata þeirra fyrirtækja sem gefi sig út fyrir að vera samfélagslega ábyrg ekki siðferðislegan heldur fyrst og fremst rekstrarlegan og miði að því að skila auknum hagnaði. MARKAÐURINN/STEFÁN

Oddgeir telur hvata þeirra fyrirtækja sem gefi sig út fyrir að vera samfélagslega ábyrg ekki siðferðislegan heldur fyrst og fremst rekstrarlegan og miði að því að skila auknum hagnaði.

„Skilgreini maður góðverk held ég að það þýði að láta eitthvað gott af sér leiða, burt séð frá því hvort maður fái eitthvað út úr því sjálfur eða ekki. Þeir sem eru að styrkja líknarmál og gæta þess að auglýsa það eru fyrst og fremst að gera það fyrir sjálfa sig. Þessi fyrirtæki eru ekki að gera neitt annað en að kaupa sér ímynd. Það er sennilega alls ekki óskynsamleg leið að styrkja góð málefni til þess. En um leið og stjórnendur fyrirtækja styrkja góðgerðarmál án þess að nokkur viti af því eru þeir annaðhvort að færa peninga frá eigendunum, með því að taka frá þeim hagnað, starfsfólki sínu, með því að borga þeim lægri laun en mögulegt væri, eða neytendum með hærra vöruverði. Þannig geta stjórnendur fyrirtækja farið út fyrir hlutverk sitt, sem er að stuðla að auknum hagnaði, nema eigendurnir ákveði annað.“



## BENEDIKT JÓLAKARL

*Jólahúsið opið alltaf nema á jólunum*

SJÁ BLS. 4



## FRÚIN Í HAMBORG

*Sönglar jólalög innan um antíkmuni*

SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM NORÐURLAND – MIÐVIKUDAGUR 22. NÓVEMBER 2006 ]

# Norðurland



## EFNISYFIRLIT



BREKKUSKÓLI LES OG LES
*Verkefnið Orðasafn heilans*
BLS. 4

AKUREYRI Í VETRARBÚNINGI
*Mannlífsmyndir að norðan*
BLS. 6

STAÐURINN
*Nýr grænmetisstaður* BLS. 8

UNGIR KRULLA
*Krulluæðið á Akureyri* BLS. 10



UNGUR PÍANÓLEIKARI
*Lenti í öðru sæti í EPTA*
BLS. 10

AKUREYRARAKADEMÍAN
*Öflugt menningarstarf*
BLS. 12

FLUGVALLARUMRÆÐAN
*Barist fyrir betri flugvelli*
BLS. 12

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
*Netið veitir frelsi til búsetu*
BLS. 12

Sérð þú tækifæri á vexti?

Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip



**Tækifæri leynast allstaðar!**

"Þegar þú hefur komið auga á atvinnu-tækifæri sem hentar þínum þörfum, getum við aðstoðað með sérsniðinni ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja."

**Sveinn Þórarinsson**
Ráðgjafi, fyrirtækjasvið

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
Glerárgötu 24-26
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

# PIXEL PLUS

## TRYGGIR FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI




PIXEL PLUS 2

**Philips 42PF7621D**
42" HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

HD ready

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ **399.995**

PIXEL PLUS MYNDTÆKNI EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU




**Philips 42PF5331**
42" HD Plasma BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ**
**199.995**
HD ready
FULLT VERÐ **249.995**




**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**
**239.995**
HD ready
FULLT VERÐ **299.995**




ambi light

**Philips 42PF9631D**
42" Plasma Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn, 3.000:1 skerpu, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tengingu gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

PIXEL PLUS 2 HD

**TILBOÐ**
**329.995**
HD ready
FULLT VERÐ **299.995**

## AKUREYRINGAR ATHUGIÐ

**Opnum við Glerárgötu 36 á laugardaginn kl. 10!**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

**HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR**

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

# VISSIR ÞÚ

## AÐ ÍSLENSK VERÐBRÉF HF

- ER ÖFLUGT EIGNASTÝRINGARFYRIRTÆKI
- STÝRIR 90 MILLJÖRÐUM KRÓNA FYRIR FAGFJÁRFESTA OG EINSTAKLINGA
- BÝÐUR UPP Á 6 INNLENDA SKULDABRÉFA- OG HLUTABRÉFASJÓÐI
- VEITIR FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTU
- ER Í SAMSTARFI VIÐ ÖFLUG ERLEND SJÓÐASTÝRINGARFYRIRTÆKI OG BANKA

**EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!**

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. | STRANDGATA 3 | 600 AKUREYRI | SÍMI 460 4700 | FAX 460 4717 | www.iv.is



Lítið hvítt jólahús sem prýðir innviði Jólahússins.

# Jólalög árið um kring

Rétt innan við Akureyri er hús þar sem jólin eru haldin hátíðleg allt árið um kring. Benedikt Grétarsson, sem rekur Jólahúsið ásamt fjölskyldu sinni, segir fleiri heimsækja húsið yfir sumartímann en á veturna.

„Þetta átti í upphafi bara að vera lítið jólahús. Við byrjuðum að undirbúa þetta fyrir ellefu árum en húsið sjálft var opnað fyrir tíu árum. Við opnuðum húsið að vori til, en okkur fannst eðlilegra að gera það að vori en hausti, því ef það hefði opnað að hausti hefði fólk haldið að við værum að þjófstarta jólunum. Með því að opna að vori hélt fólk bara að við værum biluð,“ segir Benedikt Grétarsson en hann rekur Jólahúsið ásamt fjölskyldu sinni.

„Það er mest aðsókn að húsinu yfir sumartímann, bæði af innlendu og erlendu ferðafólki. Strax fyrsta sumarið fengum við miklu fleiri gesti en okkur hefði getað órað fyrir. Ýmsum finnst skrítið að heimsækja svona hús á sumrin en flestir hafa húmor fyrir því. Aðsóknin var svo góð að við ákváðum að stækka húsið fyrir þremur árum og núna er það á tveimur hæðum, en önnur er niðurgrafin,“ segir Benedikt.

Það má segja að Jólahúsið sé eins og félagsheimilið þar sem Stuðmenn léku í myndinni Með allt á hreinu. Þegar inn er komið kemur stærðin manni mjög á óvart. Jólaandinn er líka mikill í húsinu og Benedikt býður gestum oft upp á hangikjöt í bland við jólalögin sem óma allt árið um kring.



Benedikt Grétarsson rekur Jólahúsið á Norðurlandi. Hann segir húsið opið allan ársins hring, nema á jólunum.

„Við segjum stundum að þessi hugmynd hafi komið þegar við hjónin vorum þreytt seint að kvöldi. Eyjafjörður hefur ekki haft perlur eins og Mývatn, Gullfoss og Goðafoss. Okkur þótti vanta eitthvert aðdráttarafl fyrir svæðið og það var það sem ýtti okkur af stað í þessu. Okkur hjónin langaði til að búa til eitthvað sérstakt sem gæti laðað ferðamenn að. Við erum mikil jólabörn sjálf en jólin á okkar heimili hafa breyst töluvert síðan við fórum af stað með húsið. Við erum á fullu alla daga fyrir jól en heimilishaldið situr á hakanum. Við höfum hins vegar haft lokað á aðfangadag og jóladag og erum þá heima saman. Það er dálítið merkilegt að Jólahúsið er opið alla daga ársins nema á jólunum sjálfum.“

Fjöldi heimsókna hefur aukist jafnt og þétt á þeim árum sem húsið hefur starfað og eru þar erlendir ferðamenn engin undantekning. „Síðan farið var að fljúga milli Akureyrar og Kaupmannahafnar hefur verið nokkuð um fólk sem leggur leið sína hingað til lands sérstaklega að heimsækja Jólahúsið. Það skiptir okkur því miklu máli að farið verði í lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli, því það er framkvæmd sem mun nýtast um allt Norðurland. Frá Akureyri er stutt í margar helstu perlur landsins og þar er einnig margt að sjá,“ segir Benedikt.

*- öhö*



Jólalegt er um að litast í Jólahúsinu þar sem jólaskapið er ríkjandi allan ársins hring.



Nemendur í þriðja og fjórða bekk í Brekkuskóla á Akureyri skemmta sér vel í verkefninu Orðasafn heilans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Lestur eykst jafnhliða skilningi

Nemendur í yngri bekkjum Brekkuskóla á Akureyri hafa undanfarið tekið þátt í verkefni sem ætlað er að auka orðaforða þeirra. Ragnheiður Ólafsdóttir, kennari í Brekkuskóla, segir árangurinn góðan.

„Við köllum þetta verkefni Orðasafn heilans og því er ætlað að efla lesskilning barna en grunnskólabörn lesa því miður minna nú en áður,“ segir Ragnheiður Ólafsdóttir, kennari í Brekkuskóla. „Guðmundur Engilbertsson, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, stjórnar þessu verkefni og við erum að prófa þetta í þriðja og fjórða bekk hér í skólanum. Við sóttumst eftir því að fá að taka þátt í þessu verkefni því okkur þykir þetta áhugavert starf. Það sem við gerum er að við lesum texta og tökum orð út og skoðum merkingu þeirra. Þá höfum við tekið orðhluta og látum börnin finna eins mörg orð og þau geta út frá því. Þetta er tíu vikna verkefni og við erum nú þegar búin að vinna að þessu í þrjár vikur. Árangurinn er strax farinn að sjást. Börnin sýna þessu mikinn áhuga og lestur hefur aukist mikið. Nú leita nemendur eftir merkingu orða og velta þeim fyrir sér.“

Ragnheiður segist vonast til að þetta nám verði tekið inn í kennslu í grunnskólum landsins.

„Þetta er hins vegar margra ára ferli og það þarf mikla þjálfun til að þetta verði kennurum tamt. Þetta mun skila sér í auknum lesskilningi nemenda og áhuginn eykst jafnhliða auknum skilningi á efninu.“

*- öhö*



Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ
Carpaccio
Með fíkjum, graslauk, klettasalati og kasjú-hnetuolíu.
Fyrir 4
300 g lambahryggvöðvi, fitulaus
2 fíkjur
1 búnt graslaukur
2 msk. kasjúhnetur
1 dl ólífuolía
1 msk. hvítvínsedik
salt og pipar
Hnetusósa
Kasjú-hnetuolía og edik, blandað í matvinnsluvél og kryddað lítillega með salti og pipar.
Steikið lambahryggvöðvann á þurri pönnu við háan hita í u.þ.b. 11/2 mínútu á hvorri hlið. Skerið kjöt í þunnar sneiðar og raðið á fat. Skreytið með fíkjum, berið fram með hnetusósunni og smá klettasalati og graslauk ... frábært sem forréttur eða smáréttur.
www.lambakjot.is
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR
ENNEMM / SÍA / NM21999



Höfnin á Akureyri er snævi þakin um þessar mundir sem gefur henni ævintýralegan blæ.



Alltaf er nóg að gera í Slippnum hvort sem það er snjóþungur vetur eða sumarsól.




Trillurnar kúra í vetrarbúningi niðri í Bót.

# Akureyri í vetrarbúningi

Snjórinn hefur lagst yfir landið og sveipaði einnig mjúkum faðmi sínum um Akureyrarbæ. Ofankoman hefur sett svip sinn á bæjarlífið á Akureyri en þó heldur mannlífið áfram sinn vanagang. Óhætt er að segja að Norðlendingar séu ánægðir með snjóinn enda lýsir hann upp dimma daga í skammdeginu og veitir börnum gleði í leik og starfi. Auðunn Níelsson ljósmyndari fangaði veturinn á Akureyri á mynd.



Rölt heim í kakó eftir snjóhúsagerð í skólanum á Akureyri.




Bifreiðastöð Oddeyrar, eða BSO, hefur alltaf staðið fyrir sínu á veturna þegar þreyttir gestir þurfa að komast heim eftir ball á Sjallanum.



Svefn & heilsa
www.svefn.is
SOFÐU VEL UM JÓLIN • JÓLATILBOÐ
Eitt með öllu
S-CAPE
WALLHUGGER
Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 180 x 200 cm kr. 399.900 stgr.
JÓLAPAKKI
að verðmæti kr. 31.580 fylgir
öllum stillanlegum hjónarúmum
2 IQ-CARE heilsukoddar
2 hlífðardýnur og 2 lök
Loftrúm án rafmagns
SWISSFLEX
50 ára reynsla
Einstök fjöðrun
Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 180 x 200 cm kr. 279.900 stgr.
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Verð medium
kr. 6.990
Konfektkassi fylgir
hverjum seldum
heilsukodda
Vinsælasta jólagjöfin
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
PROFLEX
Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 180 x 200 cm kr. 229.900 stgr.
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Queen rúm kr. 129.900
King rúm kr. 159.900
Þrýstijöfnun er lykilorðið
Frí heimsending og uppsetning á stillanlegum rúmum. Frí heimsending á öllum heilsudýnum.
Gildir á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og nágrenni. Safnsendingar sjá www.svefn.is
www.charold.com
Eikarhúsgögn
ChristianHarold
Chiropractic
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu
samtökum kírópraktora í heimi
www.wguk.com
WILLIS & GAMBIER
Lille Collection
Heilsunuddstóll
Verð nú kr. 440.000
Verð áður kr. 490.000
2005
Nuddar í takt við tónlist
JÓLAPAKKI
fylgir öllum heilsurúmum
Dæmi: Queen kr. 22.180
Dæmi: King kr. 24.680
Pífa, hlífðardýna og 2 lök
Þýskar hágæðasængur
betty www.betty.de
NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu
gæsadúni • Thalascá dúnsængur og koddar fyrir
asmasjúklinga. • Thinsulate sængur.
www.thinsulate.com • Sængur úr camelhárum,
silki eða kasmír • Sensofill sængur og heilsukoddar
MINE silkidamask sængur-
verasett í gjafapakkningum
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Gréta Kristjánsdóttir og Inga Lóa Birgisdóttir ætla að bjóða Norðlendingum upp á heilsufæðu á Staðnum frá byrjun desember.

# Grænmetisveitingastaður stuðlar að heilsu Akureyringa

Þær Gréta Kristjánsdóttir og Inga Lóa Birgisdóttir höfðu lengi beðið eftir góðum grænmetisveitingastað á Akureyri. Á endanum ákváðu þær sjálfar að láta til skara skríða.

Bæði Inga Lóa Birgisdóttir og Gréta Kristjánsdóttir hafa lengi verið hrifnar af grænmetisfæði. Þegar langvinn veikindi hrjáðu Ingu Lóu, tók hún mataræðið í gegn og náði á undraverðum hraða heilsu á ný. „Þegar ég var orðin hress datt ég aftur í spillinguna og þá fann ég virkilegan mun,“ segir Inga Lóa. Gréta hafði sjálf lent í alvarlegu bílslysi fyrir mörgum árum og þjáðist af viðvarandi vöðvabólgu, bak- og höfuðverkjum. Þegar hún sá Ingu Lóu ná bata með breyttu mataræði ákvað hún í samráði við sjúkraþjálfara að gera hið sama og árangurinn lét ekki standa á sér. „Líf mitt gjörbreyttist. Ég var búin að vera í sjúkraþjálfun í mörg ár sem var orðið mjög kostnaðarsamt, svo ég hafði engu að tapa. Núna eru öll óþægindin horfin,“ segir Gréta brosandi.

Á matseðlinum á nýja grænmetisveitingastaðnum, sem kallast Staðurinn, eru engin aukaefni, hvítt hveiti, hvítur sykur, msg, koffín, ger, aspartam, rotvarnarefni, litar- eða sætuefni, en það voru einmitt þeir þættir sem Gréta og Inga Lóa hættu að borða sjálfar á sínum tíma. „Ég vandist á gott úrval grænmetisstaða í Reykjavík þegar ég bjó þar og fannst virkilega vanta slíkan stað hér,“ segir Gréta.

Þær vinkonurnar fóru oft í mánuði til Reykjavíkur til að birgja sig upp af heilsufæði og komast á grænmetisveitingastaði en einnig til að afla sér upplýsinga fyrir Staðinn. „Við nenntum ekki að bíða eftir að einhver myndi ráðast í að opna slíkan stað á Akureyri svo við gerðum það bara sjálfar og loksins er þessi langþráði draumur að rætast,“ segja vinkonurnar að vonum ánægðar. Á boðstólum verður réttur dagsins ásamt fleira góðgæti, safar, boost, kökur og kaffi. Viðtökur hafa verið stórkostlegar og þetta er án ef góð viðbót við veitingahúsaflóruna á Akureyri. Þegar fram líða stundir verður síðan í boði matreiðslunámskeið og fræðsla um heilbrigt mataræði á Staðnum. *- rh*

# Áhugaljósmyndarar

Áhugaljósmyndaraklúbbur Akureyrar, ÁLKA, er með öflugt starf sem virkjar áhugafólk um ljósmyndun.

Áhugaljósmyndaraklúbbur Akureyrar (ÁLKA) var stofnaður í október árið 1990. Margir góðir ljósmyndarar að norðan hafa byrjað feril sinn hjá ÁLKA sem stuðlar að því að virkja áhugafólk um ljósmyndun. Félagið rekur aðstöðu til vinnslu mynda og er með veglega sýningu um það bil annað hvert ár. Félagið hefur staðið fyrir ljósmyndamaraþoni fyrir almenning frá 1993 unnið brautryðjendastarf á því sviði á lands.

Félagar ÁLKA eru hópur kvenna og karla á öllum aldri sem flestir eru sjálfmenntaðir innan fagsins. Félagið stendur fyrir fyrirlestrum og kennslu og er með góðar leiðbeiningar fyrir byrjendur.

Vinnu- og fundaaðstaða félagsins er í Húsinu, Hafnarstræti 73 og er fundað annan hvern mánudag kl. 20.30. Nánari upplýsingar: www.pedromyndir.is/alka - ásamt því að fjölmargar myndir félagsmanna eru aðgengilegar á vefsíðu klúbbsins, http://ljosmynd.cjb.net.



Pollurinn og Akureyrarkirkja hafa ávallt sómað sér vel á mynd. MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

# Frúin í Hamborg

Frúin í Hamborg er stórskemmtileg verslun á Akureyri með „second hand“ antík- og hönnunarvörur. Frúin varð þriggja ára síðasta sumar og hefur fengið verðskuldaðar viðtökur í heimabæ sínum.

Þorbjörg Halldórsdóttir og Guðrún Jónsdóttir settu á stofn Frúna fyrir um þremur árum og eru nú óðum að undirbúa sig fyrir jólin. Þorbjörg hafði unnið lengi í antík og „second-hand“ versluninni Fríðu frænku í Reykjavík, en þegar hún ákvað að venda kvæði sínu í kross og flytja norður uppgötvaði hún að þetta var það sem vantaði í Akureyri.

„Það er fyrir hálfgerða tilviljun að við opnuðum Frúna. Ég hafði reynslu frá Fríðu frænku, en síðan komumst við Guðrún í kynni við aðila sem kynntu okkur fyrir mjög góðum antík- og fornmörkuðum í Belgíu og Hollandi, og þá fór boltinn að rúlla,“ segir Þorbjörg.

Þær fara út reglulega til að versla fyrir búðina, þar sem hver einasti hlutur er sérstaklega valinn og oft eru þær með eitthvað sérstakt þema í huga.

„Síðast leituðum við uppi hluti frá 8. áratugnum og erum með mikið af litríku plastdóti, skemmtilegum Maríu mey styttum og öðru sniðugu sem er tilvalið til jólagjafa,“ segir Þorbjörg brosandi. Fornmarkaðir í Evrópu eru margir og stórir, ýmist á torgum úti eða í stórum skemmum þar sem er endalaust úrval af antík og fornmunum sem bera sína sögu frá öllum heimshornum.

„Bestu hlutirnir fara fyrst svo við mætum oftast fyrir allar aldir með vasaljós í föðurlandinu að reyna að ná einhverju sniðugu,“ segir Þorbjörg. En margir hlutir koma einnig úr nágrenni Frúarinnar.

„Það eru margir byrjaðir að koma til okkar hlutum frá Akureyri og nágrenni og það finnst okkur frábært,“ segir Þorbjörg. Hugsjónin á bak við Frúna er að gefa hlutunum lengra líf en ekki bara annað, heldur jafnvel líka þriðja og fjórða.

„Margar vörurnar sem við fáum inn notum við í eigin hönnun og gefum þeim því enn lengra líf í glænýjum búningi,“ segir Þorbjörg sem meðal annars hannar púða, hárskraut og póstkort sem áður hafa gegnt einhverju allt öðru hlutverki.

Akureyringar hafa hægt og sígandi áttað sig á Frúnni og Þorbjörg og Guðrún segja gestina vera á öllum aldri, bæði eldra fólk með barnabörn, unglingsstelpur að kaupa árshátíðarkjóla og eiginmenn að leita að einhverju spes fyrir konuna.



Frúin Þorbjörg í Hamborg er nú þegar byrjuð að æfa jólalögin. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

„Það er svolítil kúnst að fara inn í svona búð. Það er líka svo mikil saga sem fylgir hlutunum hér og nánast ókeypis fræðslumiðstöð fyrir almenning, þar sem hægt er að kaupa hluti með mikla sögu að baki,“ Frúin er einnig með vörur frá Spúútnik, Liborius, og Nakta apanum svo flóran er mikil. Í desember er lifandi tónlist hjá Frúnni og þar á meðal er viðskiptavinur sem gekk út ánægður ekki alls fyrir löngu með gamlan saxófón.

„Kunningi minn keypti hjá mér gamlan saxófón sem hann gerði upp og núna ætlar hann að spila fyrir gesti og gangandi fyrir jólin,“ segir Þorbjörg. Vinkonurnar hafa tekið þátt í listsýningum með muni úr búðinni þar sem ýmis þemu eru tekin fyrir og markmiðið er að sameina búðarreksturinn og listáhugann.

„Við höfum gert innsetningar meðal annars á Mokka, þar sem ég ferðaðist til Reykjavíkur vikulega og skipti út þema vikulega sem var meðal annars myndir af grátandi drengnum, gamall útsaumur og röð af jesúmyndum sem kom mjög skemmtilega út,“ segir Þorbjörg.

Innsetningar Frúarinnar hefur einnig verið að hægt að sjá á Kaffi Karólínu, á Akureyrarvöku og í gallerí Boxi. Frúin sendir í póstkröfu og er svo sannkallað „súper mega magasín“ eins og Þorbjörg segir sjálf. Opnunartími er frá 11 til 18 en fyrir jólin verða langir fimmtudagar. Frúin í Hamborg er við Ráðhústorgið í miðbæ Akureyrar.

*rh@frettabladid.is*

# Vöruúrval og gæði frá SAMSUNG



Kynnum með stolti
**það allra nýjasta og besta**
í veggsjónvörpum

**LE40F71BX** SAMSUNG
**40" LCD sjónvarpstæki**
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1920 x 1080
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), USB
Verð: **379.900,-**



Tilboð

**LE32M51BX** SAMSUNG **LE40M51BX**
**LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 3,2 milljarðar lita ▪ Upplausn: 1366 x 768 ▪ Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast: 3000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, ▪ PC (D-sub), Composite og S-video

32" Tilboð: **159.900,-** | 40" Tilboð: **259.900,-**

**LE32R71WX** SAMSUNG
**32" LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 ▪ Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **199.900,-**

Litir: Hvítt / Svart





**LE19R71BX** SAMSUNG
**19" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari; ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting ▪ Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2 ▪ Sjónsvið 160°/160° ▪ Mynd í mynd (1 tuner) ▪ Tengi: DVI, SCART, PC(D-sub) ▪ Composit og S-video.
Verð: **74.900,-**

Litir: Hvítt / Svart



**LE32R74BDX** SAMSUNG
**32" LCD sjónvarpstæki**
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 12,8 milljarðar lita ▪ Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 5000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **209.900,-**

**LE40R74BDX** SAMSUNG
**40" LCD sjónvarpstæki**
Verð: **319.900,-**



**Samsung LE23R71BX** SAMSUNG
**23" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari; ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting Upplausn 1366 x 768 ▪
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast 2000:1 ▪ Birta: 500cd/m2 Sjónsvið 170°/170° ▪ Mynd í mynd (1 tuner). Tengi: HDMI, Komponent ▪ SCART x 2, PC(D-sub) ▪ Composit og S-video.
Verð: **109.900,-**

Litir: Hvítt / Svart



**SILVER NANO**
sem drepur bakteríur

Svitalykt **hverfur úr fötunum**
jafnvel án þvottaefna

Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. **íþróttaföt**

NÝ TÆKNI

SAMSUNG **þvottavél**
**1400 snúningar**
Verð: **99.900,-**

SAMSUNG
**RS21DASV**
Amerískur kæliskápur, hvítur.
Tvö kælikerfi, sér fyrir frysti og sér fyrir kæli.
Klakavél og kælt vatn.
Eyða að meðaltali 25% minna rafmagni en sambærilegir skápar.
Stærð 908x1760x724.
Kælir 334 l / Frystir 186 l.
Orkunotkun A.
Verð: **169.900,-**



**Dyrnar**
að þínum draumum

imago

**Söluaðilar Samsung á Íslandi:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík **Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Reykjavík:** Apple Laugavegi 182 og Elnet Dalvegi Kópavogi. **Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ormsson Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

**SMÁRALIND** Sími 530 2900
**SÍÐUMÚLA 9** Sími 530 2800
**KEFLAVÍK** Sími 421 1535
**ÍSAFIRÐI** Sími 456 4751

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000



Ungt fólk á fjölum Skrekks í Reykjavík lætur til sín taka í leiklistinni eins og ungt fólk í leikklúbbnum Sögu á Akureyri.

# Ungir leikarar Sögu

Leikklúbburinn Saga var stofnaður árið 1976 og hefur starfað óslitið síðan þá. Margir leikarar hafa tekið sín fyrstu skref á sviði á vegum leikklúbbsins.

Leikklúbburnn Saga heitir í höfuðið á leikkonunni Sögu Jónsdóttur sem kom að stofnun klúbbsins. Klúbburinn hefur í þrjátíu ár sett upp leiksýningu árlega þar sem meðlimir á aldrinum 13 til 20 ára standa fyrir rekstri klúbbsins og uppsetningu verka.

Ráðinn er leikstjóri hvert ár sem venjulega kemur úr röðum leikara hjá Leikfélagi Akureyrar og sem síðan aðstoðar klúbbinn við að velja verk fyrir veturinn. Saga er virkur meðlimur í Bandalagi íslenskra leikfélaga og tekur þátt í námskeiðum og öðru samstarfi á vegum bandalagsins. Leikfélag Akureyrar hefur einnig verið félaginu innan handar þessi ár, enda margir góðir leikarar tekið sín fyrstu leikspor á fjölum Sögu.

Saga hefur undanfarin ár tekið þátt í norrænu samstarfi leikklúbba, FENRIS og einnig samnorrænu verkefni sem kallast Nordlys.

Aðsetur og æfingaaðstaða klúbbsins er í Húsinu á Akureyri, menningar- og upplýsingamiðstöð ungs fólks, Skólastíg 2. *- rh*



Þór Kristín Gunnarsdóttir píanóleikari hefur æft píanóleik frá sjö ára aldri.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Góð aðstaða til tónlistarnáms

Þóra Kristín Gunnarsdóttir hefur stundað nám í píanóleik við Tónlistarskólann á Akureyri frá því að hún var átta ára gömul. Nýverið lenti hún í öðru sæti í píanókeppni EPTA.

„EPTA-keppnin er haldin á þriggja ára fresti, keppt er í þremur flokkum, og við vorum þrjú héðan frá Akureyri sem tókum þátt,“ segir Þóra Kristín Gunnarsdóttir, sem nemur píanóleik við Tónlistarskólann á Akureyri. Skólinn sendi þrjá í keppnina í ár. Það voru þau Gauti Baldvinsson 15 ára og Elva Eir Grétarsdóttir 15 ára sem kepptu fyrir hönd skólans í flokki miðnámsnemenda en Þóra Kristín keppti í flokki framhaldsnámsnemenda og lenti hún í öðru sæti.

Þóra, sem er 19 ára, er að klára stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri í vor og stefnir að því að útskrifast úr tónlistarskólanum á sama tíma. „Ég byrjaði að læra í Svíþjóð þegar ég var sjö ára en ári síðar fluttum við til Íslands og síðan þá hef ég verið í Tónlistarskólanum á Akureyri. Ég er búin að vera með sama kennarann frá því að ég kom hingað til Akureyrar, en það er Dýrleif Bjarnadóttir.“

Tónlistarskólinn á Akureyri hefur starfað frá árinu 1946 og er því einn af elstu tónlistarskólum landsins. Fyrsta veturinn voru 27 nemendur við skólann en í ár eru þeir um 450 talsins. Þá kenna rúmlega 40 kennarar við skólann. „Þetta er mjög góður skóli og kennararnir góðir. Það má segja að það sé mjög góður andi í skólanum.“ *- öhö*



Með tilkomu Skautahallar Akureyrar hefur krullan fengið byr undir báða vængi og er unga fólkið nú farið að krulla af kappi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Krullukappar í sókn

Jón Rögnvaldsson og Svanfríður Sigurðardóttir eru meðal þeirra fjölmörgu Akureyringa sem leggja stund á curling eða krullu. Akureyri hefur skapað sér orð fyrir að vera miðstöð krulluiðkunar hér á landi.

„Við hjónin erum búin að stunda krullu síðan árið 2000, en þá var Skautahöll Akureyrar reist,“ segir Jón Rögnvaldsson krulluiðkandi. „Segja má að höllin hafi verið bylting í aðstöðu til krulluiðkunar. Áður var spilað á svelli á tjörn við hlið þess staðar þar sem Skautahöllin stendur nú. Krulla krefst hins vegar mikillar nákvæmni og því skiptir hitastig til dæmis miklu námi og aðstaðan er miklu betri nú en áður.“

Jón segir vinsældir íþróttarinnar færast stöðugt í aukana. „Leikurinn gengur út á það að koma steinum sem næst miðju og það lið sem nær flestum steinum nálægt miðju stendur uppi sem sigurvegari“ Margir þekkja krullu af sópunum sem beitt er við iðkun hennar. „Góðir sóparar geta aukið þá vegalengd sem steinninn kemst um allt að tvo metra. Sóparnir hreinsa bæði fyrirstöðu sem er á svellinu en einnig hita þeir svellið og auka þannig vegalengdina sem steinninn rennur.“



Hjónin Jón Rögnvaldsson og Svanfríður Sigurðardóttir eru krulluiðkendur af lífi og sál og segja gaman að sjá ungu kynslóðina taka þátt í þessari nýju íþrótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Svanfríður Sigurðardóttir, eiginkona Jóns, segir Akureyringa hafa unnið mikið brautryðjendastarf í krullu hérlendis. „Íþróttin hefur verið stunduð hér frá árinu 1996 en nú er hún komin víðar um landið. Þá hefur krulla verið að ná auknum vinsældum meðal unglinga hér á Akureyri og í vikunni er ráðgert að stórir hópar ungs fólks komi á æfingu í skautahöllinni.“ *- öhö*

## Hvað er krulla?

Krulla er íþrótt sem leikin er á sléttum ís. Leikurinn felst í því að 20 kílóa granítsteini er rennt eftir endilangri braut þannig að hann endi sem næst miðju í svokallaðri höfn eða húsi á hinum enda brautarinnar. Leikmenn eru í sérstökum skóm þar sem sleipur botn er undir öðrum skónum eða venjulegum íþróttaskóm og er þá sleipur sóli settur undir annan skóinn svo hann renni betur. Notaðir eru sérstakir kústar, hvort tveggja til að sópa svellið og hita það og líka til stuðnings þegar steini er rennt.

Tvö lið með fjórum leikmönnum í hvoru liði eigast við í hverjum leik. Fyrirliðinn er yfirleitt nefndur skipper en hann stýrir liðinu og ákveður leiktaktík liðsins í samráði við liðsfélagana. Liðsstjóri stendur í höfn og gefur kastaranum merki um hvar hann vill að steinninn hafni. Þegar steininum er rennt er hann látinn snúast í þá átt sem liðsstjóri skipar fyrir og snýst steinninn á meðan hann rennur yfir leikvöllinn en þaðan er nafnið „curling“ komið. Vegna snúningsins fer steinninn ekki beina leið heldur í boga og eykst beygjan eftir því sem steinninn hægir á sér. Í hvert sinn sem leikmaður rennir steini eru tveir liðsfélagar hans tilbúnir með sérstaka kústa. Sópararnir tveir hlýða fyrirmælum liðsstjórans eða ákveða sjálfir hvort þeir eigi að sópa svellið fyrir framan steininn eða ekki.

Stig eru talin eftir hverja lotu og það lið sem hefur fleiri stig samanlagt sigrar í leiknum. Í hverri umferð skorar aðeins það lið sem á stein næst miðju þegar umferðinni lýkur og fjöldi stiga ræðst af því hve marga steina liðið á nær miðju hringsins en næsti steinn andstæðingsins. Sjá meira um krullu á www.curling.is.

# Álver fyrir iðnaðarmenn



## Iðnaðarmannadagur Alcoa Fjarðaáls laugardaginn 25. nóvember

**Atvinnutækifæri, námstækifæri, þjónustusamningar**
Laugardaginn 25. nóvember opnum við dyrnar fyrir iðnaðarmönnum og iðnnemum. Við förum í skoðunarferð um álverið og kynnum starfsemina í framtíðinni. Á kynningarfundi verður fjallað sérstaklega um atvinnu- og námstækifæri iðnaðarmanna hjá Alcoa Fjarðaáli og þjónustusamninga sem fyrirtækið mun gera við verktaka.

**Skoðunarferð um álverið kl. 12:30**
Kl. 12:30 verður lagt af stað í skoðunarferðina frá bílastæðinu við álverslóðina. Þar sem gera þarf ráð fyrir öryggisbúnaði eru þátttakendur vinsamlegast beðnir um að skrá sig í skoðunarferðina á alcoa@alcoa.is eða í síma 470 7900.

**Kynningarfundur kl. 14:00**
Kl. 14:00 byrjum við kynningarfund í Veislumiðstöðinni (Barbeque Center) í starfsmannaþorpinu á Haga við Reyðarfjörð. Við fáum góða gesti í heimsókn til okkar, ræðum málin saman og njótum léttra veitinga. Formlegri dagskrá lýkur um kl. 16:00.

**Rútuferðir**
Við bjóðum upp á rútuferðir frá **Akureyri, Húsavík, Höfn, Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Reyðarfirði.** Hægt er að skrá sig í rútuferð og fá nánari upplýsingar í síma 470 7900 og á alcoa.is.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, hápróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

## Rafvirkjar (8 störf) og vélvirkjar (9 störf)

Við leitum að faglærðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina. Unnið er í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. janúar 2007 eða síðar.**

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu S. Guðmundsdóttur (helga.snaedal-@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.




**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 34010 11/2006

# Fræðasetur norðan heiða með öflugt starf

AkureyrarAkademían eða Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var stofnað fyrir um hálfu ári síðan. Mikil gróska er í starfi fræðimanna norðan heiða og því full þörf á góðri vinnuaðstöðu. Starfsemin hefur farið vel af stað með öflugu menningarstarfi.



Margrét Guðmundsdóttir, Jón Hjaltason og Valgerður Bjarnadóttir eru í forsvari fyrir Akureyrarakademíuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Akademían heldur til í húsakynnum Háskólans á Akureyri við Þórunnarstræti sem áður gegndi hlutverki húsmæðraskólans. Meðlimir eru nú þegar um 40 talsins en sex félagar eru með vinnuaðstöðu.

„Starfsemin er tvíþætt. Við rekum vinnuaðstöðu og samfélag fyrir fræðimenn og -konur. En einnig sinnum við hagsmunum félagsmanna og miðlum þeirra fræðum,“ segir Valgerður H. Bjarnadóttir, hússtýra og stjórnarmeðlimur Akademíunnar. Stofnendur Akademíunnar höfðu um nokkurt skeið stefnt að því að koma á fót félagsskap að fyrirmynd ReykjavíkurAkademíunnar. „Við vorum búin að ræða þörfina fyrir vinnuaðstöðu og hvetjandi samfélag fræðifólks fyrir norðan. En góðir hlutir gerast hægt og þegar við fengum aðstöðu í Húsmæðraskólanum var ekki eftir neinu að bíða,“ segir Valgerður brosandi. Markmiðið er fyrst og fremst að skapa aðstöðu og samfélag. „Við leggjum áherslu á að skapa vinnufrið, en tökum einnig á móti gestum. Á dagskránni er að hafa opið hús ásamt málþingum og fyrirlestrum“ segir Valgerður.

Meðal fyrirlestra sem farið hafa fram í Akademíunni í haust má nefna fyrirlestur Viðars Hreinssonar, framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar um Handritin í sauðalitunum, umfjöllun um Charcot með Friðriki Rafnssyni og nú síðast áhugaverðan fyrirlestur Atla Harðarsonar um Hjónabönd samkynhneigðra. Sá fyrirlestur var haldinn í samvinnu við Áhugahóp um heimspeki. „Sumir eru að rannsaka og grúska meðfram annarri vinnu á meðan aðrir eru þarna í fullu starfi og fást við margvísleg viðfangsefni,“ segir Valgerður og nefnir sögu hjúkrunar og rannsóknir á garðrækt. Sjálf situr hún meðal annars við þýðingar á fornljóðum og verkefni um menningar- og trúarsögu kvenna. Stjórnina skipa Jón Hjaltason formaður, Kristín Kjartansdóttir ritari, Valgerður H. Bjarnadóttir gjaldkeri, Margrét Guðmundsdóttir og Páll Björnsson, varamenn í stjórn. Allir sem stunda fræðastörf eða einhvers konar grúsk geta orðið meðlimir í Akademíunni. Félagsgjald er 1500 kr. á ári en mánaðarleiga fyrir skrifborð og alla aðstöðu er 12.000 kr. AkureyrarAkademían stefnir að því að verða virkur þátttakandi í þjóðfélags-umræðunni á Íslandi og stuðla að fræðilegri umræðu um allt frá Miðaldamenningu og ræktun kartöflunnar til kynjaðrar heimspeki og eðlis stjarnanna. Stefnt er að frjósömu samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna og önnur fræðasetur hérlendis og erlendis. Sími AkureyrarAkademíunnar er 461 4006, netfang er akademia@internet.is og fyrst um sinn mun heimasíða ReykjavíkurAkademíunnar miðla upplýsingum um systurstofnunina norðan heiða. *rh@frettabladid.is*

# Lenging flugvallarins nauðsynleg fyrir millilandaflug

Mikið hefur verið rætt um að lengja þurfi Akureyrarflugvöll og bæta aðstöðuna á flugvallarsvæðinu. Ljóst er að þörf er á framkvæmdum til að völlurinn nýtist að fullu sem millilandaflugvöllur.

Jón Ingi Cæsarsson, formaður Skipulagsnefndar Akureyrarbæjar er einn þeirra sem hefur talað fyrir lengingu vallarins. „Það þarf að koma þessu máli inn á samgönguáætlun. Það sem hefur fyrst og fremst vantað er að fá vitræn svör frá yfirvöldum,“ segir Jón Ingi Cæsarsson, formaður Skipulagsnefndar Akureyrarbæjar. „Við höfum séð hvernig minni flugvellir í Evrópu hafa tekið upp millilandaflug og það hefur verið vítamínsprauta fyrir þau byggðarlög.“



Jón Ingi Cæsarsson, formaður skipulagsnefndar Akureyrarbæjar, segir nauðsynlegt að bæta aðstöðu á Akureyrarflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Áætlað hafði verið að fara í framkvæmdir til að bæta bílastæði og aðstöðu á vellinum, en þær voru teknar út af samgönguáætlun á síðasta ári.

„Deiliskipulag svæðisins er á lokastigi og fyrir liggur að KEA og Akureyrarbær eru til í að koma að verkefninu með láni til ríkisins. Það er þverpólitísk samstaða hér í bæ um nauðsyn þessarar framkvæmdar og þetta er mál sem skiptir Norðurland allt miklu máli,“ segir Jón Ingi. „Það er okkar von að ferðaskrifstofur og erlend flugfélög velji Akureyri sem áfangastað í sínum áætlunum en það gerist ekki við núverandi aðstæður. Við erum hér miðsvæðis á Norðurlandi og stutt í náttúruperlur allt í kring. Þegar Vaðlaheiðargöng verða komin mun hlutverk flugvallarins aukast enn frekar.



Lára Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Tölvuskólans Þekkingar, segir netið gera fólki kleift að vinna vinnu sína óháð búsetu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Netið gefur aukið frelsi til búsetu

Tölvuskólinn Þekking er eitt þeirra fyrirtækja sem starfa bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

„Við erum með skóla í Faxafeni 10 í Reykjavík og þar erum við með fimm kennslustofur og svo erum við með tvær kennslustofur hér á Akureyri,“ segir Lára Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólans, sem er með skrifstofu sína á Akureyri. „Við kennum ýmiss konar námskeið í skólanum, bæði fyrir byrjendur og lengra komna og aðsóknin hefur verið mjög góð hér á Akureyri. Þá erum við með sérstök námskeið fyrir eldri borgara en þau hafa mjög gaman af því að ná tökum á tækninni. Þá erum við að kenna ýmis sérhæfð námskeið, til dæmis í vinnslu stafrænna mynda með photoshop og uppsetningu efnis í umbrotsforritum.“

Lára segir að fyrirtækjum sem er stjórnað milli landshluta fjölgi stöðugt. „Ég tel að í framtíðinni muni aukast að fólk verði óbundið af staðsetningu þegar sótt er um störf. Hægt er að nota netið mun meira en gert er nú til að auka frelsi til búsetu,“ segir Lára. „Þetta er að mínu mati vænlegra en að flytja fyrirtæki og stofnanir í heilu lagi milli landshluta. Með þessu móti getur fólk ráðið hvaðan það vill vinna.“ *- öhö*

Fiat Grande Punto
Númer 1 í Evrópu

www.euroncap.com

# Þú gætir unnið ævintýraferð til Veróna



PI PAR • SÍA • 60694

Þeir sem koma og reynsluaka Fiat Punto í nóvember geta átt von á því að vinna flugferð fyrir tvo til ævintýraborgarinnar Veróna á Ítalíu með Úrvali Útsýn.

ÚRVAL·ÚTSÝN

## Mest seldi bíllinn í Evrópu 2006*

- **Stíll**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.
- **Eiginleikar**. Hlaut Gullna stýrið 2005.

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

**Bílaumboðið Saga**
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

*Opinber skráning bifreiða fyrir janúar – apríl 2006 í 15 löndum: Belgíu, Finnlandi, Þýskalandi, Bretlandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Noregi, Portúgal, Spáni og Svíþjóð.






Lífsleikni verður sífellt vinsælli í símenntunarstarfi og hefur gefið góða raun.

# Lífsleikninám

Menntasmiðjan á Akureyri býður upp á símenntun fyrir Akureyri og nágrenni þar sem aðaláherslan er lögð á nám í lífsleikni.

Menntasmiðjan á Akureyri hefur nú starfað um árabil og má segja að upprunalega hafi menntasmiðja kvenna verið miðpunktur starfseminnar. Smiðjan býður upp á nám í lífsleikni sem er óðum að öðlast meiri vinsældir. Hugmyndafræði smiðjunnar er að stuðla að sameiningu sjálfsstyrkingar, sköpunar og hagnýtra þátta í náminu. Námið stefnir á að stuðla að jafnrétti og bættum samskiptum kynjanna, auka virkni samfélagsþegnanna og styrkja stöðu þeirra sem ýmissa hluta vegna þurfa stuðning.

NÁMSKEIÐIN SEM BOÐIÐ ER UPP Á ERU:

- **Menntasmiðja kvenna:** Nám í lífsleikni fyrir konur (haustönn).
- **Menntasmiðja unga fólksins:** Nám í lífsleikni fyrir fólk á aldrinum 17-26 ára (vorönn).
- **Atvinnulífskynning:** Valgrein í grunnskólum Akureyrar.
- **Alþjóðastofa:** Þjónustu- og fræðslumiðstöð fyrir nýbúa og fólk af erlendum uppruna.
- **Almenn námskeið** fyrir almenning og sérsniðin fyrir konur s.s. tungumálanámskeið, tölvunámskeið og fleira.
- **Fjölþjóðlegt samstarf** í gegnum Sókrates-áætlun Evrópusambandsins.

**Opnunartímar Menntasmiðjunnar eru mánudaga til föstudaga frá klukkan 8 til 16. Smiðjan er staðsett í gamla barnaskólahúsinu.**

Nánari upplýsingar um Menntasmiðjuna og starfsemi hennar má finna á www.menntasmidjan.is.

Nánari upplýsingar um nám og námskeið á Akureyri er að finna á netsíðu Akureyrar, www. akureyri.is

*- rh*





Pearl
Trommusett á tilboðsverði
Pearl Forum
Verð áður: 76.500
Tilboð: 59.900
Forum trommusettum fylgir:
cymbalar, stóll, kjuðar
og kennslumyndband.
Pearl Export
Verð áður: 82.900
Tilboð: 66.300
Export trommusettin
eru mest seldu trommusett í heimi
Pearl Export Radical
Verð áður: 94.600
Tilboð: 75.600
TÓNABÚÐIN
Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri s.462-1415
Skipholt 21, 105 Reykjavík s.552-4515
tonabudin.is


KFC®
TM
Veisluvika
Kr. 1999
10 bitar, stór franskar
og 2 lítra Pepsi
PEPSI
PIPAR • SÍA • 60788




mikil og jákvæð áhrif. Í ræðu sinni tók hann dæmi um athafnamanninn Ragnar í Smára, sem tók þá ákvörðun að gefa út bók eftir Halldór Laxness við upphaf ferils hans, þegar enginn annar fékkst til þess. „Í dag efast enginn um að samfélagslegur skilningur Ragnars í Smára var happ fyrir Halldór Laxness. En hitt er ekki þýðingarminna að hann var gæfa fyrir íslensku þjóðina,“ sagði Þorsteinn í ræðu sinni.

Það eru heldur ekki ný sannindi að mörgum þykir umræðan um að fyrirtæki skuli bera samfélagslega ábyrgð hjóm eitt. Þau eigi að einbeita sér að sínum rekstri og með því skili þau mestu til samfélagsins og eigenda sinna. Milton Friedman, einn frægasti hagfræðingur heims og mikill markaðs- og frjálshyggjumaður, lést í síðustu viku 94 ára gamall. Í september árið 1970 gaf hann út ritgerðina Samfélagsleg skylda fyrirtækja er að auka hagnað sinn og birtist hún í tímariti dagblaðsins New York Times. Þar færði hann rök fyrir því að stjórnendur fyrirtækja hafi þeim skyldum að gegna gagnvart eigendum sínum að stjórna fyrirtækinu í samræmi við þeirra óskir, sem yfirleitt séu að þéna eins mikið og hægt er án þess að brjóta reglur samfélagsins. Í ritgerðinni segir hann kenninguna um samfélagslega ábyrgð oft notaða sem yfirskin fyrir aðgerðir sem í raun séu réttlættar af öðrum ástæðum. Oft freistist fólk til að nota hugtakið um samfélagslega ábyrgð yfir aðgerðir sem þessar, sem í raun séu ekki annað en eins leið til að auka viðskiptavild og því að fullu leyti eiginhagsmunir fyrirtækisins en ekki samfélagsleg ábyrgð þess.

**MÖRKIN OFT Á TÍÐUM ÓLJÓS**

Margir telja hugmyndir Miltons Friedmans um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja úreltar og þær eigi ekki við í nútímasamfélagi. Hvort sem maður er sammála honum eða ekki er varla annað hægt en að láta hvarfla að sér að auðvitað séu stjórnendur fyrst og fremst að hugsa um hag fyrirtækis síns. Mörkin geta oft á tíðum verið nokkuð óljós milli auglýsinga og samfélagslegrar ábyrgðar. Títtnefnt dæmi um vel heppnað verkefni á þessu sviði er Glitnishlaupið í sumar. Það er jafnframt kannski eitt besta dæmið um óljós skil af þessu tagi. Bankinn hét á fjölmarga starfsmenn sína að taka þátt í hlaupinu og á móti styrkti bankinn gott málefni í þeirra nafni. Það efast enginn um að þetta framtak hafði mikil og jákvæð samfélagsleg áhrif, meðal annars með bættri heilsu starfsmanna og annarra sem tóku þátt í hlaupinu og stórum framlögum til líknarmála. Á sama tíma var Reykjavík þó undirlögð í auglýsingum og umfjöllunum tengdum hlaupinu heilu vikurnar áður en það hófst. Annað dæmi er það sem kom fram í máli forstjóra Alcoa á ráðstefnunni, að fyrirtækið hafi ákveðið að veita tuttugu milljónum í uppbyggingu á Vatnajökulsþjóðgarði.

Hvort sem framlög íslenskra fyrirtækja til samfélagslegra málefna eru til þess gerð að bæta ímynd þeirra eða vegna þess að þau telji þau til samfélagslegrar skyldu sinnar skiptir kannski ekki mestu máli. Sem betur fer sjá þau hag sinn í því. Ef þau gerðu það ekki er nokkuð öruggt að mun fátæklegra yrði um að litast í heimi menningar, lista, íþrótta og ýmissa styrktarfélaga sem reiða sig á dyggan stuðning einkafyrirtækja.

# *Vakning fyrirtækja hefur skipt sköpum*



**SIGRÍÐUR KRISTÍN HRAFNKELSDÓTTIR** Sigríður, sem er fyrrum stjórnarmaður Einstakra barna, er einn af hugmyndasmiðum ráðstefnunnar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sem haldin var nýverið. MARKAÐURINN/GVA

Að félaginu Einstök börn, sem verður tíu ára á næsta ári, standa 125 fjölskyldur barna með sjaldgæfa, óþekkta, langvarandi eða mjög alvarlega sjúkdóma. „Sérkenni og jafnframt vandamál Einstakra barna er að við erum afskaplega flókinn og lítill hópur aðstandenda barna sem þurfa oft á mjög mikilli umönnun að halda. Oft á tíðum passa börnin ekki inn í skilgreiningar, til dæmis í heilbrigðisgeiranum eða hvað varðar aðgengi að þjónustu. Þess vegna lendum við oft í að þurfa að berjast fyrir réttindum sem ættu að vera sjálfsögð,“ segir Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður félagsins.

Í gegnum starf sitt með Einstökum börnum hefur Sigríður séð af eigin raun hversu miklu máli aðkoma fyrirtækja getur skipt fyrir félagsskap sem þennan. Það var meðal annars ástæðan fyrir því að hún vann könnun í mastersnámi sínu við kennslu- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, um viðhorf stjórnenda íslenskra fyrirtækja til samfélagslegrar ábyrgðar. Hún segir margt hafa breyst frá þeim tíma sem félagið var stofnað hvað varðar aðkomu fyrirtækja að styrktarfélögum og mörg þeirra hafi notið góðs af því. Hún segir þó að Einstök börn þurfi enn frekari stuðnings við, enda eigi félagið undir högg að sækja þar sem fjölskyldurnar eru tiltölulega fáar og börnin hafa mjög ólíka sjúkdómsgreiningu. Það valdi því að þrýstihópurinn sé ekki eins öflugur og í mörgum öðrum tilfellum þar sem fleiri skilja við hvað er verið að berjast. Þessi hópur barna fer ört stækkandi og því full ástæða til að skoða þarfir fjölskyldna barnanna vel.

Sigríður hefur undanfarið ár meðal annars verið í hópi fimm fjölskyldna sem hafa verið að berjast fyrir því að fá sambýli fyrir börnin sín sem fjölskyldurnar, af ýmsum ástæðum, geta ekki lengur haft heima fyrir. Sú barátta hefur tekið langan tíma og sér enn ekki fyrir endann á henni. „Það er gríðarlega erfitt að þurfa að viðurkenna fyrir sjálfum sér að maður geti ekki lengur valdið því að hafa barnið sitt heima. Að þurfa svo að berjast fyrir því að barnið fái inni á sambýli er ólýsanlega erfitt,“ segir Sigríður. Hún segir erfitt að hreyfa við því þunga afli sem stjórnvöld geta verið. Hjá þeim gerist hlutirnir einfaldlega of hægt en innan einkageirans hreyfist hlutirnir oft hraðar fyrir þann kraft sem oft býr innan hans. Hún vonast því til að einkafyrirtæki muni frekar auka við stuðning sinn og einnig að fleiri fyrirtæki muni láta sig samfélagslega ábyrgð varða. Hún nefnir Rjóðrið, sem er hvíldar-, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn, sem dæmi um hversu öflugt form samvinna hins opinbera og einkaaðila getur verið. Þar var uppbygging og öll framkvæmd algjörlega í höndum Velferðarsjóðs barna, sem stofnaður var af Íslenskri erfðagreiningu, en samningur gerður við Landspítalann um reksturinn að því loknu.

# *Víða óskýr stefna*

Nýleg könnun, sem unnin var af kennslu- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, gefur vísbendingu um upplifun stjórnenda fyrirtækja á mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar. Rúm 65 prósent þeirra sem svöruðu töldu það skipta starfsmenn fyrirtækisins mjög miklu eða frekar miklu máli að fyrirtækið gæfi eitthvað til samfélagsins.

Ýmislegt annað áhugavert kom fram í könnuninni. Þar má nefna að einungis 44 prósent svarenda sögðu samfélagslega ábyrgð sérstaklega skilgreinda í grunnstefnu fyrirtækisins. Langflest fyrirtæki, eða 80 prósent, byggja þá upphæð sem varið er til góðgerðarmála árlega á almennu mati stjórnenda eða eigenda á hverjum tíma. Það gæti bent til þess að umfang samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja sveiflist oftar en ekki eftir árferði í efnahagslífinu.

Könnunin var lögð fyrir 373 stjórnendur fyrirtækja en einungis 126 sáu sér fært að svara henni. Svarhlutfallið var því ekki nema 34 prósent sem getur ekki talist mög gott. Það gæti gefið vísbendingu um áhugaleysi eða þekkingu íslenskra stjórnenda á hugtakinu samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja.

**ER SAMFÉLAGSLEG STEFNA SKILGREIND Í GRUNNSTEFNU FYRIRTÆKISINS?**




**TELUR ÞÚ ÞAÐ SKIPTA MÁLI FYRIR STARFSMENN AÐ FYRIRTÆKIÐ GEFI EITTHVAÐ TIL SAMFÉLAGSINS?**



# MARKAÐURINN

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

Fjárfestingar Íslendinga hafa gengið vel, en ekki eru allar ferðir til fjár.

## *Fjögur brúðkaup og jarðarför*

**Hafliði Helgason**

Ekki er allt gull sem glóir, er eitt af því sem fjárfestar þurfa að hafa í huga. Þessi augljósu sannindi hafa verið orðuð með ýmsum hætti í gegnum tíðina. Ein útgáfan hljóðar þannig að ef eitthvað líti út fyrir að vera of gott til að vera satt, þá sé það líklega raunin.

Vöxtur og fjárfestingar íslenskra fyrirtækja hefur verið ótrúlega áfallalítill. Raunin hefur verið sú að flest hefur heppnast og langt umfram það sem búast má við. Það er því engin furða að eitthvað fari öðruvísi en ætlað var.

Tvö félög í Kauphöll Íslands hafa þurft að horfast í augu við raunveruleikann og snúa af þeirri braut sem mörkuð hafði verið. Þetta eru Avion og Dagsbrún. Hvorugt þessara félaga átti sér samsvörun í nokkru öðru félagi og kannski var ástæða fyrir því.

Það er eðlilegt að þegar bakkað er út úr yfirlýstri stefnu, þá er slíkt gagnrýnt á ýmsum forsendum. Gagnrýna má að stefna félaganna hafi ekki verið nægjanlega ígrunduð, farið inn á svið þar sem þekkingu skorti og svo má einnig spyrja hvort gefist hafi verið upp við fyrsta mótlæti. Allt eru þetta gildar spurningar þegar sveigt er frá boðaðri stefnu.

**Hitt er svo annað að kannski er mikilvægast af öllu, þegar menn telja að stefnan sé röng, að horfast í augu við mistök og hefjast þegar handa við að vinda ofan af þeim.**

Hitt er svo annað að kannski er mikilvægast af öllu, þegar menn telja að stefnan sé röng, að horfast í augu við mistök og hefjast þegar handa við að vinda ofan af þeim.

Það er líka mikilvægt í allri umræðu að tapa sér ekki yfir því sem fer öðruvísi en ætlað var. Viðskipti eru í eðli sínu áhættusöm og ákvarðanir ganga misvel upp. Það versta sem getur komið fyrir er að kjarkinn þverri. Umburðarleysi gagnvart mistökum er versta veganestið.

*Fjórum sinnum féll á kné / í fimmta skiptið stóð hann*, segir í Guðsgjafarþulu Halldórs Laxness um Íslands Bersa. Ferðalag íslensks kaupsýslufólks í átt til alþjóðavæðingar og uppbyggingar sterkra fjölþjóðafyrirtækja hefur ekki verið áfallalaust og verður það aldrei. Styrkur okkar hefur meðal annars verið að menn hafa lært af eigin mistökum og ekki síður það sem er miklu ódýrara, lært af mistökum annarra. Styrkurinn hefur falist í að taka skjótar ákvarðanir og það kann á köflum að vera á kostnað ígrundunar og yfirvegunar.

Hættan af velgengni undanfarinna missera liggur meðal annars í því að þegar vel gengur er hætta á að kæruleysið taki völdin. Menn mega aldrei gleyma því að líklegustu fjárfestingarnar til að skila árangri eru þær sem lúta að sérsviði og þekkingu viðkomandi. Þar liggur forskotið. Alþjóðlegir fjárfestar hafa verið að vakna til lífsins að undanförnu og samkeppni um arðbær verkefni hefur harðnað. Það er því enn mikilvægara en áður að nýta reynsluna og vanda til verka.

Eftir að hafa verið í nánast stöðugum veislum undanfarin ár ætti engum að bregða yfir því að þurfa að mæta í eins og eina jarðarför. Það er nú einu sinni gangur lífsins.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is


KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 Sími 540 1000


# Flekahreyfingar í efnahagslífinu

Íslenskt efnahagslíf hefur tekið umbreytingu á undanförnum árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Svo víðtæk er hún að líkja má við flekahreyfingar í jarðskorpunni. Framrás fjármálageirans sýnir þessar breytingar í hnotskurn.

ORÐ Í BELG



**Ólafur Ísleifsson,** lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

**FJÁRMÁLAGEIRINN**

Á undanförnum árum hefur fjármálageirinn ruðst fram með sprengikrafti í íslensku efnahagslífi. Í nýlegri greinargerð 1), sem við Katrín Ólafsdóttir lektor við HR tókum saman fyrir Samtök fjármálafyrirtækja er sýnt fram á, að geirinn hefur skotið sjávarútvegi aftur fyrir sig á mælikvarða framlags til landsframleiðslu og nemur hlutur fjármálageirans á bilinu 9-10% af framleiðslu í landinu á síðasta ári. Fjármálageirinn hefur vaxið í þeim mæli að hann hefur staðið undir a.m.k. þriðjungi hins kröftuga hagvaxtar hér á landi frá árinu 2001.

Fjölmörg störf hafa skapast í greininni á undanförnum árum. Bættu viðskiptabankarnir þrír við sig 900 nýjum starfsmönnum á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Fjölgun starfa í fjármálageiranum frá 1998 til 2005 er tvöfalt meiri en í störfum almennt á vinnumarkaði, eða 28% samanborið við 13% fjölgun starfa í heild samkvæmt upplýsingum Hagstofu. Hlutdeild starfsmanna í fjármálageiranum er um 4%, en launatekjur starfsmanna í geiranum eru ríflega 6% af heildarlaunum.

Æ fleiri starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa háskólamenntun að baki. Samkvæmt könnunum SÍB var 11% félaga með háskólamenntun á árinu 1996 en 35% á árinu 2004. Hlutfallið hefur hækkað frá þeim tíma og fer væntanlega yfir 50% fyrr en varir.

Fjármálafyrirtækin leggja fram drjúgan skerf til sameiginlegra sjóða landsmanna. Í greinargerð HR er áætlað að heildarskatttekjur hins opinbera af starfsemi fjármálafyrirtækja gætu legið á bilinu 30-35 milljarðar króna eða ríflega 8% af öllum skatttekjum ríkis og sveitarfélaga.

Gera má ráð fyrir að fjármálafyrirtækin í heild greiði um 15 milljarða í tekjuskatt lögaðila, sem jafngildir ríflega 10% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Fjármálageirinn í heild greiðir yfir 40% af tekjuskatti lögaðila sem alls nemur 35 milljörðum króna. Í ljósi þess að hagnaður bankanna fyrstu níu mánuði þessa árs nemur hærri fjárhæð en allt árið í fyrra má búast við að skattgreiðslur fjármálafyrirtækjanna verði enn meiri á næsta ári.

Með fjármálageiranum er komin fram á sjónarsviðið atvinnugrein sem leggur fram verulegan skerf af verðmætasköpun í landinu, stendur undir stórum hluta skatttekna ríkis og sveitarfélaga og greiðir starfsmönnum hærri laun en almennt gerist.

**NÝ ATVINNUSTARFSEMI ÁN ATBEINA RÍKISINS**

Fjármálageirinn er ekki einn um að ryðja nýjar brautir í atvinnulífinu. Finna má fjölmörg önnur dæmi um kraftmiklar atvinnugreinar, t.d. á vettvangi lista og menningar eins og Ágúst Einarsson prófessor við HÍ hefur bent á.

Líkt og í fjármálageiranum er hér engin stýring af hálfu ríkisvalds og hvergi gengið á auðlindir landsins til að skapa ný störf eins og stundum er komist að orði.

Á næstu misserum mun framleiðsla áls taka stökk upp á við þegar verksmiðja Alcoa á Reyðarfirði hefur starfsemi og stækkun Norðuráls á Grundartanga lýkur. Uppi eru áform um nærri tvöföldun á orkunotkun til stóriðju frá því sem þá verður fram til ársins 2015 með stækkun álvers í Straumsvík og nýjum álverum í Helguvík og á Húsavík.

Þessar ráðagerðir kalla á að leitað verði eftir aukinni samstöðu í landinu um skynsamlega stefnu varðandi stóriðju og orkunýtingu. Þetta sýnist naumast gerlegt nema sköpuð verði ný umgjörð um ákvarðanir um hagnýtingu orkulinda. Þrennt sýnist brýnast í þessu sambandi: Upplýsa þarf um verð á raforku til stóriðju svo að ákvarðanir í þeim efnum séu gagnsæjar. Gera þarf strangar kröfur um ávöxtun á framkvæmdafé sem lagt er fram eða ábyrgð veitt fyrir af hálfu opinbera aðila. Gera þarf stjórnsýsluferil við umhverfismat þannig úr garði, að ekki verði tilefni til að úfar rísi eins og þegar ráðherra sneri við mati faglegrar stofnunar í viðamiklu máli.

**HVAÐ GETA STJÓRNVÖLD GERT?**

Hér er verðugt verkefni fyrir stjórnvöld til að skapa sátt um hófsama stefnu nýtingar og náttúruverndar og eyða þeirri tortryggni sem skapast hefur á undanförnum árum. Um leið þurfa stjórnvöld að tefla fram raunhæfum áætlunum um hagstjórn til að hágengis- og hávaxtamistök undangenginna missera endurtaki sig ekki.

*1) Fjármálageirinn á Íslandi, greinargerð tekin saman fyrir Samtök fjármálafyrirtækja, Hagfræðisetur Háskólans í Reykjavík, 7. nóvember 2006*

**Um leið þurfa stjórnvöld að tefla fram raunhæfum áætlunum um hagstjórn til að hágengis- og hávaxtamistök undangenginna missera endurtaki sig ekki.**

UM VÍÐA VERÖLD

## Skilvirk starfsmannasamtöl



Mynd/Búi Kristjánsson

Starfsmannasamtöl eru skipulögð samtöl á milli starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja og stofnana. Þau eru í auknum mæli að ryðja sér til rúms í fyrirtækjum í dag og megintilgangur þeirra er að samræma stefnu fyrirtækis við mannauðsstefnu. Í samtalinu eiga sér stað gagnkvæm tjáskipti á milli starfsmanna og yfirmanna m.a. um stefnu, markmið, árangur, frammistöðu, líðan í starfi og þörf fyrir þjálfun og fræðslu.

Samtölin þarf að undirbúa vel og gefa þeim tíma í þægilegu umhverfi sem er laust við símtöl og truflun. Þannig eru samtölin trúnaðarsamtöl sem geta tekið allt upp í tvær klukkustundir. Nauðsynlegt er að báðir aðilar séu vel undirbúnir fyrir samtalið. Starfsmaður þarf að huga að starfslýsingu sinni, markmiðum og árangri og vera tilbúinn til að ræða efni sem varða markmið sem hann vill ná, markmið sem ekki hafa náðst og koma með tillögur til úrbóta. Stjórnendur þurfa að huga að því að skapa þægilegt andrúmsloft, sýna starfsmanni áhuga og óskipta athygli. Stjórnendur þurfa að varast að sýna vald eða tala niður til starfsmanns en leggja í staðinn áherslu á jafnræði og sanngirni í samtalinu þar sem hugmyndum og tillögum starfsmanns er vel tekið. Ef það er ekki gert er hætta á því að starfsmaður fari í vörn og mikilvægar upplýsingar komi ekki fram í samtalinu.

Hagur starfsmanna af starfsmannasamtölum er einkum sá að þeir fá tækifæri til að auka skilning sinn á væntingum stjórnenda, þeir geta sagt sína skoðun á stefnu og markmiðum fyrirtækis, markmiðin verða þeim skýrari og þeir geta tjáð sig varðandi þörf fyrir þjálfun og starfsþróun. Starfsmenn fá endurgjöf á frammistöðu sína og oft er þetta eini vettvangurinn til að fá persónulega hvatningu. Hagur fyrirtækis er einkum sá að stjórnendur fá yfirsýn yfir starfsemina, starfslýsingar og þjálfunarþörf, stefna fyrirtækis verður starfsmönnum skýrari og stjórnendur fá ákveðna innsýn í þarfir starfsmanna. Skilvirk starfsmannasamtöl nýtast ennfremur vel til að bæta félagsanda og efla traust á milli starfsmanna og stjórnenda.



**Sif Sigfúsdóttir MA í mannauðsstjórnun.**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Ekki sýnd en aðeins gefin veiðin

Eigendur fyrirtækja og starfsmenn hafa ýmis áhugamál. Veiðiskapur hefur fylgt Íslendingum lengi og alltaf eykst sá fjöldi manna sem leggur stund á skotveiðar í sínum frítíma. Í vöxt fer að samstarfsmenn fari í hópum til veiða og komi gírugir á kaffistofuna daginn eftir með góðar veiðisögur. Manni verður þó um og ó að heyra sögur af veiðiferðum skotveiðimanna þar sem svo mikill fjöldi er saman kominn á tiltölulega litlu svæði, allir í sama tilganginum að skjóta gæsir eða rjúpur. Fréttir herma að menn hafi hreinlega flúið af góðum veiðistöðum vegna þess að skothríð er mikil, hún kemur úr öllum áttum þannig að ekki er mögulegt að átta sig á hvaðan skotin koma og ástandið því stórhættulegt.

Á haustmánuðum hafa borist tjónstilkynningar til Sjóvár sem fá mig til að hafa áhyggjur af því að menn sýni ekki ýtrustu varkárni við meðferð skotvopna. Áverkar geta verið alvarlegir og því viljum við árétta að þeir sem fá byssuleyfi taki alvarlega þær leiðbeiningar sem koma fram á námskeiðum sem haldin eru af Umhverfisstofnun um sjálfsagðar öryggisreglur.

Það segja mér fróðir menn að þegar skotmaður gengur með hlaðna byssu á veiðum skal alltaf opna byssulásinn og afhlaða byssuna þegar farið er yfir t.d. skurði, klifrað upp kletta eða klöngrast yfir urð og móa. Gangi margir menn saman með hlaðnar byssur skal halda þeim þannig að hlaupin stefni aldrei að samferðarmönnum ef menn hrasa og detta. Það þykir einnig sjálfsögð kurteisi að opna byssuna og afhlaða er menn hittast á veiðum og fara að ræða málin eða setjast niður að snæðingi.

Þetta eru mjög góðar reglur og afar áríðandi að sem flestir skotveiðimenn tileinki sér þær.

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá

Það er grafalvarlegt mál að verða fyrir slysaskoti því afleiðingarnar geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þann sem fyrir verður svo ekki sé talað um þann sem veldur. Það hlýtur að vera hræðileg tilfinning og erfitt að lifa með því að valda besta vini sínum eða nánum ættingja slíkum skaða, kannski af algeru kæruleysi og óvarkárni. Þó við bjóðum upp á góðar slysatryggingar þá getum við ekki annað en greitt ákveðnar fjárhæðir en atburðurinn hverfur ekki þrátt fyrir þær greiðslur.

Með þessu greinarkorni langar mig að vekja skotveiðimenn til meðvitundar um alvarleika þessa sports, að þeir tileinki sér varúð og gætni í meðferð skotvopna og klæðist áberandi fatnaði í þeim tilfellum sem slíkt fælir ekki bráðina, t.d. við rjúpnaveiðar. Það er mjög auðvelt og ódýrt að verða sér úti um neonlituð þunn nælonvesti sem gera það að verkum að veiðimenn sjá vel hver annan sérstaklega í aðstæðum þar sem fjöldi skotveiðimanna er slíkur að hætta stafar af eins og áður hefur komið fram.

Bestu kveðjur og góða veiði!

**Sólveig Ólafsdóttir**
**Þjónustufulltrúi á tjónasviði Sjóvár**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Spólað á öllum fjórum

Það er einhver skammdegisdrungi yfir mér þessa dagana. Af því að ég er afar velviljaður maður og vil öllum hið besta, þá er ég leiður yfir ýmsu þessa dagana.

Mér finnst leiðinlegt að menn séu að afskrifa einn og hálfan milljarð út af prentsmiðju í Bretlandi og mér finnst leiðinlegt að Avion skuli hafa selt ferðaþjónustuna sína og sé nú bara skipafélag. Ég er hins vegar ánægður með að Eimskipafélagsnafnið komi aftur í Kauphöllina.

Mér finnst líka leiðinlegt hvernig Danir láta við okkur og mér finnst leiðinlegt að Kaupþing skyldi halda blaðamannafund svona löngu eftir birtingu greina Extrablaðsins. Það gaf þeim ókeypis tækifæri til að rífa kjaft á ný. Sennilega hafa dönsku starfsmennirnir farið á taugum yfir umræðunni.

Kaupin á West Ham glöddu mig hins vegar. Ekki að ég hafi nokkra trú á þessu sem fjárfestingu, mér finnst bara alltaf gaman þegar menn kaupa sér skemmtilegt dót. Sjálfur hef ég stundum keypt mér dýrt dót, en það er nú þannig með mig að ég fæ fljótt leið á nýju dóti.

Ég er svolítið efins með markaðinn þessa dagana. Það er að byrja að hægja á í efnahagslífinu og þegar ekki eru lengur tómar sigurfréttir af viðskiptalífinu, þá getur stemningin dofnað hratt. Ég er farinn að taka aftur talsvert á hliðarlínunni á ný og læt stýrivextina um vinnuna fyrir mig.

Tækifærin geta komið hratt, sérstaklega þegar verðið lækkar. Markaðurinnn hamrar nú á 365 fyrir prentsmiðjuskuldirnar og kannski opnast smá tækifæri þar fyrir stöðutöku þegar gengið snýr við. Gárungarnir hafa verið að spá því að botngengið á félaginu sé sennilega 3,65, en ég held að það fari ekki svo neðarlega.

Jón Ásgeir fór í stjórnina eins og ég bjóst við og fyrir mér þýðir það að hann ætlar að skila meðfjárfestum sínum sæmilega sáttum þegar upp verður staðið. Ég held að fókusinn verði skýrari í félaginu og það nái sér á strik. Kannski maður hætti þessari svartsýni og fari að greina tækifæri á ný.

Það er nú einu sinni þannig að bjartsýnin hefur löngum verið lögfræðingur, læknir minn og prestur. Sá bölsýni græðir aldrei neitt og ágætt að minna sig á það í skammdeginu þegar maður lendir í því að lúxusjeppinn spólar á öllum fjórum.

**Spákaupmaðurinn á horninu**



SJÓNHEILSA®
PLUSMINUS OPTIC
Suðurlandsbraut 4 | 108 Reykjavík
sími 517 0317 | www.plusminus.is
HVERS VIRÐI
- er sjónheilsa þín?
- eru gæði fyrir þér?
- er þinn persónulegi stíll?
OSCAR MAGNUSON SPECTACLES



FENDI
ALEXANDER McQUEEN
STELLA McCARTNEY
EFVA ATTLING STOCKHOLM
NIKE VISION
SJÓNMÆLINGAR ZEISS SJÓNGLER

# Verðlaun veitt fyrir afbragðs auglýsingar

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Nokkur fyrirtæki sem sýnt hafa afburða árangur í auglýsinga- og markaðsstarfi eiga gott í vændum næstkomandi föstudag. Í síðustu viku lágu dómarar EFFIE-keppninnar yfir innsendum tillögum að auglýsingum og herferðum sem þykja verðskulda lof. Yfir hádegisverði á Hótel Nordica á föstudaginn verður tilkynnt um sigurvegara í EFFIE 2006, af þeim sautján innsendingum sem bárust.

SÍA, Samband íslenskra auglýsingastofa, stendur fyrir keppninni. Að sögn Ingólfs Hjörleifssonar, framkvæmdastjóra SÍA, eru engin auglýsingaverðlaun eins hátt skrifuð og eftirsótt á alþjóðlegan mælikvarða og þau eru mikilvæg viðbót við önnur auglýsinga- og markaðsverðlaun, á borð við ÍMARK-verðlaunin og Lúðurinn, sem veitt eru hér á landi. Ingólfur segir þau um margt ólík öðrum verðlaunum hvað varðar þá þætti sem tekið er tillit til við val á sigurvegurum. Fyrir það fyrsta eru þau ekki fegurðarsamkeppni auglýsinga heldur er það sá mælanlegi árangur sem af auglýsingunni eða herferðinni hlýst sem skiptir máli. Við val á verðugum sigurvegurum eru dómarar keppninnar beðnir um að meta hvernig ýmsir markaðsþættir á borð við stefnumörkun, sköpunarþáttinn, birtingar og rannsóknir vinna saman. Með því að meta árangurinn af þessum þáttum og verðlauna þá er verðlaununum ætlað að stuðla að markvissari og árangursríkari markaðssetningu fyrirtækja. Annað sem er sérstakt við EFFIE-verðlaunin er að fjöldi sigurvegara er ekki ljós í upphafi. Ef engin innsendinganna er talin verðskulda fyrstu verðlaun er þeim einfaldlega sleppt og einungis gefin silfur- og bronsverðlaun.

Síðast þegar EFFIE-verðlaunin voru afhent hér á landi, árið 2003, unnu Framsóknarflokkurinn og Toyota á Íslandi til gullverðlauna. Framsóknarflokkurinn fyrir vel heppnaða ímyndarherferð fyrir þingkosningar það árið og Toyota fyrir auglýsingaherferðina „Ég er Yaris“ sem flestir sem fylgjast með fjölmiðlum af einhverju tagi muna örugglega eftir. Í ár eru verðlaunin veitt öðru sinni og er stefnt að því að framvegis verði þau veitt á tveggja ára fresti.

Þær auglýsingaherferðir sem valið stendur á milli í ár eru eftirfarandi: „Íslensk sókn um allan heim“ frá Avion



**INGÓLFUR HJÖRLEIFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SÍA** Að sögn Ingólfs eru engin auglýsingaverðlaun eins hátt skrifuð og eftirsótt á alþjóðlegan mælikvarða og EFFIE-verðlaunin. MARKAÐURINN/HEIÐA



VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO C70 VOLVO S80 VOLVO XC70 VOLVO XC90

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursen eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu hálsog bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.
Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL
Volvo S40 bensín. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**EFTIRSÓKNARVERÐIR GRIPIR** Effie-verðlaunin fyrir afburðaárangur í markaðsstarfi verða afhent þann 24. nóvember.

Group og Himni og hafi, „4x4xCRV Honda" frá Bernhard og H:N Markaðssamskiptum, „Ímyndarherferð Glitnis" frá Glitni og Hvíta húsinu, „Það er gott að eldast" frá Happdrætti DAS og Íslensku auglýsingastofunni, „Takk" frá Happdrætti SÍBS og H:N Markaðssamskiptum, „Lýður Oddsson" frá Íslenskri getspá og ENNEMM, „Gulu síðurnar" frá Já og ENNEMM, „Nám er lífsstíll" frá KB banka og ENNEMM, „Það hefur aldrei verið auðveldara að gefa" frá Netbankanum og Himni og hafi, „Ævintýraeyjan Ísland" frá Olís og Himni og hafi, „Aygo" frá Toyota á Íslandi og Íslensku auglýsingastofunni, „Láttu Póstinn sjá um allan pakkann" frá Póstinum og Íslensku auglýsingastofunni, „Sama hver staðan er - þú getur alltaf hringt kollekt" frá Símanum og ENNEMM, „Sérstök börn til betra lífs" frá Sjónarhóli og Íslensku auglýsingastofunni, „Átak 2004" frá Sorpu og H:N Markaðssamskiptum, „Ekki bara spari að spara" frá SPRON verðbréfum og Himni og hafi og „Ef þú ert tryggður - þá færðu það bætt" frá TM og Íslensku auglýsingastofunni.

# Með sérsniðin viðskiptakerfi

Hugbúnaðarfyrirtækið Merkur Point hefur þróað sérsniðin viðskiptakerfi fyrir verslanir sem eykur hraða og öryggi í afgreiðslu. Fyrirtækið vinnur að innleiðingu kerfisins hjá matsölustaðnum Nings og víðar.

Ólafur Vignir Sigurvinsson, einn af þremur eigendum MerkurPoint, segir lausnir fyrirtækisins hentugar fyrir heimsendingafyrirtæki á borð við Nings þar sem kerfið heldur utan um viðskiptasögu einstaklinga og kemur með tillögur að nýjungum á matseðli. Þá heldur það utan um birgðaskrá, pantanakerfi og möguleiki er á að tengja kerfið við eftirlitsmyndavélar og senda SMS-skilaboð til viðskiptavina.

Innleiðing er þegar hafin á kerfinu í Svíþjóð og fyrir liggur að selja það til Danmerkur. Kerfið er til á fjórum tungumálum en um viku tekur að þýða það yfir á önnur tungumál.

Fleira er í þróun hjá Merkur Point, svo sem þráðlausar merkingar. Kerfið felur í sér að viðskiptavinir geta ekið innkaupakerrum að afgreiðslukassa, sem skannar verð án þess að varan sé tekin úr kerrunni. Þetta á að koma í veg fyrir biðraðir, að sögn Ólafs sem telur að kerfið geti verið komið í notkun hér á landi eftir um ár. - jab






GARÐHEIMAR

Garðheimar bjóða upp á breitt úrval af plöntum, blómum, skreytingavöru úti sem inni, pottum og öllu sem þarf til ræktunar auk föndurvöru og gæludýravöru. Hjá Garðheimum vinna að jafnaði 10 menntaðir blómaskreytar. Heildarfjöldi starfsmanna er 70.

Móðurfyrirtæki Garðheima er Gróðurvörur ehf. sem einnig er rekið sem heildsala. Fyrirtækin eru staðsett að Stekkjarbakka 4 – 6, Reykjavík.

Kæri lesandi!

Jólin nálgast og við viljum minna á Fyrirtækjaþjónustu Garðheima:

Gerum magntilboð í:
- jólatré
- jólaplöntur og potta
- jólaskreytingar

Bjóðum einnig upp á sérhannaðar skreytingar í fyrirtæki.



Sigurrós Kristinsdóttir
Fyrirtækjaþjónustu Garðheima
GSM 864 3322
sigurrosk@gardheimar.is



VOLVO
Volvo. For life.

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Gerðu jólainnkaupin í Brimborg

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

Óþrjótandi tækifæri?
Viðskipti Íslands og Kína

Morgunverðarfundur 23. nóvember
kl. 08.00 - 10.00 í Stjórnendaskóla HR

Dagskrá:

8.00 - 8.30 Skráning
8.30 - 8.40 Setning fundar
8.40 - 9.10 Þróun viðskipta milli Íslands og Kína frá stofnun íslenska sendiráðsins í Beijing og áhrif fyrirhugaðrar fríverslunar milli landanna tveggja:
**Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu.**
9.10 - 9.30 Reynsla Marel - samningatækni í Asíu:
**Halldór Magnússon, framkvæmdastjóri þjónustusviðs Marels**
9.30 - 9.50 Rannsóknir á reynslu íslenskra fyrirtækja í Kína og breyttu viðskiptamynstri samhliða fríverslunarsamningi:
**Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík**
9.50 - 10.10 Af brúarsmíði: mikilvægi menningarlæsis í viðskiptum við Kína:
**Geir Sigurðsson, forstöðumaður Asíuvers Íslands**
10.10 - 10.30 Samantekt og fyrirspurnir

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tölvupóst til Guðmundu Smáradóttur, gudmunda@fis.is.
**Fundargjald:** 1500 kr. Innifalið: Léttur morgunverður
**Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2 - 3. hæð
**Fundarstjóri:** Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins

Íslensk-kínverska viðskiptaráðið
The Icelandic Chinese Trade Council

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Útgefendur saka MySpace um brot

Bandaríska útgáfufyrirtækið Universal Music hefur stefnt netveitunni MySpace.com vegna brota á höfundarréttarlögum.

Netveitan býður netverjum upp á að búa til eigin vefsvæði auk þess sem hægt er að leita eftir tónlistar- og myndskrám á netinu, sem þeir geta horft og hlustað á og deilt með öðrum. Universal Music segir að netveitan sé með athæfinu að hvetja netverja til að dreifa efni sín á milli með ólögmætum hætti. Með brotunum hafi rekstraraðilar MySpace hagnast um hundruð milljónir Bandaríkjadala á kostnað tónlistarmanna og annarra höfunda myndefnis.

Forsvarsmenn MySpace vísa ásökununum á bug enda hafi verið unnið með útgáfufyrirtækjum til að tryggja rétt tónlistarmanna.

Í tilkynningu sem forsvarsmenn MySpace.com sendu frá sér vegna málsins um helgina segir að þótt netveitan veiti netverjum tök á að deila sköpunarverkum sín á milli á netinu þá hvetji það ekki til brota á höfundarétti sé starfsemi fyrirtækisins innan ramma laganna.

Þá setti MySpace upp síu á vef fyrirtækisins, sem koma á í veg fyrir brot á höfundarétti. Sían kemur í veg fyrir að netverjar geti nálgast efni sem þeir eiga ekki höfundarrétt á eða hafa ekki greitt fyrir. - jab



**VEFSVÆÐI Á MYSPACE** Útgáfufyrirtækið Universal Music segir netveituna MySpace brjóta á höfundarrétti.

# Pearl á stærð við venjulegan gemsa

BlackBerry Pearl 8100 er nýr farsími sem hér er kominn í sölu. BlackBerry símarnir hafa notið vinsælda meðal fólks sem komast þarf bæði í tölvupóst og skrifstofuhugbúnað hvar sem það er á ferðinni.



**BLACKBERRY PEARL 8100** Nýjasta viðbótin í línu BlackBerry-farsíma heitir Pearl og er á stærð við venjulegan GSM-síma.

Pearl farsíminn er sagður byltingarkenndur enda mun minni en forverar hans. Í raun er síminn ámóta og hefðbundinn GSM sími, auk þess sem hann er búinn myndavél, Media Player og margvíslegri annarri virkni.

Síminn hefur hlotið góða dóma, utan að sumir hafa sett fyrir sig lyklaborðið sem er millistig QWERTY lyklaborðs og hefðbundins farsímalyklaborðs og tekur suma smástund að venjast því. - óká



**VIÐ DÆLUNA** Ólafía Ásgeirsdóttir hjá FÍB, sem fyrst tengdist formlega hinu nýja kerfi, ásamt Albert Þór Magnússyni, framkvæmdastjóra Atlantsolíu.

# Löggild netkvittun hjá Atlantsolíu

Atlantsolía tók á föstudag í síðustu viku í notkun nýja gerð kvittana sem fást þegar dælulykill fyrirtækisins er notaður. Dælan sendir kvittun fyrir eldsneytiskaupum sem PDF-skrá í viðhengi í tölvupósti og eru þær gildir reikningar í bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga.

Í tilkynningu frá Atlantsolíu segir að þetta sé í fyrsta sinn sem ríkisskattstjóri hafi samþykkt netkvittun sem þessa sem löggiltan sölureikning.

Undirbúningur fyrir þetta hefur staðið í um sex mánuði. Kvittunin er rekjanleg í bókhaldi og vottuð af VeriSign, sem eykur áreiðanleika sendinganna. Með þessari nýjung verður dælulykill Atlantsolíu sá eini sinnar tegundar í Evrópu, að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. - jab

RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun







Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi.
**Notagildi**, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. **B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.**

**Renault er leiðandi merki atvinnubíla í Evrópu.**

| Renault Kangoo | Renault Trafic | Renault Master |
|---|---|---|
| Verð frá kr. 1.620.000 | Verð frá kr. 2.280.000 | Verð frá kr. 2.720.000 |
| **Verð frá kr. 1.301.205 án vsk** | **Verð frá kr. 1.831.325 án vsk** | **Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.** |
| Fjármögnunarleiga kr. 24.896 | Fjármögnunarleiga kr. 35.295 | Fjármögnunarleiga kr. 42.024 |
| **Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.** | **Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.** | **Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.** |

B&L
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Teymi skráð í Kauphöllina

Teymi hf. var skráð á aðallista Kauphallar Íslands á mánudagsmorgun fyrir opnun markaðar. Félagið varð til með skiptingu Dagsbrúnar í tvö félög, 365 sem nær yfir fjölmiðlastarfsemina og svo Teymi sem er fjarskipta- og upplýsingatæknifélag.

Í samstæðu Teymis eru Vodafone, Kögun, Skýrr, Securitas og EJS. Þá rekur Teymi einnig fjarskiptafyrirtækið P/F Kall í Færeyjum, SKO, BTnet og þjónustufyrirtækið Mömmu. Útgefnir hlutir í félaginu eru að nafnverði 2.728.200.000.

„Við viljum að Teymi verði skýr valkostur fyrir fjárfesta," segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis, og kveður ætlunina að hámarka rekstur hvers fyrirtækis innan samstæðunnar. „Við munum því leita leiða til að auka sérhæfingu fyrirtækjanna og finna nýja tekjumöguleika, meðal annars í samstarfi þeirra á milli. Áhersla okkar er á aukna sjálfvirkni og aðhald í rekstri," segir hann.

Í stjórn Teymis eru: Þórdís J. Sigurðardóttir stjórnarformaður, Þorsteinn M. Jónsson, Guðmundur Ólason, Matthías Imsland og Þór Sigfússon. - óká



**FRÁ SKRÁNINGU** Páll Harðarson, forstöðumaður rekstrarsviðs Kauphallarinnar, Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Teymis, og Árni Pétur Jónsson forstjóri.



**AL GORE OG STJÓRNENDUR KAUPÞINGS** Þeim Al Gore, Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings, og Sigurði Einarssyni, starfandi stjórnarformanni Kaupþings virðist koma vel saman. Myndin er tekin við það tilefni að fyrrverandi varaforsetinn og forsetaframbjóðandinn Al Gore hélt fyrirlestur á stjórnendaráðstefnu Kaupþings banka í spænska bænum Sitges á dögunum. Í fyrirlestri sínum tók Gore mið af umhverfismálum og lagði áherslu á að mannskepnan þyrfti að breyta hegðun sinni í samskiptum við umhverfið. Að öðrum kosti yrðu mennirnir breytingum að bráð.










# Ekkert er ókeypis: *Eftirmæli Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði*

Bandaríski hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn **Milton Friedman** lést í síðustu viku á tíræðisaldri. Friedman lifði á miklu breytingaskeiði á síðustu öld sem náði yfir tvær heimsstyrjaldir, heimskreppu og ógnarhraða upplýsingabyltingarinnar. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* leit yfir feril hagfræðingsins, sem sagði hádegisverðinn aldrei ókeypis.

Bandaríski hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Milton Friedman lést í heimaborg sinni San Francisco í Bandaríkjunum á fimmtudag í síðustu viku af völdum hjartabilunar, 94 ára að aldri. Friedman var einarður fylgismaður frjálshyggju og markaðshyggju og ráðgjafi fjölda ráðamanna á hægri væng stjórnmálanna um árabil. Á meðal þeirra voru Ronald Reagan og Richard Nixon, fyrrum forsetar Bandaríkjanna, Margrét Thatcher, forsætisráðherra Breta, og Augusto Pinochet, einræðisherra Chile. Friedman kom hingað til lands árið 1984 í boði Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors við Háskóla Íslands, og kom hann að máli við íslenska ráðamenn og fræðimenn.

### VERKAMANNASONURINN

Milton Friedman fæddist í Brooklynhverfinu í New York í Bandaríkjunum hinn 31. júlí árið 1912. Foreldrar hans voru af gyðingaættum sem flust höfðu frá vesturhluta Úkraínu sem liggur við landamæri Ungverjalands, og töldust til verkafólks í stórborginni.

Hann útskrifaðist frá Rutger University með gráðu í hagfræði árið 1932 og meistaragráðu í sömu fræðum frá Chicago University ári síðar.

Friedman varð fyrir miklum áhrifum af nokkrum prófessorum í hagfræði við háskólann, sér í lagi af kenningum kanadíska hagfræðingsins Jacob Viner en ekki síður Frank Hyneman Knight, sem samnefnd kenning í hagfræði er nefnd eftir. Þá var Knight jafnframt upphafsmaður Chicago-hagfræðinganna svonefndu og einn af stofnendum alþjóðlegs málfundafélags frjálshyggjumanna sem nefnist Mont Pèlerin Society. Í þeim félagsskap var Milton Friedman stofnfélagi.

Knight þessi var hvað þekktastur fyrir doktorsritgerð sína og síðar bók, „Risk, Uncertainty and Profit“, sem út kom árið 1921. Í bókinni gerði Knight greinarmun á áhættu og óvissu og hélt því fram, að gróði myndi óvissunnar vegna aldrei eyðast upp í frjálsri og fullkominni samkeppni. Segja má að Milton Friedman hafi fundið sitthvað í pokahorni Knights, sem dugði honum til lífstíðar auk þess sem kenningar breska hagfræðingsins Adams Smith reyndust honum góður fararskjóti.

Milton Friedman giftist konu sinni Rose, sem er tæpum tveimur árum eldri en hann, árið 1938. Þau eignuðust tvö börn, son og dóttur en sonur þeirra hjóna, David, hefur mikinn áhuga á íslenskum fornbókmenntum og minntist föður síns með 77. vísu gestaþáttar Hávamála á bloggsíðu sinni að Milton gengnum.

Samlíf þeirra Miltons Friedmans og Rose náði langt út fyrir veggi heimilisins en auk þess að skrifa saman nokkrar af þeim tugum bóka sem liggja eftir Friedman voru þau í forsvari fyrir stofnun í þeirra nafni.

### FRÆÐIMAÐURINN

Að námi loknu hóf Milton Friedman störf hjá bandaríska ríkinu. Þar komst hann í kynni við stjórn ríkisins af verðlagsmálum og aðra stjórn hins opinbera í peningamálum, sem hann setti sig oft upp á móti. Mun hann meðal annars hafa sagt að kreppan mikla á þriðja áratug síðustu aldar væri afleiðing lélegrar fjármálastjórnunar hins opinbera.

Eftir störf hjá hinu opinbera lagði Milton Friedman lagði fyrir sig háskólakennslu og varði lunganum af ferli sínum sem prófessor í hagfræði við University of Chicago. Þar setti hann fram sína þekktustu kenningu um peningamagnskenninguna, sem felur í sér, að verðlag sé háð því peningamagni sem er í umferð hverju sinni og landsframleiðslu. Verðbólga er samkvæmt Friedman runnin undan því að peningamagn í umferð eykst hraðar en landsframleiðsla og er einfaldasta ráðið gegn verðbólgu að stöðva peningaprentun, að hans mati.

Aðalatriðið er að ríkið láti sér nægja að framleiða trausta peninga, halda verðlagi stöðugu og treysti á sjálfstýringarmátt hins frjálsa markaðar.

### HLÝTUR NÓBELSVERÐLAUN

Friedman, sem hlaut doktorsgráðu í hagfræði frá Columbia University árið 1946, skrifaði tugi bóka á ferli sínum og skrifaði fasta dálka um efnahagsmál í bandaríska vikuritið Newsweek árið 1975 undir yfirskriftinni: Hádegisverðurinn er aldrei ókeypis. Auk þessa stýrði hann í samstarfi við eiginkonu sína sjónvarpsþáttunum Free to Choose á bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS en þeir voru sýndir við miklar vinsældir víða um heim.

Kenningar Friedmans slógu svo að segja í gegn á áttunda og níunda áratug síðustu aldar og leitu helstu leiðtogar heims ráða hjá honum. Þar á meðal voru forsetar Bandaríkjanna, Thatcher og Pinochet, einræðisherra Chile, sem fékk Friedman ásamt fleiri hagfræðingum til að gerbreytta atvinnulífi landsins, selja ríkisfyrirtæki og lækka skatta svo eitthvað sé nefnt.

Fyrir störf sín, kenningar í hagfræði og áhrif á efnahagsstjórn stjórþjóða hlaut Friedman svo Nóbelsverðlaun árið 1976.



**MILTON FRIEDMAN** Nóbelsverðlaunahafinn Milton Friedman stillir sér upp ári eftir að hann tók við Nóbelsverðlaunum í hagfræði árið 1976. Hann lést í síðustu viku, 94 ára að aldri. MARKAÐURINN/AP



**Í HVÍTA HÚSINU** Milton og Rose Friedman við hátíðlega athofn ásamt George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, á níræðisafmæli Nóbelsverðlaunahafans Friedmans árið 2002. MARKAÐURINN/AFP


Kaupthing Liquidity Funds




Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða KB banka í ISK, USD og EUR

*Nafnávöxtun í EUR og USD á ársgrundvelli fyrir tímabilið 29/9/06 - 31/10/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR


Delicatessen
OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRÐUSTÍG
Ostabakkar
Ostakörfur
Sælkerakörfur
Forréttaveislur
Kokteilsnittur
Veisluþjónusta
Ostabúðin er sælkeraverslun með ostaborði, forréttar- og áleggsborði, mikið úrval af pasta, olíum og ediki.
Einnig er veisluþjónusta er á staðunum og boðið er upp á létta hádegisrétti sem hægt er að borða í Ostabúðinni eða taka með sér.
Bjóðum upp á veislumáltíðir af ýmsu tagi, bæði í heimahús og í veislusali, allt frá léttum hádegisverði upp í margréttaðan kvöldverð. Allt eftir óskum hvers og eins.
Kíktu inn á heimasíðu okkar ostabudin.is til sjá hvað boðið er uppá en mundu að hægt er að útbúa hverskonar rétti eftir höfði hvers og eins.
Taktu þátt
Sælkeraleikur á netinu
www.ostabudin.is
Ostabúðin Delicatessen - Skólavörðustíg 8 - Sími 562 2772 - ostabudin@ostabudin.is
Opið virka daga 11:00-18:00 - laugardaga 11:00-16:00

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**1,5** milljarða króna varúðarfærsla Dagsbrúnar vegna mögulegs taps af sölu á Daybreak Acquisitions Ltd., móðurfélagi Wyndeham Press Group PLC.

**161,6** milljóna króna tap Alfesca á fyrsta fjórðungi reikningsárs síns sem var ofar væntingum.

**30,9%** hlutur Kaupþings í HB Granda eftir að hafa aukið við hlut sinn um fimm prósent í vikunni.

## BANKAHÓLFIÐ



### Meiri samlegð af Newcastle

Þegar fyrirtæki eru keypt er gjarnan bent á að hagræðing náist fram með samlegðaráhrifum. Erfitt er að sjá slíkt fyrir sér í kaupum Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar á West Ham. Reyndar liggja þar einhverjir möguleikar á að selja landssvæði í framtíðinni. Hins vegar benti ágætur maður á að meiri samlegð gæti fengist af því að kaupa Newcastle fyrir Björgólf. Þar myndi opnast möguleiki á að nýta búningana og jafnvel leikmenn. Newcastle er í KR búningum og lítil skörun er á milli leiktímabila hér og þar, þannig að þarna næðist fram samlegð í notkun leikmanna og búninga.

### Eiginmaður 7

Margir áhugaverðir fyrirlesarar tóku til máls á málþingi um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í síðustu viku. Meðal þeirra var Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sem sagði samfélagsleg gildi og hámarksarðsemi ekki endilega andstæður. Á endanum snerist þetta bara um „að vera góður strákur“.

Síðastur í pontuna fyrir pallborðsumræður var Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis. Þótti honum það heldur aumt hlutskipti. Fullyrti hann að ef hann hefði sjálfur skipulagt ráðstefnuna hefði hann sleppt því að bjóða sjálfum sér. Líkti hann líðan sinni við líðan sjöunda eiginmanns Elizabeth Taylor á brúðkaupsnóttina. „Ég veit vel hvað ég er að gera hérna, ég er bara ekki svo viss um að þið séuð neitt sérstaklega spennt fyrir því!“

### Fyrri til en danskurinn

Í Berlingske Tidende um helgina var grein þar sem því var velt upp hverjir gætu verið hver úr Matador-þáttunum dönsku sem nú er verið að endurgera. Einn Íslendingur kemst á blað þar sem kandidat í Mads Skjern, en það er Jón Ásgeir Jóhannesson. Mads Skjern var einmitt sá sem kom til bæjarins og hóf samkeppni við hið ríkjandi vald sem brást ókvæða við. Þetta er ekki síst eftirtektarvert því að pistlahöfundur Markaðarins, Spákaupmaðurinn á horninu, hafði bent á samsvörun við Matador-þættina í viðbrögðum Dana við fjárfestingum Íslendinga. Aðspurður um að Danir væru nú að átta sig á þessu sagði spákaupmaðurinn: „Þetta sýnir enn og aftur hversu framsýnn ég er og fljótur að hugsa. Það má segja að þarna hafi maður tekið Danina á heimavelli 14 - 2.“




# EFFIE - árangurinn í sviðsljósinu

**EFFIE** verðlaunin verða afhent á föstudaginn fyrir þær auglýsingaherferðir sem sannað hefur verið að skila auglýsendum afburðaárangri.

**Árangursríkar markaðsherferðir**
EFFIE verðlaunin er viðurkenning fyrir vel unnin störf að markaðsmálum, virðingarvottur til handa auglýsingastofum og viðskiptavinum þeirra sem hafa í samvinnu búið til árangursríkar markaðsherferðir. Samband íslenskra auglýsingastofa stendur fyrir EFFIE verðlaununum.
Að þessu sinni eru veitt verðlaun í tveimur flokkum herferða; vöru- og þjónustuflokki.

**Samhengi skapandi hugsunar og árangurs**



**Patrick Collister,** virtur enskur auglýsingamaður, fyrrverandi Creative Director Ogilvy auglýsingastofunnar, flytur áhugaverðan fyrirlestur um samhengi skapandi vinnu í auglýsingum og árangurs af markaðsherferðum.

**Föstudagur 24. nóvember kl. 12-13:30**
**Nordica hotel, salur I-H**
**Verð: 3.500 kr. - hádegisverður innifalinn.**
**Tilkynna verður þátttöku með tölvupósti á sia@sia.is**

Stuðningsaðilar EFFIE 2006:
IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ
capacent
PÓSTURINN
365
sía samband íslenskra auglýsingastofa
society of icelandic advertising agencies

OUTCOME
Samstarfsaðili SÍA vegna EFFIE 2006

EFFIE Á ÍSLANDI 2006
www.effie.is



## Múrarar

**Múrviðgerðir**
Getum bætt við okkur vinnu við múrviðgerðir og flísalagnir. Föst verðtilboð. S. 846 1956

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta




# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

**Árangur með ShapeWorks**
Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ragga einkaþjálfari og Herbalife dreifingaraðili www.heilsufrettir.is/ragga - gsm 8647647

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Líkamsrækt

Hættu að reykja á 60 mín. Hafðu samband í síma 862 3324. Við losum þig við nikótínþörfina. www.heilsurad.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

## Ýmislegt

**Höfuðbeina- og spjaldh**
Árangursrík meðferð við ýmis konar ástandi eða sjúkdómum, fyrir börn og fullorðna. Birna Ben s. 820 8495.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Blár 3ja sæta tausófi ( 212cm) m/skemli, vel með farinn og mjög þægilegur. V. 20 þ. S. 895 9505.

## Heimilistæki




## Dýrahald



**Dýrabær**
Grindur í 3 stærðum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.

Hreinræktaðir amerískir Cocker Spaniel til sölu. HRSí ættbók fylgir. Uppl. í s. 897 6229.

Ný hundasnyrtistofa og netverslun 25% afsl. af öllum snyrtingum til 8 des. www.halsakot.is og í s. 660 8504.

Skosk-Íslenskir hvolpar, gullfallegir og skemmtilegir. Aðeins 10 þ. kr. S 567 3201.

**Hreinræktaðir Chihuahua**
Tvær tíkur til sölu. Ættbókarfærðar og örmerktar. Uppl. í s. 892 8778.

Hreinræktaðir Chihuahua hvolpar m/ættbók til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Mieszkanie do wynajecia**
GSM 824 4530.

3ja herb. íbúð til leigu á besta stað í vesturbænum. 90 fm, mjög falleg, tvær svalir. V. 120 þ. S. 690 2725.

Til leigu 70 fm. íbúð í 101 í nýju lyftuhúsi. Glæsil. útsýni. Leigist í a.m.k. sex mánuði, á 100 þ. á mán. allt innifalið. Stæði í bílageymslu. Brynjar, 867 2469.

3 herb. 90 fm hæð í Þingholtunum til leigu. Leiga 140 þús. á mán. Hiti og rafmagn innifalið. S. 551 9109 & 862 1458.

Herbergi til leigu í kjallara á góðum stað með aðgangi að baðherbergi. Laus strax. Uppl. í s. 869 6855.

160 fm einbýlishús ásamt 70 fm geymslu á góðum stað í Breiðholti, laus strax. Uppl. í s. 897 2262.

## Atvinnuhúsnæði

250 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Funahöfða. Stór innkeyrsluhurð og hátt til lofts. Lítið sem ekkert útipláss. Uppl. í s. 699 5880.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is










Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri enn 25 ára.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi eða hjá Önnu í s 699 7967 eða á staðnum Smáralind. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Dyraverðir óskast!!**
**Föstudags og Laugardagskvöld. Vinnutími frá 18.00 - 02.00**
**Upplýsingar í síma 864 6112.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir vaktstjórum!**
**Í helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 og inn á www.keiluhollin.is**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**American Style á Bíldshöfða og í Hafnarfirði**
**Frábærir starfsmenn geta bætt við sig nokkrum duglegum, hressum vinnufélögum í kvöld- og helgarvinnu.**
**Ekki vera feimin við að sækja um á americanstyle.is**

**Húsasmiðjan.**
**Helgarstarfsmenn óskast á kassa og í önnur störf í verslun okkar í Grafarholti.**
**Uppl. í síma 660 3193.**

**Bakaríið Brauðberg Hraunbergi 4**
**Óskar eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu í 2 mánuði.**
**Nánari uppl. veita Gunnar í s. 863 8009 og Anna í s. 869 3320.**

**Kvöld og helgarvinna**
**Subway Kringlunni, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu.. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is og á staðnum**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696 7014.**

**Vor á Laugaveginum**
**óskar eftir vaktstjóra og starfsfólki í sal.**
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.**

**Veitingahús í Kópavogi**
**Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 897 4433.**

**Englakroppar Heilsustúdíó**
**Vantar hresst og duglegt starfsfólk í hlutastörf.**
**Uppl. í s. 663 3053.**

Okkur vantar duglegt fólk á Culiacan, Faxafeni 9 og einnig á nýjan stað Kóp. s. 6947277

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Duglegur starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Fjölbreytt starf - Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Starfsmenn óskast, helst vanir pappalögnum. Upplýsingar í síma 896 4947.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

Bílstjóri óskast á sendibifreið, meirapróf ekki skilyrði. Ekki yngri en 20 ára. Sakavottorð. Uppl. í s. 846 8400.

## Atvinna óskast

Starfsfólk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, sudumenn etc. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál







**Símaspjall 908 6666.**
Hæ ég heiti Heiða, ég er heit og vilt og mig langar til að heyra í þér í kvöld í símaspjalli. Opið allan sólahringinn. Er til fyrir þig.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Stúdíóíbúð til skammtímaleigu í miðbæ Hafnarfjarðar. Uppl. s. 822 1722 & 664 7001.

Karlmenn látið líða úr ykkur í notalegu nuddi. Nautn og vellíðan. S. 869 6397.







**BYRJAÐU AÐ PAKKA HÉR**
**ER BARA AÐ FLYTJA INN**
**LAUS STRAX**
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18-19**
**Stærð: 63,5 fm.**
**Verð: 14,7**

*Verulega góð 2ja herbergja íbúð á fallegum útsýnisstað í Hafnarfirði.* Íbúðin er 63,5 fm. þar af 5.5 fm. geymsla í sameign. Forstofa með flísum á gólfi og fataskáp. Baðherbergi með sturtuklefa og tengi f. þvottavél. Eldhús með hvítri innréttingu, uppþvottavél og flísum á gólfi. Stofa og borðstofa með útgengi út á suðursvalir. Rúmgott svefnherbergi með miklu skápaplássi. Sameign og blokk snyrtileg. Sérlega björt og falleg íbúð.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Suðurlandsbraut 14.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðis sem afmarkast af Suðurlandsbraut, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna Suðurlandsbrautar númer 14. Breytingin felst í því að heimilt verði að rífa núverandi hús og byggja nýtt, byggingareitur verði breikkaður um sex metra til suðurs, byggingarmagn án bílgeymslu fari úr 4750 m² í 6900 m² en heildarhæð hússins verði óbreytt frá fyrri samþykktum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 22. nóv. 2006 til og með 3. janúar 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillögu***na s***kal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 3. janúar 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 22. nóv. 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# Smiðir
## Kraftafl ehf auglýsir
**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu**
**Upplýsingar í síma 840 1616**

# KÓPAVOGSBÆR
## Lindaskóli
- **óskar eftir stuðningsfulltrúa sem fyrst.** Um er að ræða 75% starf.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.
Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554 3900 og 861 7100.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.
**www.kopavogur.is - www.job.is**



Sveitarfélagið ÁRBORG

## *Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg*

*Deiliskipulag búgarðabyggðar í landi Byggðarhorns.*
Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á 156 ha. landsvæði úr landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.
Deiliskipulagssvæðið afmarkast af landi Jórvíkur að austan, Brautartungu, Kakkar, Hoftúns og Stokkseyrarmýrar að sunnan, Móskóga lands að vestan, Byggðarhorns og Lómhólstjarnar að norðan.
Tillagan gerir ráð fyrir 26 lóðum sem eru frá 1,8 ha. til 11 ha að stærð fyrir búgarðabyggð. Á 15 lóðum má byggja eitt íbúðarhús, útihús og vélageymslu en á 11 lóum má byggja tvö íbúðarhús, útihús og vélageymslu. Aðkoma að svæðinu er frá Votmúlavegi. Nýtingarhlutfall skal aldrei fara yfir 0,1 innan hverrar lóðar.

Teikning og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 22. nóvember til og með 20. desember 2006.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 5. janúar 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**
**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

Selfossi, 16. nóvember 2006.
Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Ingvaldur Ingvaldsson | framkv.stjóri |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Anna María Kristjánsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur Sævarsson | sölumaður |
| Magnús Bergs | sölumaður |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |

Frum

www.husid.is

Höfum ávallt
mikið úrval eigna á skrá
**www.husid.is**

**Rað- og parhús — Sumarhús - Siglufjörður**



Rúmgóð 111 fm íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi á Siglufirði. Íbúðin á neðri hæð skiptist í forstofu, þvottahús, gestasalerni, eldhús, stigahol og stofu. Efri hæðin skiptist í 4 herbergi og rúmgott baðherbergi. Húsið er steypt og hefur verið klætt á 3 hliðar. Tilvalið sem sumarhús eða til að nota í ferðamanna leigu. Verð 4,9 m.

**Rað- og parhús — Dofraborgir - Rvík**



Glæsileg hæð í grónu rólegu hverfi. Íbúðin afhendast að innan með múruðum útveggjum og frágengnum loftum, sandspartlað og grunnmálað. Búið er að leggja í gólf og eru þau tilbúin undir gólfefni. Hiti komin í húsið. Vinnuljósarafmagn. Að utan er húsið fullfrágengið og málað, hitalögn og hellur eru við bílskúrinn, lóð að öðru leyti grófjöfnuð. Verð frá 30 m.

**Rað- og parhús — Fellasmári - Kóp.**



Einstaklega vandað og snyrtilegt 147.2 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum 24,1 fm bílskúr með glæsilegum garði og flottu útsýni innarlega í lítilli og sérlega fallegri botnlangagötu í Smárahverfi Kópavogs. Góð aðkoma, engar tröppur eða pallar. Glæsileg eign fyrir vandláta.
Verð 47 m.

**3ja herbergja — Asparfell - Rvík**



3ja herbergja 95,4 fm íbúð á 4 hæð í lyftublokk með húsverði og upptöku öryggiskerfi.
Sameiginlegur inngangur.
Gott leiksvæði er á bak við húsið.
Stutt í verslanir, skóla og leikskóla.
Verð 17,9 m.

## Rauðavað 13 - 25
## 110 Reykjavík



- 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Granít á borðum í eldhúsi og baði, einnig í sólbekkjum
- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Hagstæð áhvílandi lán

## Þórðarsveigur 17 – 21
## 113 Reykjavík



- Nýtt hús í grónu hverfi
- Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herb íbúðir
- Stæði í bílageymslu
- Til afhendingar strax
- Þvottahús og geymslur innan flestra íbúða
- Mynddyrasími í öllum íbúðum
- Fullbúnar án gólfefna

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mánud. - föstud. 9-17**
**Lokað um helgar**

Frum



Ingólfur Gissurarson lögg. fast.sali 896 5222 | Bárður Tryggvason sölustjóri 896 5221 | Þórarinn Friðgeirsson lögg. fast.sali 899 1882 | Ellert Róbertsson sölumaður 893 4477 | Magnús Gunnarsson sölustj. atvinnuh. 822 8242 | Viggó Jörgensson lögg. fast-eignasali. | Sigurður Jökull Ólafsson Ljósmyndari | Pétur Jóhannsson sölum. Snæfellsbæ. S 893 4718 | Margrét Sigurgeirsdóttir ritari | Þóra Þorgeirsdóttir ritari | Guðrún Pétursdóttir skjalagerð

## YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!

## Krókabyggð glæsilegt einbýlishús



Mjög glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr, samtals 230,8 fm. Þar af 47,1 fm bílskúr. Rúmg.stofa. Vandaðar innrétt. Glæsil. baðherb. 3-4 svefnherb. Glæsil. verðlaunagarður. Einstaklega velstaðsett hús. 7272

## Þorláksgeisli - m. bílskúr Tilboð óskast



Í einkasölu glæsil. fullb. íb. á 2. h. (jarðh. að ofanv) í flottu litlu fjölb. Sérinng. af svölum. Vandaðar innrétt. Parket, sérþvottah, Mjög góður 27,7 fm bílskúr. V. 29,5 millj. eða/tilboð ! Áhvílandi lán við Landsb. m. 4,15% vöxtum getur fylgt allt að 16 m. 6815



**Fjarðarás - Selás - Einbýli - mjög gott verð.** Í einkasölu gott ca 330 fm einb. á 2. h., innb. bílsk. Stórar stofur, fimm svefnherb. Garðskáli með heitum potti. Mögul. að útbúa sér íb. á jarðh. Góð staðs. stutt hjá t.d. skóla, sundlaug, Fylki og Elliðárdal. V. 56,0 3635

**Marbakkabraut - Kópavogi.** Í einkasölu glæsil. nýl. parh. á tveimur hæðum. Í dag er eignin nýtt sem tvær íb. lítið mál að br. aftur. Allar innrétt., tæki og gólfefni eru sérl. vönduð, innb. lýsing. V. 38,5 m. 7122

**Breiðavík - endahús á einni hæð.** Glæsil. mjög velskipul. 152,2 fm endaraðh. á einni hæð. Vand. innrétt., parket og flísar á gólfum, fallegur suðurgarður með góðri timburverönd. Hiti í plani og stéttum. Góð staðs. V. 41,0 m. 7062

## Skógarhæð - glæsilegt hús



Í einkasölu glæsilegt 190 fm hús á 1 hæð. Glæsilegur verðlaunagarður. Gatan var kosin fallegasta gata Garðabæjar 2002. 4 svefnherb. Vandaðar innréttingar. Falleg eign á frábærum stað. Stutt í bæði grunnskóla og framhaldsskóla. V. 61,0 m 7218

### Fyrir eldri borgara



**Hvassaleiti. Eldri borgarar.** Góð sérl. vel skipul. 114 fm endaíb. á 3. h. Stórar suðursv. snyrtil. sameign bæði úti og inni. Ýmisleg þjón. í boði gegn gjaldi. 32,5 m. 7201



**Skúlagata 40 m. bílsk. f. 50 ára og eldri.** Í einkasölu falleg 99,5 fm íb. á 7. h. m. glæsil. útsýni til suðurs ásamt stæði í góðu bílskýli/bílskúr og mikilli sameign. Parket. Suðursv. Laus fljótl. V.29,9 m. 6996



**Litlihjalli - tvær íbúðir.** Vorum að fá gott ca 240 fm endaraðhús á tveimur hæðum. Innb. bílskúr. Góðar stofur, suður svalir, þrjú svefnherbergi í stærri íbúð.Sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. V. 44,9 m. 7260



**Skrúðás - Garðabæ** Í einkasölu fallegt nýlegt 230 fm einbýlishús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað. 4 góð svefnherb. Innb. 37 fm bílskúr. Fallegur garður með timburverönd og heitum potti. Frágengið bílaplan og stéttar. Verð tilboð. 7193

**Miðhús. skipti á minna.** Vorum að fá í einkasölu glæsilegt 271,3 fm einbýli sem er með sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. Húsið er staðset á góðum útsýnistað. Möguleg skipti á minna sérbýli í Grafarvogi. 6808

**Strandvegur - glæsil. útsýni.** Stórglæsil.160 fm íb. á 3.h/efstu í nýl. vönd. húsi ásamt stæði í bílsk. íb. er glæsil. innrétt. m. vönd. sérsm. innrétt. glæsil. flísal. baðherb. Granít borðplötur. 7001

### Í smíðum.



**Kórahverfi - Kópavogur - tvær 4ra herb. og þrjár 3ja herb. íbúðir eftir.** Í einkasölu glæsil. íbúðir í 12.íb. lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Sérinng. af svölum. Eignir á mjög góðu verði. Búið að taka lán frá íls 10 millj. á hluta íb. Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor 4600

## Ásgarður - með bílskúr og aukaherbergi í kjallara



Vorum að fá í einkasölu góða ca 120 fm endaíbúð á 3. hæð sem er efsta hæð í mjög vel staðsettri blokk. Íbúð fylgir 25,2 fm bílskúr og herbergi í kjallara. Fjögur svefnherbergi eru í íbúð, þvottahús í íbúð, suðursvalir, glæsilegt útsýni. Stutt í skóla og leikskóla. V. 28,5 m. 7056

### Stærri eignir



**Vesturhús - Grafarv. Glæsil. sérhæð með aukaíbúð á glæsilegum útsýnisstað.** Nýkomin í einkasölu glæsil. nýleg ca 240 fm efri sérh. m. bílsk., og sér lítilli 2ja herb. íbúð á jarðhæð m. sérinngangi. Rólegur staður s.t. innst í lokaðri götu, örstutt frá skólum, sundlaug, íþróttum og þjónustu. Aðalhæðin er með alls 4 svefnherb., vönduðum innréttingum, gegnheilu parketi, stórum suðvestur svölum með mögnuðu útsýni yfir borgina, Bláfjöll, Faxaflóa, Snæf.nes og fl. Aukaíb. er í leigu í dag og gefur góðar tekjur. V. 49,8 millj. 7202



**Fannafold - mjög vandað hús.** Í einkasölu gott velskipul. 150,8 fm hús á 2 h. Góður 24,8 fm bílskúr. Þrjú svefnherb., vand. innrétt. og gólfefni, parket og flísar á gólfum. V. 39,9 m. 7101



**Hrauntunga - glæsil. útsýni** Fallegt 262,5 fm einb. í suðurhl. Kópav. Nýl. viðg. að utan og málað. Glæsil. útsýni, nýl. þak og skólp. V. 51,0 m. 6848

## Furuás - Garðabæ



Glæsilegt 250 fm. einbýli á einum besta stað í Ásahverfinu. Innb. bílskúr glæsilegar 50 fm. stofur sérsmíðaðar innréttingar. Fallegur garður í hásuður með stórum sólpalli. Hægt er að nýta 75 fm. rými til stækkunar á húsinu. Eign í sérfl. 7266



**Nýjar glæsiíbúðir í Fannahvarfi.** í einkasölu nýjar glæsil. sérib. í 2ja h. húsi með sérinng. í allar íbúðir. Stærðir íb. er frá 111,5 fm 3ja herb. íb. og uppí 136,7 fm 4ra herb. íb. Íb. verða afh. fullb. án gólfefna með vönd. innrétt. frá AXIS að hluta til að vali kaupenda. Hús, lóð og bílast. fullb. V. 3ja 26,9-27,4 m. V. 4ra herb. 31,4 - 32,9 millj. Sjá www.nybyggingar.is 7035



**Kleifakór - glæsilegt einbýli** Á frábærum útsýnisstað 315 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Húsið verður afhent fullbúið að utan og fokhelt að innan. Frábært skipulag. Verð 57 m. 7170

**Hamrakór - rað/tengihús afh. fullb.** Glæsileg 254 fm frábærl. velskipul. raðh./tengihús á mjög góðum útsýnisstað. Húsin afh. fullb. án gólfefna m. vönd. sérsm. íslenskum innrétt. og flísal. aðalbaðherb. Gólfhiti í húsinu. Mjög gott skipul. Lóð og bílastæði afh. fullb. Suðv.garður og stórar svalir.Sjá nán upplýs. á www.nybyggingar.is 6862



**Goðakór - Tilb. til innréttinga eða fullb. m. frág. lóð - Möguleg skipti á ód. eða góð lánakjör.** Glæsileg raðhús/einb. á frábærum útsýnisstað. Samt. 228 fm að stærð með innb. bílsk. Húsin afh. tilb. til innrétt. m grófj. lóð á 48-49 millj. eða fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. Lóð og bílastæði fullfrág. Vönduð hús á einstaklega góðum stað. V. milli hús 56,0 m og endahús 57,0 millj. Uppl. á skrifstofu Valhallar eða á www.nybyggingar.is 7105

**Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi þrjár eftir.** Sérhæðir á fínum útsýnisst. við Andarhvarf í Kópav. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm. Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Fráb. skipulag með tveimur baðherb, sérlóð með íb. neðri hæðar og svalir með íb. efri hæðar. V. 35,9 m. 3722



**Selvað - nýtt lyftuhús m.bílskýli - Skipti mögul. á ód. eign eða mjög góð lánakjör.** Glæsil. nýjar íb. í nýl. lyftuhúsi á mjög góðum stað í Norðlingah. ásamt stæði í bílskýli. Íb. verða afh. fullb. án gólfefna og flísal. á baðherb. Flott hús. V. frá 25,4 m. Selj. lánar hluta kaupverðs ef kaup. þarf á því að halda !! 4120



**Rauðavað 4ra herb. til afh. strax - Möguleg allt að 90 % lánakjör.** Í einkasölu ný glæsileg 119 fm 4ra herb. íb. á 2. h. Afh. fljótlega fullb.án gólfefna. Sérinng. af svölum. Stæði í fullb. glæsil. bílskýli fylgir eigninni. V. 26,9 millj. Verðið gerist varla betra en þetta ! **V. 26,9 m.** 3747

**Raðhús á einni hæð með bílskúr.** Ný glæsileg raðhús á einni hæð með bílskúr samt. ca 170 fm. Afhendast fullbúin án gólfefna með vönd. innréttingum en án gólfefna. Mjög góð staðsetning. V. 39,8 millj. 4290

**Bræðraborgarstígur ný íb. m. bílskýli. ein íbúð eftir 12. seldar !** Einkasala: í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur eigum við eftir eina íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íb. er 111,4 fm. Íbúðin afhend. fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. 4259

**Brekkuás - Garðabæ** Nýtt glæsilegt 303 fm einbýli á frábærum útsýnisstað í Garðabæ. Húsið er rúmlega fokhelt að innan. Frágengið að utan og steinað og til afhendingar strax. V. 65,0 m. 6971

## Sérhæðir og 5-6 herb.

**Básbryggja - m. bílskúr - ein glæsil. íb. á svæðinu.** Í einkasölu stórglæsil. íb, á efstu hæð og risi Innang. í góðan endabílsk m.glugga. Vand. sérsm. innrétt og flott tæki, innb. ísskáp. og uppþv.vél fylgja. 2 stórglæsil. flísal. baðherb. Parket og flísar V. 38,2 m. 6856



**Skógarás - mjög góð íbúð á fínu verði.** Mjög velskipulögð 5 herb.110,3 fm endaíbúð á 3.hæð í góðu velstaðs. húsi. Aðeins einn stigi upp í íbúðina. 3 svefnherb. en mögul. að hafa þau 4. Parket. Innbyggð tæki í eldhúsi. Húsið var viðgert að utan 2005. Eign sem vert er að líta á. V. 24,5 millj. 7275



**Hulduland - með bílskúr. samt. 147,2 fm** Vorum að fá í einkasölu góða 127,8 fm íbúð á 2. hæð + bílskúr í góðri vel staðsettri blokk. Góð vel skipulögð íbúð, þvottahús í íbúð. Suður svalir. Snyrtileg sameign bæði úti og inni. V. 31,7 m. 7257



**Borgargerði. Smáíbúðahverfi.** Í einkasölu góð velskipul. ca 135 fm efri hæð ásamt 34,7 fm góðum nýl.bílsk. Parket og fl. gólfum, góð sérverönd. V. 37,5 m. 4665



**Hólmgarður - glæsil. eign** Í einkasölu sérl. glæsil. efri sérh. ásamt nýb. risi, samt. ca 150 fm. Hæðin er um 103 fm og hefur verið endurn. öll á síð. 5 árum, eldhús,baðherb, innihurðir, skápar, parket, rafl. o.fl. Risið er rúml. fokh að innan. Nýjar 15 fm suðursv. V. 29,9 m. 7098

**Garðhús - með bílskúr.** Góð 132,3 fm 5-6 herb. íb. á jarðh. m. sérinng. í vel staðs. húsi. Íb. fylgir 26,2 fm góður bílsk. Sér verönd, parket og flísar. V. 32,5 m. 7095

## 4ra-6 herb. íb.

**Þórðarsveigur - með bílskýli.** Vorum að fá í einkasölu góða vel skipulagða 125,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sér inngangi. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Parket og flísar á öllum gólfum, suðursvalir. V. 31,9 áhv ca 21 miljón í góðum lánum. 7273



**Keilugrandi - m.bílskýli - útsýnisíbúð.** Velskipul. 4ra herb. íb. á 3.hæð þ.er 2 frá inngangi í velstaðs. fallegu húsi m. útsýni á sjóinn. Mjög barnvænt hverfi. Stutt í skóla og íþróttasvæði. V. 27,9 m. 7241



**Flúðasel - m. bílsk. laus fljótlega** Í einkasölu rúmgóð velskipul. 4ra herb. íb. á 2.hæð i klæddu húsi ásamt stæði í bílageymslu. 3 svefnherb. Yfirb. suðursv. Mjög góð staðsetn. Falleg aðkoma að húsi. V. 19,4 millj. 7261



**Gvendargeisli m/stæði í bílskýli** Glæsil. íbúð á 3.h. ásamt stæði í bílsk. Sér inng. af svölum. Parket. Glæsil. innrétt. mikið skápapláss. Stórar svalir. Fallegt útsýni. V. 23,9 m. 7088

**Núpalind. 6.hæð í lyftuh.** Glæsil. fullb. 114,0 fm íb. á 6.h. í álkl. lyftuhúsi á fráb. stað í Lindarhverfi í Kópav. Parket, flísar. Góðar svalir. V. 27,5 m. 7171

**Jörfabakki. með aukaherb. í kj.** í einkasölu góð velskipul. ca 115 fm 4ra til 5 herb. endaíb. á 3.h.(efstu hæð) í góðu fjölb.Sérþvottah. V. 19,9 m. 7068

**Hvassaleiti- endurnýjuð m. bílskúr.** Í einkasölu glæsileg mikið uppgerð 4ra herb. íb. á 1.hæð í góðu húsi. Glæsil. endurn. eldhús, ný gólfefni, nýtt glæsil. baðherb. m. sturtukl. frá Sturta.is. Nýjar innihurðir og fl. Áhv. hagst. lán frá KBbanka ca 17 millj. V. 26,9 millj. 7249

**Sæviðarsund - fráb. staðs.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 95 fm efri h. í mjög velstaðs. fjórb. Stórar suðursv. Parket og flísar á gólfum. V. 22,3 m. 6977

**Grýtubakki - mikið endurn.** Í einkasölu mikið endurn. ca 105 fm íb. á 3.h. í mjög velstaðs. húsi, suðursv., parket og flísar. Allt nýtt á baði. V.18,5m. 3283

## 3ja herb. íbúðir.

**Birkiholt - Álftanesi** Stórglæsileg 95 fm íbúð á 3 hæð m. sérinngangi. Íbúðin er ný og sérlega glæsilega innréttuð. Sérhönnuð lýsing. Granít í borðplötu. Parket. Glæsilegt útsýni. V. 22,5 m. 7254



**Flókagata - mjög góð á frábærum stað.** Í einkasölu góð 2-3ja herbergja velskipulögð íbúð í risi á þessu fallega frábærlega velstaðsetta húsi efst á Flókagötunni steinsnar frá Kennaraháskólanum. Verðlaunalóð. V. 16,9 millj. Íb. er laus við kaupsamning. 7262



**Fífulind - glæsileg íbúð m. sérinngangi.** Nýkomin í einkasölu glæsil. 93 fm íb. á 2.hæð í góðu nýlegu fjölbýli. Sérinngangur af svalagangi, vandaðar innr., parket, sérþvottaherb. í íbúð, flísalagðar suðvestur svalir. Toppíbúð á mjög góðum stað. Örstutt í alla verslun, þjónustu, skóla, sund og fl. Verð 22,9 millj. 7215



**Engihjalli - glæsilegt útsýni.** Í einkasölu velskipul. 85 fm íb. á 4.h. í góðu lyftuh. Íb. er m. stórum suðvestursv. Parket. V.16,2 m. 7154



**Berjarimi - bílskýli - mjög gott verð.** Í einkasölu falleg og einstakl.velskipul. 3ja herb. íb. á jarðh. ásamt bílskýli. Vand. innréttingar. Flísal. baðherb. Parket. Stór sérverönd. Sérinng. Laus í des.06. Gott verð 20,3 m. 7155



**Dynsalir - Kópav. Glæsileg íb. m. sérinng.** Nýl. glæsil. 111 fm íb. á 3.h. í litlu fjölb. Sérinng., vand. kirsuberjainnr., parket, stórar suðv.sv., þvottaherb.+ geymsla í íb. Getur losnað fljótl. V. 25,8 m. 3962



**Æsufell - falleg íbúð -laus -nýl. klætt hús.** Mjög falleg 93 fm íb. á 7. h. í lyftuh. Hús nýl. klætt að utan m. nýjum gluggum. Allar framkv. greiddar. Nýl. parket, gott eldhús. Falleg íbúð m. glæsil. útsýni. V. 15,9 m. 7015



**Austurberg - m. bílskúr** Falleg 81 fm íb. á 2. h. m. bílskúr. Nýtt fallegt eldh. Parket. Stórar suðursv. V.18,0 m. 6970



**Þórðarsveigur - lyftuhús.** Stórglæsil. endaíb. á 3 h. í nýju glæsil. lyftuh. Sérþvottah. Stæði í bílsk. Suðursvalir. V. 21,9 m 6823

**Njálsgata - mikið endurnýjuð** Góð vel skipulögð ca 75 fm 3ja herb. íbúð á 2.hæð í góðu vel staðsettu húsi. Vestursvalir. Íbúð er laus fklótlega. V. 16,5 m. 7064

**Lyngmóar - m. bílskúr** Glæsil. 89 fm íb. á 3. h. ásamt bílsk. í glæsil. fjölb í Garðab. Nýl. baðherb. Hús klætt að utan. Yfirb. svalir. V. 20,9 m. 7118

**Tröllaborgir - m. bílskýli** Í einkasölu mjög góð efri hæð. Fráb. staðs. í ról. botnlanga. Stórar svalir. Parket. 2 svefnherb. og góð stofa. Mjög gott útsýni. V.18,9 m. 6973

**Krummahólar - klætt hús.** Góð 91 fm íb. á 2. h. í góðu fjölb. sem er klætt að utan. 2 góð herb. Yfirb. svalir. Nýtt eldh. Bílskúrsplata. V. 15,9 m. 4652

**Torfufell** Vel skipulögð ca 80 fm íbúð á 3.hæð í góðri blokk. Snyrtileg sameign. V. 13,4 m. 6878

**Möðrufell.** Góð ca 80 fm íbúð í vel staðsettri blokk, góðar svalir. Snyrileg sameign bæði úti og inni. V. 14,9 m. 7194

**Núpalind - m. . stæði í bílskýli.** Vorum að fá í sölu góða vel staðs. ca. 100 fm 3ja herb. íb. á 4.h. í kl. fjölb. Góðar suðv.svalir, glæsil. útsýni. Innb. bílskýli möguleiki að kaupa annað. stæði. Öll sameign til fyrirm. bæði úti og inni. V. 26 m. 7206

**Tröllaborgir - m. bílskúr.** Í einkasölu mjög góð íbþ á 2. h. í vel staðs. húsi. Góður innb. bílsk. Parket og flísar. Snyrtil. sameign. V. 21,7m. 7081

**Heiðargerði- Vatnsleysuströnd.** Í einkasölu ca 80 fm 3ja herb. íb. á efstu hæð í klæddri blokk að Vogum Vatnsleysuströnd. Sérinng. af svölum. Vandað parket og flísar á gólfum. Glæsil. útsýni, stórar svalir. V. 15,6 m. 7033

**Gvendargeisli- stórglæsil. íbúð.** Stórglæsil. 130 fm íb. á 2.h. m. sérinng. St. í bílsk. Allt sér. Parket. Gott þvottah. Glæsil. eldh. og baðherb. Stórar suðursv. V. 28,9 m. 6932

**Eskihlíð - góð 3ja + aukaherb.** Í einkasölu rúmg. íb. á 3.h. ásamt aukaherb. í risi, alls 104 fm. Hús nýstands. að utan ,nýtt þak. Fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íb.lánasj. V. 18,9 m. Laus. 6813

**Álfkonuhvarf. - Sérinng. - bílskýli.** Vönduð ca 100 fm íb. m. sérinng. af svölum. Suðursv. Gott stæði í lok. bílsk. fylgir. V. 24,9 m. 4584

## 2ja herb.íbúðir.



**Sólvallagata með bílskýli.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða ca 72 fm útsýnisíbúð á 4. hæð í glæsilegu lyftuhúsi. Góðar svalir. Góð vel skipulögð íbúð. Öll sameign til fyrirmyndar bæði úti og inni. Áhv góð lán ca 12 miljónir. V. 21,9 m 7253

**Hverfisgata - laus** Lítil 36 fm ósamþykkt íbúð í kjallara. Íbúðin er í þokkalegu standi. V. 6,5 m. 7243

**Jöklafold - jarðh. m. sérgarði.** Í einkasölu góð ca 60 fm íb. á jarðh. m. sér garði. Góð velskipul. íb. á góðum stað. V. 14,9 m. 7178

**Sogavegur 216 1.hæð - glæsil. uppg.** Mikið endurn. íbúð á jarðh. í góðu þríb. á mjög góðum stað við Sogaveginn.Hús byggt 1983. Áhv. ca 12,5 m. (grb. ca 65 þ. pr. mán.) v. 15,9 millj. 6899

**Skipholt - 2ja herb.** Snyrtileg 46 fm íb..í kj. á fráb. stað. Nýl. eldhús og plastparket. V. 12,9 m. 6875

## VISSIR ÞÚ...

að fiskhreistur er meðal innihaldsefna í varalit?

að fleiri kamrar eru í Alaska en í nokkru öðru fylki Bandaríkjanna?

að fleiri nota bláa tannbursta en rauða?

að flest klósett sturta niður í tóntegundinni dís?

að flestir byrja að hneppa skyrtum neðan frá?

að fólk í Kína raðar stundum púðurkerlingum umhverfis hús sín til að nota sem brunaboða?

að fyrsta klósettið sem sást í sjónvarpi var í þættinum Leave it to Beaver?

að fyrsta klósettið var sett í Hvíta húsið árið 1825?

að fyrsta leikfangaauglýsingin var sýnd í sjónvarpi árið 1946. Leikfangið var herra kartöfluhaus?

að fyrsta myntin sem bar nafn Bandaríkjanna var slegin árið 1727?

að fyrsta orrustuflugvélin með klósetti var sovéska Sukhoi-34?

að fyrstu kanadísku peningaseðlarnir voru venjuleg spil. Franski ríkisstjórinn notaði þau til að borga skuldir?

að fyrsta pípulögnin í Bandaríkjunum var lögð í hús ljóðskáldsins Henrys Wadsworth Longfellow árið 1840?

að í góðu persnesku teppi eru meira en 50.000 hnútar á fersentímetra? Slíkt teppi getur enst í meira en 500 ár.

að góður vélritari getur slegið 20 slög á sekúndu?

að gúmmíteygjur endast lengur ef þær eru geymdar í kæli?

að götin í flugnaspöðum eru til að minnka loftmótstöðu?

að hjartanían er talin vera tákn ástarinnar?

að hundraðbilljónasti vaxliturinn sem Crayola framleiddi var blár á litinn (Perriwinkle Blue)?

að hver maður skilur eftir sig 2,5 kíló af rusli á dag?

að hægt er að leysa hvaða Rubiktening sem er með einungis 17 hreyfingum?

að indversk spil eru kringlótt?

að í Belgíu eiga 94 prósent barna upp að 14 ára aldri legókubba?

að í einni matskeið eru þrjár teskeiðar?

að í öllum spilastokkum stingur hjartakóngurinn sverði í gegnum höfuðið? Þess vegna er hann stundum kallaður „sjálfsmorðskóngurinn“.

að jó-jóið á rætur sínar að rekja til Filippseyja þar sem það var notað við veiðar?

að kleenex-bréfaþurrkur voru upprunalega framleiddar sem síur í gasgrímur?

að þegar sturtað er niður í Ástralíu snýst vatnið rangsælis?

að kona innbyrðir að meðaltali 2,7 kíló af varalit um ævina?

að kvartskristallar sem notaðir eru í úr „tifa“ 32.768 sinnum á sekúndu?

að könnun ein leiddi í ljós að í 24% garða er einhvers konar garðskraut?

að legókubbar eru steyptir með nákvæmni upp á fimm þúsundasta úr millimetra?

að leikfangaframleiðendur halda því fram að í hvert skipti sem skilnaðartíðni í Bandaríkjunum eykst, þá aukist leikfangasala að sama skapi?

*Heimild: Fánýtur fróðleikur*

# UPPÁHALDSSTAÐUR

## *Saga eins rúms jafnast á við skáldsögu*

Sigrún Edda Björnsdóttir hefur í nógu að snúast. Því skyldi engan undra að henni þykir vænna um rúmið sitt en flest annað.

Um þessar mundir leikstýrir Sigrún Edda, Ronju ræningjadóttur annað árið í röð, hún leikur í Amadeusi í Borgarleikhúsinu og er að byrja æfingar á Degi vonar eftir Birgi Sigurðsson sem verður afmælissýning leikfélagsins í janúar. Þar leikur hún hlutverk Láru. Henni líður vel á mörgum stöðum, en best líður henni í rúminu sínu. „Það gerist svo margt skemmtilegt í rúminu. Í rúminu get ég hvílt mig, ég les í rúminu og þar nýt ég samvista við manninn minn. Svo dreymir mann marga góða drauma í rúminu,“ segir Sigrún Edda og bætir því við að oft hugsi hún mikið í rúminu. „Sérstaklega á morgnana þegar ég vakna, en þá fæ ég líka oft góðar hugmyndir. Nú, stundum fær maður morgunkaffi í rúmið... til dæmis á afmælinu, svo er maður stundum veikur í rúminu sínu. Þegar ég átti son minn þá missti ég vatnið í rúmið, margir fæðast í rúmi foreldra sinna og svo eru margir sem deyja í rúminu sínu. Saga eins rúms getur hreinlega verið efni í heila skáldsögu enda sveiflast þetta á milli dýpstu sorgar og mestu gleði.“



SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR, LEIKKONA OG LEIKSTJÓRI















Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Rauðbrúnt
Verð kr. 277.000.-




Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt
Verð kr. 219.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 198.000.-

Slökunarstólar
í miklu úrvali
Tilboðsverð aðeins kr.
58.500.-
Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt



www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.294 **+0,45%** **Fjöldi viðskipta:** xxx **Velta:** x.xxx milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FL Group | +0,44% | 365 | -9,72% |
| Bakkavör | +0,33% | Avion | -2,17% |
| Alfesca | +0,20% | Actavis | -1,34% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,18 -9,72% ... Actavis 66,10 -1,34% ... Alfesca 5,04 +0,20% ... Atlantic Petroleum 580,00 -0,86% ... Atorka 6,35 -0,78% ... Avion 31,50 -2,17% ... Bakkavör 60,20 -0,33% ... FL Group 23,10 +0,44% ... Glitnir 22,20 -0,89% ... Kaupþing 830,00 +0,12% ... Landsbankinn 26,40 -0,75% ... Marel 78,50 -0,63% ... Mosaic Fashions 16,80 -0,59% ... Straumur-Burðarás 17,40 +1,14% ... Össur 114,50 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Keops græðir milljarða í Svíþjóð

Danska fasteignafélagið Keops hefur samið um sölu á fasteignum í Svíþjóð fyrir sem nemur tæplega 2,5 milljörðum sænskra króna. Gangi kaupin eftir innleysir félagið hagnað af fasteignaviðskiptum þar í landi upp á um hálfan milljarð danskra króna, eða tæpa 6,2 milljarða íslenskra króna. Bróðurpartur gróðans, um 400 milljónir, á að fara í kaup á skrifstofuhúsnæði í Danmörku.

Fasteignafélagið, sem er í um 30 prósenta eigu Baugs Group, er eitt stærsta skráða fasteignafélag á Norðurlöndum, með starfsemi í Danmörku, Svíþjóð, Spáni, Tyrklandi og í Kína.

Í tilkynningu Keops til Kauphallarinnar í Kaupmannahöfn í gær kemur fram að félagið Essex Invest Sverige AB hyggist kaupa 68 íbúðabyggingar fyrir alls 2.850 milljónir sænskra króna. Eignirnar hefur Keops keypt frá því í maí 2004 og þar til í janúar 2006 fyrir um það bil 2.186 milljónir sænskra króna, að kostnaði meðtöldum. Keops segir verðþróun hafa verið einstaklega hagstæða í Svíþjóð síðustu misseri, en síðast þegar eignasafnið var metið í júnílok á 2.622 milljónir sænskar.

Eftir viðskiptin samanstanda eignir Keops í Svíþjóð mestmegnis af verslunar og iðnaðarhúsnæði, alls 409 eignir sem metnar eru á 18,2 milljarða danskra króna, eða sem nemur 223,8 milljörðum íslenskra króna. - óká



**OLE VAGNER FORSTJÓRI KEOPS** Keops ætlar að nota hluta af innleystum hagnaði í Svíþjóð til eignakaupa í Danmörku.

# Eimskip opnar skrifstofu í Kína

Eimskip opnaði þriðju skrifstofu sína í Kína þann 20. nóvember í borginni Shenzhen, nálægt Hong Kong. Skrifstofan er á Shenzhenhöfn sem er næststærsta gámahöfnin í Kína.

Að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Eimskipi er opnunin liður í þeirri stefnu að viðhalda þróun á flutningsneti félagsins á heimsvísu. Mun starfsemi Eimskips í Shenzhen að mestu snúast um vörustýringu sjávarafurða ásamt því að auka og þróa viðskiptamöguleika hvað varðar ávexti og grænmeti.

Skrifstofunni er ætlað að afgreiða Guangzhou, Zhanjiang, Beihai og Haikou, allt svæðið þar sem margar fiskvinnslur eru staðsettar. Er það markmið Eimskips að byggja upp allsherjar flutningakerfi á hverju svæði sem stýrt er frá Shenzhen-skrifstofunni. Einnig stendur yfir leit að hentugu verkefni á sviði hitastýrðra flutninga í Suður-Kína. - hhs



**KRÓNA** Greiningardeild Kaupþings segir 4-5 mánaða styrkingu krónunnar á enda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Krónan lækkar

Gengisvístala krónunnar hækkaði um 1,8 punkta í viðskiptum dagsins í gær og lækkaði gengi hennar um 1,44 prósent.

Gengisvísitalan veiktist um 3,5 prósent í síðustu viku einni saman og stóð í rúmum 123,8 stigum við lokun markaða á föstudag.

Greiningardeild Kaupþings segir í Hálffimmfréttum á þriðjudag, að svo virðist sem 4-5 mánaða nær samfelld styrkingarleitni hafi nú verið rofin og óvissari tímar fari í hönd á gjaldeyrismarkaði. Hins vegar sé það eðli hávaxtamynta að þær geta lækkað snögglega en lækkunin er sjaldnast varanleg þar sem vaxtamunurinn vinnur alltaf á um síðir. - jab

# Oddi hf. skilaði 12 milljónum

Útgerðarfélagið Oddi hf. á Patreksfirði skilaði 12 milljóna króna hagnaði á síðasta rekstrarári, sem hófst í byrjun september í fyrra en lauk í lok ágúst á þessu ári.

Þetta er engu að síður 22 milljóna króna samdráttur á milli ára en 8. árið í röð sem félagið skilar hagnaði.

Tekjur námu 1 milljarði á árinu en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði mun betri en í fyrra og þrefaldaðist á milli ára. Eiginfjárstaða félagsins er nú um 373 milljónir króna.

Á hluthafafundi í útgerðarfélaginu 13. nóvember síðastliðinn var ákveðið að greiða hluthöfum 7 prósenta arð. - jab


PÓSTURINN
allur pakkinn

# Jólakortavefur

## Falleg og persónuleg jólakort í tölvunni þinni á www.postur.is

Með Jólakortavefnum á www.postur.is verða jólakortasendingar að laufléttri skemmtun fyrir framan tölvuna.



Þetta er svona einfalt:

a) Þú ferð inn á www.postur.is og smellir á „Jólakortavefur"
b) Þú velur mynd eða myndir úr myndabanka Póstsins eða þínar eigin myndir til að senda viðtakendum. Þú getur sent viðtakendum mismunandi myndir.
c) Þú skrifar textann á kortið. Þú getur sent viðtakendum mismunandi texta.
d) Þú útbýrð heimilisfangalista á vefnum sem síðan uppfærist sjálfkrafa.
e) Eftir að þú hefur lokið við kortin sér Pósturinn um afganginn: Sendir kortin til prentsmiðju þar sem þau eru prentuð og þeim pakkað; Pósturinn sér svo um að koma þeim til viðtakenda, heim að dyrum.

Sparaðu tíma og fyrirhöfn, sendu falleg jólakort - farðu á Jólakortavefinn á www.postur.is og kláraðu málið.




www.postur.is

**RODNEY DANGERFIELD FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1921**

*„Þegar menn eru tvítugir eru þeir fullir af orku og vonum og vilja bæta heiminn. Þegar þeir verða sjötugir vilja þeir enn bæta heiminn, en vita að þeir geta það ekki.“*

***Gamanleikarinn og orðhákurinn átti það til að hitta naglann á höfuðið.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. NÓVEMBER 1963

## *Kennedy veginn úr launsátri*



John Fitzgerald Kennedy, 35. forseti Bandaríkjanna, var myrtur þennan dag árið 1963 á ferð í gegnum Dallas í Texas í opnum blæjubíl.

Kennedy sat aftur í bílnum ásamt eiginkonu sinni, Jacqueline, þegar skotið var á þau úr launsátri.

Lee Harvey Oswald, hinn meinti morðingi, skaut þremur skotum af sjöttu hæð úr nálægri byggingu. Kennedy hlaut banvænt sár og var úrskurðaður látinn þrjátíu mínútum síðar. Hann var 46 ára. Lyndon Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, tók við forsetaembættinu.

Lee Harvey Oswald var fæddur í New Orleans árið 1939. Hann gekk til liðs við bandaríska herinn sautján ára. Hann fór til Sovétríkjanna árið 1959 og reyndi að fá ríkisborgararétt þar í landi en án árangurs. Nokkrum árum síðar kom Oswald aftur til Bandaríkjanna ásamt sovéskri konu sinni og nýfæddu barni. Árið 1963 skaut hann yfirmann í bandaríska hernum. Oswald var sagður starfa fyrir kúbverks og rússnesk stjórnvöld.

Þann 24. nóvember þegar verið var að flytja Oswald í fangelsi skaut maður að nafni Jack Ruby hann til bana. Ruby var dæmdur til dauða en lést úr lungnabólgu á meðan hann beið þess að áfrýjunardómstóll tæki mál hans fyrir.

## MERKISATBURÐIR

**1917** NHL-deildin, The National Hockey League, er formlega stofnuð í Montreal í Kanada.

**1942** Orrustan um Stalíngrad hefst í seinni heimsstyrjöldinni.

**1950** Lægsta skor í leik NBA-deildarinnar lítur dagsins ljós. The Fort Wayne Pistons, sem seinna varð Detroit Pistons, tapaði fyrir Minneapolis Lakers, seinna Los Angeles Lakers, með 19 stigum gegn 18.

**1990** Járnjómfrúin Margrét Thatcher, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnir um afsögn sína.

**1994** Í Norðaustur-Bosníu kveikja Serbar í þorpum til að svara loftárásum NATO.

## AFMÆLI



**Ásgeir Elíasson** knattspyrnuþjálfari er 57 ára.



**Kjartan Bjargmundsson** leikari er 50 ára.



**Hörður Áskelsson** organisti í Hallgrímskirkju er 53 ára.



**Ingvar E. Sigurðsson** leikari er 43 ára.



**Edda Arnljótsdóttir** leikkona er 42 ára.



**Þórunn Sveinbjarnardóttir** alþingismaður er 41 árs.




Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990




*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**

ljósmóðir frá Gemlufalli í Dýrafirði, húsfreyja á Hálsi í Kjós,

sem lést laugardaginn 18. nóvember sl., verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 13:00.

**Guðmundur Gíslason**
**Jón Gíslason** — **Sólrún Þórarinsdóttir**
**Halldór Gíslason** — **Vilborg Sigurðardóttir**
**Ágústa Gísladóttir**
**Sigríður Kr. Gísladóttir**
**Gísli Örn Gíslason**
**Andrés Freyr Gíslason** — **Svana Lísa Davíðsdóttir**
**Hjörtur Gíslason** — **Guðrún Ingadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Helgi Sigurður Heimberg Jónasson**

til heimilis að Birkiteig 22, Keflavík,

lést á Sjúkrahúsi Keflavíkur 19. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 14.00.

**Sigurður Jóhann Sigurðsson** — **Dröfn Sveinsdóttir**
**Bergþóra Sigurðardóttir**
**Stefanía Sigurðardóttir**
**Ólöf Jóhanna Sigurðardóttir** — **Björgvin Ólafur Gunnarsson**
**Óli Arelíus Sigurðsson** — **Þorbjörg Þóra Jónsdóttir**
**Helgi Sigurðsson** — **Carla S. Evans**
**Guðmundur Heimsberg**
**Andrea Kristjana Sigurðardóttir** — **Jóhann Guðmundsson**
**og barnabörn.**

**BÓKATÍÐINDI:** STANDA Á TVÍTUGU Í NÚVERANDI MYND

# Byr í seglum barnabóka

Bókatíðindi berast þessa dagana inn um póstlúgur landsmanna. Kverið er um 250 síðna langt og upplagið 114 þúsund eintök enda hefur bókaúrvalið sem þau hafa að geyma aldrei verið meira, eða um 680 titlar frá um 110 útgefendum. Í Bókatíðindum er birt kápumynd í flestum tilvika, grein frá höfundi, útgefenda, skrásetningarnúmeri og leiðbeinandi verði.

Bókatíðindi komu fyrst út sem fylgiblað Morgunblaðsins árið 1983 en árið 1986 voru þau fyrst gefin út í núverandi mynd og dreift sjálfstætt til landsmanna og standa því nú í raun á tvítugu. Ef skoðaðar eru tölur yfir útgefna titla í Bókatíðindum sést að útgáfan hefur aukist gríðarlega. Nú eru gefnir út 300 fleiri titlar en árið 1986. Kristján Bjarki Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir að samsetning bókaflórunnar hafi einnig breyst nokkuð á tímabilinu. „Þýddar afþreyingarbækur eru mun færri en tíðkaðist, en hlutdeild þýddra barnabóka, íslenskra skáldverka og almennra upplýsingarita hefur stóraukist. Það vekur hins vegar athygli að fjöldi ævisagana breytist lítið sem ekkert á þessu 20 ára tímabili“ en árlega koma að meðaltali út 32 ævisögur á Íslandi.



**SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR** Segfir börn sem lesið er fyrir búa að því um ókomna tíð.

Börn eru sá lesendahópur sem fær mest fyrir sinn snúð í ár. Þýddum bókum fyrir börn fjölgar, telja 126 titla í ár sem er það mesta sem nokkru sinni hefur komið út í þeim flokki. Þrátt fyrir aukið framboð af erlendu þýddu lesefni fyrir börn á öllum aldri, bætir íslenskt frumsamið efni sig á markaði í titlum talið. Í ár fjölgar eilítið frumsömdum barnabókum: úr 33 árið 2005 sem var raunar slakt ár, upp í 48 titla.

Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur segir að það sé fagnaðarefni þegar börnum er gert hátt undir höfði. „Það hefur verið messað um það árum saman að ef það á að viðhalda bóklestri verður að byrja á börnunum. Ég vona bara að þessar bækur fái almenna dreifingu en dagi ekki bara upp á lagerunum.“ Silja bendir á að ekki er síður mikilvægt að lesa fyrir börn en að þau lesi sjálf. „Börn sem lesið er fyrir njóta þess þegar fram í sækir. Þau læra svo mörg orð og málþroski er sýnilega miklu meiri en hinna sem skilar sér í meira hugmyndaflugi. Og mér sýnist vera talsvert af bókum í ár ætluðum til lestrar fyrir börn.“





**KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON** Bókatíðindi komu fyrst út sjálfstæð árið 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Bókatíðindi komu fyrst út sem fylgiblað Morgunblaðsins árið 1983 en árið 1986 voru þau fyrst gefin út í núverandi mynd og dreift sjálfstætt til landsmanna.

Þýdd skáldverk fyrir fullorðna lesendur dragast saman í titlum milli ára: voru í fyrra 71 en eru nú 63. Athygli vekur að sígild bókmenntaverk eru enn að koma út í vönduðum þýðingum með tilstyrk sjóða ríkis, norrænu ráðherranefndarinnar og Evrópusjóða. Svokölluðum samtalsbókum hefur fækkað síðari ár, líklega vegna samkeppni frá glanstímaritum og dagblöðum. Þá fækkar í flokknum Listir og ljósmyndir sökum þess að söfn skrá verk sín ekki í Bókatíðindi. Íslensk skáldverk eru samkvæmt tíðindunum 63, fjórum titlum færra en í fyrra.

Þýddum bókum fyrir börn fjölgar: árið 1996 komu út 68 þýddar barnabækur en eru 126 í ár. Margt er þar samprent með lágum framleiðslukostnaði. Þrátt fyrir aukið framboð af erlendu þýddu lesefni fyrir börn á öllum aldri, bætir íslenskt frumsamið efni sig á markaði í titlum talið. Í ár fjölgar eilítið frumsömdum barnabókum: úr 33 árið 2005 sem var raunar slakt ár, upp í 48 titla

Gaman er að geta þess að ein af bókunum sem voru í fyrstu bókatíðindunum árið 1983 var skáldsagan Inga eftir Birgittu Halldórsdóttur, spennusögubónda á Syðri-Löngumýri í Blöndudal. Þetta var fyrsta bók spennusagnadrottningarinnar og svo vill til að hún er einnig í Bókatíðindum 2006, nú endurútgefin í kilju.

**pbb@frettabladid.is**




**Legsteinar**

Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 • 110 RVK.
sími 566 7878 • www.rein.is
REIN




**70 ára**

er í dag, 22. nóvember,

**Sesselja Ásgeirsdóttir**

starfsmaður Neytendasamtakanna, Safamýri 40. Hún verður að heiman í dag en föstudaginn 24. nóvember kl. 20.00 býður hún gesti velkomna í Golfskála Oddfellowa.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


Friðrika
Nanna
Þorri
Gísli Egill
Sóla
Bístró - er komið út!
NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!
ÓMÓTSTÆÐILEGT
ÁSKRIFTARTILBOÐ
650 KR. Á MÁNUÐI*
Fyrsta tölublaðið frítt og
tappatogari fylgir með!
1.tbl. 2006, verð 950 kr. m. vsk.
bístró
tímarit um mat & vín
Leikið að litum
Músikalskur matur
Til á tíu
Sæta blaðið
Bragðgóðar minningar & Blindsmakk á vínum
Exótískir eftirréttir & Hunang, ostur og ávextir
Allt er gott sem endar á súkkulaði – kökur, kræsingar og fróðleikur
Tilboðið gildir
til 25. nóvember
Áskrift á:
www.bistro.is
eða í síma:
550 5060
*Miðað við 12 mánaða áskrift.





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Að kunna að klæða sig

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FÓR Í RÖNG FÖT



Reykjavík er frumskógur og þar gilda því sömu lögmál og hafa löngum skilið milli feigs og ófeigs úti í villtri náttúrunni. Maður er annað hvort fórnarlamb eða rándýr, étur eða verður étinn.

Í þessu sambandi er lykilatriði hvernig maður ber sig og klæðir sig. Karlmönnum er farsælast að klæða sig þannig að þeir geti bjargað barni frá drukknun í tjörninni án þess að þurfa að hugsa sig um, geta gengið í minniháttar bílaviðgerðir án þess að hafa áhyggjur af fötunum og síðast en ekki síst að geta tekið fyrirvaralaust þátt í slagsmálum.

Gallabuxur og svartur leðurjakki ættu því að vera staðalbúnaður og ef maður sportar slíku er maður nokkuð öruggur. Ekki spillir fyrir að hafa jafnan logandi sígarettu lafandi í munnvikinu, hrokafullt yfirbragð og manndrápsglampa í augum. Jafnvel heimskustu bavíanar hugsa sig tvisvar um áður en þeir hjóla í mann í þessum búningi. Jafnvel þó maður sé bara 1,74 og 63 kíló.

Ég hef í það minnsta komist klakklaust í gegnum nokkur þúsund Reykjavíkurnætur í dulargervi geðsjúklingsins en klikkaði illilega á þessu um helgina og prísa mig sælan að hafa komist heill heim aðfaranótt sunnudags.

Grundvallarmistökin sem ég gerði voru að beygja mig undir reglur um klæðaburð í samkvæmi og klæða mig upp í kjólföt. Það segir sig auðvitað sjálft að spóki maður sig eins og í áramótaveislu á Bessastöðum á Lækjartogi þá er maður að biðja um vandræði.

Ég get því engum nema sjálfum mér um kennt að froðufellandi fábjáni hafi veist að mér og kýlt mig í hausinn og til að fullkomna delluna skall á mesta manndrápssnjókoma í áraraðir og ég mátti ganga heim á móti vindi á sléttbotna skóm, með vægan heilahristing, í fötum sem veita nákvæmlega enga vörn gegn veðri og vindum. Leðurjakkalaus missti ég móðinn og íhugaði að grafa mig í fönn á Bergstaðastræti en hætti við af ótta við að skemma fjandans kjólfötin.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Dagur tilnefndur á Sundance

**Vegur kvikmyndaleikstjórans Dags Kára Péturssonar heldur áfram að aukast á erlendri grundu en hann er í hópi tólf kvikmyndagerðarmanna sem eiga möguleika á vænum styrk frá Sundance-kvikmyndastofnuninni.**

Væntanleg kvikmynd Dags Kára, Good Heart, er ein þeirra tólf kvikmynda sem koma til greina fyrir tíu þúsund dollara styrk hjá bandarísku kvikmyndastofnuninni Sundance sem heldur hina virtu kvikmyndahátíð Sundance Film Festival á ári hverju og japanska ríkissjónvarpinu NHK. Þetta kemur fram á vef kvikmyndatímaritsins Hollywood Reporter. Styrkurinn er hugsaður fyrir þá leikstjóra sem eiga sér bjarta framtíð í kvikmyndalistinni og miklar vonir eru bundnar við. Ljóst má vera að töluverð eftirvænting ríkir í kringum nýjustu afurð íslenska leikstjórans en Good Heart skartar þeim Ryan Goosling og Tom Waits í aðalhlutverkum og er framleidd af ZikZak-kvikmyndafyrirtækinu.

Fjórir verðlaunahafar verða tilkynntir við sérstaka athöfn þann 27. janúar en hinir tólf tilnefndu koma frá Evrópu, Japan, Suður-Ameríku og Bandaríkjunum og verður einn valinn úr hverjum hópi. Fram kemur í frétt Hollywood Reporter að verðlaunin tryggi jafnframt sýningar í japönsku sjónvarpi auk þess sem kvikmyndastofnunin Sundance mun aðstoða verðlaunahafana eftir fremsta megni við leit að fjármagni og kaupendum á sýningarétti í náinni framtíð. Sundance-kvikmyndahátíðinni var komið á fót fyrir tilstilli bandaríska stórleikarans Roberts Redford og þykir meðal þeirra virtustu og stærstu í kvikmyndaheiminum. - fgg



**DAGUR KÁRI** Er einn þeirra tólf sem kemur til greina að fái styrk bandarísku kvikmyndahátíðarinnar Sundance og japanska ríkissjónvarpsins.

**RYAN GOSLING** Er á hraðri uppleið í Hollywood og lék meðal annars í hinni geysivinsælu Notebook.

**ÞÓRIR SNÆR** Einn af framleiðendum Good Heart.

# Damien rýfur þögnina

Tímarnir hafa svo sannarlega breyst síðan Damien Rice sló í gegn með stórkostlegri plötu sinni „O“ fyrir rúmum þremur árum. Þá voru trúbadúrar í tilvistarkreppu og því virkuðu strípaðar og hefðbundnar útsetningar hans eins og straumur af fersku lofti í mengaðri stórborg. Núna er allt morandi í tónlistarmönnum sem styðjast við kassagítarinn sem helsta verkfæri tónsmíða sinna. Ég efast um að sönglagahefðin hafi verið eins sterk síðan Bob Dylan „sveik lit“ og tók upp rafmagnsgítarinn um miðjan sjöunda áratuginn. Þetta er vissulega þróun sem Damien á stóran þátt í.

En það sem gerir Damien svona töfrandi er fyrst og fremst rödd hans og flutningur. Þrennir tónleikar hans á klakanum hafa sannað það, að maðurinn hefur ótrúlegt vald yfir þeim hæfileikum sem Guð gaf honum. Hann er samt í klípu. Af hverju? Vegna þess að frumraun hans var bara aðeins of góð. Lögin þar voru svo frá hjartanu að það er erfitt að ímynda sér að hann geti mögulega hleypt hlustendum nærri. Þannig kemur það ekkert á óvart að þessi fylgifiskur „O“ sé örlítil vonbrigði.

Þegar maður hlustar á „9“ áttar maður sig á því að það hafi verið einhver sérstakur galdur yfir fyrstu plötu hans sem er ólíklegt að hann nái nokkurn tímann að fanga aftur. Kannski hleypti hann okkur of langt inn í fyrsta skiptið? Það er samt notalegt að heyra í honum og hér er vissulega ágætis skammtur af fallegum lögum. Nefni opnunarlagið 9 Crimes og Elephant. Í öðrum reynir hann að beisla reiði, sem fer honum ekki eins vel. Besta dæmið um þetta er Rootless Tree þar sem Damien syngur orðin „fuck you“ aftur og aftur, en virkar einhvern veginn bitlaus.



**TÓNLIST**

9

Damien Rice

★★★

Önnur breiðskífa Damien Rice er ágætis fylgifiskur metsöluplötunnar „O“, en ekkert meira en það. Nægilega góð til þess að skilja mann eftir sáttann, en stingst aldrei nægilega langt inn til þess að skilja eftir ör.

Damien hljómar ennþá eins og hann sé að reyna komast yfir stóru ástarsorgina í lífi sínu og hljómar nokkuð sár hér og þar. Undarlegasti textinn í því samhengi er við hið hádramatíska Accidental Babies, þar sem hann spyr fyrrverandi ástkonu sína m.a. hvort hún bursti tennurnar áður en hún kyssi nýja ástmanninn sinn. Þannig virka mörg lögin, eins og prívat ástarbréf til einu persónunnar sem getur mögulega botnað í svona textum. Damien er afbragðs söngvari og lagasmiður, og þessi plata sýnir að hann á enn margt eftir. Þó svo að hann muni hugsanlega alltaf vera að fylgja meistarastykki sínu eftir, sem kom fyrst.

**Birgir Örn Steinarsson**




**!** **Kl. 20.00**

*Ungfónían - Sinfóníuhljómsveit unga fólksins frumflytur nýtt verk eftir Tryggva M. Baldvinsson á tónleikum í Neskirkju. Verkið nefnist Sprettur og er sérstaklega samið fyrir hljómsveitina. Auk þess eru á efnisskrá konsert fyrir selló og hljómsveit í D-dúr eftir Joseph Haydn og sinfónía Mozarts nr. 40 í g-moll. Einleikari með hljómsveitinni er Margrét Árnadóttir sellóleikari en stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Saga af tilbúningi*

Danski fræðimaðurinn Dag Heede heldur fyrirlestur um H. C. Andersen á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í hádeginu í dag. Erindið ber yfirskriftina „Gagnkynhneigð H. C. Andersen: Saga af tilbúningi“ og er þar fjallað á gamansaman og kaldhæðnislegan hátt skýrt frá því hvernig Danir hafa liðið fyrir kvenlega eiginleika H. C. Andersens og ást hans til karlmanna. Kvenlegt eðli þessa tákngervings þjóðarímyndar Dana og sú staðreynd að hann átti ekki í ástarsambandi við konur hefur verið viðkvæmt mál undanfarin 150 ár. Ítrekað hefur verið reynt að gera hann karlmannlegri en efni standa til og stuðla að gagnkynhneigðri ímynd hans. Þessara viðhorfa gætir enn í rannsóknum og miðlun þeirra á 21. öldinni. Þrátt fyrir að Danir líti á sig sem umburðarlynda þjóð hafa þeir alls ekki getað sætt sig við þjóðskáld sem hallast að sama kyni. Ef til vill takmarkast hið rómaða danska frjálslyndi einmitt við H. C. Andersen.



**ÞJÓÐSKÁLDIÐ EKKI VIÐ KVENMANN KENNT** Takmarkast hið rómaða danska frjálslyndi við H. C. Andersen?

Dag Heede hefur lokið mag. art.- og doktorsnámi í bókmenntafræði. Hann er lektor í dönskum bókmenntum við Syddansk Universitet í Óðinsvéum og hefur m.a. gefið út bækur um franska heimspekinginn Michel Foucault og dönsku höfundana Karen Blixen og Hermann Bang. Í fyrra kom út eftir hann bókin Hjartabræður: stríðið um kynhneigð H. C. Andersen.

Fyrirlesturinn fer fram á dönsku í aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 111 og hefst kl. 12.05.

## > Ekki missa af…

eftirminnilegum leiksýningum vetrarins. Síðustu sýningar á karnivalska spunaverkinu **Þjóðarsálinni** fara fram í Reiðhöll Gusts um þessar mundir.

Í Iðnó er gert sprúðlandi grín að samskiptum Íslendinga við útlendinga í verkinu **Best í heimi** .

og Stúdentaleikhúsið sýnir verkið **Þú ert enginn Johnny Depp** í Austurbæ.



# Myndstefsverðlaun veitt



**VERÐLAUNAHAFINN 2006** Valgerður Bergsdóttir tók við Myndstefsverðlaunum úr hendi forseta Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Valgerður Bergsdóttir er handhafi heiðursverðlauna Myndstefs árið 2006 sem forseti Íslands afhenti við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands í gær.**

Viðurkenninguna hlýtur Valgerður fyrir hönnun og gerð steindra glugga í Reykholtskirkju og fyrir sýningarnar Teikn og hnit og AND-LIT í Gerðarsafni fyrr á þessu ári. Jafnframt er Valgerður heiðruð fyrir fjölþætt störf á vettvangi íslenskrar myndlistar sem kennari, stjórnandi og myndlistarmaður. Heiðursverðlaun Myndstefs, Myndhöfundasjóðs Íslands, nema samtals einni milljón króna og er þeim nú úthlutað í annað sinn. Helmingur verðlaunaupphæðarinnar kemur úr sjóðum Myndstefs en Landsbanki Íslands, sem er fjárhagslegur bakhjarl heiðursverðlaunanna, leggur til hinn helminginn.

Það er einróma niðurstaða dómnefndar, sem skipuð var þeim Valgerði Hauksdóttur myndlistarmanni, Pétri Ármannssyni arkitekti og Björgólfi Guðmundssyni, stjórnarformanni Landsbanka Íslands, að verðlaunin hljóti að þessu sinni Valgerður Bergsdóttir myndlistarmaður. Í umsögn dómnefndar kemur fram að í steinglersgluggum Reykholtskirkju nálgist Valgerður aldagamalt listform á nýstárlegan hátt með því að leggja fremur áherslu á formteikningu en litaspil: „Frjálslega teiknuð og samfléttuð hringform mynda þar meginstef ásamt mismunandi blæbrigðum hliðstæðra litatóna. Valgerður er í hópi færustu teiknara og í þessu verki tekst henni að yfirfæra frjálst og leikandi handbragð yfir í miðil glersins á þann veg sem ekki hefur áður sést,“ segir í áliti dómnefndarinnar.

Steinglersgluggarnir byggja á ítarlegum rannsóknum og hugmyndavinnu listamannsins á margra ára tímabili, þar sem áhrif frá ólíkum menningarskeiðum myndmáls, táknfræði og ritlistar koma við sögu. Þá miklu vinnu og hugsun sem Valgerður lagði í útfærslu Reykholtsglugganna mátti sjá á sýningunni Teikn og hnit í Gerðarsafni, þar sem m.a. voru sýndar vinnuteikningar í fullri stærð. Samtímis kom Valgerður að undirbúningi sýningarinnar AND-LIT á verkum móður sinnar, myndlistarkonunnar Valgerðar Briem.

Auk Valgerðar voru eftirtaldir myndhöfundar tilnefndir til heiðursverðlauna Myndstefs 2006: Andrés Kolbeinsson ljósmyndari, Atli Hilmarsson grafískur hönnuður, Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt og myndlistarmennirnir Birgir Andrésson og Rúrí. **- pbb**



**LEIKHÓPURINN BORGARBÖRN OG GUNNAR HELGASON LEIKSTJÓRI** Það er mikilvægt að vekja upp jólaandann, sérstaklega hjá unglingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Jólaævintýri fyrir alla fjölskylduna

**Nýstofnað barna- og unglingaleikhús söngskólans Sönglistar og Borgarleikhússins frumsýnir söngleikinn Réttu leiðina í kvöld.**

Um er að ræða söngleik þar sem öll hlutverk eru skipuð börnum og unglingum. Leikararnir eru á aldrinum 7-18 ára og munu tveir leikhópar skipta með sér sýningunum, alls 22 krakkar í hvorum hópi. Verkið fjallar um Heiðrúnu Birtu mannabarn sem alist hefur upp í Jólalandi. Hún er send aftur til mannheima af sjálfri jóladrottningunni ásamt jólaálfinum Kuggi til að rétta öðrum hjálparhönd og breiða út boðskap ástar og friðar sem er hinn eini sanni jólaboðskapur. Árni Beinteinn Árnason er ungur leikari sem er annar þeirra sem fer með hlutverk jólaálfsins Kuggs. „Þetta er mikið jólaævintýri en það fjallar um nútímaunglinga sem eru hættir að trúa á jólasveininn,“ útskýrir hann. „Ég myndi lýsa þessu sem mjög fjörugum og skemmtilegum söngleik, svona ekta barna- og fjölskylduskemmtun.“

Heiðrúnar Birtu og jólaálfsins Kuggs bíður heljarinnar verkefni. Í mannheimum kynnast þau Kyrjunum sem í raun trúa ekki á neitt nema sjálfar sig og engan veginn á jólasveininn og þá verða vinirnir að sannfæra mannfólkið um að með því að rétta öðrum hjálparhönd og láta sig málin varða leggi þau öllum heiminum lið.

„Það er heilmikið sungið í sýningunni,“ útskýrir Árni Beinteinn og upplýsir að í henni séu tíu hressileg popplög. Æfingarnar hafa gengið vel að hans sögn en hóparnir munu standa í ströngu langt fram á aðventuna því fyrirhugað er að sýna verkið fram til 17. desember. „Þetta er búið að vera pínulítið strembið í skólanum en maður verður bara að reyna að vera duglegur að vinna upp það sem maður hefur misst af,“ segir Árni.

Árni Beinteinn hefur talsverða reynslu af leiklistinni þrátt fyrir ungan aldur en hann hefur til dæmis leikið í leikritunum Ronja ræningjadóttir og Híbýlum vindanna í Borgarleikhúsinu og nú leikur hann einnig í leikritinu Sitji guðs englar í Þjóðleikhúsinu. Árni Beinteinn segir hæversklega að kannski muni hann leggja leiklistina fyrir sig í framtíðinni. „Það er aldrei að vita upp á hverju maður tekur.“

Handritshöfundar Réttu leiðarinnar eru Erla Ruth Harðardóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir en leikstjóri er Gunnar Helgason. Um söngstjórn sér Ragnheiður Hall en tónlistarstjóri er Valdimar Kristjónsson. Leikmynd og búninga gerir Sigurjón Jóhannsson en danshöfundar eru Halla Ólafsdóttir og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir.

Tvær sýningar verða á verkinu í dag, sú fyrri kl. 18 en sú síðari kl. 20. **-khh**



**ÁRNI BEINTEINN ÁRNASON** Er ekki óvanur á leiksviðinu þrátt fyrir ungan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

## Hausthappdrætti Blindrafélagsins 2006

### *Vinningaskrá*

### Útdráttur 17. nóvember 2006

**Skoda Octavia Combi Ambiente 1.9 l. diesel, beinsk. frá Heklu hf. kr. 2.410.000**

91594

**Skoda Octavia Ambiente 1.9 l. diesel, beinsk. frá Heklu hf. kr. 2.350.000**

28911

**Breiðtjaldsjónvarp frá Sjónvarpsmiðstöðinni, 37” JVC LT37R70, LCD. kr. 329.990**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15927 | 26748 | 38361 | 48299 | 57537 | 70462 | 74139 | 85020 | 92871 | 95250 |
| 16612 | 35904 | 40621 | 50506 | 58145 | 72262 | 74988 | 90264 | 93292 | 113819 |
| 21634 | 37388 | 43538 | 51812 | 68063 | 74102 | 81120 | 92519 | 94993 | 114762 |

**Ferðavinningur að eigin vali með Heimsferðum. kr. 240.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 945 | 8427 | 20292 | 28004 | 40109 | 52202 | 62062 | 71843 | 81586 | 90063 |
| 2000 | 9059 | 20612 | 33196 | 41672 | 54461 | 66038 | 79708 | 81891 | 99967 |
| 2082 | 12961 | 23968 | 36013 | 42800 | 56350 | 70282 | 79921 | 82864 | 102578 |
| 4732 | 15187 | 25958 | 38600 | 51185 | 61594 | 70396 | 79986 | 90042 | 109285 |

**Kvöldverður á veitingastaðnum Siggi Hall á Óðinsvéum. kr. 20.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 233 | 18780 | 24845 | 41373 | 53223 | 72095 | 81697 | 89549 | 96609 | 106313 |
| 4263 | 23142 | 31545 | 44784 | 62598 | 72701 | 83567 | 90588 | 99022 | 110145 |
| 7660 | 24124 | 33272 | 47807 | 63253 | 73048 | 87418 | 91151 | 102272 | 110939 |
| 7845 | 24518 | 37081 | 51776 | 63339 | 78279 | 89080 | 91541 | 104905 | 111425 |
| 11470 | 24666 | 38350 | 52144 | 64592 | 80027 | 89499 | 92070 | 105457 | 113970 |

Alls 122 skattfrjálsir vinningar að verðmæti kr. 25.259.700. Vinninga ber að vitja innan árs – Upplýsingasími 525 0000 – Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á heimasíðu Blindrafélagsins www.blind.is

Birt án ábyrgðar

## NÝJAR BÆKUR

Enn er Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur, á ferð á reiðhjólinu sínu líkt og í síðustu bók sinni, Á Jakobsvegi, og nú hjólar hann frá strönd Póllands suður í Miklagarð. Titill nýjustu bókar hans er Með skör járntjaldsins: Hugsað upphátt á rafleiðinni frá Gdansk til Istanbúl. Að þessu sinni hjólaði Jón upp með ánni Vislu norðan frá Eystrasalti suður í Karpatafjöll og svo áfram suður yfir fjöllin, niður með Dóná og allar götur til Istanbúl, borgarinnar á enda Evrópu. Leiðin lá um Pólland, Slóvakíu, Ungverjaland, Króatíu, Serbíu, Búlgaríu og Tyrkland. Jón hjólar meðfram skör járntjaldsins og bregður upp svipmyndum úr ferðalagi sínu um fjölbreyttar slóðir og kryddar frásögnina með hvers kyns fróðleik. Útgefandi er Ormstunga en bókina prýða fjölmargar myndir auk korta sem Claudia Schenk teiknaði.



Í Kvikmyndagreinum er birt úrval þýðinga eftir ýmsa þekkta kvikmyndafræðinga, en greinarnar eig það sammerkt að beina sjónum að kvikmyndagreinahugtakinu. Greinar Ricks Altmans og Steves Neale fjalla um þær ólíku leiðir sem farnar hafa verið í flokkun og skilgreiningu Hollywood-kvikmynda á meðan greinar Andrews Britton og Robins Wood leggja áherslu á áhrif kvikmyndastjarna, höfundarnafna og hugmyndafræði á kvikmyndagreinar. David Bordwell er síðan á öndverðum meiði og spyr hvort listræna kvikmyndin megi hugsanlega teljast sem sérstök kvikmyndagrein. Ritið er það þriðja í flokknum Sjöunda listgreinin. Ritstjóri er Guðni Elísson en hann ritar jafnframt inngang bókarinnar og þýðir ásamt Birni Ægi Norðfjörð. Útgefandi er Háskólaútgáfan.



Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði kynnir nýjar hugmyndir í fötlunarfræðum og gerir grein fyrir þeirri áskorun sem í þeim felast. Í fyrri hluta bókarinnar er hefðbundnum hugmyndum um fötlun lýst en í þeim síðari er sjónum beint að því hvað einkennir rannsóknir á sviði fötlunarfræða. Níu fræðimenn skrifa í bókina frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands en ritstjóri hennar er Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands. Bókin kemur út hjá Háskólaútgáfunni.




Afmælisrit til heiðurs dr. Arnóri Hannibalssyni, Þekking – engin blekking, kemur út í tilefni af sjötugsafmæli hans. Greinar ritsins tengjast ýmsum rannsóknarsviðum hans, til dæmis stjórnmála- og félagheimspeki, þekkingar- og vísindaheimspeki, sagnfræði, sálfræði, listfræði og bókmenntum. Í bókinni er einnig að finna ítarlegt viðtal við Arnór um þróun hans og þroska sem heimspekings og menntamanns. Ritstjórar eru Erlendur Jónsson, Guðmundur Heiðar Frímannsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Útgefandi er Háskólaútgáfan.





KRISTBJÖRG KJELD

# Saman á leiksviði

Vesturport hóf á mánudag æfingar í Borgarleikhúsi á nýju ónefndu leikriti eftir Gísla Örn Garðarsson og Víking Kristjánsson. Verkið fjallar um tvo eldri borgara, karl og konu, og í það eru nýtt nýleg sönglög.

Það sem tíðindum sætir er að þau Kristbjörg Kjeld og Ragnar Bjarnason munu leika aðalhlutverkin í verkinu.

Kristbjörg er ein helsta dramatíska leikkona landsins, margverðlaunuð og lofuð. Hún hefur ekki verið virk á sviði söngleikja, þó hún tekist á við söngleikshlutverk fyrr á árum eins og í Járnhaus Jónasar og Jóns Múla 1965. Hún hefur átt sinn feril lengstan með Þjóðleikhúsinu en verið tíður gestur hjá frjálsum leikhópum og stóð á sínum tíma fyrir stofnun Grímu, sem var fremstur slíkra hópa upp úr 1960.

Ragnar Bjarnason hefur aftur sungið á öllum sviðum landsins frá því hann var unglingur, en ekki leikið í leikverki, þó hann hafi á öllum tímum ekki hikað við að bregða sér í ýmis hlutverk, bæði í kabarettum hljómsveita sem hann hefur starfað og á stórvinsælum skemmtunum Sumargleðinnar.

Samlesturinn á mánudag er upphafið á löngu vinnuferli. Ekki er afráðið á hvaða sviði Borgarleikhússins verkið kemur upp eða hvenær. Sviðsetningin er unnin í samstarfi Leikfélags Reykjavíkur og Vesturports. -pbb



RAGNAR BJARNASON




# Altman látinn

Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Robert Altman er látinn, 81 árs að aldri. Altman var einn áhrifamesti kvikmyndaleikstjóri 20. aldar og þótti hafa afar sérstakan stíl. Eftir hann liggja verk á borð við M-A-S-H, Nashville, The Player, Gosford Park og nú síðast A Prairie Home Companion, sem kom út fyrr á árinu.

Altman lést á spítala í Los Angeles á mánudagskvöld en þegar blaðið fór í prentun hafði banamein hans ekki verið gefið upp. Hann var fimm sinnum tilnefndur til Óskarsverðlauna sem besti leikstjóri, síðast árið 2001 fyrir Gosford Park, og í ár hlaut hann heiðuróskarinn fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar.

Meðal stíleinkenna Altmans er að oftar en ekki notaðist hann við stóran leikhóp, sem hann lét stundum spinna heilu og hálfu atriðin á staðnum og myndavélin er yfirleitt á stöðugri hreyfingu. Ferill hans hófst í byrjun sjötta áratugarins en hann sló fyrst í gegn með háðsádeilunni M-A-S-H árið 1970. -bs



**ROBERT ALTMAN** Var fimm sinnum tilnefndur til Óskarsverðlauna og fékk heiðursóskarinn í ár.





Sýningar
mán 20/11, fim 23/11. fös 24/11 , lau 25/11 mið 29/11, fim 30/11 nóv og fös1.des. Miðaverð kr. 1.500 Skólafólk og hópar kr. 1.000

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700



„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR."
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 23/11 kl. 20 UPPS. Sun 3/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20

**BLÓÐBRÚÐKAUP**
Nemendaleikhúsið frumsýnir Blóðbrúðkaup.
Fös 24/11 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Lau 25/11 kl. 20 Miðaverð 1.500.

**FJÖLSKYLDUSÝNING Íd**
Lau 25/11 kl. 14 Síðasta sýning.
Frítt fyrir 12 ára og yngri

**ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS**
Í kvöld kl. 20 Miðaverð 2.300

**WATCH MY BACK**
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 26/11 kl. 20.10 Miðaverð 1.000 kr.

**MEIN KAMPF**
Fös 24/11 kl.20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

**AMADEUS**
Lau 25/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS**
Fim 23/11 kl. 21 Miðaverð 3.500

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA**
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Í kvöld kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

**BROT AF ÞVÍ BESTA**
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

**MOZART TÓNLEIKAR**
Sun 26/11 kl. 15 Miðaverð 1.000

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Ekkjan og ljósmyndarinn

Ungur ljósmyndari í New York fær það verkefni að mynda miðaldra ekkju þekkts ljósmyndara. Ljósmyndarinn býr með fyrirsætu en þegar hann hittir ekkjuna verður það ást við fyrstu sýn af beggja hálfu. Sagan fjallar síðan um samdrátt þeirra með tilheyrandi uppgjöri ljósmyndarans við fyrirsætuna (með stórum afbrýðisemisköstum) – og allmikilli tregðu af hálfu ekkjunnar (vegna aldursmunar). Ævi ekkjunnar er rifjuð upp, ekki ljósmyndarans. Lesandinn fær lítið um hann að vita utan það sem er að gerast í núi sögunnar. Ævi ekkjunnar nær frá Íslandi til Frakklands og þaðan til New York og lesandinn fær að vita að hún hefur einnig dvalið á Ítalíu með eiginmanninum heitnum.

Saga ljósmyndarans og ekkjunnar hefst í Bandaríkjunum, berst síðan til Napólí, þaðan til Reykjavíkur og aftur til Bandaríkjanna.

Feimnismál er nokkuð stefnuráfandi saga. Í henni er að finna dálítið mörg samtöl um ljósmyndun, sum þannig að það er eins og að lesa sýningarskrá á ljósmyndasýningu. Einnig eiga staðarlýsingar til að nálgast lýsingar í bæklingum fyrir ferðamenn. Kveður býsna rammt að þessu þegar sagan berst til Napólí og heldur síðan áfram á Íslandi. Í sögunni eru einnig allmargar máltíðir og þeim lýst af nákvæmni. Það er ekki alltaf ljóst hvort hér er um að ræða kynningu fyrir ferðamenn, matgæðinga eða áhugamenn um ljósmyndun. Umhverfislýsingar eru miklar og nokkuð nákvæmar af upplýsingum sem ekki verður í fljótu bragði séð að komi söguninni við. Dæmi: " Í hinu horninu voru hillur með ljósmyndabókum, möppum og kössum, stórt hátt borð og á því myndir, filmur, myndavélar og græjur sem hún kunni engin skil á." (bls.121-122).

Sjálf sagan, fortíð ekkjunnar og samskipti hennar við ljósmyndarans tvinnast síðan í kringum lýsingarnar en virka fyrir bragðið eins og aukaatriði. Það er líka dálítið ótrúverðugt að þau skuli ekki átta sig á því fyrr en í miðri sögu að þau eru bæði íslensk. Helsti veikleiki sögunnar er persónusköpun. Jón ljósmyndari, Edda ekkja, (aðalpersónurnar) Lisa fyrirsæta, Tony vinur þeirra allra (helstu aukapersónur) eru mjög keimlíkar. Það er lítið í málfari, stíl og lýsingu sem greinir þær að. Fyrir utan almenna umræðu um ljósmyndun og listir eru samtöl innihaldsrýr. Samtöl Jóns og Lisu eru öll í átakastíl, samtöl Jóns og ekkjunnar eru nánast öll um rök hans fyrir því að samband þeirra geti gengið, mótmæli hennar um að það sé útilokað. Samtöl eru því melódramatísk og í þeim heldur mikil endurtekning. Það eru líka nokkur lýti á textanum hversu oft orð eins og „rosalega", „gasalega", „æðislega", o.s.frv. eru notuð. Þau eru einfaldlega truflandi í ritmáli.

Í Feimnismálum er stundum vísað í Þúsund og eina nótt og talað um allar aukasögurnar í sögunum þar. Það er líklegt að höfundurinn sé að leika sér að því formi en það skortir nokkuð upp á skáldskapinn til þess að það gangi upp.

**Súsanna Svavarsdóttir**




**BÆKUR**
**Feimnismál**
Sigrún Davíðsdóttir
Mál og menning
★
Ótrúverðugt, innihaldsrýrt byrjendaverk.


Draumasmiðjan
og
Hafnarfjarðarleikhúsið

**VIÐTALIÐ**

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu
**23. nóvember kl. 20:00**
*SÍÐASTA SÝNING*

Miðapantanir: 555 2222
(símsvari) eða á midi.is











Allra síðustu sýningar - Takk fyrir frábærar viðtökur!!
**Fim. 23. nóv.** næstsíðasta sýning
**Fös. 24. nóv.** Allra síðasta sýning.
"Sýningin veitti mér bæði orku og bjartsýni til framtíðarinnar og enginn ætti að láta hana fram hjá sér fara." Birna Bergsdóttir varaformaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.
*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*
*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*





**FÉLAGSLEGA MÁLVERKIÐ** Gestir Kling og Bang gallerís geta tekið virkan þátt í sýningunum tveimur sem þar standa yfir.

# Listræn þátttaka

Myndlistarmennirnir Helga Óskarsdóttir og Kristinn Már Pálmason opnuðu sýningar í Kling og Bang gallerí um síðustu helgi. Á jarðhæð er að finna sýningu Helgu sem ber yfirskriftina „Myndlistardreifing" en í kjallara sýnir Kristinn Már „Krimp og Kling og Bang og Slang - Félagslega málverkið". Segja má að báðir listamennirnir hafa virkjað áhorfendur og gesti sem þáttakendur í sýningunum, þó á ólíkan hátt.

Helga Óskarsdóttir laðaðist fyrir löngu að alls kyns dóti sem hún rak augun í á göngum sínum um Amsterdam og Lundúnir þar sem hún sótti listaskóla. Stundum lét hún sér nægja að raða nokkrum hlutum saman og skilja þá eftir á götunni þar sem aðrir gætu séð þá og kannski farið að velta fyrir sér samsetningunni en stundum hefur hún líka safnað þeim saman og sett fram sem verk á sýningu, líkt og útstillingu á forngripa- eða náttúrusafni. Þannig hefur hún orðið eins og náttúru- eða fornleifafræðingur í samtíma sínum, safnar ýmsu og miðlar því síðan aftur til okkar hinna svo við getum hugsanlega haft af því einhver not eða innblástur.

Á sýningu sinni „Myndlistardreifing" fá sýningargestir gulmáluð fræ að gjöf frá Helgu sem bera tilganginn ekki utan á sér. Formið fer reyndar vel í hendi og hlutirnir eru þægilega massífir og fastir í sér, eins og gott verkfæri, gerðarlegir, en þótt Helga velti upp ýmsum notkunarmöguleikum fylgir þeim engin klár forskrift, engin fyrirfram gefin merking.

Kristinn Már hefur gert margvíslegar tilraunir í málverki og unnið jöfnum höndum að þróun myndmáls og aðferða innan ramma hins hefðbundna tvívíða flatar ogútvíkkun málverks í tímaefnis-, og rýmistengdu samhengi. Í kjallara Kling og Bang gallerí er sýning sem er hljóð og málverkainnsetning sem er hugsuð sem samvinnuverkefni milli listamannsins og listnjótandans og þar með töldum aðstandendum Kling & Bang gallerís. Innsetningin er meðal annars í formi álfleka sem er eitt stykki samsett úr 32 einingum er raðast eftir reglum listamannsins inn í kjallararými gallerísins. Þessu verki fylgir hilla úr krossviði fyrir úðabrúsa og tússliti, gestir sýningarinnar mála eða skrifa sjálfir verkið en undir hljómar afar innblásið ástarljóð byggt upp af listamanninum sjálfum. Hljóðverkið er tímatengt uppábrot og mikilvæg andstæða í heildarinnsetningunni. Félagslega málverkið er margslungið og tilfinningaþrungið borgarlandslagsverk.

Kling og Bang gallerí er opið fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14-18. Sýningin stendur til 10. desember. -khh

# Biblían leiklesin með tilþrifum



LES GUÐSORÐ Samuel L. Jackson er rödd guðs en hann hefur getið sér gott orð í hasarmyndum á borð við Pulp Fiction, Star Wars og hinni nýlegu Snakes on a Plane.

Einvalalið bandarískra leikara mælir fyrir munn föður, sonar og heilags anda í nýrri hljóðbókarútgáfu á Biblíunni sem forlagið Zondervan gaf út á haustdögum. Af viðtökunum að dæma verður hljóðbók þessi jólagjöf ársins þar vestan hafs enda selst lesningin í bílförmum og klífur hratt upp metsölulista verslanakeðja eins og Wal-Mart og netverslunarinnar Amazon. Sérstaða þessarar hljóðbókar er þó einkum sú að eingöngu þeldökkir leikarar ljá henni raddir sínar, leikarinn Blair Underwood talar fyrir Jesú, Cuba Gooding Jr. fyrir Júdas og sjálfur guð er Samuel L. Jackson svo einhverjir séu nefndir.

Verkið ber heitið „The Bible Experience“ og tekur Nýja testamentið og hluti þess gamla um tuttugu og eina klukkustund í flutningi af nítján geisladiskum. Samkvæmt heimasíðu útgefandans, sem er stærsta forlag þar í landi sem sérhæfir sig í útgáfu á trúarlegu efni, er markmiðið með þessu verkefni að færa Biblíuna nær yngri kynslóðum. Auk þess að leiklesa efni Biblíunnar er aukið á dramatíkina með tónlist og leikhljóðum og nútímatækni beitt til þess að miðla bók bókanna til kröfuharðra ungra hlustenda. Rúmlega tvö hundruð tónlistarmenn og annað listafólk kemur að verkefninu.

Stefnt er að því að gefa út Gamla testamentið í heild sinni á næsta ári og er þegar farið að huga að leikaraliðinu í það verkefni. -khh

# Augasteinn aftur á svið

Leikhópurinn Á senunni sýnir tvær sýningar af hinni margrómuðu jólaleiksýningu Ævintýrið um Augastein eftir Felix Bergsson. Tvær almennar sýningar verða, sunnudagana 10. og 17. desember í Tjarnarbíói í Reykjavík.

Ævintýrið um Augastein var frumsýnt í London árið 2002. Verkið byggir á hinni sígildu sögu um Grýlu og jólasveinana. Lítill drengur, Augasteinn, lendir fyrir tilviljun í höndum hinna hrekkjóttu jólasveina. Sveinarnir skrýtnu eru skíthræddir við lítil börn en þeir læra smám saman að elska litla drenginn og annast hann. Skyndilega kemst Grýla á snoðir um tilveru barnsins og við tekur æsispennandi flétta.

Margir frábærir listamenn koma að uppfærslunni, brúður og leikmynd eru eftir Helgu Arnalds, lýsingu hannaði Jóhann Bjarni Pálmason og tónlistin var útsett af Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni fyrir Háskólakórinn undir stjórn Hákons Leifssonar. Felix Bergsson leikur öll hlutverkin. Leikstjóri er Kolbrún Halldórsdóttir. Barnabókin Ævintýrið um Augastein eftir Felix með myndum eftir Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur kom út á bók hjá Máli og menningu árið 2003 og fékk frábærar viðtökur.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.senan.is.



ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN Höfundur verksins, Felix Bergsson, leikur einnig öll hlutverkin í verkinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

19 20 21 **22** 23 24 25

**Miðvikudagur**

### LEIKLIST

☐ 20.30 Leikfélag **Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki** sýnir um þessar mundir söngleikinn **Draumalönd** eftir **Guðbrand Ægi Ásbjörnsson** sem leikstýrir einnig verkinu. Sýningar fara fram í sal skólans.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Fríkirkjuveg**. Á sýningunni er rakin þróunin í málverkinu frá upphafi níunda áratugs tuttugustu aldar fram til dagsins í dag. Á sýningunni eru á annaðhundrað verk eftir 56 listamenn. Sýningarstjóri er **Laufey Helgadóttir**, listfræðingur og aðstoðarsýningarstjóri **dr. Halldór B. Runólfsson.**

☐ 11.00 **Hanna Hlíf Bjarnadóttir** sýnir **Puntustykki** á **Café Karólínu** á **Akureyri**. Verkið sem Hanna Hlíf sýnir er um stöðu og sögu kvenna fyrr og nú. Sýningin stendur til 1. desember.

☐ 11.00 **Katrín Pétursdóttir** sýnir í galleríi **i8** við **Klapparstíg**. Sýningin er opin þriðjudaga til föstudaga milli 11-17 og á laugardögum kl. 13-17.

☐ 11.00 Ljósmyndarinn **Spessi** sýnir verk sín í **Hafnarborg** en verkin eru úr væntanlegri bók sem bera mun titilinn **Locations**. Sýningin stendur til 30. desember en hún er opin milli 11-17.

☐ 12.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 14.00 **Rannveig Helgadóttir** opnaði sýninguna **MUSTERI** í **galleríBOX** á Akureyri um helgina. Þar sýndi hún grafíkverk og málverk sem hún hefur unnið á þessu ári .Sýningin stendur til 7. desember. Opið er á fimmtudögum og laugardögum frá 14-17.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 25/11 **nokkur sæti laus**, sun. 26/11 **nokkur sæti laus**, fös. 1/12 **nokkur sæti laus**, lau. 2/12. **Síðustu sýningar fyrir jól.**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 6/1 **kl. 14:00,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 23/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **örfá sæti laus**. Aukasýningar fös. 8/12 **örfá sæti laus** og lau. 9/12 **örfá sæti laus**. **Allra síðustu sýningar!**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Fös. 24/11 **nokkur sæti laus**, sun. 26/11 **uppselt. Síðustu sýningar fyrir jól!**
Lau. 6/1, lau. 13/1.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**KÚLAN Lindargötu 7**

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Fös. 24/11 **kl. 20:00 uppselt. Aukasýningar sun. 26/11 kl. 17:00, fös. 1/12 kl. 20:00.**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 kl. **11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt**.

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt,** sun. 26/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt,** lau. 2/12 **kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 nokkur sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus**, sun. 3/12 **kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt** og **kl. 16:00 örfá sæti laus,** lau. 9/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus, kl. 14:30 örfá sæti laus** og **kl. 16:00**, sun. 10/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus, kl. 14:30 uppselt** og **kl. 16:00**, lau. 16/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30,** sun. 17/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**




HREINLEGA
VIRKAR Á BLETTINA




SPEEDBALL blettahreinsir skotvirkar á erfiða bletti eins og fitu, blek, vaxliti, varalit, vín, matarleifar og fleira. Efninu er úðað beint úr brúsanum á blettinn og síðan þurrkað. Þarf ekki að skola. Skilur ekki eftir leifar.

**Prófaðu SPEEDBALL – hann hreinlega virkar!**

* Tilboð gildir til 30. nóvember 2006 eða á meðan birgðir endast.

BESTA
www.besta.is

Suðurlandsbraut 26 Reykjavík Sími: 510 0000
Brekkustíg 39 Njarðvík Sími: 420 0000
Miðási 7 Egilsstöðum Sími: 470 0000
Grundargötu 61 Grundarfirði Sími: 430 0000

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Britney komin með nýjan kærasta

Poppprinssessan Britney Spears var ekki lengi að finna sér nýjan mann. Aðeins tveimur vikum eftir skilnaðinn við dansarann Kevin Federline hefur hún nú sést láta vel að leikaranum óþekkta Mario Lopez á skemmtistað í Las Vegas. Sjónarvottar á staðnum segja við tímaritið People að Spears og Lopez hafi ekki vikið hvort frá öðru allt kvöldið og að þau hafi tvímælalaust verið saman. Spears þykir með eindæmum fljót að jafna sig eftir skilnaðinn sem þýðir bara það að hún hafi löngu verið búin að ákveða að skilja. Spears á tvö börn með Federline, en ekki eru nema tveir mánuðir síðan hún eignaðist soninn Jayden James. Spears hyggur nú á endurkomu í tónlistarbransann aðdáendum sínum til mikillar gleði. Federline hefur hins vegar ekki gengið jafn vel með nýju plötu sína þar sem hann rappar og hefur platan fengið arfaslaka dóma.



**BRITNEY SPEARS** Ekki lengi að söðla um og er nú komin nýjan mann upp á arminn aðeins tveimur vikum eftir skilnaðinn við Kevin Federline.



**MARIO LOPEZ** Þekktastur fyrir leik sinn í unglingaþáttunum „Saved by the Bell“ og virðist nú vera búinn að heilla Britney upp úr skónum enda hjartaknúsari á ferð.



**GILLIAN ANDERSON** Eignaðist fyrsta barn sitt á dögunum en lét kærastann og fyrrverandi eiginmann fara í DNA-próf til að úrskurða um það hvor væri faðirinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Gillian orðin mamma

Leikkonan Gillian Anderson eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum með kærasta sínum, Mark Griffiths. Hún eignaðist strák sem mun bera nafnið Oscar Griffiths. Gillian, sem skildi við eiginmann sinn Julian Ozanne í apríl lýsti því yfir þremur mánuðum síðar að hún væri ólétt og þarf því DNA-próf til að skera út um það hvor sé faðir barnsins. Griffiths er þó tilbúinn til að ganga barninu í föðurstað sama hvernig prófið fer.

# Lag um West Ham þegar í smíðum

**Tónlistarmaðurinn Hlynur Áskelsson samdi frægt lag um Stoke-ævintýri Íslendinga. Honum líst vel á að semja lag um West Ham nú þegar það er í eigu Íslendinga.**

„Nei, ég hafði nú ekki velt því fyrir mér en þetta er ágætis efni í texta,“ segir Hlynur Áskelsson, betur þekktur sem pönkrokkarinn Ceres4, þegar hann er inntur eftir því hvort texti um West Ham-ævintýri Eggerts Magnússonar og Björgólfs Guðmundssonar liggi á borðinu. „Þetta bar svo brátt að, heyrði bara af þessu í morgunfréttinum og á eftir að melta þetta,“ bætir Hlynur við en kemst síðan á mikið flug. „Ég þarf nú bara að fara setjast niður, má ekki láta þetta happ úr hendi sleppa,“ segir hann og hlær. „Það er glam að eiga West Ham,“ er fyrsta línan sem honum dettur í hug.

Lagið „Stoke er djók“ sem Hlynur gerði um Íslendingafélagið sáluga naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum og reyndist Hlynur sannspár um endalok íslensku fjárfestanna. Hlynur vonar hins vegar að Eggert og Björgólfi eigi eftir að takast betur upp með sitt lið. „Vonandi velta þeir bara Chelsea og Manchester United úr sessi,“ segir tónlistarmaðurinn sem sjálfur á ekkert eftirlætislið í ensku úrvalsdeildinni. „Öll félög falla ef ég held með þeim,“ útskýrir hann og telur upp lið á borð við Wimbledon, Watford og Reykjavíkurliðið Þrótt.

Hlynur er sérkennari við Öskjuhlíðarskóla og átti smá stund milli stríða þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég er svo að skrifa bók sem vonandi kemur út um næstu jól,“ upplýsir hann en vill sem minnst um hana segja, þetta sé þó ævintýrabók. Textinn um West Ham verður því að bíða enn um sinn og ræðst væntanlega af framhaldinu í London. -fgg



**REYNDIST SANNSPÁR UM STOKE** Hlynur Áskelsson hafði rétt fyrir sér um ævintýrið Stoke en hefur enn ekki samið texta um West Ham.

**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Er maðurinn á bak við kaupin en ástríða hans fyrir knattspyrnu er vel þekkt enda ræður kappinn ríkjum í Vesturbæjarfélaginu KR.

**EGGERT MAGNÚSSON** Keypti meirihlutann í knattspyrnufélaginu West Ham og er því nýr stjórnarformaður úrvalsdeildarliðsins.




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISSVIÐ

**Meistaranámskeið í sálgæslufræðum**
- í samstarfi við guðfræðideild HÍ:

- Sálgæslufræði: Sálgæsla í fjölskyldum
- Sálgæslufræði: Sálgæsla barna og unglinga

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

**Meistaranámskeið í viðskiptafræðum**
- í samstarfi við viðskipta- og hagfræðideild HÍ:

- Þættir í heilsuhagfræði
- Bankar og fjármálamarkaðir
- Alþjóðaviðskipti
- Rannsóknir í stjórnun og stefnumótun
- Þekkingarstjórnun
- Rannsóknir í markaðsfræði
- Mat á árangri
- Vinnusálfræði
- Stjórnun þjálfunar og starfsþróunar
- Vinnuréttur
- Verkefnastjórnun og ráðgjöf
- Stefnumiðuð stjórnun - MA
- Frumkvöðlar og nýsköpun
- Stefnumiðuð stjórnun - MS
- Fjárfestingar fyrirtækja
- Markaðsfræði II - MS
- Samningagerð

Öll námskeiðin eru metin til þriggja eininga á meistarastigi.
Skráningarfrestur er til 5. desember.

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

H:N markaðssamskipti / SÍA


# Josh á leynikærustu

Leikarinn Josh Harnett hefur undanfarið sést í ófá skipti á stefnumóti með dularfullri dökkhærðri stelpu. Þetta gefur sögusögnum þess efnis að hann og leikkonan Scarlett Johansson séu hætt saman byr undir báða vængi. Hartnett mun vera búinn að fá nóg af því hversu lítið sköturhjúin geta verið saman vegna vinnu og hefur því leitað í faðm annarrar konu. Umrædd kona mun hafa heimsótt Harnett á tökustað á nýjustu mynd leikarans sem er tekin upp í Ástralíu. Gistu þau saman á hóteli og sáust saman úti að borða oftar en einu sinni að sögn blaðsins Daily Telegraph.



**JOSH HARTNETT** Hefur leitað í fang annarrar konu og gefist upp á uppteknu kærustu sinni Scarlett Johansson.

**SCARLETT JOHANSSON** Getur ekki verið mikið með kærasta sínum vegna mikilla anna.

# Borat í hjónaband

Kvikmyndastjarnan og gamanleikarinn Sacha Baron Cohen er að undirbúa brúðkaup sitt og kærustu sinnar, Isla Fisher. Cohen, sem hefur gert garðinn frægan í hinni umdeildu mynd um sjónvarpsmanninn Borat, er spenntur fyrir tilvonandi brúðkaupi og það er brúðurin ekki síður. Fisher hefur snúist til gyðingsdóms fyrir sinn heittelskaða. Isla Fisher er ung leikkona og hefur leikið meðal annars í myndinni „Wedding Crashers“. Ekki fylgir þó sögunni hvenær þau muni ganga upp að altarinu.



**ISLA FISHER** Hefur skipt yfir í gyðingatrú fyrir sinn heitelskaða.





# Nýr diskur frá Á MÓTI SÓL

Kemur í verslanir Hagkaupa á morgun!

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







# Nýtt stjörnupar

Nú hefur nýtt stjörnupar fæðst í Hollywood en sögusagnir ganga nú fjöllum hærra um að hjartaknúsarinn Orlando Bloom og Kirsten Dunst séu par. Skötuhjúin sáust láta vel hvort að öðru á lúxushótelinu Chateau Marmont í Los Angeles fyrir framan fjölmenni sem þýðir að þau eru til í að gera sambandið opinbert. Bloom og Dunst kynntust fyrir ári við tökur á kvikmyndinni Elizabethtown en þá fór einnig orðrómur af stað um að þau væru saman en þau neituðu því. Bloom var þá með leikkonunni Kate Bosworth og Dunst í sambúð með Jake Gyllenhaal en samböndunum lauk á fyrr á þessu ári.

Samkvæmt blaðinu Daily Mail er Bloom yfir sig ástfanginn af Dunst vegna þess hve náttúrulega fögur hún er. „Honum líkar að hún hefur ekki mat og útlit á heilanum eins og Bosworth. Sú gat ekki farið út úr húsi án þess að vera búin að hafa sig til,“ segja vinir Bloom við blaðið.



**ORLANDO BLOOM** Sást í faðmlögum við leikkonuna Kirsten Dunst og eiga þau að hafa byrjað saman fyrir mánuði síðan.



**NÝJA ÁSTIN** Bloom mun hafa fallið fyrir náttúrulegri fegurð stúlkunnar.






# Endursköpun Bítlanna

**Ný og endurhljóðblönduð plata Bítlanna, Love, kom út fyrir stuttu, fjölmörgum aðdáendum þeirra til mikillar ánægju. George Martin, sem var upptökustjóri sveitarinnar, og sonur hans Giles þykja hafa unnið stórvirki með útgáfunni.**



**HJÁ ED SULLIVAN** Bítlarnir spila í þætti Eds Sullivan á CBS-sjónvarpsstöðinni í New York árið 1964. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögin á plötunni voru upphaflega notuð í sýningunni vinsælu Cirque du Soleil í Las Vegas. Hin endurhljóðblandaða plata með sömu lögum hefur að geyma 78 mínútur af tónlist og eru lögin alls yfir þrjátíu, þar á meðal slagararnir heimsþekktu Get Back, Eleanor Rigby, I Am the Walrus, Something, Help!, Blackbird, Strawberry Fields Forever, Hey Jude og All You Need is Love. Er sumum lögunum blandað saman á óhefðbundinn hátt í nokkurs konar Bítlasyrpu auk þess sem tenging er á milli allra laganna svo að platan hljómi eins og samofin heild.

## Fullkomið traust

Eftir að George Martin hafði talað við eftirlifandi meðlimi Bítlanna og fjölskyldur þeirra Johns Lennon og George Harrison fékk hann leyfi til að vinna með tónlistina við Cirque du Soleil á sinn hátt með hjálp sonar síns. „Við hvöttum George til að leika sér með lögin eins mikið og hann vildi,“ sagði Paul McCartney og Ringo bætti við: „Við eyddum miklum tíma með honum í gamla daga og treystum honum því fullkomlega til að gera þetta.“

Sjálfur segir Martin að það hafi vakið upp gamlar tilfinningar að grafa upp þessar upptökur sem höfðu legið í dvala í langan tíma. „Ég hafði Giles með mér sem var mjög mikilvægt. Það fyrsta sem hann gerði var að færa alla tónlistina yfir á harðan disk til að varðveita hana. Sumar þessara upptaka voru mjög viðkvæmar enda orðnar fjörutíu ára gamlar,“ sagði hann.

## Bítlarnir sameinaðir

Bæði Sir Paul McCartney og Ringo Starr hafa lýst yfir ánægju sinni með plötuna og segja hana ennþá betri en þeir áttu von á.

„Þessi plata sameinar Bítlana á nýjan leik, vegna þess að skyndilega eru þarna John, George, ég og Ringo,“ sagði McCartney.



**BÍTLARNIR** Þessi mynd var tekin af hinum fjórum fræknu í febrúar árið 1968. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það kom okkur öllum á óvart hversu vel þetta gekk upp. Var það að hluta til vegna þessu hversu vel þeir stóðu sig [George og Giles] og líka vegna þess hversu vel okkur gekk í upphaflegu tökunum.“ Ringo var á sama máli: „Það voru mjög litlar breytingar gerðar af okkar hálfu vegna þess að þeir stóður sig einfaldlega svo vel,“ sagði hann um feðgana. „Platan er mjög kraftmikil og ég heyrði meira að segja ýmislegt sem ég var búinn að gleyma að við hefðum tekið upp.“

## Töfrum líkast

Paul McCartney segir að Bítlarnir hafi notið góðs af aukinni tækni, sem var ekki til staðar þegar þeir voru og hétu. „Með því að hreinsa lögin upp heyrðist meira af því sem var tekið upp, til dæmis heyrist gítarhljómurinn betur núna án allra aukahljóðanna. Ég hef líkt þessari útgáfu við stórmenni á borð við Churchill og og merka rithöfunda á borð við Tolstoj. Upprunalegu skjölin þeirra eru geymd á söfnum og verða sífellt verr farin með árunum en Bítlalögin verða bara flottari, nýrri og hreinni og það er töfrum líkast.“



**GEORGE MARTIN** Fyrrverandi upptökustjóri Bítlanna þykir hafa unnið mikið afrek með nýju plötunni, Love.

## Engin helgispjöll

McCartney gerir sér grein fyrir því að mörgum aðdáendum Bítlanna finnst það hálfgerð helgispjöll að eiga svona við gömlu góðu lögin. Hvetur hann þessa sömu aðdáendur til að spila þá bara gömlu plöturnar og hætta að setja út á þessa nýjung. „Mér finnst þetta frábært og ég sé ekkert athugavert við þetta. Með því að gefa okkar leyfi fyrir þessu verkefni er augljóst að við höfum ekkert á móti því að hreinsa lögin upp á þennan hátt. „Hreintrúarfólkið“ heldur sig bara við gamla hljóminn en hinir sem vilja hlusta á lögin í hreinni útgáfu gera það bara,“ sagði hann.

Ringo er sammála Mccartney og segir þessa plötu algjörlega nýja reynslu. „Hið ótrúlega varðandi Bítlana er að þeir hljóma enn nútímalegir enda eru margar hljómsveitir sem reyna að hljóma eins. Besta gjöfin sem við skildum eftir okkur er þessi ótrúlega tónlist, sem á svo vel við enn þann dag í dag.“


freyr@frettabladid.is




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SCANNER DARKLY | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| MÝRIN | kl. 7 - 9 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 6 | B.i. 12 |
| FLY BOYS | kl. 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 7:30 - 10:30 | B.i.16 |
| CASINO ROYALE VIP | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | | THE LAST KISS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 4 - 5:45 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i.12 |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | DIGITAL |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | |
| ADRIFT | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 7 - 10 | B.i. 12 |
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| VEGGIE TALES M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl 8 | B.i.12 |
| BÖRN | kl 6 - 8 | B.i.12 |

Munið afsláttinn

www.sambioin.is 575 8900




**HELGI RAFN** Tónlistarmaðurinn Helgi Rafn hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Personal Belongings.

# Helgi fagnar sólóplötu

Tónlistarmaðurinn Helgi Rafn fagnar útkomu fyrstu sólóplötu sinnar, Personal Belongings, með útgáfutónleikum á stóra sviði Borgarleikhússins í kvöld.

Hvergi verður slegið af til að gera tónleikana sem glæsilegasta og með Helga Rafni á sviðinu verður einvalalið tónlistarmanna. Gestasöngvarar á tónleikunum verða þær Halla Vilhjálmsdóttir og Védís Hervör, sem syngja báðar dúetta með Helga Rafni á plötunni. Miðasala er í fullum gangi á frostid.is og í verslunum Skífunnar.

# Friðrik með tónleika

Útgáfutónleikar Friðriks Ómars verða haldnir á Nasa á miðvikudagskvöld. Þar mun Friðrik syngja lög af sinni fyrstu sólóplötu, Annan dag.



**FRIÐRIK ÓMAR**

Auk Friðriks Ómars og hljómsveitar koma fram sem gestasöngvarar þau Páll Óskar, Regína Ósk, Heiða Ólafsdóttir og Margrét Eir.

Húsið opnar klukkan 20.00 og hefjast tónleikarnir klukkutíma síðar. Forsala fer fram á midi.is.

# Jackson ekki með

**Peter Jackson hefur tilkynnt að hann muni ekki leikstýra kvikmyndaútgáfu af Hobbitanum, forsögu Hringadrottinssögu.**

Nýsjálenski leikstjórinn lýsti þessu yfir í pósti til heimasíðunnar TheOneRing.net en aðdáendur J. R.R. Tolkien og Hringadrottinssögu hafa lengið bundið vonir við að Jackson myndi færa þetta meistarastykki á hvíta tjaldið. Tolkien skrifaði Hobbitann árið 1937 og lýsir bókin því hvernig hringurinn kemst í hendur Bilbo Baggins. Bókin er því forleikur fyrir Hringadrottinssögurnar þrjár og þykir mörgum hún jafnvel betri en hinar bækurnar þrjár.



**GOLLUM** Hobbitinn lýsir því hvernig Bilbo Baggins rænir hringnum af Gollum.

Leikstjórinn skrifaði í pósti sínum að fulltrúar New Line Cinema hefðu krafist þess að hann felldi niður málsókn sem hann hefur hafið vegna fyrstu Hringadrottinskvikmyndarinnar ef hann vildi gera myndina. „Við höfum alltaf reiknað með að gera tvær myndir á sama hátt og við gerðum Hringadrottinssögu,“ skrifar Jackson til aðdáenda sinna. „Við trúðum því að málsóknin yrði til lykta leidd og þannig gæti ferlið farið af stað með tilheyrandi látum,“ heldur hann áfram. Jackson greinir frá því að fundur hafi verið ákveðinn með stjórnendum fyrirtækisins en þeir hafi afboðað komu sína og skömmu síðar hafi umboðsmaður hans fengið hringingu frá New Line Cinema. „Þar var okkur tjáð að þjónustu okkar væri ekki lengur óskað fyrir Hobbitann og framhaldsmyndina,“ skrifar Jackson. „Fyrirtækið hefur ákveðið að fá annan mann til að gera þessar myndir vegna þess að þeir segjast ekki hafa endalausan tíma.“



**SVEKKELSI** Peter Jackson er svekktur yfir að geta ekki leikstýrt kvikmyndinni byggða á Hobbitanum.

Chris Perotta, einn af stofnendum heimasíðunnar TheOneRing.net, sagði að aðdáendur Tolkiens og Jacksons hefðu brugðist illa við þessum fréttum. „Við höfum fengið póst þar sem fólk hótar að sniðganga kvikmyndir New Line Cinema,“ sagði Perotta í samtali við Reuters-fréttastofuna en frá þessu er greint á fréttasíðu BBC.

# Stuðið heldur áfram

Hljómsveitin Í svörtum fötum tók sér frí á síðasta ári frá jólaútgáfunni á meðan forsprakkinn Jónsi gaf út sína fyrstu sólóplötu. Var hún bæði róleg og persónuleg sem er nokkuð sem þeir Í svörtum fötum hafa ekki verið þekktir fyrir á sínum ferli. Hjá þeim er stuðið ávallt í fyrirrúmi eins og sannast á þessari fjórðu plötu þeirra.

Eins og búast mátti við er platan fyrirsjáanleg enda kannski ekki við öðru að ætlast af hljómsveit sem hefur lifibrauð sitt af því að spila um hverja helgi fyrir skemmtanaglaða Íslendinga sem heimta stuðskammtinn sinn.

Það þarf þó ekki að þýða að platan sé slæm. Hérna eru nokkur fín lög, þar á meðal hið grípandi „Ekkert mál“ og hið poppaða „Þessa nótt“, þar sem írsk þjóðlagaáhrif í anda Papanna eru ríkjandi. „Paradís“ er síðan ágætis ballaða þar sem kröftug rödd Jónsa fær að njóta sín. Rokkslagarinn Ég brenn, er líka góður, auk þess sem „Betri tíð“ á góða spretti.

Aðalmínusinn við plötuna eru samt formúlukennd lögin auk þess sem textarnir eru ástarvellur sem skilja lítið eftir sig. Setningar eins og „lamaður af ótta, „lostafullar varir“, og „ég hef fundið það sem ég leitaði að“, eru dæmi um það.

Þessi plata sannar það að Í svörtum fötum er alls ekki af baki dottin þrátt fyrir að hafa tekið sér pásu á síðasta ári. Sveitin kann ennþá að semja grípandi lög sem er vitaskuld lykilatriði til að hún geti viðhaldið ferskleika sínum og vinsældum.

Freyr Bjarnason



**TÓNLIST**

**Orð**

Í svörtum fötum

★★

Fyrirsjáanleg plata sem þó hefur ýmislegt til síns ágætis.

# Andlit MiuMiu

Leikkonan unga Lindsay Lohan hefur verið valin andlit tískuhússins fræga MiuMiu. Hún verður andlit fyrirtækisins í auglýsingaherferð næsta sumar. Lohan fetar þar í fótspor stjarna á borð við Drew Barrymore, Chloe Sevigny og Maggie Gyllenhaal en allar hafa þær verið andlit MiuMiu.



**LINDSAY LOHAN** Nýjasta andlit MiuMiu-tískuhússins.

Það má því segja að þessi unga leikkona klifri hratt upp stjörnustigann í Hollywood og tískuheiminum í senn.




## > Stuðningsmenn ánægðir með Eggert

Velflestir stuðningsmenn West Ham sem tjáðu sig á hinum ýmsum spjallsíðum lýstu yfir ánægju sinni með fréttir gærdagsins. Þeim líst vel á að fjársterkur aðili eins og Björgólfur Guðmundsson skuli koma inn í félagið og að bæði hann og Eggert séu miklir áhugamenn um fótbolta. Margir hvetja þó til biðlundar með slíkar ánægjuyfirlýsingar þar sem þekkt er að Stoke-ævintýri Íslendinga fór ekki vel og að fleiri bresk félög í eigu erlendra aðila hafi átt erfitt með að aðlagast nýjum eigendum.



**sport**
sport@frettabladid.is

GYLFI ORRASON: Á 0,16% HLUT Í WEST HAM OG FJÁRFESTINGIN HEFUR SKILAÐ ARÐI

# *Vil helst ekki þurfa að selja minn hlut*

Gylfi Orrason knattspyrnudómari er mikill stuðningsmaður West Ham og hefur gengið skrefinu lengra og festi kaup á hlut í West Ham, löngu áður en Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson komu til sögunnar. Hlutur hans er að vísu ekki stór miðað við þann 83% hlut sem tvímenningarnir keyptu í gær. Hlutur Gylfa er upp á 0,16%

„Þetta er bara hið besta mál," sagði Gylfi um nýja sameigendur sína er fregnirnar bárust frá Englandi í gær. „Allavega í samanburði við hinn hópinn," bætti hann við og átti þá við Íranann Kia Joorabchian sem hefur lengi reynt að festa kaup á félaginu. „En nú taka við efndirnar og það verður að koma í ljós hvað verður."

WH Holding, félag Eggerts og Björgólfs, mun í lok vikunnar senda Gylfa og 3500 öðrum eigendum félagsins tilboð í þeirra hlutabréf og þegar eignarhluti WH Holding verður kominn yfir 90% geta þeir þvingað hina hluthafana til að selja sína hluta.

„Ég ætla ekki að selja nema ég þurfi þess," segir Gylfi. „En þetta eru samt ekki slíkar upphæðir að það skiptir öllu máli. Minn hlutur fer líklega fyrir eina og hálfa milljón. Þetta snýst meira um tilfinningalegt gildi, ég á líka hluta í Fram enda eru þetta liðin sem ég styð."

Hann segir þó að þetta sé í fyrsta sinn sem hann græðir á hlutabréfamarkaðnum. „Það var ekki fyrr en að hjartað fékk að ráða að maður græddi á þessu," sagði hann og hló. Hann er þó fyrst og fremst ánægður með að vangaveltur um framtíð félagsins sé nú lokið.



„Þetta hefur tekið allt of langan tíma, um það bil tvö ár. Nú verður hægt að einbeita sér að knattspyrnuliðinni af fullum krafti enda hafa sífelldar fréttir af viðskiptahliðinni haft slæm áhrif á allt starf félagsins."

Gylfi segist þó ekki ætla að flagga því að hann sé Íslendingur þegar hann fer á leiki á Upton Park. „Alla vega ekki fyrr en leikurinn hefur unnist. Það er alveg klárt."



**FRÁFARANDI OG VERÐANDI** Eggert Magnússon tekur við stjórnarformennsku í West Ham af Terry Brown sem var sömuleiðis stærsti staki hluthafi í félaginu. NORDIC PHOTOS/AFP

West Ham:

## Að stórum hluta í fjölskyldueign

**FÓTBOLTI** Tveir af þremur stærstu hluthöfum í West Ham eru Charles Warner og Martin Cearns en þeir eru afkomendur þeirra sem stofnuðu West Ham árið 1895. Stjórnarformaðurinn, Terry Brown, er stærsti hluthafinn og sagði í gær að hann treysti Eggerti fyrir því að leiða West Ham áfram á réttri braut.

Margir hafa áhyggjur af þeirri þróun, að enskt samfélag er að missa tökin á enskri knattspyrnu. Mörg önnur félög í Englandi eru í eigu erlendra aðila. - esá

Heimavallarmál:

## ÓL-völlur kemur til greina

**FÓTBOLTI Eggert Magnússon sagðist ekki útiloka að flytja heimavöll West Ham á Ólympíuleikvanginn sem verður notaður á leikunum árið 2012. „Ef sá möguleiki er í boði mun ég skoða hann. Ég geri mér samt grein fyrir að það þurfi að heiðra frjálsíþróttir á Ólympíuleikunum á vellinum."**

**Boylen Ground í Upton Park er núverandi heimavöllur West Ham og hefur verið það í 102 ár. Ef félagið flytur á leikvanginn sem verður án efa stórglæsilegt mannvirki verður landið sem Boylen Ground stendur á afar dýrmætt.** - esá



**HVAÐ VERÐUR UM ÞÁ?** Óvissa ríkir nú um framtíð Carlos Tevez og Javier Mascherano hjá West Ham. NORDIC PHOTOS/AFP

# WH Holding reiðir fram 14 milljarða

**Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson, eigendur WH Holding, tilkynntu í gær samkomulag um kaup á West Ham fyrir 11,3 milljarða króna auk þriggja milljarða króna yfirtöku á skuldum félagsins.**

**FÓTBOLTI** Einhver mestu viðskipti íslenskrar íþróttasögu voru tilkynnt í gær er Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson gengu frá samkomulagi í nafni WH Holding um kaup á enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham. Kaupverðið er 85 milljónir punda, 11,3 milljarðar króna, auk þess sem skuldir upp á þrjá milljarða eru yfirteknar.

WH Holding þarf því að reiða fram 14,3 milljarða króna auk þess sem Alan Pardew, knattspyrnustjóra félagsins, hefur verið tilkynnt að honum muni standa til boða fjármunir til leikmannakaupa í janúar næstkomandi. Talið er að sú upphæð gæti numið allt að 2,7 milljörðum króna.

„Þetta er góður klúbbur og við værum ekki að þessu nema að við sæum fyrir okkur að hægt væri að reka hann með sóma," sagði Eggert í samtali við Arnar Björnsson á NFS í gær. „Það verður ekkert Abramovich-snið á þessum rekstri. Við ætlum okkur hægt og rólega að ná okkar markmiðum. En mjög fljótlega ætlum við að koma liðinu í þá stöðu að það sé að berjast um sæti í Meistaradeildinni á hverju ári. Þar viljum við vera. Við viljum koma klúbbnum í fremstu röð í Englandi og ekki síst að viðhalda þeirri menningu að West Ham haldi áfram að búa til góða enska leikmenn."

Eggert segist búast við að gengið verði frá öllum pappírsmálum á næstu tveimur vikum og hann muni þá taka við sem stjórnarformaður West Ham.

WH Holding hefur þegar tryggt sér 83% hlutabréfa í West Ham og mun í lok vikunnar senda tilboð í hluta þeirra 3.500 eigenda hlutabréfa í félaginu sem eftir eru. Þegar WH Holding á 90% hlutabréfa geta þeir farið fram á að hlutabréf í höndum annarra eigenda verða yfirteknir. Þá verður hægt að afskrá félagið úr kauphöllinni í Lundúnum.

Tilboðið hljómar upp á 564 krónur á hvern hlut í félaginu en þrír stærstu hluthafarnir eiga samtals um 70% hlutabréfa. Sá stærsti og fráfarandi stjórnarformaður, Terry Brown, verður heiðursvaraforseti en Björgólfur verður heiðursforseti. West Ham hefur verið að stórum hluta í fjölskyldueigu og bætist nú í hóp Chelsea, Manchester United, Fulham og Aston Villa auk Hearts í Skotlandi sem eru öll í eigu aðila utan Bretlandseyja.

Helsti keppinautur Eggerts um kaupin var Íraninn Kia Joorabchian sem mun hafa verið nálægt því að leggja fram tilboð fyrir tveimur vikum síðan. Hann hefur reyndar mun lengur verið orðaður við félagið og stóð til að mynda að því að argentínsku landsliðsmennirnir Carlos Tevez og Javier Mascherano komu til félagsins í lok ágústmánaðar. Framtíð þeirra er því í mikilli óvissu og talið líklegt að þeir muni fara í janúar næstkomandi.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**STJÓRNARNIR** Eggert Magnússon, næsti stjórnarformaður West Ham, og Alan Pardew, knattpsyrnustjóri liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Á HEIMAVELLI** Eggert Magnússon í stúkunni á Upton Park, heimavelli West Ham, í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



**KEMUR OG FER** Eggert Magnússon er á myndinni til vinstri kemur á Upton Park í gærmorgun. Síðar um daginn fór hann frá vellinum, búinn að skipta út skjalatöskunni fyrir trefil og poka merktan West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/AP - NORDIC PHOTOS/AFP

Alan Pardew ánægður með nýju eigendurna:

## Eggert ætlar að halda tryggð við Pardew

**FÓTBOLTI** „Ég er bæði ánægður og heiðraður af því að Terry Brown og samstarfsmenn hans hafa lýst yfir stuðningi við tilboð okkar í West Ham. Við getum nú bundið enda á óvissu undanfarinna vikna og fært okkur yfir á næsta stig í þróun þessara frábæra félags, með Alan Pardew við stjórnvölinn á sjálfum vellinum."

Þannig lýsti Eggert Magnússon stuðningi sínum við knattspyrnustjóra West Ham en undir hans stjórn hefur liðið dottið úr bæði UEFA-bikarkeppninni og deildarbikarkeppninni. Liðið situr í 16. sæti ensku úrvalsdeildarinnar eins og er.

„Ég mun halda áfram að ræða við Alan Pardew um hans sýn á framtíð félagsins. Þetta er hans umráðasvæði og hann hefur mína trú og stuðning."

Pardew hefur verið við stjórnvölinn hjá West Ham í rétt rúm þrjú ár. Hann var þar áður stjóri Reading í fimm ár. - esá



**EGGERT OG PARDEW** Alan Pardew mun halda áfram sem knatspyrnustjóri West Ham. NORDIC PHOTOS/AFP


515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I VODAFONE
GOTT FOLK McCANN
Í KVÖLD KL. 19:30
W. BREMEN
CHELSEA
MEISTARADEILDIN
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
HVERJIR KOMAST Í
16. LIÐA
ÚRSLIT?
SAMSUNG
mobile
Í KVÖLD
19:30 Werder Bremen - Chelsea Sýn
19:30 Liverpool - PSV Sýn Extra
19:30 Levski Sofia - Barcelona Sýn Extra 2
sýn
besta sætið



**JOSE MOURINHO** Ber virðingu fyrir Gallas þrátt fyrir orðastríð þeirra fyrr á árinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Framkvæmdastjóri Chelsea:

# Mourinho saknar Gallas

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hefur viðurkennt að hann sakni Williams Gallas. Leikmaðurinn yfirgaf Chelsea í fússi og gekk í raðir erkifjendanna í Arsenal í ágúst á þessu ári en Ashley Cole fór frá Arsenal til Chelsea á sama tíma.

„Öll lið sakna góðra leikmanna. Ashley Cole er frábær leikmaður sem er að taka stöðugum framförum og hann er í hæsta gæðaflokki. Ég gæti sagt að ég saknaði ekki Gallas vegna þess að við erum að spila vel núna en ég ber virðingu fyrir Gallas og hans framlagi til Chelsea undanfarin tvö ár. Maður saknar alltaf góðra leikmanna og Gallas er góður leikmaður,“ sagði Mourinho. - dsd

Manchester United:

# Neville gæti þurft í aðgerð

**FÓTBOLTI Gary Neville, bakvörður Manchester United og enska landsliðsins, gæti þurft að fara í aðgerð til að fá bót meina sinna. Neville hefur átt við meiðsli í hægri kálfa að stríða en nú er verkurinn kominn í vinstri kálfann að auki.**

**„Gary Neville æfði í morgun en þessi meiðsli eru augljóslega áhyggjuefni. Við vonum bara það besta. Við munum þurfa að taka langtímaákvörðun og það gæti þýtt aðgerð.**

**Ef verkurinn væri bara í hægri kálfanum þá myndum við bara gefa þessu tíma til að jafna sig en þar sem hann finnur til í þeim vinstri líka þá þurfum við að endurskoða það. Gary er fyrirliðinn okkar og með þá reynslu sem hann hefur þá viljum við hafa hann í liðinu í öllum leikjum,“ sagði Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United.** - dsd

NBA körfuboltinn:

# Sjötti sigur Dallas í röð

**NBA** Dirk Nowitzki skoraði 24 stig og tók 14 fráköst þegar Dallas lagði Charlotte Bobcats að velli 93-85 í fyrrinótt. Þetta var sjötti sigur Dallas í röð en liðið tapaði fjórum fyrstu leikjum tímabilsins. Dallas hafði alltaf yfirhöndina í leiknum þrátt fyrir að vera aðeins með 39% skotnýtingu utan af velli.

Yao Ming leiddi Houston Rockets til sigur gegn New York Knicks, 97-90. Ming skoraði 26 stig í leiknum auk þess að taka níu fráköst en næstur honum í stigaskori hjá Houston var Tracy McGrady sem skoraði 24 stig.

Memphis Grizzlies lagði Orlando Magic að velli 95-86 þar sem Hakim Warrick fór fyrir lið Memphis og skoraði 26 stig, þar af 15 í síðasta leikhlutanum.

Utah Jazz hélt áfram sigurgöngu sinni þegar liðið vann Toronto Raptors, 101-96, á heimavelli. Carlos Boozer skoraði 35 stig fyrir Utah sem hefur nú unni tíu af ellefu fyrstu leikjum sínum. - dsd

Rafa Benitez er ekkert að velta sér upp úr hugsanlegu yfirtökuboði í Liverpool:

# Einbeiti mér bara að leik Liverpool-liðsins

**FÓTBOLTI** Rafa Benitez, stjóri Liverpool, hefur áhuga á að bæta við hópinn hjá Liverpool þegar opnað verður fyrir leikmannakaup í janúar en aðaláhyggjuefni stjórans er slakt gengi liðsins á útivöllum á þessu tímabili. Liverpool hefur aðeins skorað eitt mark á útivelli á tímabilinu en það kom í fyrsta leik tímabilsins gegn nýliðum Sheffield United.

Umræðan um hugsanlegt yfirtökuboð Kanadamannsins George Gillett, eiganda kanadíska íshokkíliðsins Montreal Canadiens, hefur heldur ekkert farið framhjá Benitez. „Ég er ekkert að velta mér upp úr því. Það er eðlilegt að fólk hafi áhuga á liðinu, þetta er stórt félag. Ég er bara að einbeita mér að því að bæta leik liðsins, vinna útileiki og hafa gaman af Meistaradeildinni. Ég ræð engu í þessu yfirtökumáli,“ sagði Benitez.

„Maður þarf alltaf að vera með augun opin á leikmannamarkaðnum en ég er bara að hugsa um leikinn gegn PSV þessa dagana. Við spilum vel á heimavelli og skorum mörk og vinnum leiki. En á útivöllum gerum við tvennt, sköpum færi og spilum vel en skorum ekki mörk,“ sagði Benitez en Liverpool, sem mætir PSV í Meistaradeild Evrópu í kvöld, hefur þegar tryggt sér sæti í 16 liða úrslitum keppninnar. - dsd



**RAFA BENITEZ** Segist ætla að hafa augun opin fyrir nýjum leikmönnum í janúar. NORDIC PHOTOS/GETTY



**MAGNAÐUR** Japaninn Nakamura fagnar hér glæsimarki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Glæsimark Nakamura felldi Man. United

**Celtic gerði sér lítið fyrir og lagði Man. Utd í Glasgow í gær, 1-0. Það var Japaninn Nakamura sem skoraði eina mark leiksins beint úr aukaspyrnu. Arsenal lagði HSV en AC Milan tapaði óvænt í Aþenu fyrir AEK.**

**FÓTBOLTI** Fimmta umferð í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hófst í gær með átta leikjum.

Það var mikið undir þegar Celtic tók á móti Man. Utd í Skotlandi. Celtic varð að vinna á meðan United dugði jafntefli til að komast áfram. Einhverjir spekingar áttu von á því að United myndi hvíla lykilmenn fyrir rimmuna gegn Chelsea um helgina en því fór víðsfjarri því Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, tefldi fram öllum sínum bestu mönnum.

Leikurinn fór frekar rólega af stað en gestirnir frá Manchester tóku samt völdin frá upphafi og stýrðu umferðinni gegn heimaliðinu sem lá mjög aftarlega og freistaði þess að sækja hratt. Varnarleikur heimamanna var sterkur og United gekk ákaflega illa að opna vörn Celtic. Sóknartilburðir heimamanna voru að sama skapi engir og þegar líða tók á fyrri hálfleikinn létu áhorfendur í ljós óánægju sína með varnarsinnaðan leik sinna manna.

Cristiano Ronaldo fékk fyrsta alvöru færi leiksins á 37. mínútu þegar hann slapp einn í gegnum vörn Celtic en slappt skot hans var auðveldlega varið. Lítið markvert gerðist það sem eftir lifði fyrri hálfleiks og því markalaust þegar leikmenn gengu til búningsherbergja þar sem farið var yfir hernaðaráætlun síðari hálfleiks.

Gordon Strachan, stjóri Celtic, skipti tveim mönnum af bekknum í leikhléi í þeirri von að hressa upp á leik sinna manna sem helst urðu að fá öll stigin í leiknum eins og áður segir. Mun meira fjör var í upphafi síðari hálfleiks en í fyrri hálfleik en mörkin létu á sér standa.

Tékkinn Jiri Jarosik fiskaði ódýra aukaspyrnu þegar lítið var eftir af leiknum. Japaninn Nakamura var ekki að velta fyrir sér hvort brotið hefði verið á Jarosik eða ekki því hann sneri boltanum á stórkostlegan hátt yfir varnarvegg United og í bláhornið. Algjörlega óverjandi fyrir Van Der Saar í marki United. Þess má geta að Nakamura skoraði einnig beint úr aukaspyrnu í fyrri leik liðanna.

Dómarinn jafnaði metin sjö mínútum síðar þegar hann gaf United aukaspyrnu rétt fyrir utan teig. Ronaldo tók spyrnuna, Gravesen varði innan teigs og vítaspyrna dæmd. Hana tók Louis Saha en Artur Boruc gerði sér lítið fyrir og varði spyrnuna. Það við sat og Celtic tyllti sér um leið á topp riðilsins. henry@frettabladid.is

Peter Schmeichel, fyrrverandi markvörður Man. Utd, leynir á sér:

# Schmeichel er úr leik í danskeppni

**FÓTBOLTI** Peter Schmeichel, sem gerði garðinn frægan sem markvörður hjá Manchester United á sínum tíma, tók á dögunum þátt í raunveruleikasjónvarpsþætti sem snýst um dans og ber enska heitið „Come Dancing“, eða „Komdu að dansa“ á íslensku.

Þátturinn fer þannig fram að frægir einstaklingar taka dansspor og svo er kosning í lok þáttarins um hvaða danspar dettur út. Á laugardaginn var þurftu Peter Schmeichel og Erin Boag, sem voru danspar í þættinum, að bíta í það súra epli að yfirgefa þáttinn eftir að þau lentu í neðsta sæti en í næst neðsta sæti var gamla Kryddpían Emma Bunton og dansfélagi hennar. Dómari í keppninni er enginn annar en Simon Cowell, sem hve þekktastur er fyrir þátt sinn í American Idol. Schmeichel átti afmæli á laugardaginn og sagði að óheppnin virtist elta hann á afmælisdeginum. „Afmælisdagurinn er ekki happadagurinn minn. Ég missti eitt sinn af leik í undankeppni HM á afmælisdeginum mínum og er því vanur þessu,“ sagði Schmeichel. Ekki er nú öll vitleysan eins. - dsd



**PETER SCHMEICHEL** Virðist ekki vera eins góður dansari og hann var markvörður. NORDIC PHOTOS/GETTY

## MEISTARADEILDIN

### E-RIÐILL:

| | |
|---|---|
| REAL MADRID - LYON | 2-2 |

0-1 John Carew (11.), 0-2 Florent Malouda (31.), 1-2 Mahamadou Diarra (39.), 2-2 Ruud Van Nistelrooy (83.).

| | |
|---|---|
| STEAUA BÚKAREST - DYNAMO KIEV | 1-1 |

0-1 Florin Cernat (29.), 1-1 Nicolae Dica (69.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **5** | **4** | **1** | **0** | **11-2** | **13** |
| REAL MADRID | 5 | 3 | 1 | 1 | 12-6 | 10 |
| **S. BÚKAREST** | **5** | **1** | **1** | **3** | **6-10** | **4** |
| D. KIEV | 5 | 0 | 1 | 4 | 3-14 | 1 |

### F-RIÐILL:

| | |
|---|---|
| CELTIC - MAN. UTD | 1-0 |

1-0 Shunsuke Nakamura (81.).

| | |
|---|---|
| BENFICA - FC KAUPMANNAHÖFN | 3-1 |

1-0 Leo (14.), 2-0 Fabrizio Miccoli (16.), 3-0 Fabrizio Miccoli (37.), 3-1 Marcus Allback (89.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CELTIC | 5 | 3 | 0 | 2 | 7-6 | 9 |
| **MAN. UTD** | **5** | **3** | **0** | **2** | **7-4** | **9** |
| BENFICA | 5 | 2 | 1 | 2 | 6-5 | 7 |
| **FCK** | **5** | **1** | **1** | **3** | **2-7** | **4** |

### G-RIÐILL:

| | |
|---|---|
| CSKA MOSKVA - PORTO | 0-2 |

0-1 Ricardo Quaresma (2.), 0-2 Luis González (61.).

| | |
|---|---|
| ARSENAL - HAMBURG SV | 3-1 |

0-1 Rafael Van Der Vaart (4.), 1-1 Robin Van Persie (52.), 2-1 Emmanuel Eboue (83.), 3-1 Julio Baptista (88.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARSENAL** | **5** | **3** | **1** | **1** | **7-3** | **10** |
| PORTO | 5 | 3 | 1 | 1 | 9-4 | 10 |
| **CSKA MOSKVA** | **5** | **2** | **2** | **1** | **2-2** | **8** |
| HSV | 5 | 0 | 0 | 5 | 4-13 | 0 |

### H-RIÐILL:

| | |
|---|---|
| LILLE - ANDERLECHT | 2-2 |

1-0 Peter Odemwingie (28.), 1-1 Mbo Mpenza (38.), 2-1 Nicolas Fauvergue (47.), 2-2 Mbo Mpenza (48.)

| | |
|---|---|
| AEK AÞENA - AC MILAN | 1-0 |

1-0 Julio Cesar (32.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC MILAN** | **5** | **3** | **1** | **1** | **8-2** | **10** |
| AEK AÞENA | 5 | 2 | 1 | 2 | 4-7 | 7 |
| **LILLE** | **5** | **1** | **3** | **1** | **6-5** | **6** |
| ANDERLECHT | 5 | 0 | 3 | 2 | 5-9 | 3 |

Tottenham og Blackburn:

# Tugay og Ghaly í bann

**FÓTBOLTI** Áfrýjunum Blackburn og Tottenham hefur verið vísað frá en liðin áfrýjuðu rauðum spjöldum sem Tugay, leikmaður Blackburn og Hossam Ghaly, leikmaður Tottenham, fengu í leik liðanna á sunnudaginn.

Tugay var rekinn af velli fyrir brot sem leiddi til vítaspyrnu og fékk fyrir vikið eins leiks bann en Hossam Ghaly fékk rautt spald fyrir að gefa Michael Gray, leikmanni Blackburn, olnbogaskot og fékk þriggja leikja bann.

Stjórar liðanna, Mark Hughes hjá Blackburn og Martin Jol hjá Tottenham, gagnrýndu báðir dómara leiksins, Phil Dowd, eftir leikinn. - dsd

DAGUR RAUÐA NEFSINS
1. desember 2006
unicef

Lagið sem kemur öllum í gott skap:

# BROSTU
## eftir Baggalút

er komið í verslanir Skífunnar, Hagkaupa og BT.
Lagið er samið sérstaklega fyrir Dag rauða nefsins.

**Hláturinn lengir lífið!**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

sagafilm

HAGKAUP BT SKÍFAN BAUGUR GROUP FL GROUP FONS GLITNIR SAMSKIP



**ROBERTO CARLOS** Er þekktur fyrir sín þrumuskot. NORDIC PHOTOS/GETTY

Real Madrid:

## Carlos með nýjan samning

**FÓTBOLTI** Roberto Carlos, leikmaður Real Madrid, hefur framlengt samning sinn við félagið til ársins 2008. Litlu munaði að Carlos færi frá Real Madrid í sumar en auk hans skrifaði Guti undir nýjan samning við félagið í gær sem gildir til ársins 2010.

„Við erum mjög ánægðir. Í fyrsta lagi vegna þess að þeir munu leika með okkur í framtíðinni og í öðru lagi vegna þess að þeir eru að spila mjög vel og það er gott fyrir okkur,“ sagði Predrag Mijhatovic, yfirmaður íþróttamála hjá Real Madrid. - dsd

Forseti CSKA Moskva:

## Borgar öðrum liðum bónus

**FÓTBOLTI Yevgeny Giner forseti CSKA Moskva hefur viðurkennt að hann borgi reglulega bónusgreiðslur til annarra liða svo þau leggi sig meira fram gegn erkifjendum félagsins.**

**„Ég sé ekkert að því. Margir segja að þetta sé ekki réttlátt en ég er ekki sammála því. Það sem meira er, ég gæti alveg sagt ykkur hvað ég er að borga og líka sagt skattayfirvöldum hvaðan þessir fjármunir koma. Ég sé ekkert að því að borga öðrum liðum bónusgreiðslur,“ sagði Giner við blaðið Sport-Express.**

**Það er ekki ólöglegt að borga öðrum liðum bónusgreiðslur en það þykir þó siðlaust og stríðir gegn háttvísisreglum FIFA og UEFA.** - dsd

*Leikir kvöldsins*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **LEVSKI SOFIA-BARCELONA** | **19.45** |
| WERDER BREMEN-CHELSEA | 19.45 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **4** | **3** | **1** | **0** | **8-3** | **10** |
| W. BREMEN | 4 | 2 | 1 | 1 | 6-3 | 7 |
| **BARCELONA** | **4** | **1** | **2** | **1** | **8-4** | **5** |
| LEVSKI SOFIA | 4 | 0 | 0 | 4 | 1-13 | 0 |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **INTER MILAN-SPORTING LISSABON** | **19.45** |
| SPARTAK MOSKVA-BAYERN MÜNCHEN | 17.30 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BAYERN M.** | **4** | **3** | **1** | **0** | **7-0** | **10** |
| INTER MILAN | 4 | 2 | 0 | 2 | 3-4 | 6 |
| **SPORTING L.** | **4** | **1** | **2** | **1** | **2-2** | **5** |
| SP. MOSKVA | 4 | 0 | 1 | 3 | 2-8 | 1 |

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **LIVERPOOL-PSV EINDHOVEN** | **19.45** |
| BORDEAUX-GALATASARAY | 19.45 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LIVERPOOL** | **4** | **3** | **1** | **0** | **7-2** | **10** |
| PSV EINDH. | 4 | 3 | 1 | 0 | 5-1 | 10 |
| **GALATASARAY** | **4** | **0** | **1** | **3** | **3-7** | **1** |
| BORDEAUX | 4 | 0 | 1 | 3 | 0-5 | 1 |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **SHAKHTOR DONETSK-ROMA** | **19.45** |
| VALENCIA-OLYMPIAKOS | 19.45 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALENCIA** | **4** | **3** | **1** | **0** | **10-5** | **10** |
| ROMA | 4 | 2 | 1 | 1 | 7-3 | 7 |
| **OLYMPIAKOS** | **4** | **0** | **2** | **2** | **5-8** | **2** |
| SH. DONETSK | 4 | 0 | 2 | 2 | 4-10 | 2 |

Einn besti sundmaður allra tíma úr leik:

# Ian Thorpe er hættur

**SUND** Ástralski sundmaðurinn Ian Thorpe hefur ákveðið að hætta keppni. Thorpe er 24 ára gamall og fimmfaldur Ólympíumeistari, en hann vann þrjú gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000 og bætti tveimur titlum við í Aþenu fjórum árum síðar.

„Ég hef átt frábæran feril. Þetta er ekki besti tíminn til að hætta keppni en þetta er minn tími. Ég ætti ekki að vera að hætta, ég er alltof ungur til þess, en það er líka eitthvað sem við ættum að fagna. Ég hef átt frábæran feril,“ sagði Thorpe en hann hefur nánast ekkert getað keppt frá Ólympíuleikunum í Aþenu vegna meiðsla.

„Þetta er mjög erfið ákvörðun hjá mér. Ég hef bara komist að því að það eru hlutir í mínu lífi sem eru mér mikilvægari. Ég hef náð hæstu hæðum í þessari íþrótt. Ég hef náð frábærum árangri og einnig orðið fyrir miklum áföllum,“ sagði Thorpe á blaðamannafundi sem hann bauð til í Sydney í Ástralíu. - dsd



**IAN THORPE** Hefur sett ófá heimsmetin á sínum ferli en hefur nú ákveðið að hætta keppni. NORDIC PHOTOS/AFP

# Kemur til greina að hætta keppni

**Félagið Höttur var í gær dæmt til að greiða háa sekt fyrir að mæta ekki til leiks gegn ÍBV í fyrstu deild karla í handbolta. Leikmenn liðsins ákváðu að yfirgefa Vestmannaeyjar áður en leikurinn var spilaður vegna veðurs en HSÍ segist ekki sjá sér fært annað en að sekta Hött fyrir þetta uppátæki leikmanna félags-**

**HANDBOLTI** Sérkennilegt mál kom upp á sunnudaginn var þegar ÍBV átti að leika gegn Hetti frá Egilsstöðum í 1. deildinni í handbolta. Bikarleikur liðanna fór fram í Vestmannaeyjum á laugardeginum og að ósk Hattarmanna var deildarleikur liðanna færður á sunnudaginn til að spara þeim ferðakostnað. Allar forsendur voru fyrir því að leikurinn gæti farið fram á sunnudeginum en Hattarmenn ákváðu að fara áður en leikurinn fór fram vegna slæmra verðurskilyrða.

Strax á laugardeginum var ljóst að útlit væri fyrir slæmt veður á sunnudeginum og næstu daga og á sunnudagsmorguninum var ferð Herjólfs til Þorlákshafnar flýtt til hádegis vegna veðurútlits. Af þeim sökum brugðu leikmenn Hattar á það ráð að fara með Herjólfi í þá ferð án þess að hafa fengið jákvætt svar frá HSÍ um frestun á leiknum. Hattarmenn voru að vísu ekki þeir einu sem yfirgáfu svæðið því að dómarar leiksins fóru með liðinu í sömu ferð til Þorlákshafnar.

HSÍ sendi svo í gær bréf til Hattar þar sem fram kemur að ÍBV hafi verið dæmdur sigur í leiknum, 10-0, auk þess sem Hetti ber að greiða sekt sem nemur 250 þúsund króna eins og reglugerð 2.2.12 í lögum HSÍ segir til um. Reglugerð 2.2.12 í lögum HSÍ er svohljóðandi: „Mæti lið ekki til leiks í móti þar sem leikið er heima og heiman samkvæmt mótaskrá HSÍ, og hefur að mati mótanefndar ekki löglega ástæðu, skal lið í meistaraflokki greiða kr. 250.000 í sekt til HSÍ, en lið í yngri flokkum kr. 100.000. Auk þess skal það lið sem mætir ekki greiða hinu liðinu sannanlega útlagðan kostnað vegna undirbúnings leiksins.“

„Við skiljum þeirra afstöðu en okkur ber að fara eftir settum reglum, enda eru það félögin sem samþykkja þær reglur. Við höfum í raunninni ekkert um annað að ræða,“ sagði Róbert Geir Gíslason, yfirmaður mótamála hjá HSÍ, í samtali við Fréttablaðið í gær. „Dómararnir fóru ekki fyrr en það var orðið fyllilega ljóst að Höttur yrði ekki á staðnum,“ bætti Róbert Geir við.



**AÐ LJÚKA KEPPNI?** Hattarmenn, sem sjást hér í leik gegn Aftureldingu, útiloka ekki að draga lið sitt úr keppni eftir háa sekt frá HSÍ.

Einar Ben Þorsteinsson, formaður handknattleiksdeildar Hattar, var ekki ánægður með þá ákvörðun HSÍ að dæma þeim tap í leiknum og sekta félagið um 250 þúsund krónur. „Við erum alveg gráti næst yfir þessu. Við margóskuðum eftir því að þessum leik yrði frestað vegna veðurútlits á föstudaginn, laugardaginn og sunnudagsmorguninum. Leikmenn tjáðu okkur að þeir gætu ekkert verið í einhverri óvissuferð fram á miðvikudag og því tókum við þessa ákvörðun. Ef leikmennirnir hefðu atvinnu af handknattleik þá myndi málið horfa öðruvísi við,“ sagði Einar Ben.

„Við viljum spila okkar leiki og við erum ekki félag sem gengur í burtu frá hálfkláruðu verki,“ bætti Einar Ben við en Höttur hefur möguleika á að kæra málið til dómstóls HSÍ í þeirri von um að fá dómnum hnekkt. „Við erum komnir með lögfræðing í málið.“

„Okkur hefur alveg dottið í hug að hætta keppni ef sektinni verður ekki hnekkt. Þegar okkur er ekki sýndur skilningur í svona máli, sem mér finnst liggja alveg borðliggjandi fyrir, þá skilur maður ekki alveg hvaða hugsjón liggur að baki. HSÍ er myndað af félögunum en ekki öfugt,“ sagði Einar Ben. dagur@frettabladid.is

Fimmtu og næstsíðustu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld:

# Aðeins sigur kemur til greina hjá Barcelona

**FÓTBOLTI** Átta leikir eru á dagskrá Meistaradeildar Evrópu í kvöld og geta fjögur lið tryggt sér sæti í 16-liða úrslitum. Nú þegar eru Bayern München, Liverpool, PSV Eindhoven og Valencia komin í 16-liða úrslitin en það er enn óráðið hvort þau lið lenda í fyrsta eða öðru sæti sinna riðla. Liverpool og PSV eigast við í nánast hreinum úrslitaleik um toppsætið í C-riðli á Anfield í kvöld. Efsta liðið í hverjum riðli mætir einhverru liðanna sem lentu í öðru sæti hinna riðlanna og eiga þar með meiri möguleika á „auðveldari“ andstæðingi í 16-liða úrslitum.

Spennan í A-riðli er mikil þar sem Evrópumeistarar Barcelona sitja í þriðja sæti riðilsins með fimm stig eftir fjóra leiki. Liðið hefur aðeins unnið einn leik til þessa, gegn búlgarska liðinu Levski Sofia sem það mætir á útivelli í kvöld. Ekkert annað en sigur kemur til greina hjá liðinu í kvöld því eftir tvær vikur mætir liðið Werder Bremen og verður sá leikur væntanlega úrslitaleikur um annað sæti riðilsins.

Bremen mætir Chelsea í kvöld á heimavelli og ef Barcelona mistekst að vinna Levski mun sigur heimamanna þýða að bæði lið eru komin áfram og Evrópumeistararnir sitja eftir. Yrði það í fyrsta sinn í sögu Meistaradeildarinnar að meistararnir komast ekki upp úr sínum riðli.

Það er talið nánast öruggt að Eiður Smári Guðjohnsen verði í byrjunarliði Barcelona í kvöld eftir að hann skoraði fyrstu tvö mörk liðsins í 4-1 sigri þess á Real Mallorca í spænsku úrvalsdeildinni um helgina. Samuel Eto'o, Javier Saviola og Lionel Messi eiga allir við meiðsli að stríða sem og Admilson og Juliano Belletti.

„Það er allt undir í þessum leik og það væri óhugsandi að sjá fyrir sig næstu umferð Meistaradeildarinnar án Barcelona,“ sagði Andres Iniesta, miðvallarleikmaður Börsunga. Levski verður að vinna í kvöld til að eiga einhverja möguleika á að ná þriðja sæti riðilsins og þar með sæti í UEFA-bikarkeppninni.

„Ég hef trú á því að þetta verði okkar bestu leikur í Meistaradeildinni,“ sagði Todor Batkov, eigandi Levski Sofia. „Við getum vel spillt fyrir Evrópumeisturunum.“



**EIÐUR HEITUR** Eiður skoraði gegn Chelsea í síðustu umferð og tvö í spænsku deildinni um helgina. Hér er hann gegn sínum gamla félaga hjá Chelsea og góðvini, John Terry. NORDIC PHOTOS/AFP

Sem fyrr segir mætir Liverpool liði PSV Eindhoven á Anfield í kvöld en bæði lið eru með tíu stig í C-riðli. Hin liðin, Galatasaray og Bordeaux eru hvort með eitt stig og eigast við í kvöld í úrslitaleik um þriðja sæti riðilsins. Að sama skapi er leikurinn á Anfield úrslitaleikur um efsta sæti riðilsins. Búist er við að Rafael Benitez muni stila fyrirliðanum Steven Gerrard upp á miðjunni en ekki á hægra kanti.

„Ég nýt mín alltaf á miðjunni. Mér finnst að ég geti sýnt mitt allra besta í því hlutverki,“ sagði Gerrard. - esá


LITLU HLUTIRNIR GERA MIKIÐ
SNILLDARLAUSNIR FYRIR LÍTIL RÝMI
VEGGFÓÐUR
PANTAFLOTTAR HIRSLUR af öllum stærðum og gerðum
SKIPULAGÐI sígauninn
Heimili ljósmyndaranna
SISSA OG LEIFUR TÓKU VESTURBÆJARHÚS Í GEGN
5 HEIMILI
Á FÁUM FERMETRUM
Smáhlutaást í Smáíbúðahverfinu
ÁSA BJÖRG TRYGGVADÓTTIR LÆTUR LITLU HLUTINA POPPA UPP HEIMILIÐ
Frumkvöðullinn Verner Panton
LÍTIL RÝMI FRÁ a-ö
Skipuleggðu litla heimilið út í ystu æsar
LJÓSMYNDARAR MEÐ NÆMT AUGA
NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!
SKIPULAG ER FALLEGT
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

> **Ewan McGregor**



Fæddist 31. mars 1971 í Skotlandi. Áður en hann varð alþjóðlega frægur fyrir hlutverk sitt sem Obi Wan Kenobi hafði hann getið sér gott orð sem heróínfíkill í myndinni „Trainspotting“. Ewan leikur í mynd Tim Burtons „Big fish“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á FEGURÐINA Í NEPAL OG X-FACTOR

# Breskir fjallagarpar og bitlausir dómarar

Það er alltaf jafn ánægjulegt að horfa á góða heimildarmyndaþætti. Á sunnudögum hafa verið endursýndir í Sjónvarpinu áhugaverðir þættir breska gamanleikarans Michael Palin um Himalayafjöllin.

Í síðasta þætti var Palin staddur í hinu undurfagra Nepal og lenti í ýmsum ævintýrum. Meðal annars var breskum leiðangursstjóra rænt af uppreisnarmönnum maóista en betur fór en á horfðist.

Sjálfur átti Palin í mestu vandræðum með andardráttinn auk þess sem þreyta sótti stíft á hann. Engu að síður sá hann árangur erfiðis síns er hann var kominn á leiðarenda og sá fegurðina sem við honum, og áhorfendum, blasti.



**X-FACTOR** Dómararnir mættu vera grimmari í X-Factor.

Heimildarmyndir sem þessar mættu vera fleiri á skjánum, þar sem sýndar eru svipmyndir frá öðrum samfélögum frábrugðnum okkar eigin þrönga heimi. Slíkar myndir eru einungis til þess að víkka sjónadeildarhring áhorfenda.

X-Factorinn á Stöð 2 fór ágætlega af stað. Áheyrnarprufurnar voru skemmtilegar eins og við var að búast en eitthvað bit vantaði samt í dómarana. Núna er Bubbi ekki lengur til staðar og þá verða hinir að láta til sín taka, annars er bara ekki eins gaman að þessu. Áhorfendur vilja sjá grimmd í bland við prúðmennskuna. Vonandi voru þetta bara byrjunarörðugleikar.

## EKKI MISSA AF



▶ **15.00** How I Met Your... STÖÐ 2



▶ **16.20** Beverly Hills 90210 SKJÁR EINN



▶ **20.00** The Terminal STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.25** Litla-Bretland SJÓNVARPIÐ



▶ **23.00** Inside 9/11 NATIONAL GEOGRAPHIC

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Lílo og Stitch (38:39)** (Disney's Lilo & Stitch)
**18.23 Sígildar teiknimyndir (10:42)** (Classic Cartoons)
**18.30 Herkúles (10:28)** (Disney's Hercules)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin (14:22)** (ER XII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**20.55 Fréttahaukar (6:6)** (Broken News) Bresk gamanþáttaröð um fréttastöðvar í sífelldri leit að stórfréttum til að fylla út í dagskrá sína. Meðal leikenda eru Benedict Cumberbatch, Darren Boyd, Claudia Christian, Indira Varma, Steve Toussaint, Colin Stinton, Carli Norris, Sharon Horgan, Kevin Day og Phil Nichols.
▶ **21.25 Litla-Bretland (6:6)** (Little Britain III) Ný bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Edduverðlaunin 2006** Upptaka frá afhendingu Edduverðlaunanna á sunnudagskvöld.
**0.40 Kastljós**
**1.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Lóa og leyndarmálið (e)** Leyfð öllum aldurshópum. **8.00 Big Fish** (Stórfiskur)Leyfð öllum aldurshópum. **10.05 Live From Bagdad** (Í beinni frá Bagdad)Leyfð öllum aldurshópum. **12.00 The Terminal** (Flugstöðin)Leyfð öllum aldurshópum. **14.05 Lóa og leyndarmálið (e) 16.00 Big Fish** Leyfð öllum aldurshópum. **18.05 Live From Bagdad** ▶**20.00 The Terminal 22.05 Taxi 0.00 Pinero 2.00 Dirty Deeds** (Illvirki)Stranglega bönnuð börnum. **4.00 Taxi**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah (76:145)**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours** (Nágrannar)
**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)
**13.50 Mr. Bean** (Herra Bean)
**14.15 Amazing Race** (Kapphlaupið mikla)
▶ **15.00 How I Met Your Mother (15:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar)
**15.35 Oliver Beene (7:14) (e)**
**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.25 Shoebox Zoo**
**16.50 Cubix**
**17.15 Könnuðurinn Dóra**
**17.40 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir)Leyfð öllum aldurshópum.
**18.05 Neighbours** (Nágrannar)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (7:21)**
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel (5:10)** Hinn eini sanni Jói Fel er mættur enn og aftur og ætlar þessi fjölhæfi bakarameistari að matreiða gómsæta rétti eldsnöggt og með ofureinföldum hætti.
**20.35 Oprah**
**21.20 The Inside (12:13)** (Nýliðinn) Stranglega bönnuð börnum.
**22.05 Strong Medicine (12:22)** Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum.
**22.50 Grey's Anatomy - NÝTT (2:22)**
**23.35 Big Love (12:12)** Bönnuð börnum.
**0.25 Crossing Jordan (9:21)** Bönnuð börnum.
**1.10 Poirot - Five Little Pigs** (Poirot) Dularfull sakamálamynd byggð á sögu eftir Agöthu Christie. Þetta þykir eitt best heppnaða verk hennar um Hercule Poirot. Hér segir frá hinum snjalla kappa rannsaka 14 ára gamalt morðmál, skelfilegan harmleik. Dóttir og eiginkona fórnarlambsins vilja ekkert frekar en leiða sannleikann í ljós og treysta nú á að Hercule Poirot leysi gátuna miklu. Aðalhlutverk: David Suchet, Rachel Stirling, Aidan Gillen, Toby Stephens. Leikstjóri: Paul Unwin. 2003.
**2.45 The Inside (12:13)** (Nýliðinn) Stranglega bönnuð börnum.
**3.30 Ísland í bítið e**
**4.50 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)** Leyfð öllum aldurshópum.
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight** Leyfð öllum aldurshópum.
**20.30 South Park**
**21.00 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur.
**21.30 Ghost Whisperer**
**22.20 Pepper Dennis - NÝTT (3:13)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna. Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn. Þrátt fyrir sínar bestu tilraunir þá getur Pepper ekki líkað illa við Charlie enda finnst henni hann vera gáfaður, sætur og það sem meira er, á lausu. Ofan á allt þetta bætist síðan þegar systir hennar, hin ofdekraða Kathy, flytur inn til hennar á meðan hún stendur í skilnaði. Það er Rebecca Romijn sem leikur aðalhlutverkið í þessum þáttum en hún er sennilega þekktust fyrir hlutverk sitt í stórmyndunum um X-mennina.
**23.10 Insider** Leyfð öllum aldurshópum.
**23.35 Rescue Me (e)**
**0.20 Weeds (6:12) (e)**
**0.50 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.15 Entertainment Tonight (e)** Leyfð öllum aldurshópum.
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Dýravinir (e)**
**15.25 Innlit / útlit (e)**
▶ **16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum.
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Love, Inc.**
**20.30 Out of Practice** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt. Lydia og Regina fara á matreiðslunámskeið saman og Lydia verður voðalega vinaleg við kokkinn.
**21.00 America's Next Top Model VI - Lokaþáttur**
**22.00 How to Look Good Naked** Glæný, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar. Emma Wright er 36 ára kennslukona í stúlknaskóla. Hún hatar að sjá sjálfa sig í spegli og það eru níu ár síðan hún afklæddist síðast fyrir framan karlmann. Stjörnustílistinn Gok Wan þarf nú að breyta viðhorfi hennar og byggja upp sjálfstraustið svo hún þori að fækka fötum fyrir framan aðra.
**22.30 The L Word**
**23.30 Everybody Loves Raymond**
**0.00 Jay Leno**
**0.45 Close to Home (e)**
**1.40 Conviction (e)**
**2.30 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.15 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum**
**14.00 Blackburn - Tottenham (frá 19. nóv)**
**16.00 Man. City - Fulham (frá 18. nóv)**
**18.00 Reading - Charlton (18. nóv)**
**20.00 Everton - Bolton (frá 18. nóv)**
**22.00 Ítölsku mörkin (e)** Sýndar svipmyndir frá leikjum helgarinnar í ítalska boltanum.
**23.00 Portsmouth - Watford (frá 18. nóv)**
**1.00 Dagskrárlok**




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 6.58
## Ísland í bítið



Heimir Karlsson og Sirrý eru fyrst á fætur og standa vaktina í Íslandi í bítið alla virka daga á Stöð 2 í opinni dagskrá. Í þessu eina morgunsjónvarpi á Íslandi kennir ýmissa grasa og þar hefst umræða dagsins; hvort sem um er að ræða þjóðmálin, dægurmálin eða nýjustu fréttir af veðrinu en Sigurður Þ. Ragnarsson hefur veg og vanda af því að upplýsa landsmenn um helstu tíðindi af veðri og samgöngur í landinu. Á miðvikudögum, sem og aðra daga vikunnar, eru svo nokkrir fastir liðir á dagskrá. Má þar nefna að Halldór Jónsson á Vesturlandi flytur tíðindi af hvalnum, álverinu, ferðamálum og fótboltanum á Skaganum og nágrenni. Þorvaldur Flemming í Köben færir okkur fréttir af bjórþyrstum Dönum, útrás Íslendinga og kóngafólkinu. Þá er leynigestur í Bítinu alla miðvikudaga. Hver býr hér? Þjóðþekktur leynigestur kemur í heimsókn. Ísland í bítið er í beinni útsendingu og í opinni dagskrá á Stöð 2 og er einnig útvarpað á Bylgjunni.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## MEISTARADEILDINNI MEÐ GUÐNA BERGS
### Á SÝN KL. 17.50

Guðni Bergs fer ítarlega yfir fótboltaleiki kvöldsins á Sýn í kvöld klukkan 17.50. Þetta er vandaður fótboltaþáttur gerður af fótboltaaðdáendum og fyrir fótboltaaðdáendur. Guðni veit alveg hvað hann syngur og er með fótboltamálin á hreinu. Einnig mælum við með Liverpool og PSV leiknum á sömu rás kl. 22.20.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Málþing: Málverkið eftir 1980?
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Stelpulitir
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**14.30 Meistaradeild Evrópu** (CSKA Moskva - Porto)
**16.10 Meistaradeild Evrópu** (Celtic - Man. Utd)
**17.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin, umdeild atvik og margt fleira er á boðstólum. Álitsgjafar segja sína skoðun á atburðum kvöldsins, þar á meðal reyndir millíríkjadómarar.
**18.30 Ensku mörkin**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Werder Bremen - Chelsea)
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)
**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - PSV)
**0.10 Meistaradeild Evrópu** (Levski - Barcelona)
**2.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

6.00 TV Avisen med vejret 6.05 Dagens Danmark 6.30 TV Avisen med vejret 6.35 Kontant 7.00 TV Avisen - Morgentimen 8.00 TV Avisen med vejret 8.05 Rabatten 8.35 Orkesterliv 9.05 Et race for livet 9.35 Livet på skinner 10.05 Livet på sæteren 10.30 De ka sku! 11.00 TV Avisen 11.10 Kontant 11.35 Dagens Danmark 12.00 Smagsdommerne 12.40 Silkevejen, en kinesisk historie 12.50 Fantastiske fortællinger 13.20 Genbrugsguld 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Svada 15.30 Pigebandet Frank 16.00 Snurre Snup 16.05 Juniper Lee 16.30 Junior 17.00 Turen går til byen 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Lægens bord 19.00 Sporlös 19.30 Cyklus 20.00 TV Avisen 20.25 Profilen 20.50 SportNyt 21.00 Sweet Sixteen 22.40 Onsdags Lotto 22.45 Kvinde i en forkert krop 23.35 Attention Mobning 6.00 TV Avisen med vejreT

## NRK 1

8.30 Bokbussen 9.00 Siste nytt 9.05 Muntlig spörretime 10.00 Siste nytt 10.05 Oddasat - Nyheter på samisk 10.20 Distriktsnyheter 10.40 Fra Nordland 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsnyheter 11.20 Fra Möre og Romsdal 11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra Östfold 14.00 Siste nytt 14.05 Ian tar regien 14.30 Kim Possible 15.00 Siste nytt 15.03 Amigo 15.30 Fabrikken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Grenselös kjærlighet 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Fiffi og blomsterbarna 17.15 Den lille blå dragen 17.25 Magnus og Myggen 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektörene 18.55 Berulfsens fargerike 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Den nordiske mannen 22.00 Kveldsnytt 22.10 Lydverket 22.45 Den tredje vakten 23.25 Adoptert - og sviktet 5.25 Frokost-tv

## SVT 1

8.30 Mellom nytelse og smerte 9.00 Reef Route 66 9.27 Grounded 9.30 Great thinkers of our time 11.00 Rapport 11.05 Doobidoo 12.40 Porträtt av en dam 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Plus 16.30 Krokodill 17.00 Meg och Mog 17.10 Runda röda saker 17.15 Dra mig baklänges 17.30 Evas funkarprogram 17.45 Tracey McBean 18.00 Kärleksagenterna 18.30 Rapport 19.00 Packat & klart 19.30 Mitt i naturen 20.00 Entourage 20.35 Den bästa sommaren 22.05 Rapport 22.15 Kulturnyheterna 22.25 Mästerverket 23.20 Sändning från SVT24 5.00 Gomorron Sverige


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

KOSNINGAVETURINN ER AÐ HEFJAST!

Vikulegur umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Egill Helgason og vel valdir álitsgjafar fara yfir helstu þjóðmálin

SILFUR EGILS
Á sunnudögum kl. 12:25 í opinni dagskrá á Stöð 2



GOTT FÓLK McCANN

## HRÓSIÐ ...



*...fær Magnús Scheving, sem í gervi Íþróttaálfsins hefur haft slík áhrif á börn um víðan völl að grunnskólanemendur í London nefndu nýtt íþróttahús sitt í höfuðið á honum.*



**LÁRÉTT**
**2** læra **6** hætta **8** samkvæmi **9** gubb **11** tveir eins **12** þekjast ryði **14** krydd-blanda **16** berist til **17** illæri **18** for **20** guð **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** órór **3** skammstöfun **4** stjörnuár **5** kraftur **7** ákvörðun **10** skel **13** æxlun-arkorn **15** land **16** hryggur **19** óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** lesa, **6** vá, **8** hóf, **9** æla, **11** ll, **12** ryðga, **14** karrí, **16** bt, **17** óár, **18** aur, **20** ra, **21** knús. **LÓÐRÉTT: 1** óvær, **3** eh, **4** sólarár, **5** afl, **7** ályktun, **10** aða, **13** gró, **15** íran, **16** bak, **19** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Benedikt Magnússon
2. Starfsmenn í gjaldskýlinu við Hvalfjarðargöngin
3. Hlíðarfjalli við Akureyri.


**16.–18. desember**

**ROKKLANDSFERÐ: THE POGUES**

Hvað er jólalegra en tónleikar með Pouges á aðventunni í London? Þessi stórkostlega hljómsveit hefur farið sigurför um heiminn síðustu misserin. Gríptu tækifærið og sjáðu Shane MacGowan og félaga þann 17. des. Carling Academy rixton-höllinni. Innifalið er flug fram og tilbaka með sköttum, gisting á 4* hóteli í 2 nætur með morgunverði, rúta til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og miði á tónleika The Pogues. Fararstjóri er Óli Palli enda er ferðin í samstarfi við Rokkland.

Verð á mann í tvíbýli: **59.900 kr.**

**12.–15. janúar**

**ÓPERUFERÐ TIL KÖBEN**

Sannkölluð menningarveisla sem enginn óperu-unnandi má missa af. Ein þekktasta ópera Wagners, Loehengrin, í leikstjórn Peter Konwitschny, sýnd í Nýju Óperunni. Innifalið er flug fram og tilbaka með sköttum, gisting í 3 nætur á Hótel Imperial Copenhagen, 4* hóteli í hjarta borgarinnar, akstur til og frá flugvelli og miði á Lohengrin í Nýju Óperunni. Fararstjóri er Magnús Gíslason. Ferðin er í samstarfi við Borgarleikhúsið.

Verð á mann í tvíbýli: **61.900 kr.**

**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir – Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


# Stjáni 3000 og Unnur Birna á svið saman

„Við í útvarpsþættinum Capone sjáum um skipulagningu. Svo er hópur manna í akademíunni. Sex sem þar sitja. Já. Fagmenn. Hulduher og hefur alltaf verið. Þannig er það best. Svo þeir verði ekki fyrir áreiti,“ segir Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður.

Gullkindin verður haldin annað kvöld á Klassík Rokk í Ármúla og verður mikið um dýrðir. Eða þannig. Því þar eru veitt verðlaun fyrir það sem að mati dómnefndar hefur farið miður í kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum. Að sögn Andra ber nokkuð á því að menn reyni að garfast fyrir um hverjir sitja í akademíunni. „Við vitum um ónefndan kvikmyndaleikstjóra sem er að njósna, frekar illur, og spyr hvort Sigurjón Kjartansson eigi þarna hlut að máli, sem er ekki.“

Tilnefningar til Gullkindarinnar eru þegar fyrirliggjandi og segir Andri Freyr menn almennt taka því vel. Þó er það ekki án undantekninga.

„Við höfum reyndar ekki náð í Baltasar Kormák og Bubba. Alltaf þetta hallærislega talhólf hjá Bubba. En sú eina sem hefur gefið skít í okkur og afboðað komu sína alveg brjáluð er Sirrí.“




**CAPONE-MENN** Standa í ströngu en til dæmis hefur sjónvarpsdrottningin Sirrí engan húmor fyrir þessu Gullkindar-uppátæki.

Til stóð að kynnar á hátíðinni yrðu þeir þrjúþúsundkallar, Stjáni 3000 og Þröstur 3000. En því miður forfallaðist Þröstur.

„Við verðum að finna eitthvað „sædkikk“ fyrir Stjána. En þetta hefst klukkan átta og er ókeypis inn. Engir boðsgestir eins og á Eddunni. Þetta er fyrir sauðsvartan almúgann og ekkert „upper class“ pakk. Það þarf enginn að mæta í smóking á Gullkindina.“

Það var svo skömmu áður en blaðið fór í prentun að samningar tókust við alheimsfegurðardrottninguna, sjálfa Unni Birnu, og mun hún verða Stjána til aðstoðar við kynningar á Gullkindinni.

- jbg

**STJÁNI 3000** Áður þekktur sem Stjáni stuð, verður kynnir hátíðarinnar, ásamt Unni Birnu.

**HALLDÓR GYLFASON:** HARÐUR FÓTBOLTALEIKUR DREGUR DILK Á EFTIR SÉR

# Sleit hásin í fótboltaleik stóru leikhúsanna

„Ég sleit á mér hásinina í nágrannaslagnum milli Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins,“ segir leikarinn Halldór Gylfason sem varð fyrir þessum alvarlegu meiðslum undir lok leiks. Leikarinn tók hins vegar skýrt fram að hann hefði ekki verið tæklaður niður af einhverjum erkióvini. „Ég var bara að hlaupa með fótboltann á gervigrasinu en fann síðan fyrir ægilegum verk eins og einhver hefði sparkað í mig. Ég leit við en sá engan og féll bara niður,“ lýsir Halldór sem lék að þessu sinni í vörninni þótt hann alla jafna standi á milli stanganna í knattspyrnuleikjum. Leikarinn lá rúmfastur þegar Fréttablaðið náði tali af honum og má sig hvergi hreyfa næstu dagana. Hann verður því frá leiksviði Borgarleikhússins í það minnsta fram að áramótum en hann leikur meðal annars í Ronju Ræningjadóttur og Amadeus.



**ÞORVALDUR DAVÍÐ** Þótti ekki síður fótafimur á vellinum en á fjölum leikhússins og skoraði tvö mörk í nágrannaslagnum.



**HALLDÓR GYLFASON** Varð fyrir því óláni að slíta hásin í nágrannaslagnum milli Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins.

Leikurinn var harður og æsispennandi og skildu liðin jöfn með fjórum mörkum gegn fjórum en þetta eru einungis í annað sinn sem þessi leikhús eigast við á knattspyrnuvellinum. „Við höfðum sigur í fyrsta leiknum en urðum að sætta okkur við jafntefli að þessu sinni,“ segir Halldór en ljóst má vera að lið Borgarleikhússins hefur orðið fyrir töluverðri blóðtöku með meiðslum Halldórs. Engar smákanónur öttu þarna kappi því fyrir hönd Borgarleikhússins kepptu meðal annars Björn Ingi Hilmarsson sem stóð vaktina í markinu, Bergur Ingólfsson, Hilmir Snær Guðnason og Gísli Örn Garðarsson auk reynsluboltans Þórs Túliníus. Stjarna liðsins var þó Þorvaldur Davíð Kristjánsson sem skoraði tvö mörk. Lið Þjóðleikhússins var skipað hverri stórstjörnunni á fætur annarri en meðal þeirra voru nýbakaður Edduverðlaunahafinn Atli Rafn Sigurðarson, Rúnar Freyr Gíslason, Baldur Trausti Hreinsson, Ólafur Darri Ólafsson, Hjálmar Hjálmarsson, Björn Hlynur Haraldsson og Gunnar Helgason. „Þeir Björn Hlynur og Gunni Helga voru langbestir enda góðir og gegnir Þróttarar,“ segir Halldór og hlær. „Aðrir ættu bara að halda sig við leiklistina,“ bætir hann við.

freyrgigja@frettabladid.is



**ATLI RAFN** Sýndi lipra takta á gervigrasinu enda nýbakaður Edduverðlaunahafi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stúdíó fjögur er félag sem meðal annars rekur Nasa og hefur ráðist í uppsetningu leikgerðar sem byggir á bók Stephens King, Misery. Fræg mynd var gerð sem byggir á bókinni og fóru leikararnir Kathy Bates og James Caan þar á kostum. Ekki verða neinir veifiskatar sem fylgja í þau frómu fótspor því stórleikararnir **Ólafía Hrönn Jónsdóttir** og **Valdimar Örn Flygering** fara með aðalhlutverk.



Það er svo einn eigenda Stúdíó fjögur sem leikstýrir – **Jóhann Sigurðarson** leikari. Frumsýning er fyrirhuguð um miðjan janúar.

Mikið hefur verið fjallað um endurkomu Sykurmolanna í fjölmiðlum víða um heim. Netútgáfa breska blaðsins Guardian birtir umsagnir nokkurra velþekktra bloggara sem flestir fara fögrum orðum um tónleikana. Þannig skrifar bloggarinn Magistell að ætla mætti að Sykurmolarnir hefðu aldrei tekið sér frí og Mr Red Penguin segir hljómsveitina ekki hafa valdið sér vonbrigðum. Vefsíðan Eat Me Big Time virðist hins vegar eitthvað hafa ruglast í landafræði því gagnrýnandinn segir Sykurmolana hafa sungið flest lög til heiðurs finnska þingmanninum **Arna Johnsen** „sem fangelsaður var fyrir spillingu fyrir þremur árum síðan en fékk sæti aftur á þinginu fyrir skömmu,“ skrifar gagnrýnandinn.

-jbg/fgg



# Skrifaði bók á meðgöngunni

„Ég hef alltaf verið rosalega mikið fyrir að elda,“ segir Yesmine Olsson sem hefur safnað að sér uppskriftum í mörg ár og gefur þær nú út í bókinni Framandi og freistandi. „Ég elda rosalega mikið indverskt, afrískt og fleira framandi en er búin að breyta réttunum og gera þá hollari,“ bætir Yesmine við en tekur fram að þetta sé samt alls engin megrunarbók. „Bókin er fyrst og fremst fyrir fólk sem finnst gaman að elda en vill gera hollan mat. Ég vann bókina með Rúnari og Jóni Arnari í kokkarnir.is en þeir prófuðu alla réttina og gerðu þá klára fyrir myndatökurnar svo allt gengi nú vel upp.“

Margar af uppskriftunum í bókinni hefur Yesmine notað í gegnum tíðina og sankað þeim að sér frá vinum sínum og fleirum úti um allan heim en vann með uppskriftirnar og breytti þeim eftir sínu höfði.

„Ég skrifaði bókina á meðgöngunni og ætlaði að vera búin með hana áður en Ronja Isabel fæddist 2. september en hún kom mánuði fyrir tímann þannig að ég varð að ljúka við bókina eftir að hún fæddist. Hún svaf svo mikið fyrst þannig að ég náði alveg að skella þessu saman með mjög góðri hjálp,“ segir Yesmine og hlær. „Addi Fannar, kærastinn minn, var náttúrulega frábær og hjálpaði mér rosalega mikið enda vorum við með nýfætt barn heima.“

- sig



**HOLLUSTAN Í FYRIRRÚMI** Yesmine segir að bókin sem hún er að gefa út sé engin megrunarbók en þó hafi hún lagað alla réttina til þannig að þeir væru sem hollastir. Addi Fannar, kærasti Yesmine, hjálpaði henni mikið við gerð bókarinnar.

**FROSTEVENTS BYLGJAN 989 & ICELANDAIR**

kynna með stolti



**Eleftheria Arvanitaki** **Patricia Bardon** **Sissel Kyrkjebø** **Eivør Pálsdóttir** **Ragnhildur Gísladóttir**

ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.

*The European Divas*

# Frostroses 2006

## STÆRSTU JÓLATÓNLEIKAR ALLRA TÍMA!

### Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI
### 5. DESEMBER KL. 21:00

Alstærstu jólatónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi og einn viðamesti tónlistarviðburður síðustu ára.

Lokatónleikar Íslensku dívanna sem haldnir voru í fyrra slógu Íslandsmet í aðsókn og nú er verkefnið margfaldað að stærð og umfangi svo búast má við miklu sjónarspili í Höllinni sem færð verður í veglegan jólabúning. Fram koma um 200 manns á risasviði sem verður með því glæsilegasta sem sést hefur hér á landi.



Gestasöngvari:
**Jóhann Friðgeir**

**Sérstakur heiðursgestur:**

**Petula Clark**

Hin eina sanna díva Evrópu og vinsælasta söngkona Bretlands og Frakklands frá upphafi. Hefur selt yfir 70 miljónir platna og hloti› fjölda ver›launa, fl.a.m. tvenn Grammyver›laun

## Miðasala í fullum gangi á stærstu tónleika ársins!

www.midi.is www.frostid.is Verslanir Skífunnar Verslanir BT á landsbyggðinni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Mömmur og verktakar*

Sonur hennar Sillu frænku minnar er umsvifamikill verktaki, þéttur á velli og enn þéttari í lund, hlær hátt og er með eindæmum hjartahlýr náungi. Hann kom til mín í gær bað mig að tala um fyrir móður sinni sem nú hefði tekið þann pól í hæðina að afneita sér. Hún vildi ekki sjá hann í heimsókn og sendi óðara til baka allar blóma- og kökusendingar.

**OG** þegar ég spurði um ástæðu fyrir þessum kólnandi móðurkærleika hjá Sillu sagði hann mér að þetta væri út af Laugaveginum. Fyrirtækið hans væri komið með góðan „díl“ hjá borgaryfirvöldum um að fá að rífa þar nokkur gömul hús. Það væri búið að gefa skotleyfi á 46. Ekkert virtist hamla því að þar væri komið verk upp á stórgróða. Þeir hjá fyrirtækinu komnir í stellingar til niðurrifs. – Byrjar þá ekki hasarinn!

**MÓÐIR** hans Sigurlaug Guðmundsdóttir hafði komið sér í einn lopapeysufélagsskapinn enn.

**NÚ** eru það endurnýjuð Torfusamtök sem eru að gera allt vitlaust í verktakabransanum. Vilja hindra niðurrif á gömlum hálfhrundum húsum við Laugaveginn. Segja að við eigum að bera virðingu fyrir fortíðinni, sýna þessum smáhýsum sem standa á fokdýrum lóðum virðingu. Hægt yrði að gera þessi hús upp, þá yrðu þau krúttleg og mikið augnayndi fyrir erlenda ferðamenn.

**ÉG** brá við skjótt, keypti kringlur og skeiðaði með týnda soninn til móður hans. Hún spurði mig strax, hvort ég vildi ekki losa mig við þennan hvítflibba sem ég væri með í eftirdragi.

**MAMMA!** – sagði verktakinn, aumur – „vertu ekki svona vond við mig, ég þarf að reka fyrirtæki – ég þarf að sjá fyrir minni fjölskyldu.“

**VAR** það þitt fyrirtæki sem byggði þennan forljóta húskumbalda á Stjörnubíósreitnum?“ spurði gamla konan ískaldri röddu. „Kannski,“ sagði sonurinn aumur. „En slíkt gerum við aldrei aftur, við ætlum aðeins að byggja falleg hús við Laugaveginn.“ „Jæja,“ sagði véfréttin og dýfði kringlu í kaffið. „Komdu þá og kysstu mig, og lappaðu svo upp á gömlu húsin og þið munuð stórgræða á því.“

**ÞEGAR** ég horfði á breiðan rassinn á verktakanum þar sem hann beygði sig til kossa hugsaði ég: „Skyldi Silla frænka vera búin að bjarga Laugaveginum? “


MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



www.toyota.is




## RAV4 - með glæsilegum aukahlutapakka

RAV4 boðar breyttar áherslur í lífi þínu. Ríkulega búinn staðalbúnaði dregur hann þig út á vegina og þú upplifir nýtt land á nýjum bíl.

**Alveg nýr heimur**
RAV4 sameinar kosti borgarbílsins og fjölhæfni og kraft jeppans. Hvort sem menn eru að sinna erindum sínum í bænum eða utan hans þá er RAV4 bíllinn sem fer alla leið.

Nú bjóðum við RAV4 með veglegum aukahlutapakka, vetrardekkjum, dráttarbeisli, mottu í skott og filmum í rúður, að verðmæti 214.000 kr.

**Verð frá 2.880.000. kr.**


Vetrardekk


Gólfmotta í skott



Dráttarbeisli


Skyggðar rúður

Aukahlutapakki að verðmæti 214.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |